

Vörumerkjatattú, bónuspreyta og íslenska sauðkindin

GÍSLI EINARSSON FÆR MÖRG TILBOÐ Á DAG UM AÐ KAUPA STINNING-ARLYF EN MAGGA STÍNA BLÖNDAL ER MEÐ HREINSIEFNI Á HEILANUM.



25/26

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. nóvember 2007 – 314. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Ástarbréf varð efniviður

Á nýrri plötu Birgittu Haukdal er að finna söng til móður hennar og lag upp úr ástarbréfi.

FÓLK 42



Alíslenskir Hjálmar

Félagarnir úr Flís hafa gengið til liðs við hljómsveitina Hjálma sem er því orðin alíslensk.

FÓLK 32



Afmælisfundur í Grafarvogi

Al-anon samtökin voru stofnuð á Íslandi fyrir 35 árum. Al-anon er félagsskapur karla, kvenna og unglinga sem hafa orðið fyrir áhrifum af drykkju ættingja eða vinar.

TÍMAMÓT 12


Í vænlegri stöðu

Birgir Leifur á góða möguleika á að komast á Evrópumótaröðina. Loka-hringurinn verður leikinn í dag.

ÍPRÓTTIR 34



VEÐRIÐ Í DAG




VÍÐA BJART VEÐUR - Í fyrstu verður hvöss norðvestanátt við austur- og suðausturströndina en lægir síðar í dag. Vaxandi suðvestanátt norðvestan til eftir hádegi. Viðast nokkuð bjart veður og úrkomulaust. Veður fer hlýnandi.

VEDUR 4

Sunnudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu*



*Samkvæmt ljómiðlakönnun Capacent í ágúst-október 2007

REI verði fjárfestingarfélag og selji eignir

Reykjavík Energy Invest verður fjárfestingararmur Orkuveitunnar og eigur fyrir-tækisins verða seldar Geysi Green Energy, gangi hugmyndir meirihluta borgarstjórnar eftir. Svandís Svavarsdóttir vill falla frá málssókn sinni á hendur OR.

ORKUMÁL Rætt er um að Reykjavík Energy Invest verði fjárfestingararmur Orkuveitu Reykjavíkur og kaupi hlut í Geysi Green Energy. Á móti myndi Geysi Green kaupa eignir REI. Með þeim hætti gæti Geysi Green unnið áfram að þeim útrásarverkefnum sem voru á teikniþorðinu þegar sameining þess og REI var áformuð.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru hugmyndir í þessa veru upprunnar í ranni meirihluta borgarstjórnar og hafa þegar verið unnar nokkuð ítarlega. Er

þeim ætlað að leysa þann hnút sem málefni Orkuveitunnar, REI og Geysis Green eru í, ásamt því að tryggja áframhaldandi þátttöku Orkuveitunnar í útrás á sviði orkumála.

Ákvörðun borgarráðs um að hverfa frá sameiningu fyrirtækjanna og staðfesting eigendafundar Orkuveitunnar á föstudag, er fyrsti liður í áætlun meirihlutans.

Næsta skref er að Orkuveitan nái sátt við eigendur Geysis Green um að ekkert verði af samrunanum

við REI en Hannes Smárason, stjórnarformaður Geysis Green, hefur sagt að samningar skuli standa og útilokar ekki skaðabótamál. Bryndísi Hlödversdóttur, stjórnarformanni Orkuveitunnar, hefur verið falið að leiða sáttafærlíð fyrir hönd OR.

Svandís Svavarsdóttir hefur ákveðið að falla frá málssókn sinni á hendur Orkuveitunni um lögmæti eigendafundar hennar, að því gefnu að stjórn Orkuveitunnar fallist á sjónarmið hennar um að ólöglega hafi verið boðað til fundarins. - shá



VIN Í VESTURBÆNUM 35 ára afmæli verslunarinnar Úlfarsfells við Hagamel var fagnað af viðskiptavinum og velunnurum í gær. Gestir lögðu við hlustir þegar Þórarinn Eldjárn las úr Tíu litlum kenjakrökkum, nýrri bók sinni og Sigrúnar Eldjárn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Björgvin Ólafsson á Hvossvelli tók bílpróf fyrir 66 árum en eignast nú fyrst bíl:

Vinur minn segir mér bara til

FÓLK „Ég tók bílprófið 14. maí árið 1941 og hafði þá hlotið fjórtán tíma kennslu. Þótt ég hafi endurnýjað skírteinið í 66 ár hef ég ekki keyrt nema tvisvar sinnum um ævina og þá í Landeyjar,“ segir Björgvin Ólafsson, eldri borgari á Hvossvelli, sem lengi starfaði við kaupamennsku, smíðar og köfun.

Björgvin varð níræður á árinu og ákvað að nú væri kominn tími til að láta það eftir sér að kaupa bíl í fyrsta sinn.

„Þetta er lúxusbíll, enda hef ég alltaf viljað það vandaðasta, dýrasta og besta sem völ er á,“ segir Björgvin og bætir við að bíllinn sé af tegundinni Hyundai Sonata. „Hann er silfurgrár að utan og ljósgrár að innan með þaklúgu, og kostaði tvær

milljónir og og sexhundrað níutíu og fimm þúsund,“ segir bíleigandinn stoltur.

Þótt Björgvin hafi aðeins ekið tvisvar sinnum áður um ævina segist hann hvergi banginn.

„Nei alls ekki. Vinur minn segir mér bara til með þetta,“ svarar hann sannfærandi.

Þá stefnir Björgvin á að fara sína 49. utanlandsferð á næstunni til Þýskalands og er þegar búinn að panta þá fimmtugustu.

„Þá ætla ég í lúxussiglingu um Miðjarðarhafið og koma við á níu stöðum. Ég hef mikið verið á flakki um heiminn og hef einmitt að undanförunni verið að setja inn myndir af ferðum mínum á diska svo ég geti haldið betur utan um þetta,“ segir Björgvin. - kdk

Flygstu ummæli Íslendinga:

Brynja, ég elska þig og minn tími mun koma

FÓLK „Minn tími mun koma,“ lokaorð Jóhanna Sigurðardóttur á flokksþingi

Alþýðuflokksins árið 1994 og „Brynja, ég elska þig,“ viðfræg ástarjátning Bubba Morthens á tónleikum á Púlsinum árið 1990 eru flygustu orð Íslendinga ef marka má álitsgjafa Fréttablaðsins.

Davíð Oddsson er sá stjórnmálamaður sem þykir hvað hnyttastur þegar kemur að eftirminnilegum ummælum og í textum Megasar eru fleiri skemmtileg spakmæli en hjá öðrum tónlistarmönnum. Halldór Laxness er sá rithöfundur sem þykir hafa sett á blað eftirminnilegustu ummælin í íslenskum bókmenntum. - jma / sjá síðu 18



BUBBI MORTHENS



JÓHANNA SIGURDARDÓTTIR

Stephen King um Harry Potter:


Skrif gagnrýnenda nær ein-tómt húmbúkk

MENNING „J.K. Rowling veit hvernig segja skal góða sögu (mikilvægt), gera það án þess að setja sig á háan hest (mikilvægara) og láta háfleygt þvaður í

miklum mæli eiga sig (nauðsynlegt).“ Þetta segir spennusagna höfundurinn Stephen King um Harry Potterbækurnar í grein sem birtist í Menningu, fylgiriti Fréttablaðsins í dag. King telur að hinn stóri leyndardómur Potterbókanna sé að þær uxa eftir því sem þeim fjölgaði og segir hann Rowling vera ótrúlega hæfileikaríkan skáldsagnahöfund. King fjallar



STEPHEN KING



HARRY POTTER

líka um gagnrýni á bækurnar og segir að vegna ofurleyndarinnar í kringum þær hafi sú gagnrýni oft verið hræsnismjál.

„Þegar maður hefur aðeins fjóra daga til að lesa 750 blaðsíðna bók, skrifa svo 1.100 orða ritdóm um hana, hversu mikinn tíma hefur maður þá til að njóta bókarnar?“

sjá Menningu í miðju blaðsins

home art
HOME ART ER NÚ Í ORMSSON SMÁRALIND

SPURNING DAGSINS

Arnar, sést að þetta er málning, ef Grant er skoðað?

„Maður þarf Amaraugu til að skoða Grant.“

Arnar Grant mun birtast á forsiðu næsta tölublaðs Fitness-fréttu í gervi Ofurmennisins. Búningurinn var málaður á hann. Lalli Sig ljósmyndari tók myndina.

Faðir fremur vopnalagabrot:

Sextán ára á rjúpnaveiðum

LÖGREGLUMÁL Lögreglumaður í Búðardal ók fram á sextán ára rjúpnaskyttu um miðjan dag í gær. Faðir piltsins hafði lánað honum byssu og ekið honum á veiðar. Ekki er unnt að fá byssuleyfi fyrir en við við tuttugu ára aldur.

Lagt var hald á skotvopn piltsins og aflann sem hann hafði klófest. Ekki liggur fyrir hvort faðirinn verður ákærður fyrir vopnalagabrot en varðstjóri lögreglunnar í Borgarnesi segir hann mega búast við „verulegum refsiaðgerðum“; sektum, upptöku vopna og afturköllun byssuleyfis. „Þetta er með því glóruslausara sem maður hefur heyrt,“ segir hann.

- sh



Í **MÝVATNSSVEIT** Íbúar Skútustaðahrepps höfnuðu sameiningu við tvö sveitarfélög.

Kosningar í Þingeyjarsýslu:

Sameining felld

SVEITARSTJÓRNARMÁL Íbúar í Skútustaðahreppi felldu sameiningu þriggja sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu í kosningu í gær. Íbúar Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar samþykktu sameininguna með meirihluta. Öll sveitarfélögin þurftu að samþykkja sameininguna svo að henni yrði.

Alls voru 1.006 manns á kjörskrá í kosningunum. 797 greiddu atkvæði og samþykktu meirihluti kjósenda sameininguna. Í Aðaldælahreppi, minnsta sveitarfélaginu, kusu 70 prósent með sameiningunni, en naumur meirihluti samþykkti hana í Þingeyjarsveit.

- sgj

Neyðarástandi hefur verið aflétt og skipt um forsætisráðherra í Georgíu:

Forsætisráðherrann var rekinn

GEORGÍA, AP Mikhaíl Saakashvili, forseti Georgíu, hefur rekið forsætisráðherra landsins, Zurab Nogaideli, og fengið í staðinn Vladímír Gurgenidze bankastjóra til að gegna embættinu. Á föstudag var jafnframt aflétt neyðarástandi sem Mikhaíl Saakashvili forseti setti 7. nóvember.

„Landið er ekki lengur í neinni hættu, þannig að engin þörf er á að framlengja neyðarástandið,“ sagði Nino Burdzhanadze, forseti þings landsins, á fimmtudag þegar þingið samþykkti að aflétta neyðarástandinu.

Saakashvili forseti lýsti yfir neyðarástandi þann 7. nóvember



STJÓRNARANDSTÆÐINGAR Ivlian Khaindrava ásamt öðrum leiðtogum stjórnarandstöðunnar í Georgíu á fundi með erlendum erindrekum í Tíflísi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

eftir að hann hafði sent lögreglu landsins til að leysa upp með

kylfum og tárágasi friðsamleg mótmæli gegn stjórn hans í höfuðborginni Tíflísi.

Með neyðarlögunum var jafnframt lagt bann við öllum mótmælum og óháðir fjölmiðlar voru sömuleiðis bannaðir.

Saakashvili hefur lagt áherslu á að styrkja tengslin við Vesturlönd, en þessi viðbrögð hans við mótmælum hafa verið harðlega gagnrýnd jafnt á Vesturlöndum sem og í Rússlandi.

Saakashvili hefur boðað til forsetakosninga í byrjun næsta árs í þeim tilgangi að róa almenning.

- gb

Tillaga hjá Reykjavíkurborg:

Varamenn fá síma og tölvur

REYKJAVÍK Fyrstu varamenn framboðslista fá farsíma, nettengingu og fartölvu á kostnað borgarinnar, með sama hætti og borgarfulltrúar, samkvæmt tillögu í forsætisnefnd Reykjavíkurborgar. Á fundi nefndarinnar á föstudag var ákvörðun frestað.

Áætlað er að kostnaður vegna þessa verði 3,1 milljón króna. Fyrstu varamenn í borgarstjórn eru Óskar Bergsson Framsóknarflokk, Síf Sigfúsdóttir Sjálfstæðisflokk, Guðrún Ásmundsdóttir F-lista, Dofri Hermannsson Samfylkingu og Sóley Tómasdóttir Vinstri grænum.

- sgj

Ósamhála um ökuhraða:

Henti bílstjóranum út og ók ölvæður á brott

LÖGREGLUMÁL Drukinn farþegi í bíl á leið frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur í fyrrinótt var óánægður með hversu hægt ökumaður bílsins ók. Hann greip því til þess úrræðis að kasta ökumanninum út úr bílnum með valdi og aka sjálfur í bæinn.

Við komuna til Reykjavíkur var hann þó gripinn af laganna vörðum og stungið í fangaklefa þar sem hann eyddi afgangi næturinnar og gærmorgninn.

Fyrri ökumaðurinn sem ekki hafði viljað flýta sér sat eftir einn á þjóðvegnum. Hann mun hafa bjargast til byggða heill á húfi.

- sh

Ný lágþrýstivél tekin í gagnið:

Sparar OR 700 milljónir árlega

ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur tók í gær formlega í notkun nýja aflvél í Helliðarvirkjun. Vélir eru svokölluð lágþrýstivél og er hún sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Býst fyrirtækið við að spara sér 700 milljónir króna árlega fyrir tilstilli vélarinnar, þar sem nú þurfi að kaupa minni orku frá öðrum til að selja. Raforkan frá vélinni fer alfarið á almennan markað. Í gær var einnig tekin í notkun nýr gestaskáli virkjunarinnar, þar sem ferðamönnum gefst kostur á að skoða fræðsluefni um virkjunina og nýtingu jarðvarmaorku á Íslandi.

- sgj

LÖGREGLUFRETTIR

Hestakerra tók á sig vind

Engan sakaði þegar bill fauk út af veginum undir Ingólfsfalli síðdegis í gær. Billinn var með tóma hestakerra í eftirdragi og tók hún á sig mikinn vind með fyrrgindum afleiðingum, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu á Selfossi.



ERFIDAR AÐSTÆÐUR Myrkur og veðurhamur gerði slökkviliðsmönnum afar erfitt fyrir á Stærra-Árskógi í gær. Á myndinni sést hvar skíðlogar bæði í fjósinu og hlöðunni.

MYND / FANNEY DAVÍÐSDÓTTIR

Tvö hundruð gripir drápust í fjósbruna

Um 200 nautgripir brunnu inni í eldsvoða á Stærra-Árskógi í Eyjafirði í gær.

Nýtt fjós og hlaða brunnu til kaldra kola. Hrífbarbylur torveldaði slökkvistarf.

BRUNI Talið er að allt að 200 nautgripir hafi brunnið inni í eldsvoða á bænum Stærra-Árskógi sunnan Dalvíkur í gær. Fjósíð, þar á meðal innan við árgömul viðbygging, brann til kaldra kola, sem og nærliggjandi hlaða.

Tilkynnt var um eldinn skömmu fyrir klukkan fimm síðdegis. Um þrjátíu slökkviliðsmenn frá Akureyri og Dalvík, á sex slökkviliðsbílum, fóru á

KÁLFAFULLRA KVÍGA LEITAÐ Í DAG

Óli Jón Hermannsson, mágur Guðmundar Geirs Jónssonar bónda á Stærra-Árskógi, kom á staðinn frá Dalvík skömmu eftir að eldsins varð vart. Hann segir að á bilinu tuttugu til þrjátíu nautgripir hafi komist út úr opnu fjósinu og sést hlaupa út í myrkrið. „Ætli við reynum ekki að fara á morgun þegar veðrið hefur skánað og finna gripina sem sluppu út,“ segir hann. „Þetta voru meðal annars kvígur sem eiga að bera í desember.“

Hann segir eldinn hafa læst sig í allan eldsmat á ógnarskómmum tíma. Hann treystir sér ekki til að segja til um tjónið, en bærinn eigi mikinn mjólkurkvóta auk þess sem fjósíð var nýuppgerð.

staðinn og reyndu að ráða niðurlögum eldsins. Þegar slökkvilið kom á staðinn var fjósíð alelda.

Mikill veðurhamur var á svæðinu og torveldaði það mjög slökkvistarf. Ingimar Eydal, aðstoðarslökkviliðsstjóri á Akureyri, var á staðnum. „Það var mjög erfitt að eiga við þetta í þessu veðri,“ sagði hann. „Það var mikill vindur og kuldi og við þurftum að dæla vatninu vel rúmlega hálfan kílómetra upp að fjósinu.“ Koma þurfti upp dælum með reglulegu millibili á slöngunni til að vatnið frys ekki á leiðinni.

Slökkvistarfi lauk um klukkan átta í gærkvöld. Enn sáust þó víða glæður og stóð slökkvilið Dalvíkur brunavakt í nótt. Fyrirhugað er að hefjast handa við frekari rannsóknir og hreinsun á morgun eftir að veður lægir.

Hjónin á Stærra-Árskógi voru ein á bænum þegar þau urðu eldsins vör. Íbúðarhús voru aldrei í hættu.

Upptök eldsins eru ókunn en grunur leikur á um að kviknað hafi í út frá rafmagni í mjólkurhúsi bæjarins. Fjósíð á bænum var vel tækjum búið og eitt hið fullkomnasta í sveitinni. Talið er að tjónið hlaupi á tugum ef ekki hundruðum milljóna króna.

stigur@frettabladid.is

Konukvöld

Fimmtudaginn 22. nóvember kl. 19:30
í Bústaðakirkju í sal á nedri hæð, sunnanmegin.
Glæsileg atriði í boði m.a. *The Secret* eða
„Leyndarmálið“ sem allir eru að tala um...
tónlistaratriði tískýsýning og happdrætti ásamt
óvæntum glæðningi.
Veislustjóri verður Marentza Poulsen

Aðgangseyrir er kr. 2.500. Allur ágóði rennur óskiptur til að tryggja framtíð Súgfríðingasetursins sem er í eigu Súgfríðingafélagsins í Reykjavík.

Mætum og tókum vinkonurnar með á glæsilegt konukvöld.
Skráning á netfangið konukvold@hotmail.com

Áttahagadætur

Forvarnadagur verður haldinn í grunnskólum landsins á miðvikudag:

Öflugasta vopnið er viljastyrkur

HEILBRIGÐISMÁL Forvarnadagur verður haldinn í öllum grunnskólum landsins 21. nóvember næstkomandi, að frumkvæði Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, og með stuðningi lyfjafyrirtækisins Actavis. Forvarnadagurinn var í fyrsta sinn haldinn í fyrri undir kjörorðinu „Taktu þátt! Hvert ár skiptir máli.“

„Viljastyrkur ungs fólks er öflugasta vopnið í baráttunni við fíkniefnanotkun,“ sagði Ólafur Ragnar er hann kynnti dagskrá átakins í Hagaskóla í gær. Hann sagði jafnframt að á forvarnadaginn yrði lögð áhersla á að koma því til skila sem rannsóknir íslenskra fræðimanna hafi sýnt að skili mestum árangri í forvörnum gegn fíkniefnum. - hs



FORVARNADAGURINN Í HAGASKÓLA Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Róbert Weissman, forstjóri Actavis, og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, skemmtu sér hið besta í Hagaskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nú kemstu örugglega nær



BLESSNA/SALLES/TOY/29948/11/07

Aukabúnaður að verðmæti
103.262 kr.
Bakkskynjari og vetrardekk fylgja.

Corolla - með bakkskynjara og vetrardekkjum

Nýja Corollan er stærri en þú átt að venjast - í öllum skilningi. Þetta skilar sér í stórskemmtilegri hönnun og aksturseiginleikum. Innanrýmið er að sama skapi meira og þar hefur verið notað við hvert smáatriði til að tryggja öryggi og þægindi þitt og þinna.

Verð frá **1.899.000 kr.**



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	60,99 61,29
Sterlingspund	124,19 124,79
Evra	88,98 89,48
Dönsk króna	11,936 12,006
Norsk króna	11,083 11,149
Sænsk króna	9,585 9,641
Japanskt jen	0,5539 0,5571
SDR	96,4 96,98

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,1038
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stefán Ólafsson prófessor vill að skattleysismörkin hækki:

Fjari út hjá meðaltekjufólki

VINNUMARKAÐUR Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, telur að veruleg hækkun skattleysismarkna leysi flest vandamál í einu fyrir þá tekjulágu, líffeyrisþega og ungar barnafjölskyldur. Þetta kom fram í erindi sem Stefán flutti á aðalfundi BSRB í gær.

Stefán leggur til að skattleysismörkin verði hækkuð um 90 þúsund, eða upp í um 140 þúsund krónur, en verði látin fjara út hjá fólki vel yfir meðaltekjum og þar fyrir utan.

„Þegar fólk er til dæmis komið með 350 þúsund á mánuði lækki skattleysismörkin jafnt og þétt og fjari út við 500 þúsund á mánuði.



SKATTBYRÐIN GJÖRBREYTT

„Það er einmitt rýrnun skattleysismarkanna sem hefur gjörbreytt skattbyrðinni,“ sagði Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, á fundi BSRB.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það þýðir að kostnaðurinn af því að gera þetta verður miklu minni. Þar að auki réttir þetta svoltið af hallann sem verður í skattkerfinu

með fjármagnstekjuskattinum og þyngir aðeins skattbyrðina í efri hópnum,“ segir hann.

Stefán greindi frá því að skattbyrði almennings hefði stórukaust á síðustu tíu til tólf árum. „Við erum nú með tiltölulega mikla skattbyrði í tekjusköttum einstaklinga, mestu skattbyrði í heimi í neyslusköttum, fyrirtækjaskattar á Íslandi eru einna lægstu sem þekkjast og sömuleiðis fjármagnstekjuskattar. Það er einmitt rýrnun skattleysismarkanna sem hefur gjörbreytt skattbyrðinni og fært byrðina frá efri tekjuhópnum til neðri og meðaltekjuhópnum í vaxandi mæli,“ segir hann. - ghs

Blaðamannafélagið 110 ára: Eitt elsta stéttarfélag landsins

FJÖLMÍÐLAR 110 ár eru liðin frá stofnun Blaðamannafélags Íslands. Formaður félagsins, Arna Schram, segir það vera eitt elsta fag- og stéttarfélag landsins.



ARNA SCHRAM

„Félagið var formlega stofnað af sjö ritstjórum og útgefendum árið 1897,“ segir Arna. „Tilgangurinn var að efla fagið og kynna

hver öðrum.“ Arna segir heimildir gefa til kynna að Bríet Bjarnhéðinsdóttir, ritstjóri Kvinnablaðsins, hafi verið ein af þeim sem komu félaginu á fót.

Í tilefni afmælisins kemur út bókin Íslenskir blaðamenn. Í henni er að finna viðtöl við tíu elstu blaðamenn landsins, sem hafa lengst starfað í faginu. - sgi

LÖGREGLUFRÉTTIR

Gaf sig fram við lögreglu

Maður sem lögregla lýsti eftir í fyrrkvöld grunaður um kynferðisbrot gaf sig fram síðar um kvöldið. Ekki var talin ástæða til að halda manningum og var hann því látinn laus að lokinni skýrslutöku.

LEIÐRÉTTINGAR

Í Fréttablaðinu á laugardag var fjallað um kærur vegna kynferðisbrota. Í skýringarmynd vixlaðist hlutfall erlendra og íslenskra ríkisborgara samkvæmt málaskrá lögreglunnar. Þar átti hlutfall íslenskra ríkisborgara að vera táknað með rauðum lit og erlendra ríkisborgara með bláum lit.

Rangt var farið með textahöfund lagsins Ísland er land þitt í blaðinu í gær. Ljóðið er eftir Margréti Jónsdóttur. Beðist er velvirðingar á þessu.

Frekari vatnsskortur og þurrkar vofa yfir

Hlýnun jarðar er staðreynd, segja vísindamenn á vegum Sameinuðu þjóðanna. Vissa um þátt manna í hlýnuninni hefur aukist síðustu ár. Skortur á neysluvatni er sagður óhjákvæmilegur verði ekki dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda.

LOFTSLAGSMÁL Hlýnun jarðar er óumdeilanleg staðreynd, segir í samantekt Vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar á fjórðu yfirlitsskýrslu nefndarinnar. Samantektin var samþykkt í gær í lok vikulangs fundar nefndarinnar í Valencia á Spáni.

Vísindaleg vissa um loftslagsbreytingar af mannavöldum hefur enn fremur aukist frá því að þriðja yfirlitsskýrslan kom út árið 2001. Í skýrslunni segir að mælanleg hlýnun jarðar verði ekki skýrð eingöngu út frá náttúrulegum þáttum, svo sem sólgeislun og eldgosum, heldur eingöngu ef einnig er tekið tillit til áhrifa mannsins og losunar gróðurhúsalofttegunda.

Í skýrslunni segir að styrkur koldíoxíðs í andrúmsloftinu hafi aukist um þriðjung frá því fyrir iðnyltingu og hafi ekki verið meiri í að minnsta kosti 650 þúsund ár. Áframhaldandi losun gróðurhúsalofttegunda í viðlíka magni og nú er myndi valda aukinni hlýnun og margvíslegum breytingum á loftslagskerfi jarðar, sem hefðu óhjákvæmilega í för með sér dauða kóralrifja, tilfærslu á búsvæðum tegunda, skort á neysluvatni og hættu á þurrkum, skógareldum og flóðum á strandsvæðum.

Fyrir aldarlok er talið að haffis verðihorfinn norðurheimskautinu á sumrin, sjávarborð muni hækka um 18 til 59 sentimetra og hægja muni á hringrás hafstrauma, þótt stórfelldar og snöggar breytingar séu dregnar í efa.



KOLUM MÓTMÆLT Grænfríðungar á gúmbáti sigldu í gær í veg fyrir flutningaskipið Front Driver úti fyrir Valencia, þar sem fundur Vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar fór fram. Samtökin fullyrtu að skipið flytti ríflega 150 þúsund tonn af kolum. Á borða grænfríðunganna stendur á spænsku „Kolabrennsla eyðileggur loftslagið.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Skýrslan er þó ekki eintóm bölsýni, því tekið er fram að miklir möguleikar séu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á hagkvæman hátt. Það geti ríkisstjórnir meðal annars gert með reglusetningum og staðlagerð, sköttum og gjöldum eða fram-seljanlegum losunarheimildum. Slíkar aðgerðir séu afar brýnar á

næstu tveimur til þremur áratugum.

Skýrslan hefur komið út í þremur áföngum á þessu ári og er byggð á vinnu 2.500 vísindamanna. Að því er segir í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu er hún víðamesta vísindalega samantekt sem gerð hefur verið um loftslagsbreytingar. stigur@frettabladid.is

Grunaður um manndráp: Gæsluvarðhald í manndrápsmáli

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest áframhaldandi gæsluvarðhald yfir manni sem grunaður er um að hafa orðið öðrum að bana 7. október.

Í úrskurði segir að kærði sé sterkelega grunaður um að hafa slegið þann látna í höfuðið með slökkvitæki, með þeim afleiðingum að hann lést.

Maðurinn tilkynnti um atburðinn og í búð hans fannst blóðug úlpa og duft úr slökkvitæki. Upptaka úr öryggismyndavél styðja einnig grun lögreglu.

Maðurinn mun sitja í gæsluvarðhaldi allt til 20. desember. - sgi

Tvennt flutt á slysadeild: Kviknaði í hjá sofandi hjónum

SLÖKKVILÍÐ Hjón á fimmtugsaldri voru flutt á slysadeild í fyrrinótt eftir að eldur kom upp á heimili þeirra í Gullsmára í Kópavogi. Eldurinn kviknaði í þvottahúsi íbúðarinnar. Fólkið var sofandi í svefnherbergi á sömu hæð.

Konan brenndist lítillega á höndum og maðurinn þurfti á aðhlyningu að halda vegna reykeitrunar.

Slökkvilið var kvatt á staðinn um klukkan fjögur og réð niðurlögum eldsins skömmu síðar. Reykræsta þurfti íbúðina en skemmdir voru mestar í þvottahúsinu þar sem eldurinn kom upp. - sh

Tillaga frá Dýralæknafélaginu: Fáí gagnabanka um gæludýrin

DÝRAHALD Dýralæknafélag Íslands vill samstarf við bæjarfélög landsins um miðlægan gagnagrunn fyrir hunda og ketti.



GÆLUDÝR Skráð í gagnagrunn.

Að sögn Sigurborgar Daðadóttur, ritara Dýralæknafélagsins, hafa hundar og kettir um árabil verið merktir með sérstakri örflögu með upplýsingum um þá sjálfa og eigandann.

Sigurborg segir að fram til þessa hafi upplýsingar í tengslum við örmerki verið vistaðar í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Mikil bragarbót yrði af miðlægum gagnabanka sem hægt væri að leita til, meðal annars ef dýr týnast eða eigendur þeirra flytjast á milli svæða. - gar

FUNDARBOÐ

MATVÍS, Matvæla- og veitingafélag Íslands boðar til almenns félagsfundar þriðjudaginn 20. nóvember 2007, á Stórhöfða 31. 1.hæð, klukkan 15:00.

Dagskrá:

- Komandi kjarasamningar.
- Önnur mál.

Kaffiveitingar

Félagar fjölmennið

Stjórnin

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

10-15 m/s norðan til en 5-10 m/s syðra.


» þriðjudagur

3-8 m/s

um hádegi »

Kaupmannahöfn	9°C skýjað	London	8°C rigning	Friedrichshafen	6°C skýjað
Billund	8°C hálfskýjað	Paris	6°C hálfskýjað	Lúxemborg	5°C heiðskirt
Oslo	4°C léttskýjað	Amsterdam	7°C hálfskýjað	Alicante	19°C heiðskirt
Stokkholmur	7°C skýjað	Frankfurt	7°C léttskýjað	Róm	12°C hálfskýjað
Gautaborg	6°C hálfskýjað	Berlín	6°C hálfskýjað	Las Palmas	25°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Hefur þú hugmynd um hvað virkar best?

Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

að börn og foreldrar verji tíma saman

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is



TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Miðvikudagurinn 21. nóvember er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:





Heldur þú að verðsamráð eigi sér stað á matvörumarkaði?

Já	76%
Nei	24%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Gerðirðu eitthvað í tilefni af degi íslenskrar tungu?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Ríkið dæmt skaðabótaskyld í máli manns sem var sjúkdómsgreindur of seint:

Sáu ekki kransæðastífluna

DÓMSMÁL Ríkið hefur verið dæmt skaðabótaskyld í máli manns sem hlaut líkamstjón í kjölfar bráðakransæðastíflu árið 2003. Samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur leið óeðlilega langur tími frá því að maðurinn var greindur og þar til meðferð hófst. Það megi rekja til mistaka af hálfu starfsmanna Landspítalans.

Maðurinn fékk slæma verki fyrir brjóstið 9. febrúar 2003 og fór á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. Hjartalínurit sem tekið var þremur og hálfri klukkustund eftir innlögn mannsins benti til þess að um kransæðastíflu væri að ræða. Þrátt fyrir það hófst seglaleysandi meðferð ekki fyrr en rúmum þremur klukkustundum síðar.

Maðurinn hefur verið óvinnufær síðan þá

vegna veikinda af völdum kransæðastíflunnar.

Lögmaður mannsins óskaði eftir álitu landlæknis á því hvort um mistök hefði verið að ræða við greiningu á sjúkdómnum og viðbrögðum við honum. Í álitargerðinni segir að meðferðinni hafi verið áfátt. Í kjölfarið óskaði ríkið eftir umsögn læknafrádráts, sem sagði að eðlilega hefði verið staðið að meðferðinni.

Í niðurstöðu Héraðsdóms var hlutleysi umsagnar læknafrádráts dregið í efa þar sem það leitaði til læknis sem starfar á Landspítalanum – sama spítala og þar sem mistökin áttu að hafa gert.

Í álitargerð landlæknis var hins vegar leitað til óháðs sérfræðings.

- sþs

ENGAR BÆTUR?

■ Í niðurstöðu dómsins segir aðeins að skaðabótaskylda ríkisins sé staðfest, en manningu ekki veittar neinar skaðabætur. Í stefnunni var þess aðeins krafist að ríkið skyldi dæmt skaðabótaskyld, en ekki gerð fjárfraða á hendur ríkinu.

■ Ástæðan fyrir þessu er að í sumum málum er viðurkenningu á skaðabótaskyldu annars vegar og fjárkröfu hins vegar skipt í tvennt. Fyrst er skorið úr um það hvort sá sem stefnt er eigi yfir höfuð að borga skaðabætur. Ef dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu eru bæturnar ákvarðaðar eftir það, annaðhvort innan eða utan dómstóla.

■ Þetta er til dæmis gert þegar flókið og tímafrekt er að meta hverjar bæturnar eiga að vera. Þá getur verið betra að fá úr því skorið fyrst hvort bætur verði greiddar yfirleitt áður en farið er í að meta þær.

MYNDLISTARMENN – umsóknir um styrki

Listasjóður Dungal (áður Listasjóður Pennans) auglýsir eftir umsóknum um styrki.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1992 í minningu Margrétar og Baldvins P. Dungal kaupmanns í Pennanum. Markmið sjóðsins er að styrkja unga og efnilega myndlistarmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref á listabrautinni.

Í ár verða veittir 3 styrkir.

- einn að upphæð 500.000 kr. og tveir að upphæð 300.000 kr. auk þess sem sjóðurinn kaupir verk af styrkþegum.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar má nálgast á vef listasjóðsins www.listasjodur.is. Umsóknum skulu fylgja ljósmyndir af verkum umsækjanda ásamt ferilsskrá og skal skila gögnum í pósthólf 148, 121 Reykjavík.

(Vinsamlegast athugið að ekki er tekið við gögnum í tölvupósti.)

Umsóknarfrestur er til 7. desember 2007.



Í RÚSTUNUM Kona situr með barn sitt í dyrum þess sem áður var hús þeirra í bænum Moralganj á suðurströnd Bangladdess.

NORDICPHOTOS/AP

Óveðrið tók líf nær tvö þúsund manns

Stjórnvöld í Bangladdess telja nú að um 1.800 manns hafi farist í fellibylnum Sidr sem reið yfir landið í fyrradag. Tæplega 800 þúsund hús urðu fyrir skemmdum og ræktarland er í rúst. Hjálparstarf gengur hægt vegna braks á vegum.

BANGLADESS, AP Stjórnvöld í Bangladdess telja nú að um 1.800 manns hafi farist þegar fellibylurinn Sidr gekk yfir landið í fyrradag. Hjálparstarfsmenn grunna að sú tala muni hækka. Jafnframt eru yfir fjögur þúsund slasaðir.

Fellibylurinn Sidr er sá mannskæðasti sem gengið hefur yfir Bangladdess í áratug. Tugþúsundir heimila eru í rúst á suðvesturströndinni og uppskera er í eyði. Um þrjátíu þúsund hektarar ræktarlands eru ónýtir. Yfir milljón íbúa sjávarbyggða þurftu að yfirgefa heimili sín og leita skjóls í skýlum.

Brak á vegum hindraði ferðir hundraða þúsunda Bangladdessa og hjálparstarfsmanna sem reyndu að færa bágstöddum birgðir. Þeir þurfa því að notast við báta og reiðhjól. Skortur á fæðu og hreinu drykkjarvatni gæti leitt til

útbreiðslu sjúkdóma ef aðstoð berst ekki í tæka tíð.

Margir íbúa strandhéraðanna búa í ótraustum bambus- og strákofum sem hrundu til grunna í óveðrinu. Mikil uppbyggingarstarf bíður þeirra nú. Ríkisstjórnin hyggst leggja yfir þrjú hundruð milljónir króna í endurbyggingu íbúðarhúsnæðis. Á meðan dvelur fólkið í tjöldum eða rústum húsa sinna. Aðrir gista í neyðarskýlum hjálparstofnana.

Mörg hverfi höfuðborgarinnar Dakka voru án rafmagns og vatns í gær. Að minnsta kosti fjórir létust af völdum fellibylsins í höfuðborginni.

Fellibylir eru tíðir í Bangladdess og flóð hafa valdið gríðarlegum mann- og eignatjóni. 621 fórst þegar hvirfilbylur reið yfir áttatíu þorp í landinu árið 1996.

steindor@frettabladid.is



FELLIBYLURINN SIDR Fellibylurinn gekk yfir Bangladdess á föstudag með hörmu- legum afleiðingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sýknaður af ákæru um nauðgunartilraun þrátt fyrir stöðugan framburð konunnar:

Reyndi að kyrkja konuna með belti

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt 37 ára karlmann í fimmtán mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir hættulega líkamsárás á fyrrverandi konu sína. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði dæmt manninn í níu mánaða fangelsi, þar af sex skilorðsbundna.

Maðurinn réðst á konuna á heimili hennar og dóttur þeirra. Hann brá meðal annars belti sínu um háls hennar og þrengdi að svo konan óttaðist um líf sitt. Að mati dómsins stofnaði maðurinn lífi konunnar í hættu með árásinni. Konan fullyrkti að maðurinn hefði sagst ætla að hafa við hana samfarir og hefði klætt þau bæði úr buxum og nærbuxum.

Hann var ákærður fyrir tilraun til nauðgunar en var í Hæstarétti, líkt og í héraði, sýknaður af þeim ákærulið. Hæstaréttardómurinn Ingibjörg

Benediktsdóttir skilaði sératkvæði og vildi að maðurinn yrði sakfelldur fyrir nauðgunartilraun.

Vísar hún til þess að framburður konunnar um atburði hafi verið afar stöðugur. Þá fái framburður hennar stöð í frumskýrslu lögreglu, tveimur læknisvottorðum, vætti lögreglumanna og lækna fyrir dómi, „en ekkert [hafi] hins vegar komið fram í málinu sem hefur veikt eða hnekk vætti hennar þannig að máli skipti.“

Á hinn bóginn hafi framburður ákærða verið reikull og hann ekki getað greint fullkomlega frá öllum málsatvikum.

Málið dæmdu Ingibjörg, Gunnlaugur Claessen, Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

- sh

Jólin þín byrja í IKEA



GLÄNSA STJÁRNA inniseria 10 perur með sogskaalum, gengur f/raffhlöðum
395,-



Opið 10-20 virka daga | Laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18

Háskerpusjónvarp og bíó heima í stofu

Í Sjónvarpi Símans getur þú séð útsendingar í háskerpu og upplifað margfalt meiri mynd- og hljóðgæði en áður.

Nánari upplýsingar á siminn.is • 800 7000

Það er Síminn 




Sími



Netið



Sjónvarp





HÁTÍÐ SÓLGUÐSINS Nepölsk kona færir sólguðinum fórn að hindúasið. Á Chhath-hátíðinni þakka hindúar fyrir þær gjafir sem sólin hefur veitt þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samningur Orkuveitunnar og Ölfuss var gerður í stjórnartíð Reykjavíkurlistans: Aðrir kunna að virkja ef OR hættir við

ORKA „Samningur Orkuveitunnar og Sveitarfélagsins Ölfuss var samþykktur samhljóða í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur vorið 2006,“ segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar (OR).

Þannig bregst Eiríkur við orðum Svandísar Svavarsdóttur, formanns stýrihóps um málefni REI og OR, en hún sagði í Fréttablaðinu á föstudag að nefndur samningur virtist „verulega á mörkunum“. Einnig sagði hún að síðareglur fyrirtækisins þyrfti líklega að herða og vísaði til samskipta OR og sveitarfélaga.

Upplýsingafulltrúinn minnir á að stjórnin starfi samkvæmt settum starfsreglum og starfsmenn OR eftir vilja stjórnarinnar. Þeir fari eftir síðareglum, sem megi lesa á heimasíðu fyrirtækisins.

Áform í Bitru séu í samræmi við þetta. „En skipti stjórnin um skoðun og hverfi frá fyrri áformum er auðvitað hugsanlegt að aðrir hafi hug á að virkja á svæðinu, til dæmis orkufyrirtæki landeigandans



EIRÍKUR HJÁLMARSSON Minnir á að hver sem er geti byggt virkjun, til dæmis stórkaupendur raforku.

[ríkisins] eða stórkaupendur raforku,“ segir Eiríkur. Raforkumarkaðurinn sé jú samkvæmt lögum samkeppnismarkaður.

Eiríkur kveður þær athugasemdir um Bitru sem Svandís sagði í gær „margar, þungar og afgerandi“ vera 660 talsins. Af þeim hafi „því miður“ 540 athugasemdir verið samhljóða efnislega. OR taki vitanlega mið af þeim við gerð endanlegrar matskýrslu.

- kóp

Dyravörður dæmdur: Sneri upphandlegg í sundur

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás fyrir utan skemmtistaðinn Victor í Hafnarstræti. Þar starfaði hann sem sem dyravörður.

Maðurinn tók harkalega um úlnið og upphandlegg annars manns og snéri aftur fyrir bak, með þeim afleiðingum að handleggurinn brotnaði.

Ákærði neitaði sök en dómurinn taldi brotið sannað. Verknáðurinn var talinn framinn af gáleysi og varð það til refsímdunar.

- æþe



REKNIR Þingmenn DTP á þingi í Ankara. Þeir hafa verið útilokaðir frá þingsetu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kúrdaflokkur í Tyrklandi:

Flokksstarfsemi in stöðvuð

TYRKLAND, AP Yfirvöld í Tyrklandi hófu í fyrradag aðgerðir til að loka fyrir starfsemi stærsta stjórnmalaflokks Kúrda í landinu.

Þingmenn flokksins hafa verið reknir af tyrkneska þinginu. Aðgerðirnar grundvallast á ásökunum um að flokkurinn styðji aðskilnaðarhugmyndir og sé í tengslum við ólöglega hreyfingu kúrdískra uppreisnarmanna.

Aðgerðirnar voru ákveðnar í kjölfar þess að flokkurinn, sem þekktur er undir tyrknesku skammstöfuninni DTP, kallaði í síðustu viku eftir því að Kúrdaheruðin í Suðaustur-Tyrklandi fengju aukið sjálfráði.

- aa

Arthur B. Laffer segir að skattalækkanið héraðs sýni að kenningar sínar virki:

Ísland sennilega besta dæmið

EFNAHAGSMÁL „Árangur Íslendinga er betri en hjá okkur í Bandaríkjunum og sennilega besta dæmið um hvernig lækkun skatta getur haft góð áhrif á efnahaginn,“ segir dr. Arthur B. Laffer hagfræðingur.

Hann flutti í gær fyrirlestur á vegum Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Húsfyllir var á fyrirlestri Laffers sem haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu og var góður rómur gerður að máli hans.

Laffer er umdeildur meðal hagfræðinga en áhrifamikill. Hann er þekktastur fyrir svonefnda Laffer-kúrfu. Samkvæmt henni dregur úr tekjum ríkisins, fari hlutfall skatta yfir tiltekin mörk.

Laffer segir að kúrfa sín sé fyrst og fremst sett fram til útskýringar. Hugmyndin sé ekki að stjórnmalamenn taki hana upp hugsunarlaust, heldur sé með henni eingöngu bent á þetta samband skatta og tekna.

Laffer var meðal helstu efnahagsráðgjafa Ronalds Reagan, forseta Bandaríkjanna á árunum 1981 til 1989.

Ítarlega verður rætt við Arthur B. Laffer og fjallað um skattamál í Markaðnum á miðvikudaginn.

- ikh



ÁRNI M. MATHIESEN „Áhrif skattalækkana gríðarlega mikil.“

LEIÐARLJÓS HÉR

„Þær hafa verið hafðar að leiðarljósi við efnahagsstjórnina hér,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra um kenningar Arthurs B. Laffer. Árni bætir því við að Jón Þorláksson, fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins, hafi



ARTHUR B. LAFFER Var meðal helstu ráðgjafa Reagans.

haft svipaðar hugmyndir. „Sé hafður hemill á skattheimtunni getur það haft jákvæð áhrif á innheimtuna. Þetta hefur verið í umræðunni og menn hafa litið til þess. Það er engin spurning um það.“

Ný bandarísk rannsókn:

Konur bíða lengur eftir kaffinu

BANDARÍKIN Ný rannsókn sýni að konur þurfa að bíða tuttugu sekúndum lengur eftir kaffibolla á kaffihúsum en karlar. Fylgst var með 295 viðskiptavinum á kaffihúsum í Boston í Bandaríkjunum.

Rannsóknin, sem ber nafnið „Dömrarn fyrst?“, bendir á kvenfyrirlitningu af hálfu karlkyns afgreiðslumanna sem mögulega skýringu. Einnig taki þeir sér oft tíma til að daðra við kvenkyns viðskiptavini.

- sgi

Vantar atvinnu í Vesturbýggð:

Skólaeinkunnir verði á Bíldudal


SVEITARSTJÓRNIR Lagt hefur verið til í atvinnuálagnefnd Vesturbýggðar að ríkið stofni miðlægan gagnagrunn um einkunnir allra grunn- og framhaldsskólanna, sem vistaður verði á Bíldudal.

„Atvinnuástand á Bíldudal er mjög bágborið og er staða kvenna þar hvað verst,“ segir í tillögu Hjartar Sigurðarsonar sem sett er fram í ljósi ábendinga Vestfjarðarnefndar um gagnavinnslu á Bíldudal. Hjörtur segir húsneði á staðnum sem hægt sé að selja ríkinu undir starfsemi.

- gar

Innritun í Fjöltækniskóla Íslands fyrir vorönn 2008
stendur til 24. nóvember

www.fti.is



Stúdentspróf // náttúrufræðibraut með tækniávafi og starfsréttindum // Vélteki - vélstjórn 2. Stig og stúdentspróf

Raftækni - Rafgreinar og stúdentspróf // Skipstækni - Skipstjórn 1. stig // Flugtækni - Einkaflugmaður

Atvinnuréttindapróf // Skipstjóri // Vélstjóri // Vélfræðingur



FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

*Tími til
að fagna!*



25 GÓÐ ÁR!

Frjálsi fjárfestingarbankinn var stofnaður 18. nóvember 1982 og fagnar því 25 ára afmæli sínu. Frá upphafi hefur starfsemin byggst á vandaðri, persónulegri og sveigjanlegri þjónustu og bankinn vaxið og þróast. Við lítum björtum augum til framtíðar og hlökkum til að takast á við ný og spennandi verkefni.

Verið velkomin í kaffi og köku á morgun 19. nóvember


FRJÁLSI

Eina vörnin sem dugar er styrkurinn til að segja nei.

Dauðaskammtur úr apótekinu

JÓN KALDAL SKRIFAR

Einn reyndasti yfirmaður löggæslumála í Bretlandi, Richard Brunstrom, lögreglustjóri í Norður-Wales, lagði til í haust að öll fíkniefni skyldu leyfð. Um leið hvatti hann stjórnvöld til að binda enda á misheppnað stríð gegn ólöglegum eiturflyfjum.

Meðal ástæðna sem Brunstrom tiltók fyrir afstöðu sinni var að framboð eiturflyfja hefur aldrei verið meira og verðið lægra en nú þrátt fyrir sífellt harðari aðgerðir gegn eiturflyfjasólum.

Brunstrom benti á að núverandi baráttuáæfingir dygðu alls ekki og hvatti til róttækrar endurhugsunar. „Ef baráttan gegn eiturflyfjum á að vera raunsæ en ekki síðræn, drifin áfram af síðfræði en ekki trúarsetningum, verður að hafna núgildandi bannstefnu sem er bæði óframkvæmanleg og siðlaus,“ sagði hann og vill að mótuð verði stefna sem miðar að því að lágmarka skaðann sem fíkniefni valda í samfélaginu.

Lögreglustjórinn í Wales lagði fram hugmyndir sínar á sama tíma og birt var skýrsla um ástand fíkniefnamála í Bretlandi sem hluti af stefnumótunarvinnu til næstu ára. Það þarf ekki að koma á óvart að sjónarmið hans fengu lítinn hljómgrunn meðal yfirvalda sem boðuðu þvert á móti enn harðari aðgerðir af sama meiddi og tíðkast hefur. Fleiri lögregluþjóna á götum úti, strangari landmæragæslu og fjölgun fangelsa til að taka við eiturflyfjasólum. En vandinn mun örugglega ekki minnka. Sagan segir okkur það.

„Eina vörnin sem dugar er styrkur unga fólksins til að segja nei. Það er alveg sama hvað við fjölgum í lögreglunni, það mun aldrei duga,“ sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, á blaðamannafundi í gær þegar hann kynnti forvarnadag sem halddinn verður um land allt næsta miðvikudag að hans frumkvæði.

Með þessum orðum fangaði forsetinn í hnotskurn það atriði sem skiptir öllu máli þegar kemur að því að forða fólki frá því að verða háð fíkniefnum. Í þessum orðum er líka fólgin vísir að þeirri endurhugsun sem velski lögreglustjórinn kallar eftir.

Ríkjandi hugsunarháttur snýst um að kalla yfirvöld til ábyrgðar fyrir fíkniefnavandanum og viðbrögð stjórnvalda um allan heim beinast að því að uppræta framboð efnanna. Vandamálið liggur þó ekki þar heldur í eftirspurninni. Þótt öllum kókalaufsöktrum Suður-Ameríku og valmúaaöktrum Asíu yrði eytt þannig að kókaín og heróín fengist hvergi framur, þá hyrfu ekki fíknin úr mannum. Fíklarnir myndu leita uppi önnur efni. Fréttablaðið sagði í gær frá einum, sem líklega fékk sinn dauðaskammt eftir að hafa sprautað sig með ritalíni sem var keypt út á lyfseðil í apóteki.

Baráttan verður að snúast um leiðir sem minnka líkurnar á því að fíklar verði til. Og íslenskar rannsóknir segja okkur að þær leiðir séu til staðar og séu ekki flóknar. Sú allra mikilvægasta er að foreldrar eyði tíma með börnum sínum, ein klukkustund á dag getur skipt sköpum. Það þarf að halda börnum við íþrótt- og tómstundastörf, og það þarf að forðast áfengi sem allra lengst. Ef lögd er rækt við þessi þrjú atriði eru innan við eins prósentis líkur á að ungt fólk ánetjist fíkniefnum. Og tákidi eftir að lögreglan kemur þarna hvergi við sögu. Eða eins og forsetinn orðaði það: „Forvörnin felst í okkur sjálfum; hvorki foreldrar né samfélagið geta vísað ábyrgðinni á einhverja aðra.“

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Hóskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI** **FRÉTTABLAÐIÐ** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3971.

Einar Már Jónsson

BRÉF TIL MARÍU

„Bókin er hinn mesti skemmtilestur og raunar sprenglægleg á köflum.“

Pröstur Helgason – *Lesbók Morgunblaðsins*, 21. apríl 2007

„Einari tekst að glæða sína einföldu bréfræðu slíku lífi með tungutaki og orðaforða að textinn leiftrar hvar sem gripid er niður.“

Viðar Þorsteinsson – *Viðskiptablaðið*, 24. maí 2007

„Bréf til Maríu er hressilegur gustur um hjalla mannvísindanna og slær hroll að ýmsum við þann lestur.“

Páll Baldvín Baldvínsson – *Fréttablaðið*, 16. júní 2007



2. PRENTUN!



Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur
sími 561 0055 • www.ormstunga.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Flísín og bjálkinn

Þingmaður Framsóknarflokksins, Birkir Jón Jónsson, fjallar á heimasíðu sinni um yfirlýsingar Guðmundar Ólafssonar hagfræðiprófessors um húsnæðismál og þá skoðun hans að ófremdarástandið sem þar ríkir sé helst Framsóknarflokknum og Íbúðalánasjóði að kenna. Birkir Jón telur röksemdafærslu Guðmundar ranga og hefur þess vegna áhyggjur af orðspori Háskóla Íslands og Háskólans á Bifröst, vinnustöðum prófessorsins. Birkir Jón ætti kannski að líta sér nær því samkvæmt mælingum Gallup er Alþingi; vinnustaður Birkis Jóns, sú stofnun sem almenningur ber minnst traust til. Háskólinn er á hinn bóginn sú stofnun sem flestir treysta.



Tekur fólk á orðinu

Fyrir rúmum tveimur vikum birti Gallup niðurstöður athugunar á afstöðu fólks til þess aðhalds sem Samkeppniseftirlitið veitir fyrirtækjum. Niðurstöðurnar voru afgerandi; níu af hverjum tíu töldu að eftirlitið ætti að veita fyrirtækjum meira aðhald en það gerir. Aðeins þrettán dögum síðar framkvæmdi Samkeppniseftirlitið húsleit hjá Bónus, Kaupási og þremur heildsölum. Hér er því ekki haldið fram að húsleitirnar hafi verið gerðar til að þóknast almenningssálitinu en hugsanlegt er að það breytist í kjölfar þeirra.



Vúdúhagfræði

Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, las fólki „pistilinn“ á aðalfundi BSRB á föstudag þar sem hann fór yfir breytta skattbyrði og vaxandi tekjujöfnuð. Í lok erindis síns nefndi Stefán að hér á landi væri staddur „vúdúhagfræðingurinn“ Arthur Laffer á fundi „með Hólmsteinum ýmsum einhvers staðar í Reykjavík,“ að fjalla um nýfrjálsbyggju eða „seiðkarlahagfræði“. Stefán sagði kenningar Laffers vera sjónhverfingar og nefndi að George Bush eldri hefði fundist speki hans skritin á sínum tíma og notað um hana orðið „vúdú“. Það nafn hefði síðan fest við hagfræðigreininna.

bjorn@frettabladid.is
ghs@frettabladid.is

BITBEIN Illugi Gunnarsson spyr:

Á Orkuveita Reykjavíkur að auka orkusölu sína til álvera?



ILLUGI GUNNARSSON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

VG og næsta álver

Ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar um að selja ekki meiri orku til álfyrirtækja á suðvesturhluta Íslands hefur nú þegar haft mikil áhrif á orkumarkaðinn og möguleg umsvif álfyrirtækjanna sem hér starfa. Um leið hefur ákvörðunin efnahagslegar afleiðingar og má búast við því að hagkerfið byrji að kólna fyrr vegna þessarar stefnubreytingar Landsvirkjunar en ella hefði orðið. Aðalatriðið er þó að stjórn Landsvirkjunar tók sína ákvörðun út frá viðskiptalegum sjónarmiðum, það var mat stjórnarinnar að hagsmunum fyrirtækisins væri betur borgið ef orkan væri seld til annarra aðila en þeirra sem reka álver. Við verðum að treysta því að það sé rétt mat.

Meira ál?

Allra augu hljóta nú að beinast að Orkuveitu Reykjavíkur og nýjum meirihluta í ráðhúsi Reykjavíkur. Í fyrsta lagi hljóta borgarþáttar að spyrja hvort sömu viðskiptalegu sjónarmið eigi við um Orkuveituna eins og um Landsvirkjun. Er það mat stjórnar þess fyrirtækis að hægt sé að fá hærri verð fyrir orkuna með því að selja til álvera fremur en til annarrar starfsemi líkt og stjórn Landsvirkjunar komist að niðurstöðu um? Vitanlega kunna önnur rök en verð að skipta hér máli. Ef til vill metur Orkuveitan það svo að æskilegt sé að auka þátttöku fyrirtækisins í áliðnaði fremur en að leita á önnur mið. En þá væri gott fyrir okkur borgarþáttar að fyrirtækið gerði opinberlega ræðingur grein fyrir slíkum ákvörðunum og hvers vegna Landsvirkjunarleiðin væri ekki farin. Á þetta mun reyna meðal annars vegna fyrirhugaðar byggingar álvers í Helguvík.

Pólitísk spurning

Í annan stað kunna pólitískar skoðanir nýs meirihluta í borginni að skipta máli. Stefna Vinstri-grænna hefur fram að þessu talist mjög skýr í orku- og virkjanamálum. Þingmenn og aðrir forystumenn flokksins hafa gjarnan farið mikinn bæði í þingsölum og í stjórn málaumræðunni almennt. Stór orð hafa ekki verið spóruð. Það væri því skiljanleg afstaða hjá borgarfulltrúum Vinstri-grænna ef þeir lýstu því yfir að hvað sem liði mögulegum sóknarfærum Orkuveitunnar í álbransanum yrðu þau ekki nýtt. Erfitt væri að gagnrýna flokkinn fyrir að fylgja eftir skoðunum sínum þegar hann kemst til valda, þó að vissulega hafi sú valdataka verið óvænt og fremur ógæfuleg. Ef niðurstaðan verður sú að Orkuveitan heldur áfram að virkja til að selja orku til álframleiðslu hlýtur að reyna nokkuð á þá sem tala fyrir hönd Vinstri-grænna í umhverfismálum.

Skýrar reglur

Ég er þeirrar skoðunar að Orkuveitan eigi að koma að þessum málum út frá viðskiptalegum sjónarmiðum. Við höfum ákveðið regluverk um umhverfismat, bæði um virkjanir og þá starfsemi sem ætlar sér að nýta orkuna. Jafnframt er nauðsynlegt að starfsemin rúmist innan þeirra samninga sem við höfum gert um loftslagsmál. Hvort kaupandinn er álver, netþjónabú eða einhver önnur starfsemi er ekki aðalatriðið svo lengi sem reglum er fylgt og arðsemissjónarmið höfð að leiðarljósi. Það þarf pólitíska ákvörðun til þess að breyta út frá þessari nálgun og það vald virðist nú í höndum Vinstri-grænna.

Stöldrum við fyrir framtíðina

Aukin raforkuframleiðsla Orkuveitu Reykjavíkur til áliðnaðar getur ekki talist skynsamleg hvernig sem á það er litið. Hvort sem litið er til náttúru, atvinnulífs eða efnahagslífs. Borgarráð hefur nú þegar farið fram á yfirlit frá Orkuveitunni um allar skuldbindingar, samninga og viljayfirlýsingar sem Orkuveitan hefur undirgengist, væntanlegar virkjanir og staða hverrar um sig. Jafnframt var þess óskað að lagður yrði fram listi yfir þá aðila sem hafa lýst áhuga á að kaupa orku af fyrirtækinu til annarrar atvinnustarfsemi en álframleiðslu. Tilgangurinn með slíkri beiðni er sá að rétt þykir að staldra við og taka ákvarðanir um næstu skref á grundvelli heildstæðrar skoðunar. Slík nálgun samræmist hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og jafnframt er með henni viðurkennt umfang og mikilvægi málsins. Ábyrgð og yfirvegum í næstu skrefum er lykilatriði þegar málið er skoðað til lengri framtíðar. Um er að ræða ákvarðanir sem varðar náttúru og lífsgæði komandi kynslóða.

Lengri framtíð

Engin efni eru til þess að Orkuveita Reykjavíkur setjist niður við nýja samninga um sölu á raforku til álframleiðslu. Nýr meirihluti í Reykjavík vill nálgast öll þessi mál af mikilli varfærni þar sem náttúran nýtur vafans og þar sem horft er til lengri framtíðar, framtíðar barnanna okkar og barnabarnanna.

Samfélagið á svæðinu þarf hvorki á aukinni þenslu né fleiri störfum að halda. Með þeim rökum einum saman er rétt að staldra við. Stórframkvæmdir undanfarinna ára og missera hafa valdið spennu í efnahagslífinu sem ekki enn sér fyrir endann á. Ríki og sveitarfélög þurfa þar að axla ábyrgð og draga úr þensluhvetjandi ákvörðunum eins og unnt er.

Í þágu almennings

Í umræðunni um Orkuveitu Reykjavíkur er þó brýnast að huga að grunnþjónustunni við almenning og standa vörð um að auðlindin og almenningseviturnar séu og verði í eigu almennings. Almanna-valdið þarf með sínum kjörnu fulltrúum að gæta þess að ákvarðanir séu teknar á lýðræðislegan hátt og að gagnsæi og rétt stjórnslá sé viðhöfð í hverju skrefi.

Einu gildir hvort verið er að taka ákvarðanir um stöðu veitunnar til framtíðar, kjarnastarfsemi hennar, útrásarverkefni eða sölu á raforku til atvinnustarfsemi. Brýnt er að hagsmunir almennings séu ávallt í brennidepli. Sá lærdómur blasir þegar við eftir pólitískar umhæypingar undanfarinna vikna, skoðun og umræðu um vinnubrögð, umboð, jafnræði og samstarf opinberra aðila og einkaaðila.

Kjarni málsins er því sá að hlutverk Orkuveitunnar er fyrst og fremst að þjóna eigendum sínum, almenningi og með sínum samningum og virkjunum að horfa til möguleika almennings um ókomna tíð til að njóta lands og náttúru.

Evrópa	26.900 kr.*
Bandaríkin	36.900 kr.*
Saga Class Evrópa	52.900 kr.*
Saga Class Bandaríkin	62.900 kr.*

*Skattar eru innifaldir í verði.

**Einungis fyrir handhafa
Vildarkorta VISA og Icelandair.**

Evrópa	32.900 punktar**
Bandaríkin	47.900 punktar**

**Greiða verður flugvallarskatta (Evrópa 8.205 kr., USA 13.065 kr.)

20% barnaafsláttur gildir í almennu farrými.

+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is
Sala hefst 19. nóvember.

JÓLAGJÖF SEM FLÝGUR ÚT

JÓLAPAKKAR ICELANDAIR

Safnaðu
Vildarpunktum

VISA

Sölutímabil er til 24. des. 2007 kl. 18:00. Bókunartímabil er til og með 25. jan. 2008. Ferðatímabil er frá 12. janúar til og með 31. maí 2008. Til Bergen, Gautaborgar, Halifax og Toronto er ferðatímabilið til og með 15. júní 2008. Jólapakkatilboð gildir til allra áfangastaða sem Icelandair flýgur til í beinu áætlunarflugi frá Íslandi. Undantekningar eru: Orlando, Salzburg, München, Madrid, Milano og Barcelona. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 500 til 12.800 Vildarpunkta. Jólapakkarnir fást líka á söluskrifstofum Icelandair og í Fjarsölu í síma 50 50 100 gegn þjónustugjaldi.

OWEN WILSON KVIKMYNDALEIKARI ER 39 ÁRA Í DAG.

„Það hentar ágætlega fyrir mig að fá hlutverk þar sem ég dey á endanum. Enda er ég venjulega orðinn dauðleitur á tilteknu verkefni þegar að því kemur, svo ég hlakka bara til.“

Bandaríski grínleikarinn Owen Wilson hefur meðal annars leikið í myndum á borð við *The Wedding Crashes* og *The Royal Tenenbaums*.



ÞETTA GERÐIST: 18. NÓVEMBER 1920

Matthías Jochumsson lést

Íslenska skáldið og presturinn Matthías Jochumsson fæddist hinn 11. nóvember árið 1835 á bænum Skógum í austurhlíðum Þorskafjarðar undir Vaðalfjöllum.

Hann var sonur Jochums Magnússonar bónda og Þóru Einarsdóttur, sem bæði voru af merkjum breiðfirskum ættum.

Matthías bjó að Skógum til 11 ára aldurs hjá foreldrum sínum en fór þá í vistir. Síðan starfaði hann frá sextán ára aldri vestur í Flatey, þar sem hann hóf störf við verslun föðurfrænda síns.

Tvítugur dvaldi hann vetrarlangt í Kaupmannahöfn og með styrk ættingja sinna gat hann hafið nám í Latínuskólanum,



sjálfur og í dag er þar safn helgað minningu Matthíasar.

tuttugu og fjögurra ára að aldri. Skáldskaparhneigð Matthíasar birtist snemma og blómstraði þegar hann settist á skólabeck. Matthías var einnig prestur, meðal annars á Odda á Rangárvöllum en hann stundaði líka blaðamennsku og ritstýrði tímaritinu Þjóðólfi á sjö ára tímabili. Eftir Matthías liggja mörg ritverk og kvæði ásamt sjálfum þjóðsöng Íslendinga sem hann nefndi Lofsöng. Matthías kvæntist þrisvar og eignaðist ellefu börn. Síðari hluta ævi sinnar bjó hann á Sigurhæðum á Akureyri. Húsið reisti hann

MERKISATBURÐIR

- 1626 Péturskirkjan í Róm vígð af Úrbanusi 8. páfa, bygging hennar hófst árið 1506.
- 1709 Biskupsstofan á Hólum í Hjalptadal brennur. Mikið af verðmætum tapaðist.
- 1897 Blaðamannafélag Íslands er stofnað.
- 1939 Margaret Atwood, kanadískur rithöfundur, fæðist.
- 1962 Niels Bohr, danskur eðlisfræðingur og nóbelsverðlaunahafi, andast.
- 1981 Áttunda hrina Kröfluelda hefst. Stóð hún í fimm daga.
- 1982 Vilmundur Gylfason gengur úr Alþýðuflokknum og stofnar Bandalag jafnaðarmanna.

tímamót

timamot@frettabladid.is

Hvatning til framfara

Nær hundrað grunnskólanemar í Reykjavík fengu íslenskuverðlaun menntaráðs afhent við hátíðlega athöfn í Borgarleikhúsinu á föstudag.

Þetta var í fyrsta sinn sem verðlaunin voru veitt þeim nemum sem hafa skarað fram úr á ýmsan hátt: í ritlist, ljóðlist og munnlegri tjáningu.

Markmið verðlaunanna eru að auka áhuga grunnskólanema á mótumálinu og hvetja þá til framfara í tjáningu talaðs og ritaðs máls. Einnig voru tví- og fjöltyngdir nemendur verðlaunaðir sem sýnt hafa eftirtektarverðar framfarir í íslensku.

Meðal verðlaunahafa eru nemendur sem tala fjögur tungumál, verðandi rithöfundar, ræðuskörungrar og málvísindamenn og fengu allir veglegan verðlaunagrip til eignar.

Verndari íslenskuverðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands og ávarpaði hún gesti við hátíðardagskrá í kjölfar verðlaunafhendingarinnar.



VERNDARI VERÐLAUNANNA Frú Vigdís Finnbogadóttir er verndari íslenskuverðlauna menntaráðs sem veitt voru á dögunum.



GRAFARVOGSKIRKJA Haldið verður upp á stórafmæli Al-anon í Grafarvogskirkju í kvöld með afmælisfundum klukkan 20:30.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

AL-ANON SAMTÖKIN Á ÍSLANDI: 35 ÁRA Í DAG

Afmælisfundur í Grafarvog

Al-anon samtökin á Íslandi voru stofnuð þann 18. nóvember árið 1972 og fagna því 35 ára afmæli með hátíðarfundi í Grafarvogskirkju í kvöld klukkan 20.30. Al-anon er félagsskapur karla, kvenna og unglunga sem hafa orðið fyrir áhrifum af drykkjuættungu eða vinar.

Í samtökunum er nafnleyndar gætt og því kemur viðmælandi Fréttablaðsins ekki fram undir nafni. „Al-anon samtökin voru stofnuð í New York af Luise og Annie, eiginkonum Bill og Bob sem stofnuðu AA-samtökin. Þær höfðu gert sér grein fyrir því að þær gátu notfært sér sama tölfræði og alkohólístanir til að leysa eigin vandamál sem tengdust meðvirkni.“ segir viðmælandinn og bætir við: „Samtökunum fór að vaxa fiskur um hrygg því það var auðséð að brýn þörf var á aðstoð fyrir aðstandendur alkohólísta vegna þess að í kringum einn alkohólísta eru að meðaltali sex aðstandendur.“

Viðmælandinn segir samtökin á Íslandi hafa stækkað ört undanfarin ár og nú sé svo komið að deildirnar séu farnar að sprengja utan af sér hús-næðin. „Það hefur orðið mikil vitundar-

vakning um sjúkdóminn alkóhólisma og áhrif hans á aðstandendur,“ segir hann og útskýrir svo helstu birtingarmyndir meðvirkinnar: „Það er mismunandi frá manni til manns hvernig meðvirknin birtist en ég myndi þó segja að helsta formið sé afneitun á því að þessi sjúkdómur spili svo stóran þátt í lífi fólks. Í öðru lagi er það skert sjálfsmat og kolskökk og skert sjálfsvirkning,“ segir hann og heldur áfram: „Þetta verður til þess að meðvirknin birtist aðallega í tveimur myndum; annað hvort að sjálfsmatið sé í of miklum mínus eða of miklum plús. Þegar hún er í of miklum mínus þá gerum við það sem kallast að „kóa“ með fólki. Þá erum við eins og mýs í höndunum á öðru fólki, höfum engar skoðanir á hlutunum, erum tilbúin til að réttlæta gjörðir annarra sem eru jafnvel óverjandi og gerum hluti fyrir fólk sem það getur alveg gert fyrir sig sjálft.“ Þá bendir hann á að með þessu móti standi og falli allt líf einstaklingsins með þörfum einhvers annars.

„Hins vegar þegar sjálfsmatið er í of miklum plús þá höfum við skoðanir

á hlutunum og vitum alveg nákvæmlega hvað er að hjá fólki og bilumst úr stjórnssemi. Það er alveg jafn alvarlegt mál því þarna ræður dómharkan og miskunnarleysið ríkjum og við reynum að stjórna alkóhólístanum án þess að taka nokkra ábyrgð á eigin gjörðum,“ segir viðmælandinn og bætir því við að batinn í Al-anon felist í því að ná sjálfsvirkningunni og sjálfsmatinu í jafnvægi.

Viðmælandinn segir helstu vopn sjúkdómsins vera að sannfæra sjúklinginn um að hann sé einn í heiminum. „Við sem erum í Al-anon höldum öll að við værum ein í heiminum þangað til við mættum á okkar fyrsta fund. Þá kom berlega í ljós að það erum við alls ekki. Það er alltaf einhver á fundunum sem hefur verið að glíma við nákvæmlega sama vandamál og maður sjálfur,“ segir hann og bætir við: „Við lærum það smám saman að það er ekkert vandamál nógu stórt og engin óhamingja það mikil að ekki megi úr bæta. Tölv spora kerfið allt gengur út á að taka ábyrgð á eigin gjörðum og á eigin lífi.“

sigidurh@frettabladid.is



Innlegur þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur stuðning og styrk við andlát elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðnýjar Skeggjádóttir

Sérstakar þakkir færum við frábæru starfsfólki Karitas hjúkrunarþjónustu og líknardeildarinnar í Kópavogi sem og Flugvirkjafélagi Íslands.

Guðmundur K. Ingimarsson

Skeggi Guðmundsson

Hólmfriður E. Guðmundsdóttir

Henning Arnór Úlfarsson

Salka Kristinsdóttir og Kolka Henningsdóttir.

Katrín J. Sigurðardóttir

Úlfar Henningsson

Emilía Lóa Halldórsdóttir



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhann Eymundsson

Stigahlíð 36,

andaðist mánudaginn 12. nóvember. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 20. nóvember kl. 13.00.

Þórhalla Karlsdóttir

Sigríður Austmann

Helga Austmann

Eymundur Austmann

Viðar Austmann

Elfa Dís Austmann

barnabörn og barnabarnabörn.

Þórarinn Magnússon

Guðlaugur Heiðar Sigurgeirsson

Emilía Sveinbjörnsdóttir

Páll Blöndal



Eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,

Agnar Tryggvason,

Álakvisl 124, áður Smiðjustíg 4,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 9. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Lára Þorsteinsdóttir

Sverrir Agnarsson

Edda Helga Agnarssdóttir

Tryggvi Þór Agnarsson

Lára Guðrún Agnarssdóttir

afabörn og langafabörn.

Niven Shalaby

Jón Magnússon

Erla Valtýsdóttir

Kristján Sigurðsson

Hvað eiga 2,7 milljónir fermetra, 635 þúsund ljósaperur, 270 þúsund gluggar, 220 þúsund hurðir, 215 þúsund bílastæði, 180 þúsund hurðarhúnar, 3.800 leigurými, 730 lyftur, 270 starfsmenn og 4 lönd sameiginlegt? Eitt fyrirtæki, **Landic Property**, tengir þetta allt.

Þegar Fasteignafélagið Stoðir, Keops og Atlas Ejendomme runnu saman varð til eitt af þremur stærstu fasteignafélögum á Norðurlöndum.

Meginstarfsemi **Landic Property** er á Íslandi, í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi og sérhæfir fyrirtækið sig í leigu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Í Danmörku er SAS, Magasin og Illum stærstu leigjendur félagsins. Hið fræga Tietgens Hus er ein af fjölmörgum eignum **Landic Property** þarlendis. Í Svíþjóð eru skattayfirvöld, réttarkerfið, lögreglan og Stokkhólmsborg stærstu leigjendurnir. Sænsku stórfyrirtækin Telia Sonera, Ericsson, SAS og Nordea bank eru meðal viðskiptavina okkar þar í landi.

Á Íslandi eru stærstu leigjendurnir Hagar, Icelandair Hotels og hið opinbera. Stærstu eignir **Landic Property** á Íslandi eru Kringlan, Spöngin, Holtagarðar og Hótel Hilton Nordica.

Eins og gengur og gerist eru fasteignir misgamlar. Sumar eignir **Landic Property** eru ekki nema nokkurra mánaða gamlar, sumar eru enn teikningar á borði eða hugmynd í kollinum á starfsmanni okkar. Aðrar eignir eru mörg hundruð ára, sögufrægar byggingar.

Við erum með starfsemi í fjórum löndum en alls staðar er markmiðið það sama: framúrskarandi þjónusta við leigjendur og áframhaldandi vöxtur fyrirtækisins.

Þegar rætt er um fasteignir er auðvelt að týna sér í tölulegum upplýsingum. En tilgangurinn

með upptalningunni á eignum **Landic Property** er að sýna að þrátt fyrir að við höfum eins og öll fyrirtæki byrjað smátt, þá erum við í dag risastór.

Vissulega snýst flest sem við gerum að miklu leyti um steypu, stál, gler, múrsteina, timbur og málningu. En það sem skiptir okkur mestu eru þær þúsundir einstaklinga, skrifstofufólks, ríkisstarfsmanna, verslunarfólks, lögreglumanna og hótélgesta, sem gæða byggingar okkar lífi á hverjum degi. Svo ekki sé minnst á skapandi og kraftmiklu starfsmenn **Landic Property** sem tryggja viðhald og vegsemd félagsins. Það er lykillinn að góðu samstarfi.



STÓR ÚT LIPPÍTÖKL HEFST Á

*Bílasamningur m.v. 100% lán og mánaðarlegar greiðslur í allt að 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendinna mynta. Gengiskrafa 50% JPY / 50% CHF.



ATH!

**Kr. 50.000 til 100.000
gjafakort frá Smáralind
fylgir öllum bílum.**

Gott úrval á staðnum - Dæmi um bíla á útsölu:



Peugeot 307, árg 2003 ek. 119 þús - bsk.

**Ekkert út og 11.500 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.***



Renault Laguna, árg 2006 ek. 15 þús - sjsk.

**Ekkert út og 29.900 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.***

SALA Á

BÍLLUM



Smáralind

Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.
Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort
Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort

MORGUN!

ATH!
100% lán í allt
að 84 mánuði

Frábær afsláttur!
Frábært verð!



Verð áður kr. 2.650 þús.

Útsöluverð kr. 2.200 þús.



Hyundai SantaFe, árg 2005 ek. 50 þús - sjsk.

Ekkert út og 32.100 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

bíla ^{B&L}
land
notaðir bílar

bilaland.is
Grjóthálsi 1 - 575 1200

Hann er niðursokkinn í sjónvarpsútsendingu um meirihlutaviðræður í Danmörku þegar blaðamann ber að garði. Rætt er hvort Nýtt bandalag Nasers Khader innflytjanda taki um sömu valdatauma og Danski þjóðarflokkurinn, sem oft er kenndur við útlendingahatur. „Þetta er að gerast um alla Evrópu,“ segir Paul, dreyminn á svip. „Innflytjendur eru byrjaðir að gera tilkall til valda. Þeir sjá að þeir verða að taka þátt í lýðræðinu.“

Að svara á íslensku er að hrósa

Paul Nikolov, varaþingmaður Vinstri grænna, er með litla skrifstofu undir súð á þriðju hæð í húsnæði Alþingis við Vonarstræti. Hann býður til sætis og talar hægt og skýrt. Námi hans í íslenski framsögn hefur verið frestað meðan kennarinn er á Indlandi, en hann hefur líklega æft sig heima.

„Fyrst þú spyrð mig um íslenskuna er eitt ráð sem ég vil gefa. Það er að Íslendingar tali við útlendinga á íslensku, ef hægt er. Að svara innflytjendum á íslensku er að hrósa. Ég hef sjálfur lent í því að reyna að sýna útlendingi tillitssemi með því að svara honum á ensku. Það var þittu-sendill, líklega frá Taílandi, sem kom með mat til mín. Hann reyndi að tala við mig íslensku og ég skipti strax yfir í ensku. Þegar hann var farinn hristi ég höfuðið og spurði sjálfan mig til hvers ég hefði eiginlega gert þetta. Ef ég hefði svarað honum á íslensku hefði hann litið á það sem hrós og hugsað með sér: Ókei, fólk skilur það sem ég segi!“

Beint lýðræði

Árið 1999 kom Paul Fontaine til Íslands. Hann hreifst af landi og þjóð og telur til kosta þess félagslega kerfið, nálægð kjósenda við kjörna fulltrúa og hreina orku. „Ég sá að þetta var landið sem ég hafði leitað að allt mitt líf. Flestir Bandaríkjamenn hafa gefist upp á lýðræðinu og það er „stórsigur“ fyrir lýðræðið ef helmingurinn mætir til að kjósa. En hér er hægt að hringja í flesta þingmenn.“

Annar kostur við íslenskt lýðræði er að íslenskir stjórnmálamenn eru flestir „evrópskt hugsandi“, að mati Pauls, sem aldrei hefur litið á sig sem Bandaríkjamann. Hann er af evrópskum ættum, sem fluttu til Bandaríkjanna snemma á 20. öld.

„Til dæmis heilbrigðiskerfið. Hér er það bara sjálfsagt mál. Meira að segja sjálfstæðismönnum finnst það sjálfsagt,“ segir hann og hlær við: „Hægrisinnaðasti sjálfstæðismaðurinn hér yrði settur í flokk með demókrötum í Bandaríkjunum. Við erum evrópsk og það sést til dæmis á að allir fimm flokkarnir stefna að sama markmiði í innflytjendamálum, þótt þeir vilji fara mismunandi leiðir að því. Jón Magnússon úr Frjálslynda flokknum er að tala um að tryggja betur mannréttindi útlendinga og það er bara glæsilegt, þótt sumar hugmyndir frjálslyndra í innflytjendamálum þýði að við þurfum að segja okkur úr EES! En svo á ég ekki bara vini í Vinstri grænum, heldur í öllum flokkum. Ég á vini í SUS.“

Fyrsta frumvarpið

Að atvinnuleyfi fyrir fólk, sem kemur ekki frá EES-svæðinu, verði gefin út til einstaklinga en ekki fyrirtækja, er fyrst á dagskrá varaþingmannsins. Hann segir það þjóna hagsmunum atvinnurekenda ekki síður en útlendinganna.

„Vinur minn frá Akureyri hitti mig á götunni um daginn. Hann



PAUL UNDIR JÓNI FORSETA Varaþingmaðurinn ætlar að nýta tímann á Alþingi til að leggja áherslu á innflytjendamál. Hann er vongóður um gott samstarf við hina flokkana, en helst við Samfylkinguna. Hann telur að allir flokkarnir séu velmeirandi um útlendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við erum betri en öfgafólkið

Paul David Fontaine-Nikolov fæddist í Bandaríkjunum en kom hingað sem ferðamaður í september 1999. Hann heillaðist af þjóðinni og settist hér að. Paul fór svo að skrifa í blöðin og kynna sér innflytjendamál. Hann settist á þing á mánudaginn, fyrstur nýrra Íslendinga. Í samtali við *Klemens Ólaf Prastarson* ræðir hann um þingmenn, Jótlandspóstinn og Aron Pálma.

rekur hótél og hafði heyrt af þessu frumvarpi og hann sagði bara: *Thank you!* Því atvinnurekendum finnst mikið vesen að vera sífellt að standa í þessari pappírsvinnu og hringja í einhverjar stofnanir.“ Að auki snúist frumvarpið um frelsi hvers og eins til að skipta um vinnu og atvinnurekendum því greiði gerður, ef auðveldara er fyrir óánægð starfsfólk að hætta. Þeir geti í staðinn ráðið fólk sem vill vinna þessi störf.

Ekki langskólageginn

Paul er ekki háskólamenntaður. Þegar hann útskrifaðist úr *high school* (milli gagnfræða- og menntaskóla) stóð fjölskyldu hans ekki til boða að fá fyrir hann styrk til háskólanáms. Þau voru á gráa svæðinu; of vel stæð fyrir styrki, en ekki nógu efnuð til að borga fyrir skólagjöldin og uppihald.

„Og ég vildi alls ekki ganga í herinn! Svo þegar ég kom hingað vildi ég strax fara í Háskólann. Þá var

mér sagt að fyrst þyrfti ég að fara í tvö ár í menntaskóla til að vera sambærilegur íslenskum nemendum. En ég var í hundrað prósent starfi og gat það ekki. Þessu þarf að breyta. Það er tíma- og peningasoun að láta alla þessa útlendinga fara í menntaskóla. Sumir eru vel menntaðir þótt þeir séu ekki alveg eins menntaðir og Íslendingar. Það ætti að vera hægt að fara í stödupróf í háskólum.“

Fyrirmyndarlandið

Ísland er ungt lýðveldi með mikla möguleika, að mati aðkomumannsins, sem sökkta sér niður í innflytjendamálin og lög um útlendinga, eftir að hann fékk vinnu á blaðinu Reykjavík Grapevine. Margt megi bæta í þeim lögum.

„Með fullri virðingu fyrir Dönnum eru lög þeirra um innflytjendur ekki beint vel heppnuð. Mörg lög hér á landi eru tekin beint frá Danmörku. Við erum sjálfstæð þjóð og eigum auðvitað að vera með sjálfstæð lög líka. Ég segi að við getum

„Flestir Íslendingar eru fjölmenningarlega sinn- aðir og hafa ferðast eða búið í útlöndum. Þeir vita hvað það er að vera útlendingur.“

gert Ísland að fyrirmyndarlandi, að minnsta kosti í málefnum innflytjenda. Við þurfum bara að vinna betur saman.“

Grapevine komst í íslenskar heimsfréttir þegar það birti mynd á forsiðu af svartri konu í þjóðbúningi. Paul segir viðbrögðin við því til marks um víðsýni þjóðarinnar. Því þótt neikvæðu viðbrögðin hlutu meiri athygli, hefðu mun fleiri sent blaðinu stuðningsyfirlýsingar: „Flestir Íslendingar eru fjölmenningarlega sinn- aðir og hafa ferðast eða búið í útlöndum. Þeir vita hvað það er að vera útlendingur.“

Erum betri en öfgafólkið

Það vakti einnig athygli þegar þeir á Grapevine tóku afstöðu gegn birtingu Jótlandspóstsins á skopmyndum af Míhamed spámanni. „Já, það er rétt að við vorum á öðru máli en flestir blaðamenn um þessar myndir. En mér fannst þessar teikningar bara asnalegar. Þær voru aðeins gerðar til að móða fólk og fá sterk viðbrögð. Góð skopmynd fær mann til að hugsa. Þessar voru meira eins og það sem litlir krakkar krotu í skólabækur.“

En vill Paul að evrópskir fjölmiðlar fari að lögum og síðum öfgamanna í útlöndum?

„Nei, við eigum alls ekki að hugsa eins og öfgafólk. Við erum betri en öfgafólkið. Við erum siðmenntuð og eigum að gagnrýna öfgamenn, hvort sem þeir eru talibanar eða talibaptistar í Bandaríkjunum. Málið er að skopmyndirnar særðu ekki öfgamennina heldur staðfestu fyrir þeim það sem öfgamenn halda um okkur. Þeir gátu haldið þeim á lofti og sagt við fólk: Sjáiði, svona haga þau sér í Vestrinu. Við særdum frekar venjulegt fólk, íslamska innflytjendur sem eru að hefja nýtt líf í nýju landi. Það fólk verður náttúrulega bara hissa og skilur ekki af hverju verið er að gera grín að spámanninum þeirra.“

Sendi Aroni Pálmi bréf

Einnig gagnrýndi Paul sérmeðerð þá sem Bobby Fischer fékk og skrifaði grein um Aron Pálma þar sem hann taldi að Aron hefði í raun sloppið létt í refsigliöðu ríkinu Texas. Hann sagði að þrátt fyrir allt væri Aron dæmdur kynbrota- maður og olli það reiði margra. En hvað hefur Paul á móti Aroni Pálma?

„Ég hef ekkert á móti honum. Ég var að reyna að sýna að það var bara fjallað um eina hlið í málinu, hans hlið. Mér finnst það kannski skiljanlegt, en það er ekki blaðamennska. Það er eðlilegt fyrir fjölmiðla að rannsaka og sýna báðar hliðar. Átta ára fangelsi fyrir Aron Pálma var allt of mikið og ég hefði átt að undirstrika það betur að mér fannst refsingin allt of hörð. Þegar ég las greinina aftur nýlega sá ég hvornig þessi misskilningur varð til. Ég sé eftir að hafa skrifað hana í svona æsingi og finnst þetta mjög vandræðalegt. Ég hefði átt að fara að sofa og skrifa þessa grein daginn eftir.“

Þess vegna sendi ég Aroni bréf út í fangelsið og skýrði mitt sjónarmið,“ segir Paul og þakkar fyrir spurninguna. Hann fái hana sífellt í bloggheimum, aftur og aftur.

Kominn til að vera

Næstu kosningar eru Paul hugleiknar, því hann ætlar að verða fullgildur þingmaður í þeim. Hann segir það vera sér mikill heiður að fá að þjóna landinu.

„Ég kaus að flytja hingað og fólk hefur tekið vel á móti mér. Ég hef eytt bestu árum míni hér. Ísland hefur gefið mér mikið.“

→ KENNIR SIG VIÐ EIGINKONUNA

Paul David Fontaine fæddist í Wilkes-Barre, kolanámubæ í Pennsylvaníu, árið 1971. Hann flutti til Baltimore átta árum seinna.

Foreldrar hans eru af ítölsk-pólskum og frönsk-kanadískum ættum. Paul skilgreinir sig sem kristinn, hvítan Vesturlandabúa.

Íslenskur starfsferill Pauls hófst á krá í Hafnarfirði en

hann starfar sem stuðningsfulltrúi, þegar hann situr ekki á þingi.

Paul kynntist hinni búlgörsku Kremenu Nikolovu á Íslandi. Þegar þau giftu sig var ákveðið að hún hétu að eftirnafni Nikolova-Fontaine en hann Fontaine-Nikolova. Hann hefur síðan fellt niður eigið ættarnafn og kallar sig einfaldlega Paul Nikolov.

LÁN ÁN ÁBYRGÐARMANNA*

FRÍTT DEBETKORT

HÆRRI INNLÁNSVEXTIR

LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR

AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM

SÉRKJÖR Á BÍLAFJÁRMÖGNUN*

NÁMSKEIÐ OG RÁÐGJÖF Í FJÁRMÁLUM

Fáðu BYR undir báða vængi

Við lítum á viðskiptavinum okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fái alltaf það besta sem er í boði.

Með því að vera með allt á sama stað færð þú betri kjör og meiri fríðindi

**Útlán eru háð lánareglum.*



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

Brynja, ég elska þig

Allt frá því að Guðrún Ósvífursdóttir lýsti því yfir að þeim hefði hún verið verst er hún unni mest hafa Íslendingar gripið hin og þessi misdjúpvitru ummæli á lofti og haldið þeim þar í aldir og áratugi. Sem betur fer er engin sérvalin nefnd sem sér um að velja hvaða setningar úr sögu okkar skuli lífa áfram en hins vegar er hægt að fá fríðan hóp fólks til að segja hvaða línur sitja hvað fastast í minnum þeirra og telja atkvæðin. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* komst að því að Íslendingum þykir hér um bil jafnvænt um frúna sem hlær í betri bíl og orðstírinn sem deyr aldregi.

Þær línur sem hvað helst eiga upp á pallborðið hjá fólki koma úr afar fjölbreyttum áttum. Í atkvæðasúpunni mátti finna tilvitnanir úr dægurlögum, bókmenntum, kvikmyndum, stjórnmálaumræðu, pistlum, auglýsingum og stórum stundum úr sögu okkar: Þjóðfundinum þegar þingmenn með Jón Sigurðsson í broddi fylkingar mæltu: „Vér mótmælum allir!“ og svo þegar nafni hans Páll Sigmarsson óskraði að þetta væri „ekkert mál fyrir Jón Pál!“ Báðar tilvitnanirnar komust ofarlega á lista en langflestar atkvæði fengu þó Jóhanna Sigurðardóttir og Bubbi Morthens fyrir tímarnar sem mun koma og ástarjátninguna.

Lífið er saltfiskur

Af eldri ummælum skoruðu línurnar „En orðstír deyr aldregi, hveim er sér góðan getur“ úr Hávamálum og „Eigi skal höggva“ hæst og fyrrnefnd ummæli Guðrúnar Ósvífursdóttur „Þeim var ég verst er ég unni mest“ lífa greinilega góðu lífi. Sé farið aðeins fram í tímarnar og bókmenntirnar skoðaðar er ein setning sem er greinilega í uppáhaldi margra, þó að vísu sé hún óbeint tengt inn í þær, en það eru orðin sem fylgdu er Danir skiluðu handritunum okkar: „Vær sá god, Flatøbogen!“ Tilvitnanir úr skáldskap Halldórs Laxness fara fremstar í flokki eftirminnilegra orða úr bókmenntunum og þar skoraði línan „Þegar öllu er á botninn hvolft þá er lífið þó umfram allt saltfiskur en ekki draumaríng!“ hæst og þar næst á eftir kom Jón Hreggviðsson með spurningu sína úr Íslandsklukkunni: „Hvenær drepur maður mann, og hvenær drepur maður ekki mann?“ Orð Einars Ben: „Aðgát skal höfð í nærveru sálar“ sópuðu líka til sín þónokkrum atkvæðum.

Ég er ekki Guðmundur

Úr kvikmyndunum dattu ekki margar línur inn á borð, nema ein, sem fékk ótal atkvæði, en það eru orðin „Þungur knífur“ úr kvikmyndinni Hrafninn flýgur og gat einn álitsgjafinn þess að maður hitti varla Norðmann eða Svía sem ekki bryddaði upp á þessum orðum. Af öðrum frósum sem Íslendingar hafa gripið á lofti úr sjónvarpinu, ýmist úr auglýsingum eða skemmti-þáttum, má nefna þá vinsælustu meðal álitsgjafa Fréttablaðsins orð Hemma Gunn: „Ekkert stress – veriði bless“ og framboðsslagorð Ástþórs Magnússonar: „Virkið Bessastaði!“ Af ummælum allra síðustu ára komust þrjú þar ofarlega á blað og eru öll ættuð frá stjórnmálamönnum. „Tilfinningalegt svigrúm“ er þannig að mati eins álitsgjafans orðið að frasa sem allir noti í dag sem og „Ég gerði tæknileg mistök“



„ÉG ER EKKI GUÐMUNDUR“ Ein eftirminnilegustu ummæli seinni tíma þykja lína Mumma í Mótorsmiðjunni en í byrjun málsins var honum gjarnan ruglað saman við Guðmund í Byrginu.

Árna Johnsen. Vilmundur Gylfason þykir svo hafa fangað kjarnann í íslensku stjórnmála- og viðskiptalífi er hann notaði þessi orð sem eru fyrir löngu orðin klisja: „Löglegt en siðlaust“.

→ ALLRA EFTIRMINNILEGAST

1. SÆTI

Þegar atkvæðin voru talin saman varð ljóst að tvær setningar bera höfuð og herðar yfir önnur eftirminnilega íslensk ummæli. Annars vegar eru það ummæli Jóhönnu Sigurðardóttur, þann 17. júní árið 1994, sem sitja hvað fastast í minnum fólks: „Minn tími mun koma“ þegar hún sleit sig út úr Alþýðuflokknum og stofnaði Þjóðvaka. Hinsvegar er það 17 ára gömul ástarjátning Bubba Morthens til hans þá heitelskuðu Brynju Gunnarsdóttur, sem stimplaði sig inn í vitund þjóðarinnar. Ummæli Jóhönnu eru þjóðinni ef til vill minnststærari en önnur þar sem segja má að hennar tími hafi svo nýlega runnið upp. Öllu sérstæðara er þó hve ummæli Bubba sitja í okkur, en líklegt er talið að fyrst hafi hann látið þessi orð falla opinberlega á tónleikum á Púlsinum sem hljóðritaðir voru á plötunni Ég er árið 1990 en platan kom út ári seinna. Kallaði hann þá fram í salinn áður en hann tók Stál og hníf: „Brynja, ég elska þig.“ Ummælin voru gripin á lofti og hafa lífað svo vel og lengi að fólk á erfitt með að muna hvort Bubbi sagði þetta fyrir tveimur árum, tólf eða sautján. Grínistar, áramótaskaup og annað hafa þátt sinn þátt í að halda línunni á lífi og svo vinsæl er hún að fyrr í mánuðinum skrifaði rithöfundur grein í Fréttablaðið með fyrirsögninni „Brynja, ég elska þig“ en greinin fjallaði um byggingarvöruslanir. Kannski má líka segja að á þessum tíma, fyrir tíma Séð og heyrt, hafi Bubbi og Brynja verið okkar fyrsta ofurpar.



MINN TÍMI MUN KOMA Dramatísk yfirlýsing Jóhönnu Sigurðardóttur lifir í minnum fólks enn þann dag í dag sem eftirminnilegustu ummæli Íslands.



Á NOKKUR EFTIRMINNILEG UMMÆLI Álitsgjafar Fréttablaðsins tundu til ýmislegt annað en ástarjátningu Bubba sem eftirminnileg orð hans. „Feður og mæður, börnin ykkar munu stikna,“ úr laginu Hiroshima þykja ein af þeim eftirminnilegri.

→ FLEYGUSTU ÍSLENDINGARNIR – brot af því besta

Það er ekki á hverjum degi sem maður spyrðir saman Davíð Oddssyni og Magnúsi Þór Jónssyni – Megas. Þegar kemur að því að skoða hverjir komu oftast á blað með ummæli sín eru það þó þeir tveir sem tróna á toppnum. Davíð fyrir ummæli sem oftast eru sögð í hita leiksins, en enginn annar stjórnmálamaður komst svo oft á blað. Tilvitnanirnar í Megas voru hins vegar oftast í lögin hans og þar er greinilega í sérstöku eftirlæti: Spáðu í mig, þá mun ég spá í þig.

EFTIRMINNILEG ORÐ DAVÍÐS ODDSSONAR:

„En Samfylkingin er eins og gamall afturhaldskommatittsflokkur og ætlar sér aldrei að verða stór og getur þess vegna ekki stutt verðugt verkefni eins og þetta.“

- 29. nóvember, 2004. Umræður á alþingi um stuðning við stríðið í Írak.

„Svona gerir maður ekki.“

- Davíð Oddsson sló á puttana á Friðriki Sophussyni fjármálaráðherra þegar hann skattlagði börn undir sextán ára aldri.

„Við sjálfstæðismenn höfum gert samkomulag við alþýðubandalagsmenn. Ef þeir ljúga engu um okkur í þessari kosningabaráttu, lofum við að segja ekki sannleikann um þá.“

„Góður endir á slæmri hugmynd.“

- Orð Davíðs Oddssonar þegar ljóst var að endalok R-listans voru orðin að veruleika.



EFTIRMINNILEG ORÐ MEGASAR:

„Spáðu í mig, þá mun ég spá í þig.“

- Úr laginu Spáðu í mig

„Eigi skal gráta Björn bónda heldur safna frímerkjum.“

- Megas á tónleikum

„Því þótt þú gleymir guði þá gleymir guð ekki þér.“

- Úr laginu Þóttú gleymir guði

„Finnst þér ekki Esjan vera sjúkleg.“

- Úr laginu Spáðu í mig

„Ef þú smælur framan í heiminn þá smælur heimurinn framan í þig.“

- Úr laginu Ef þú smælur framan í heiminn



ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS

Anna K. Kristjánsdóttir vélstýra
Auður Jónsdóttir rithöfundur
Ásta Möller alþingismaður
Baldvín Þór Bergsson fréttamaður
Bjarni Brynjólfsson ritstjóri
Bogi Ágústsson forstöðumaður
Bragi Valdimar Skúlason Baggalútur
Bubbi Morthens tónlistarmaður
Edda Andrésdóttir fréttamaður
Egill Helgason dagskrárgerðarmaður
Einar Már Guðmundsson rithöfundur
Elín Arnar ritstjóri
Elín Hirst fréttastjóri
Ellert B. Schram alþingismaður
Guðni Már Henningsson útvarpsmaður
Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur
Haukur Holm fréttamaður
Heiðís Lilja Magnúsdóttir ritstjóri
Hjálmar Jónsson blaðamaður
Inga María Leifsdóttir kynningarstjóri
Jón Óskar Hafsteinsson myndlistarmaður
Jón Trausti Reynisson ritstjóri
Jónas Haraldsson ritstjóri
Kristján Már Annarsson fréttamaður
Krummi (í Mínus) tónlistarmaður
Linda Blöndal úrvarpskona
Ólafur Teitur Guðnason blaðamaður
Ólafur Gunnarsson rithöfundur
Páll Ásgeir Ásgeirsson rithöfundur
Sigmundur Ernir Rúnarsson rithöfundur
Siv Friðleifsdóttir alþingismaður
Stefán Pálsson sagnfræðingur
Steingrímur Sævarr fréttastjóri
Þórarinn Þórarinnsson ritstjóri
Þórir Guðmundsson fréttamaður

MAX

Mesta úrvalið

Besta verðið

Þráðlaus DECT sími

Panasonic 7100

- Stafrænn DECT/GAP sími
- Geymir 50 númer með nafni úr skrá
- Símaskrá fyrir 20 nöfn og númer
- 10 númer úr skrá í skammvalli
- Hátalari fyrir handfrjálsa notkun
- Allt að 6 handtæki tengjast móðurstöð
- og hvert handtæki við 4 móðurstöðvar
- Fjölradda hringitónar
- Stilla má hljóðstyrk hringingar
- Hlé á samtali



4.989 kr.

Fullt verð ~~7.989~~

Digital tókuvél með 20GB hörðum disk



5
STYKKI

JVC GZMG47SHARE

- Hágæða stafræn tókuvél
- 1,33 milljón punkta upplausn
- Vönduð F1.2 linsa
- Stór 2,7" LCD skjár ofl.

49.989 kr.

Fullt verð ~~74.989~~

Everio Share Station DVD brennari

- Auðvelt að brenna á DVD disk án tölvu
- Hægt að horfa á DVD efni í gegnum skjáinn á tókuvélinni



DIVX heimabíó

Philips HTS3154

- Heimabíókerfi með DivX DVD spilara
- 300w (Digital magnari
- Fjölderfa DivX DVD Spilari
- 5 litrir hátalarar og Bassabox
- Dolby Digital, DTS
- Dolby Pro-Logic II
- FM útvarp með 40 stöðvaminnum
- SCART (með RGB)
- USB tengi

19.989 kr.

Fullt verð ~~27.989~~

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra
Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG



Safapressa

Exido 244002

- Öflug 700w safapressa
- Tekur hart grænmeti
- Tekur heila ávexti
- Óþarfi að fjarlægja fræin
- Óþarfi að fjarlægja börkinn
- Tveggja hraða
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að hreinsa

Bókin fylgir á meðan birgðir endast!



7.989 kr.

Fullt verð ~~11.489~~



Nýtt
á DVD

Stella í framboði

Stella í orlofi



hvert stk.

1.989 kr.

Keramíkk

Philips HP4661

- Keramíkk sléttujárn
- Nær 180°C hitastigi
- Plötur með keramíkk húð
- Tekur aðeins 3 mín. að hitna

2.989 kr.

Fullt verð ~~4.989~~



Hrærivél

Kenwood KM260

- Hljóðlát en öflug 900w hrærivél
- 4,3 lítra stálkál
- Þeytari, hnoðari og hrærari fylgja
- Geisladiskur fylgir með 90 uppskriftum

19.989 kr.



Nýtt
á DVD

MEÐ
ÍSLENSKUM
TEXTA

3.989 kr.

hvert stk.

Fullt verð ~~4.999~~



Ath. Verð getur lækkað fyrirvaraalaust!

144 sm kælir/frystir

Scancool SKF220

- 144sm kælikápur
- 167 lítra kælir
- 45 lítra frystir
- 5 glerhillur í kæli
- Orkunýtni A
- Mál (hxbxd): 144x55x60sm

34.989 kr.

Fullt verð ~~39.989~~



Opnunartími

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19

Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18



Fim

MAX / Kaupúni 1
210 Garðabæ
Sími 412 2200


Ódýrast

Við erum beint á móti IKEA

MAX

RAFTÆKI

LEITIN AÐ FULLKOMNUN HAFIN Á ÆÐRA STIG



LEIÐSALA SÍKISTOY 400031107

Grundvallarhugsunin sem leiðir Lexus er leitin að fullkomnun. Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar jafnt bifreiðar og þjónustu á heimsmeðlíkvarða, og við leitum sífellt betri leiða til að ná því markmiði.

Nú höfum við tekið mikilvægt skref í áttina að fullkomnun með opnun glæsilegs nýs sýningar-salar að Nýbýlavegi 2, sem er svo sannarlega verðugur vettvangur lúxusbifreiðanna frá Lexus. Við bjóðum þér að upplifa glæsileika í nýjum salarkynnum.



 **LEXUS**
The pursuit of perfection



STUÐNINGSMENN BHUTTO
Benazir Bhutto hvetur Musharraf til að segja af sér og útilokar að starfa með honum. Mótmælafundir stuðningsmanna hennar hafa verið barðir niður og hundruð manna handtekin.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Musharraf grefur eigin gröf

Pervez Musharraf sagði nauðsynlegt að lýsa yfir neyðarástandi til þess að bjarga Pakistan. Gagnrýnendur segja hann fyrst og fremst hafa viljað bjarga eigin skinni. *Guðsteinn Bjarnason* kynnti sér pólitíkina í Pakistan.

Ég get verið stoltur af því, sem einkennisklæddur hermaður, að hafa í reynd innleitt undirstöður lýðræðis í Pakistan, hvort sem einhver trúir því eða ekki," sagði Pervez Musharraf, forseti Pakistans, þegar hann tók á móti John Negroponte, erindreka Bandaríkjaþjórnar, í höfuðborginni Islamabad á föstudaginn.

Musharraf rændi völdum í Pakistan árið 1999 og hefur stjórnað landinu allar götur síðan og jafnan sagst stefna að því að koma á fullu lýðræði í landinu. Um síðustu helgi lýsti hann hins vegar yfir neyðarástandi, nam stjórnarskrá landsins úr gildi og rak megnið af dómurum hæstaréttar landsins.

Musharraf réttlætti neyðarlög sín annars vegar með því að landinu stafaði hættu af öfgahópum og hryðjuverkum, hins vegar með því að dómurinn við hæstarétt væru farnir að taka eigin völd of hátiðlega.

Mörgum þykir þetta reyndar frekar undarleg rök, að koma þurfi á einræði til að bjarga lýðræðinu og taka stjórnarskrána úr gildi til að vernda hana. En Pakistan er ekkert venjulegt ríki.

Pastúnistan

Landið er í raun kloningur út úr breska nýlendveldinu á Indlandi. Bæði ríkin fengu samtímis sjálfstæði árið 1947, en áður en Bretar náðu völdum á Indlandi

upp úr miðri nítjándu öld tilheyru stór landsvæði, sem nú eru vestantil í Pakistan, nágrennaríkinu Afganistan. Á þessum svæðum búa pastúnar, þjóð sem enn í dag er fjölmennasti þjóðernishópurinn í Afganistan.

Í vestanverðu Pakistan búa um 25 milljónir pastúna, eða rétt um 15 prósent af heildaríbúafjölda Pakistans, en í sunnanverðu Afganistan búa um 18 milljónir pastúna og eru þeir rúmlega 60 prósent allra íbúa landsins. Víða á þessum slóðum er enn almennt talað um pastúna einfaldlega sem Afgana, óháð því hvorum megin landamæranna, sem Bretar drógu árið 1894, þeir búa. Strangtrúaðir múslimar hafa lengi haft sterk ítök meðal pastúna,

bæði í Afganistan og í Pakistan. Þar varð talibanahreyfingin til og þar hreiðaði Osama bin Laden um sig ásamt sínum lausbeisluðu andspyrnusamtökum gegn Rússum, samtökum sem smám saman urðu alræmd undir nafninu al-Kaída.

Hættuleg öfl

Í fjallahéruðunum í norðvesturhluta Pakistans, þétt við landmæri Afganistans en þó harla skammt frá höfuðborg Pakistans, Islamabad, eru stór svæði pastúna sem nánast hafa búið við sjálfstjórn alla tíð þótt síðustu sex áratugina hafi þau formlega heyrt undir Pakistan.

Stjórnarfyrikomulag pastúna er reyndar frekar laust í reipunum,

þótt það líti aldagömlum síðvenjum. Pastúnar skiptast í fjölmargar ættir, ættflokka og ættbálka, sem hver um sig lýtur stjórn ættarhöfðingja, en reglulega eru kallaðir saman fundir öldunga allra ættbálkanna til að taka ákvarðanir í deilumálum og ýmsum sameiginlegum álitafnum. Stjórnin í Islamabad hefur sáralítill áhrif á þær ákvarðanir, sem þar eru teknar.

Á þessum slóðum hafa herskáir múslimar, sem engan veginn geta sætt sig við vináttu Musharraf's við Bandaríkjamenn, haft nokkuð öruggt skjól og stundum átt í hörðum átökum við pakistanska herinn. Þau átök hafa færst í aukana síðustu mánuði og hryðjuverk hafa verið framin víða um landið.

STRÍÐSMENN ÍSLAMS Í PAKISTAN

Talibanahreyfingin, al-Kaída-samtökin og aðrir herskáir hópar múslima hafa notið góðs af neyðarlögum Musharraf's forseta. Allir þessir hópar hafa mikil og vaxandi ítök í norðvesturhéruðum Pakistans, ekki langt frá höfuðborginni Islamabad.

Swat: Herskáir hópar múslima undir stjórn klerksins Maulana Fazlullah, sem er hliðhollur talibönum. Þeir hafa náð tókum á meira en fimmtíu þorpum og bæjum. Talibanar ráða nú 80 prósentum af þessu héraði þrátt fyrir aðgerðir Pakistanshers.

Dir: Undir stjórn talibana. Fazlullah notar útvarpsstöðvar til að breiða út kröfur sínar um Sharia-lög og trúarbaráttu gegn stjórn Pakistans.

Bajaur: Miðstöð al-Kaída – þarna þykir líklegast að Osama bin Laden og Ayman al-Zawahiri séu í felum.


Peshawar: Þar urðu al-Kaída-samtökin til á níunda áratug síðustu aldar. Þar er nú aðalbælistöð talibana.

Norður-Waziristan: Bækistöð Jalaluddin Haqqani, sem leiddi her pastúna í Waziristan-stríðinu gegn Pakistan. Meira en 1.200 pakistanskir hermenn hafa fallið síðan 2004 og 445 eru týndir.

Suður-Waziristan: Alþjóðlegar höfuðstöðvar al-Kaída. Æfingabúðir al-Kaída eru í Shikai-dal. Tilræði við Musharraf hafa verið rakin til þessa svæðis.

Quetta: Höfuðstöðvar uppreisnarsveita talibana í Afganistan. Mulla Mohammad Omar, stofnandi og leiðtogi talibanahreyfingarinnar, er sagður njóta þar verndar liðsmanna úr leyniþjónustu Pakistans.

Míram Shah: Um 2.000 stríðsmenn frá Úsbekistan, tengdir al-Kaída, undir stjórn Tahir Yuldashev – herforingja Íslamshreyfingar Úsbekistans – eru sagðir vera í fjöllum vestur af Míram Shah. Talibanar segjast hafa um 12.000 hermenn í ættbálkasvæðum Pakistans.



Réttarríkið í uppnámi

Þótt Musharraf segi meiri hættu stafa af þessum öflum en áður, þá er erfitt að sjá að átökin séu einmitt nú svo miklu meiri að nema þurfi stjórnarskrána úr gildi. Meira aðkallandi fyrir Musharraf virðist hafa verið sú staða, að hann þurfti að standa við loford sín um að efna til þingkosninga og segja af sér sem æðsti yfirmaður hersins ef hann vill vera forseti áfram.

Enda rökstuddi Musharraf neyðarástandið ekki eingöngu með nauðsyn þess að brjóta á bak aftur öfgamenn, heldur einnig með því að lögfræðingar landsins almennt og hæstiréttur sér í lagi væru hættrir að virða leikreglur lýðræðisins. Þeir tækju sér völd sem forsetinn gæti ekki sætt sig við.

Mestu virðist þar muna um að þegar neyðarlögin voru sett var stutt í að hæstiréttur gæfi út úrskurð sinn um það hvort Musharraf hefði mátt bjóða sig fram til forseta eitt kjörtímabil enn á þess að hafa fyrst sagt af sér sem æðsti yfirmaður hersins.

Samkvæmt stjórnarskrá landsins er yfirmönnum hersins óheimilt að gegna þingmennsku, og nokkuð ljóst að hæstiréttur hefði komist að því að forseta-kjörið, sem fram fór á þingi í byrjun október, hefði því brotið í bága við stjórnarskrána.

Átök Musharraf's við lögmanna-stéttina hafa reyndar verið hörð

Nóvember 2007

menning

[SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]



Týnd verk frá stríðsárunum eftir Þorvald Skúlason komin í leitirnar

Það á að gera þetta með stæ!

Hilmar í Morkinskinnu í viðtali um miðbæinn, konseptlistina, myndlistarmarkaðinn, Arnarfjörð og fornleifafundinn í Hringsdal

SJÓN ■ ÁSDÍS SVEINSDÓTTIR THORODDSEN ■ EINAR GUÐMUNDSSON ■ JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR ■ ÞÓRARINN LEIFSSON
■ HILDUR HEIMISDÓTTIR ■ OMDURMAN ■ HEDDA GABLER ■ ÞORVALDUR SKÚLASON ■ SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR ■ ARI JÓHANNESSEN
■ ELÍSABET BREKKAN ■ STEPHEN KING ■ KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR ■ HILMAR EINARSSON ■ BIRNA ÞÓRÐARDÓTTIR
■ PÉTUR GUNNARSSON ■ SIGRÚN ELDJÁRN ■ MAGNÚS TEITSSON ■ VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR ■ ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON ■ NÝDÖNSK
■ STEINAR BERG ÍSLEIFSSON ■ BERGLIND GUNNARSDÓTTIR ■ EINAR MÁR GUÐMUNDSSON ■ J.K. ROWLING ■ SIGURÐUR HRÓARSSON
■ NÝJA LEIKHÚSIÐ ■ JÓNAS FREYDAL ÞORSTEINSSON ■ KRISTÍN SVAVA TÓMASDÓTTIR ■ HALLDÓR ELVARSSON ■ ÞJÓÐARARFURINN

NÝJA LEIKHÚSIÐ ER FUNDIÐ

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar

Ef enginn hrósar manni er best að gera það sjálfur. Á fimmtudag flutti Jón Atli Jónasson pistilinn í Víðsjá Gufunnar og sagði að sprottið væri upp Nýtt leikhús. Það var ekki bygging eins og skilja mátti, heldur var hér á ferðinni gamall og rammur hugtakaruglingur, hann var að tala um leiklistina, og átti við hópá sem hann hefur starfað með, Vesturport, Frú Emelíu og líklega fleiri sem hafa sett upp leiksýningar á liðnum misserum.

Nýja leikhúsið var vitaskuld betra en það gamla. Enginn hafði áður hreyft við samtímanum fyrr en þau. Þau komust nær kvikunni á íslensku samfélagi en allir aðrir á undan þeim og byggði Jón það væntanlega í víðtækum áralöngum mælingum á viðtökum – varla hefur höfundurinn farið með fleipur.

Nýja leikhúsið er ekki nýrra en allar aðrar tiltektir mannsins: leiklistin er alltaf ný, í hvert sinn sem hún hittir fyrir áhorfandann. Og er ekki sama reynslan fyrir neinn, nánast ómælanleg upplifun, hefur leiklistarsagan og leiklistarfæðin leitt í ljós. Upplifun sem lifir í minningunni og umskapast þá í nýja reynslu við umhugsun og mótun.

Hvers vegna þurfa menn að hreykja sér? Það er viðtekið í auglýsingabransanum að klessa merkmiðanum NÝTT á allt á markaði. Make it new, sagði Esra Pound fyrir tæpri öld. Auðvitað viljum við nýtt en ekki gamalt, þó að vandamál okkar séu æ hin sömu og fylgi tegundinni frá öröfi.

Etla mætti að kynslóð Jóns Atla hafi af þessu nokkra reynslu. Flestir sem skipa hans flokk, Nýja leikhúsið, eru gamlir í hettunni, búnir að hösla í áratug, komnir fram yfir síðasta sóludag sem „unga fólkid“, eru hraðbyri að verða miðaldra. Hvaða vöntun kallar þá á þessa bíræfðu sjálfslýsingu hjá höfundinum, hefur hann ekki fengið nægilegt hrós?

Raunar sést ekki hvað var nýtt fyrr en löngu eftir á og sumir vita af því og vinna hörðum höndum að smíða söguna í kringum sjálfan sig og ná oft yfirburða sögustöðu fyrir bragðið. Það er þá eftirkomenda að hafa skynbragð af stóru sjónarsviði til að skilja sambengið, meta nýjungina, finna hið sambærilega og skynja framrás hugmyndanna.

Að sitja á heimaþúfunni og hrósa sér hátt: „Við erum svo ný“ er í besta falli skoplegt.

„Nýja leikhúsið er ekki Strindberg,“ segir Jón Atli. Bara það væri eitthvað í líkingu við hann: Draumleikur Strindbergs fyrir fáum misserum var til sannindamerkis um að hann væri meiri samtíma- maður okkar en þeir sem eru mest í hávaðanum, eftiröpun sjónvarpsframleiðslunnar, hangandi í ímyndinni, fegnir að vera lausir við textann því þá þurfa þeir að skilja eitthvað dýpra en Ha: hann var nýr og síungur í elli sinni og glöpum.

SVIPMYND AF LISTAMANNI

Silfur Ásdísar

Í gær var opnuð sýning í sal Hönnunarsafns Íslands við Garðatorg á silfurgrípum Ásdísar Sveinsdóttur Thoroddsen (1920-1992). Ásdís var um margt óvenjulegur listamaður á sínu sviði. Hún var komin af völdundarsmíðum frá Eyrarbakka og úr Breiðafirði, Sveinn faðir hennar og móðurbróðir, Ívar, voru hagleiksmenn. Hún brúar bilið milli hefðbundinnar gull- og silfursmíði Leifs Kaldal, sem var meistari hennar, og þeirra Jóhannesar Jóhannessonar og Jens Guðjónssonar. Ásdís nýtti ýmiss konar efni sem ekki hafði sést í íslensku skarti, óslípaða íslenska náttúrusteina og lífræn efni, trjávið, fuglsklær, steinbitsroð til dæmis. Hún hafði sterkt formskyn og tókst að fylgja köllun sinni, þurfti ekki að reka verkstæði, heldur vann í eigin ranni, mest fyrir vini og kunningja. Hún hélt góðu sambandi við listafólk í öðrum greinum, sem hafði áhrif á þróun verka hennar. Sem húsmóðir á stóru heimili hafði Ásdís aldrei mikinn tíma aflögu fyrir skartgripahönnun sína, auk þess sem heilsuleysi dró úr afköstum hennar. Því liggur ekki ýkja mikið eftir hana, og það sem eftir hana liggur þekkjast allt af fáir.



Ásdís Sveinsdóttir

Hönnunarsafnið hefur dregið saman um fimmtíu gripi frá starfsævi hennar, allt frá sjötta áratugnum og til þess núnda: hálsmen, armbönd, hringa, nælur og fleira. Hefur safnið gefið út kynningarrit með fjölda ljósmynda, ýmiss konar heimildum og úttekt á skartgripahönnun Ásdísar eftir Aðalstein Ingólfsson. Sýningarstjórar eru Aðalsteinn Ingólfsson og Sigrún Edda Eðvarðsdóttir. Sýningin er styrkt af Verkfræðistofu VST og IKEA á Íslandi, en það er í fyrsta sinn sem það styrkir menningarstarf hér á landi.

ÞJÓÐARGERSEMÍN bíður afritunar

Samkvæmt þjónustusamningi Ríkisútvarpsins ohf. og menntamálaráðuneytis skal unnið að því að koma eldra dagskrárefni Ríkisútvarpsins í varanleg afrit. Fyrr á þessu ári lýsti útvarpsstjóri, Páll Magnússon, því yfir að afritun eldra efnis væri forgangsverkefni, enda bíða geymslur stofnunarinnar fullar af efni á lakkplötum, silfurþræði, sívalningum, hljóð- og myndböndum og filmum þess að flytjast á stafrænt form sem menn trúa nú að verði varanleg geymsla.

MENNING PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



Ríkisútvarpið, hin opinberu vé islenskrar menningar.

Fyrr á árinu lýsti Rithöfundasamband Íslands yfir furðu sinni að Ríkisútvarpið skyldi ekki hafa gætt að þessari frumskyldu. Fleiri tóku undir, en mörgum kom á óvart að að ástand þessara mál skyldi ekki vera með betri skikk en raun bar vitni. Í skjóli einkaréttar var Ríkisútvarpið eini aðilinn hér á landi sem hafði efnisleg tök á hljóðritunum, þótt sagan hafi leitt í ljós að þröngur fjárhagslegur stakkur hafi leitt til þess að efni var þurrkað út í stórum stíl og hljóð og myndbönd endurnýtt undir annað efni. Ekki liggur fyrir heildstæð úttekt á hvað hefur farið forgörðum í áratugasveldi Ríkisútvarpsins. Ljóst er þó að mörgu var fargað, án þess að

hlutaðeigandi réttihöfum væri tilkynnt þar um.

Að sögn Bjarna Guðmundssonar aðstoðarmanns útvarpsstjóra miðar nokkuð í þessum efnum, en þessi vandi Ríkisútvarpsins er sambærilegur við háan þroskuld annarra útvarpsstöðva, BBC, norrænu stöðvanna og þeirra á meginlandinu. Þar helst í hendur vilji til að aðlaga söfnin nýjum stöðum í geymslu og um leið að finna eldri söfnum hvílastaði við réttar aðstæður. „Okkar vandi er sá sami, einungis stærðarhlutföllin eru önnur,“ segir Bjarni. Hann segir áætlun vera í vinnslu um hvernig verði tekið á þessu máli og hún verði fullbúin fyrir áramót. Nýlega hafi menn reynt tæki til afritunar í hljóðhlutanum af safninu. Stór hluti af filmusafni sjónvarpsins sé nú komin í Kvikmyndasafn Íslands og þar sé starfsmaður á vegum RÚV að setja filmur í svokallaðar kökur, stóra filmuhlemma, sem fari í skönnun til útlanda, en tæki sem voru til hér á landi úr eigu Stöðvar 2 hafi reynst úr sér gengin. Sú vinna sé komin á veg. Elstu myndbönd, tveggja tommu bönd, hafi menn yfirfært fyrir flutningana í Efstaleiti um 2000. Þá eru eftir einnar tommu böndin, yngri form, Betacam og lítið eitt af UMATIC böndum. „Við erum komnir á veg með þessa vinnu,“ segir Bjarni en

viðurkennir að afritun hafi setið á hakanum: „Ríkisútvarpið hefur lagt áherslu á dagskrá.“

Viða hafa menn tekið það til bragðs að stofna til sérstakra safna um filmur, bönd og hljóðritanir. Það hefur ekki komið alvarlega til álita hér þótt þær raddir hafi heyrst við umfjöllun á þingi um ný lög um RÚV ohf.

Allt efni sem RÚV geymir er háð höfundarrétti flytjenda og höfunda. Hinn svokallaði mekaníski réttur, það er hljóðritunin sjálf, hefur verið skilgreind víða í evrópskum samningum. Hér á landi hafa rétt-hafar ekki sótt hart að RÚV um varðveislu í viðunandi formi. Það þekktist þó að sögn Bjarna að einstaklingar leiti þangað og óski eftir að afrit séu gerð, einkum ef fyrir stendur útgáfa á efninu. „Við skoðum hvert tilvik fyrir sig,“ segir hann. „Það er stefna útvarpsstjóra að safn Ríkisútvarpsins sé styrkt að innviðum,“ segir hann og neitar að þar hafi verið skorinn niður mannaflí til þjónustu og skráningar sem hluti af endurskipulagningu þar á bae.

Á nýju ári verður því fyrirbyggjandi áætlun um afritun á öllum þjóðararfinum eins og safn Ríkisútvarpsins er stundum kallað. Og þá verður ljóst hvað dæmið kostar og hversu hratt gengur að koma safninu í stafræn afrit.

til Bigga



Í MINNINGU
BIRGIS ANDRÉSSONAR,
NÓVEMBER 2007.

BIRNA
ÞÓRÐARDÓTTIR

upprifnar dyrnar á Næsta
bangsa
bangsalingur

með hramma
sem reynast ljúfir lófar

vanir að snerta

tilfinningarnar í puttunum
sagði pabbi
sagði hann

og augun ljómuðu

þessi augu
undir brúnunum þungu
svo þungum
að undrum sætti
hve glimtið sást
glimtið í augunum
sást vel

engillinn minn
komdu nú og faðmaðu mig
engillinn minn

breiður faðmur
útbreiddur

arnarsúgur
vængir á flugi

vængir á flugi
í huga og hjarta

þessu ótrúlega stóra
hjarta barnsins

sem týndi sér stundum
á flugi

og flugið gat förlast
allt sem ekki
á að gerast

en
þegar ljósið kviknar á ný
birtist skuggamynd
í dyrunum
með útbreiddan faðminn
útbreiddan faðminn

elsku engillinn minn
elsku engillinn minn
engillinn minn
engill
engill
engill
engillinn minn

MÆLING HEIMSINS EFTIR DANIEL KEHLMANN

STÓRFENGLÆGT MEISTARAVERK



SKEMMTILESTUR AF BESTU GERÐ

Mæling heimsins er sambland af vísindasögu og lygasögu. Bókin er skrifuð af stórhug og er skemmtilestur af bestu gerð, full af litlum athugunum sem kitla hugann svo mann langar mest til að hrópa af fögnuði. Mæling heimsins var næst mest selda skáldsaga heims árið 2006.

Daniel Kehlmann


BJARTUR

1. SÆTI
Á METSÖLULISTA
EYMUÐSSON



VERK ÞORVALDAR SKÚLASONAR FRÁ STRÍÐSÁRUNUM KOMIN Í LEITIRNAR

Skömmu fyrir stríð hélt Þorvaldur Skúlason listmálari til Frakklands öðru sinni til námsdvalar og vinnu. Hann var 33 ára gamall, kominn með konu og erfingja var von. Hugur hans stefndi á frekara nám hjá lærimeistarum Gromaire. Hinn 1. september 1939 fæddist dóttirin Kristín í París og tveimur dögum síðar skall á heimsstyrjöld.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Þorvaldur Skúlason í París 1939. Ljósmyndin er úr safni Erling Friis og líklega tekin af honum.



Erfitt er okkar tíma að skilja ástandið í París í upphafi stríðsins. Frakkar þekktu til harðvítugra loftárása á spænskar borgir og leifturstríðin inn í Pólland færðu mönnum heim sanninn að allt væri mögulegt. Ungu hjónin fundu fyrir óttanum og að ráðum dansks sendifulltrúa fóru þau frá París og settust að í Tours. Hinn 10. júní 1940 flúði franska ríkisstjórnin frá París – til Tours. Þýski herinn var á hraðferð gegnum Frakkland og um miðjan júní heyra þau Astrid og Þorvaldur að borgin sé í hættu. Þau ákveða að fara slypp og snauð norður á bóginn. Þau taka ekkert með sér, hraða sér til Bordeaux, komast í skip til Englands 22. júní. Þann dag lýsti franska stjórnin landið sigrað. Það tók Þorvald og fjölskyldu fimm vikur að komast til Íslands – allslaus.

Fótbrotinn messagutti

Þorvaldur tók að teikna og mála fimmtán ára gamall þar sem hann lá í fótbroti. Hann var alinn upp á Borðeyri og Blönduósi; var Húnavetningur í húð og hár. Faðir hans var verslunarmaður en lést þegar Þorvaldur var nfu ára, elstur fimm systkina. Stráknum var komið til vinnu, hann var messagutti á skipum, og átti að fara á Goðafossinn nýja 1921, en tók langstökk það sumar í kappi og fótbrotnaði. Það voru síðan kynni Þorvaldar af Snorra Arinbjarnar sem fleyttu honum inn í heim myndlistar en Snorri hafði vetursetu á Blönduósi 1921.

Byrjandi á styrk frá Alþingi

Til að gera langa sögu stutta munstraði Þorvaldur sig haustið 1924 í Menntaskólann í Reykjavík og fór þann vetur í handleiðslu hjá Ásgrími Jónssyni. Þremur árum seinna tekur hann þátt í sinni fyrstu samsýningu á vegum Listvinafélagsins. Í febrúar 1928 heldur hann sína fyrstu einkasýningu í Báraubúð. Mönnum líst svo vel á að hann fær styrk frá Alþingi og siglir þá um haustið til Oslóar til náms; hann var kominn inn í kviku umbrotanna í myndlist Evrópu. Hann heldur til Parísar vorið 1931 og settist á bekk Academie Scandinave á Montparnasse og fastnar sér þar pláss um haustið. Hann heldur áfram að sýna hér heima: 1931 í Gúttó, Síðsumars 1933 hélt hann til Hafnar og dvaldi þar næstu árin, sýndi með Kolorista-hópnum 1936, aftur 1937 í tvígang og loks hér heima þá um sumarið. Hann kvæntist í ársbyrjun 1938 Astrid, sem var systir Tove, konu Jóns Engilberts. Þau fóru víða það ár: til Dieppe, Parísar, Flórens, Rómar, Taormina og svo til



Ólímumálverk eftir Þorvald Skúlason. Ein af myndunum frá Frakklandi.

Íslands um haustið og aftur til Hafnar um jólin. Og þaðan til Parísar.

Eyðan í Frans

Fram til þessa hefur tíminn 1939 í París og Tours verið talinn eyða í þroskasögu Þorvaldar: örfá verk eru til frá tímabilinu. Sumir hafa sagt þetta tímabil mestu gátu í myndlistarsögu síðustu aldar. Heimkominn tók Þorvaldur ekki til starfa fyrr en snemma árs 1941. Þeim mun meiri forvitni hefur ríkt um þessi ár að Þorvaldur sagðist hafa byrjað að snúa sér að abstraktinu á þessum tíma, bæði í viðtali 1966 og 1972. Og hvernig vék því: Þorvaldur hefur verið kallaður brautrygjandi íslenskrar samtímalistar, skali í þroska hans nær frá hefðbundnu málverki gegnum allar helstu stefnur málverksins fram undir 1970.

Sá á fund sem finnur

Vikur þá sögunni að finnanda safnsins frá Tours, Jónasi Freydal Þorsteinssyni. Jónas hefur um langa hríð verið virkur í leit að íslenskum málverkum, munum og teikningum á erlendri grund. Hann segist vera búinn að leita eftir myndum eftir Þorvald Skúlason í Tours og nágrenni um nær tólf ára bil, mest með auglýsingum, en verulegum árangri hafi hann ekki náð fyrr en hann tók að auglýsa eftir fólki sem þekkti til Þorvaldar á svæðinu. Þannig rakst hann á slóð Erling Friis.

Friis var vinur og samverkamaður Þorvaldar á þessum árum, bæði í Höfn og Frakklandi: „Ástæða þess að ég fór til Parísar og lenti í skóla Gormaire var gamall vinskapur við íslenska málarann Þorvald Skúlason. Við unnum af og til saman í vinnustofu hans og minn. Hann var nýkominn frá París og hvatti mig til að sækja þangað niður eftir sem fyrst,“ segir Friis í sýningar-skrá frá 1992 er hann sýndi 136 verk sín í Randers og

fjögur verk eftir Þorvald að auki. Hann mun einnig hafa reynt að selja tvö olíuverk frá þessum tíma um svipað leyti. Eftir ábendingu á Friis tóku hjólin að snúast.

Fundinn!

Jónas fann börn hans og fékk hjá þeim möppu með stóru hundraði verka, kolateikninga, blýantskissa, vatnslitamynda, um tíu sjálfsmyndir, margt af þessu eru óaritað, annað frá-gengið og merkt. Mótífin eru af ýmsu tagi: barir, vinnustofur, bátar, kyrralífsmyndir, abstrakt skissur, landslag, módelteikningar. „Þetta er ekki allt, það er ég viss um,“ segir Jónas. „Nú er bara að finna allt hitt sem er einhvers staðar. Ég hef leitað þessara mynda í fjölda ára og er ég fann þær þá varð ég hálf feiminn, mér fannst þetta eiginlega of gott til að vera satt. Ég ákvað því að fara mjög varlega í þetta allt og gefa mér góðan tíma.“

Ég hef sýnt tveimur fræðingum myndirnar og frá þeirra hálfu fann ég einstaka fagmennsku kurteisi og skilning á stöðunni. Það vakna margar spurningar þegar myndirnar eru skoðaðar, þarna eru skissur af málverkum sem ekki er vitað til að Þorvaldur hafi málað, hins vegar vissi enginn um þessar skissur þannig að vel má vera að hann hafi málað þessar myndir sem málverk.“

Ótvírætt höfundarverk

Það er engum blöðum um það að fletta að þessi mappa er frá Þorvaldi. Reyndar fylgdi með í pakknum bunki af ljósmyndum frá þessum tíma. Hér eru minni sem koma upp í öðrum skissum sem eru þekktar. Handbragðið leynir sér ekki. Jónas tekur helminginn vera frá París, eitthvað eldra og margt frá Tours. Safnið er rannsóknarefni fyrir sérfræðingum. Það hefur komið fyrir fárra augu en kunnugir menn hafa skoðað það og segja það ótvírætt. Hvers vegna? Eigin-



Nýfundnar sjálfsmyndir Þorvaldar Skúlasonar í París 1939, blýants- og kolateikningar.

leikar verkanna eru óljúfróðastir. Eigendasaga skráð. Treystir fólk ekki finnandanum?

Jónas Freydal yppir öxlum. Fyrir mér hefur hann rakið gögn: ljósmyndir af heimili fjölskyldu Friis, gögnin frá Randers og Kunsthallen – hvað þarf hann að sanna meir? „Ég hef ekki áhyggjur af efasemdum, þessi litli fjársjóður fjallar um Þorvald Skúlason og ekki Jónas Freydal.“

Ákætur og ástríður

Jónas er ástríðufullur áhugamaður um myndlist og sögu hennar. Hann hefur lagt sig í leit að íslenskum listaverkum á slóðum þar sem tiltekinn hópur íslenskra listmanna hélt sig á fyrri hluta síðustu aldar. Hann býr jafnframt við það umtal að hann hafi staðið að fölsun og sölu falsaðra verka. Hann var ákærður fyrir það en málið var ónýtt fyrir dómi og hann sýknaður. Hann sviður að hafa setið á sakabekk með öðrum ákærdum í því máli: „Ég var ákærður fyrir tíu verk. Ef ég fer aftur út í listaverkasölu mun ég birta á vefsíðu öll verk sem ég hef fundið og selt á liðnum árum. Uppboðshús taka við verkum frá mér og selja þau. Ég var ranglega sakaður um að hafa selt um tíu vafasamar myndir. Þessar myndir hafði ég selt á tíu ára tímabili í stærsta gall-erfi Íslands. Í mörgum tilfella voru það listasöfn sem keyptu. Það að menn sjái ástæðu til að skoða og jafnvel rannsaka einhverjar þeirra mynda er í fínu lagi, en að vera ákærður fyrir falsanir samhlíða aðila sem sakaður var um stórfelld svik, já, það sviður. Að þurfa að hlusta á ásakanir um 900 verk og heyra míns nafns alltaf getið í því samhengi, þrátt fyrir að hafa farið í gegnum réttarkerfið og vera sýknaður af öllum þessum röngu ásökunum og þurfa síðan að lifa með það að fréttamenn geti ekki nefnt mitt nafn án þess að minnast á þetta mál sviður á stundum enn meir. Rétt er að í héraði var talið að hugsanlega hefði ég selt tvær myndir sem væru allar líkur á að væru falsaðar. Ég áfrýjaði þeim dómi til Hæstaréttar og fékk sýkn saka.“

Hann er ekki ráðinn í hvað hann hyggst fyrir með möppuna og myndirnar frá Tours. Þær þurfi að skoða og skrá og Listasafn Háskóla Íslands hafi besta aðstöðu til þess en þar er geymt stærsta safn verka eftir Þorvald. Þegar hann fer höndum um verkin smitast maður af innilegum áhuga hans. „Stór hluti þessara verka er ómerktur sem er eðlilegt þar sem um skissur er að ræða, ákveðinn hluti myndanna á sennilega heima hjá þeim fræðingum er rannsaka list Þorvaldar. Aðrar standa einar og sér sem listaverk. Hvað verður um þetta verður að koma í ljós, hins vegar er afar mikilvægt að allir sem koma að þessu vandi sig til hins ýtrasta og þetta á alveg eins við um mig jafnt og þá aðila sem skoða verkin seinna.“ Hann er sannfærður um að fleiri verk Þorvalds frá þessum tíma muni koma í ljós, fyrr en síðar. „Það var önnur mappa og ég veit hvert hún fór,“ segir hann íbygginn.

„Ég veit ekkert hvað ég var að gera sunnudagskvöldið
27. janúar árið 2002 þegar nafni minn Einar Þór Jónsson
var handtekinn á horni Þórsgötu og Baldursgötu þar sem
hann var einn á gangi. Ég þekkti Einar Þór ekki neitt,
ekki þá ... en þremur vikum eftir handtökuna skrifaði
hann mér bréf frá Litla-Hrauni.“

Í ársbyrjun 2002 fær Einar Már
Guðmundsson bréf frá fanga á
Litla-Hrauni sem segir honum sögu
sína um leið og hann þakkar
rithöfundinum fyrir verk hans. Þremur
árum síðar liggja leiðir þeirra saman
á ný. Er þeir bera saman bækur sínar
stígur fram mögnuð ástarsaga fangans
Einars Þórs og Evu, kærustu hans.



„... einfaldlega
sannur skáldskapur ...
Um stílsnilld Einars efast fáir
og hún bregst ekki hér.“

Skafti Þ. Halldórsson / Morgunblaðið

„Einar Már Guðmundsson
er einn af mestu rithöfundum
Norðurlanda í dag.“

Politiken

„... hann hefur bæði til að bera þá
dómgreind og það áræðna hugmyndaflug sem
einkennir meiri háttar rithöfunda.“

Times Literary Supplement



MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

GALDRAMÁLARÁÐUNEYTI

J.K. Rowling

Nú þegar írafárinu í kringum Harry Potter og dauðadýsnina er að mestu lokið í Bretlandi og Bandaríkjunum veltir Stephen King því fyrir sér hvers vegna enginn gagnrýnandi mat bókinu að verðleikum og hvort krakkar (og fullorðna fólkið þeirra) lesi einhvern tíma með sama hætti og áður.

Þá er úti þessi orrahríð og unnið og glatað þetta stríð“ [Makbeð e. Shakespeare, þýð. Matthíasar Jochumssonar] – það er að segja Hogwart-orrustan – og öll leyndarmálin hafa verið dregin upp úr flokkunarhattinum. Þeir sem veðjuðu á að Harry myndi deyja töpuðu peningunum sínum; drengurinn sem lifði reyndist standa undir nafni. Og ef þér finnst að sögulokunum hafi verið ljóstrað upp nú um síðir, þá hefurðu aldrei verið mikill Harry Potter-áðdáandi yfirhöfuð. Hneykslunin sem fyrstu dómarnir vöktu (Mary Carole McCauley í The Baltimore Sun, Michiko Kakutani í New York Times) hefur rénað ... enda þótt lengi eimi eftir af súra bragðinu í munni margra áðáenda.



Í sumar birtist víða grein Stephens King um viðtökur bókana um Harry Potter. Með góðfúslegu leyfi: J.K. Rowling's Ministry of Magic. Allur réttur áskilinn © Stephen King 2007. Í samráði við Licht & Burr, fyrir hönd Stephen King og Ralph M. Vicinanza Ltd.

Það eimir líka eftir af því hjá mér, enda þótt það komi alls ekkert við þeirri í hæsta máta kjánalegu hugmynd að endinum hafi verið ljóstrað upp, né síðferðinu á bak við þá ákvörðun að þjófstarta útgáfu bókarinnar. Heiðursmannnaheitið um forútgáfunu var, þegar upp var staðið, ekki annað en uppfinning útgefendanna, Bloomsbury og Scholastic, en ekki – að því er ég best veit – fengið úr ensku mannréttindaskránni eða stjórnarskrá Bandaríkjanna. Þaðan af síður hafa tilfinningaþrungin mótmæli Jo Rowling („Ég er gjör-samlega forviða á því að sum bandarísku dagblaðanna hafi ákveðið að birta ... dóma um bókinu án nokkurs einasta tillits til óska milljóna lesenda, ekki síst barna ...“) mikil áhrif á mig. Þessar bækur hættu að vera sérstaklega ætlaðar börnum þegar bákurinn var hálfnaður; frá því Rowling skrifaði Harry Potter og eldbikarinn var hún að skrifa fyrir alla, og vissi það.

Skýrasta merkið um það hversu mjög við hæfi fullorðinna bækurnar voru orðnar undir lokin má sjá – og það afbragðsvel – í Dauðadýsnunum, þegar frú Weasley sér hina illa þokkuðu Bellatrix LeStrange reyna að gera út af við Ginny með drápsböldun. „EKKI DÓTTIR MÍN, TÆFAN ÞÍN!“ æpir hún. Þetta er einhver mest sláandi tæfa í sagnskáldskap undanfarinna ára; þar sem það er nánast ekkert um bölv eða blótsyrði í Harry Potter-bókunum hittir þetta naglann á höfuðið af nánast banvænum krafti. Það er algjörlega rétt í samhenginu – raunar fullkomið – en það er líka dæmigert viðbragð fullorðinnar manneskju við því þegar barn er í háska.

Vandamálið við dómanna sem birtust fyrirfram – og þá sem fylgdu í kjölfarið fyrstu dagana eftir að bókin kom út – er hið sama og hefur elt stórvirki Rowling á röndum frá því fjórða bókin (Eldbikarinn) kom út, eftir að sagnbákurinn hafði lagt undir sig heiminn. Vegna ofurleynidarinnar í kringum bækurnar hafa allir dómur frá því árið 2000 eða þar um bil verið hræsnismjál. Sjálfir ritdómarnir voru oft frábærir – frú Katukani er ekki beinlínis neinn vesalingur – en vinsældir bókana hafa oft lagt jafnvel hin bestu áform bestu gagnrýnenda í rúst. Í flýtinum við að ryðja úr sér dálksentimetrum, og halda þannig sinni góðu stöðu sem meðlimir í Hvað-er-í-gangi-núna-söfnuðinum, hafa afar fáir af ritdómurum Potters sagt nokkuð minnisvert. Í megninu af þessari hraðsoðnu gagnrýnisvelli er einungis litið á Harry – svo ekki sé minnst á vini hans og ævintýri hans – á tvo vegu: félagsfræðilega („Harry Potter: Blessun eða

barnasjúkdómur?“) eða efnahagslega („Harry Potter og afsláttarklefinn“). Ritdómarnir líta til mála-mynda á hluti eins og söguþráð og stíl, en gera ekki mikið meira ... hvernig ættu þeir líka að fara að því? Þegar maður hefur aðeins fjóra daga til að lesa 750 blaðsíðna bók, skrifa svo 1.100 orða ritdóm um hana, hversu mikinn tíma hefur maður þá til að njóta bókarinnar? Til að hugsa um bókinu? Jo Rowling setti fram dýrindis sjö rétta máltíð, sem var vandlega undirbúin, frábærlega matreidd og borin fram af alúð og umhyggju. Krakkarnir og þeir fullorðnu sem tóku ástfóstri við sagnbálkinn (þar á meðal ég) nutu hverrar munnfylli, allt frá lystaukanum (Viskusteininum) til eftirréttarins (hins glæsilega eftirmála Dauðadýsnanna). Flestir ritdómuranna gleypu þetta hins vegar allt í sig í hvelli og af skyldurækni seldu þeir því svo hálfmeltu upp, á menningarmálasíðurnar í blöðunum sínum.

Og vegna þessa hafa afar fáir hinna viðteknu penna, frá Salon og til New York Times, staldrað við til að ihuga hvað Rowling hefur gert, hvaðan það er sprottið, eða hvaða merkingu það kann að hafa fyrir komandi tíma. Bloggararnir, flestir hverjir, hafa ekki staðið sig mikið betur. Þeir virðast hafa áhuga á því hver lifir, hver deyr, og hver kjaftar frá. Þar fyrir utan eru skrif þeirra nánast eintómt húmbúkk.

Hvað gerðist eiginlega? Hvaðan kom þetta Galdramálaráðuneyti?

Það má raunar sjá vísbendingu. Meðan fræðimenn og monthanar sem gagnrýndu skólakerfið hörmuðu sem sárast að það væri úti um lestur og krakkar hefðu ekki áhuga á neinu nema tölvuleikjum, iPod-um, söngmærinni Avril Lavigne, og sjónvarpssápunni High School Musical, sneru krakkarnir, sem þeir höfðu áhyggjur af, sér svo lítið bar á að skáldsögum Roberts Lawrence Stine. Í menntaskóla var þessi náungi þekktur sem „Bob káti“, en hann átti eftir að fá annað gælunafn síðar í lífinu, og var þá kallaður – uhum – „Stephen King barnabókmenntanna“. Hann skrifaði sína fyrstu unglingshyllingssögu (Blind Date) árið 1986, mörgum árum áður en Potter-æðið kom upp ... en það leið ekki á löngu uns maður gat ekki litið á metsölulistanum í USA Today öðruvísi en að sjá þrem eða fjórum pappírskiljum eftir hann bregða fyrir á listanum yfir 50 vinsælustu bækurnar.

Þessar bækur fengu nánast enga athygli gagnrýnenda – það best ég veit. Michiko Kakutani gagnrýndi aldrei Who Killed the Homecoming Queen? – en krakkarnir veittu þeim heimikla athygli, og R.L. Stine naut gríðarlegra vinsælda hjá þeim, að hluta til vegna internetsins sem var þá nýttílkomið, og varð jafnvel sá barnabókahöfundur sem seldi flestar bækur á tuttugustu öldinni. Eins og Rowling var hann á mála hjá Scholastic-bókaútgáfunni og í mínum huga er enginn vafi á því að velgengni Stines var ein af ástæðunum fyrir því að Scholastic hætti yfirhöfuð á að gefa út ungan og óþekktan breskan höfund. Hann er að miklu leyti óþekktur og hefur ekki verið getið að verðleikum ... en auðvitað fékk Jóhannes skírari heldur aldrei jafn mikla athygli og Jesús.

Rowling hefur gengið langtum betur, bæði hvað snertir gagnrýni og tekjur, vegna þess að Potter-bækurnar uxu eftir því sem þeim fjölgaði. Ég held að það sé þeirra stóri leyndardómur (og fer svo sem ekki leynt; ef þið viljið átta ykkur á þessu í sjón, kaupið þá miða á Fönixregluna og sjáið hinn fyrrverandi litla

sæta Ron Weasley gnæfa yfir Harry og Hermione). Krakkarnir í bókum R.L. Stine eru krakkar að eilífu, og krakkarnir sem höfðu gaman af ævintýrum þeirra uxu upp úr þeim, jafn óhjákvæmilega og þeir uxu upp úr Nike-skónum sínum. Krakkarnir hennar Jo Rowling uxu úr grasi ... og lesendurnir uxu úr grasi með þeim.

Þetta hefði ekki skipt svo miklu máli ef hún hefði verið ömurlegur rithöfundur, en það var hún ekki – hún var og er ótrúlega hæfileikaríkur skáldsagna-höfundur. Sumir bloggarar og helstu fjölmiðlar hafa látið þess getið að metnaður Rowling hafi verið í takt við sívaxandi vinsældir bóka hennar, en þeim hefur í flestum tilvikum yfirsétt sú staðreynd að hæfileikar hennar uxu líka. Hæfileikar standa aldrei í stað, þeir eru ýmist í vexti eða deyjandi, og í stuttu máli má segja þetta um Rowling: Hún var mun betri en R.L. Stine (nógu góður en innantómur rithöfundur) þegar hún hóf feril sinn, en um það leyti sem hún skrifaði lokalinuna í Dauðadýsnunum („Allt var eins og það átti að vera.“) var hún orðin einn af betri stílistunum í heimalandi sínu – ekki eins góð og Ian McEwan eða Ruth Rendell (að minnsta kosti ekki enn), en hún stendur Beryl Bainbridge og Martin Amis langtum fram.

Og svo voru auðvitað galdrarnir. Þeir eru það sem börnin vilja fremur en nokkuð annað; það eru þeir sem þau sárþarfnast. Þessi þrá á sér rætur í fortíðinni, í ævintýrum Grimmsbræðra og Hans Christians Andersen, og í gömlu góðu Lísu á hælunum á kanínuskómminni. Krakkar eru alltaf að leita að Galdramálaráðuneytinu, og yfirleitt finna þeir það.

Dag nokkurn í Bangor, þar sem ég bý, var ég á gangi eftir aðalgötunni og tók eftir þriggja ára strák; hann var krímugur í framan og hruflaður á hnjúnum, og feiknalega einbeittur á svipinn. Hann sat í drullunni í ræsinu milli gangstéttarinnar og götunnar. Hann var með kvist í hendi og potaði með honum í drulluna. „Niður með þig!“ æpti hann. „Niður með þig, helvítið þitt! Þú mátt ekki koma út fyrr en ég segi töfraorðið! Þú mátt ekki koma út fyrr en ég segi!“

Slangur af fólki gekk hjá án þess að veita drengnum sérstaka athygli (ef nokkra). Ég hægði hins vegar á mér og fylgdist með honum um stund – sennilega af því að ég hef eytt svo miklum tíma í að segja ýmsum hlutum í huga sjálfs mín að bæla sig niður og ekki láta á sér kræla fyrr en ég segi til. Ég var heillaður af áreynslulausum þykjustuleik drengsins (alltaf viss um að þetta væri í þykjustunni, he-he-he). Og mér flaug ýmislegt í hug. Eitt var að ef þetta væri fullorðinn maður, hefði lögreglan tekið hann og annaðhvort sett hann í steininn svo rýnni af honum eða sent hann í geðrannsókn í Draumahöllinni okkar. Annað var að krakkar sem sýna geðklofatilhneigingar þykja blátt áfram sjálfsagðir í flestum samfélögum. Við skiljum það öll að krakkar eru klikkaðir uns þeir ná átta ára aldri eða svo, og við gefum stórkostlegum og alfrjálsum hugum þeirra lausan tauminn að vissu marki.

Þetta gerðist í kringum 1982, þegar ég var að búa mig undir að skrifa langa sögu um börn og skrímli (It), og hafði heimikil áhrif á vangaveltur mínar um þessa skáldsögu. Jafnvel núna, mörgum árum síðar, verður mér hugsað til þessa drengs – litla galdramálaráðherrans sem notaði greinarstúf í stað



4x4

CINTAMANI gönguskórnir eru með Green Diamond sóla. Í sólanum eru þúsundir harðkorna sem gefa besta mögulega grip við allar aðstæður. Green Diamond er íslensk uppfinning.

Gerð: Hrafn

Stærðir: Herra 41-46

Efni: Leður með öndunarfilmu og vatnsvörn

Verð: 15.990 kr.

WWW.CINTAMANI.IS



SPJARAÐU ÞIG

töfraspota – með hlýhug, og vona að hann hafi ekki álitð sig of gamlan fyrir Harry Potter þegar bækurnar hófu að koma út. Hann kann að hafa gert það; sorglegt sem það væri, en eitt er það sem J.R.R. Tolkien viðurkennir, en Rowling gerir ekki, og það er að stundum – eiginlega oft – hverfa galdarnir.

Það voru börnin sem Rowling – líkt og fyrirrennari hennar í Ógnarstræti, en með talsvert meiri færni – heillaði fyrst, og sannaði með því óumdeilanlega með krafti billjón bóka að enn eru krakkar alveg til í að leggja til hliðar iPodana og leikjatólvurnar og líta í bók ... ef galdurinn er til staðar. Að lestur sé í sjálfu sér galdur hef ég aldrei efast um. Ég gæfi mikið fyrir að vita hversu margir unglingar (og krakkar) skildu eftir þessi skilaboð dagana eftir að síðasta bókin kom út: EKKI HRINGJA Í MIG Í DAG, ÉG ER AÐ LESA.

Eitthvað svipað átti sennilega við um Gæshúðarbækurnar eftir Stine, en ólíkt honum laðaði Rowling fullorðna lesendur að bókum sínum, og stækkaði þannig lesendahópinn til muna. Þetta er þó tæpast einstakt, enda þótt dæmi um þetta séu flest hver frá Bretlandi (það má þó ekki gleyma Stikilsberja-Finni, framhaldinu af Tuma Sawyer). Lísa í Undralandi á upphaf sitt í sögu sem Charles Dodgson (öðru nafni Lewis Carroll) sagði Alice Liddell þegar hún var tíu ára; nú er hún kennd í bókmenntafræðikúrsum í háskólum. Og Watership Down, útgáfa Richards Adams af Ódysseifskviðu (þar sem kanínur koma í stað manna), var í fyrstu saga sem höfundurinn sagði til að skemmta ungum dætrum sínum, Juliet og Rosamond, í langri ókuferð. Þegar hún kom út á bók var hún hins vegar markaðssett sem „fantasia fyrir fullorðna“ og varð metsölubók um víða veröld.

Kannski er það breski prósin. Það er örðugt að standast dáleiðslumátt þessara yfirveguðu og skynsamlegu radda, sérstaklega þegar þær víkja að þykjustunni. Rowling hefur alla tíð tilheyrt þessari hreinskiptnu sagnahefð (Pétur Pan, sem upphaflega var leikrit eftir Skotann J.M. Barrie, er annað dæmi). Hún missir aldrei sjónar á rauða þræðinum – sem er máttur ástarinnar til að breyta ringluðum, oft hræddum, krökkum í heiðarlegt og ábyrgt fullorðið fólk – en skrif hennar snúast fyrst og síðast um söguna. Hún er fremur tær en skær, en það er í góðu

þvælast um og tjalda; maður fær á tilfinninguna að Rowling sé að tefja tímenn á skólaárinu til að bókin passi í sama mót og fyrri bækurnar sex.

Og fyrir kemur að hún fellur í Róbinson Krúsó-gildruna. Í sögunni um Róbinson gerist það jafnan að þegar hina skipreika söguhetju vanhagar um eitthvað, fer hann út í skipið sitt – sem svo vel vill til að strandaði á rifinu sem er umhverfis eyðiejuna – og tekur það sem hann þarfnast úr birgðageymslum þess (í einhverju fyndnasta samhengisklúðri í sögu enskra bókmennta syndir Róbinson nakinn út í skipið ... og fyllir svo vasa sína). Á einkar svipaðan máta gerist það þegar Harry og vinir hans komast í hann krappan að þeir hrista fram úr erminni einhvern nýjan galdur – eld, vatn til að slökkva eldinn, og svo vel vill til að stigi breytist í rennibraut – og snúa sig út úr vandanum. Ég tók mest af þessu gilt, að hluta til vegna þess að ég er nógu mikið barn í mér til að gleðjast fremur en efast (á vissan hátt eru Potter-bækurnar Ánægjan við galdrana fremur en Ánægjan við eldamennskuna) en líka vegna þess að mér er ljóst að galdrar fara sínar eigin leiðir, og þær sennilega óendanlegar. Samt sem áður, þegar að því kom að Hogwart-orrustan var að ná hámarki með sínum trampandi risum, fagnandi mannvörum, og fljúgandi galdramönnum, þá langaði mig næstum til þess að það kæmi einhver með gamla góða MAC-10-vélbyssu og færi að skjóta á fullu eins og Rambo.

Ef allir þessir stórkostlegu galdrar – sem svínvirkuðu á rétta augnablikinu, rétt eins og dótið sem Róbinson vantaði úr skipinu – voru til marks um sköpunaröfþreytu, þá er það eina tilvikið sem ég kom auga á og það er nokkuð merkilegt. Oftast nær er Rowling bara að skemmta sér, gera betur en nokkru sinni, og þegar góður rithöfundur er í þeim stellingum, þá er lesendunum nánast alltaf líka skemmt. Því er óhætt að treysta (og hún treysti lesendunum til þess).

Eitt að lokum: Stærilátu háskólamennirnir virðast halda að töfrar Harrys Potter séu ekki nógu máttugir til að breyta ólæsis-kynslóðinni (sér í lagi drengjunum) í bóka-orma ... en þeir eru ekki þeir fyrstu sem vanmeta galdra Harrys; sjáið þara hvernig fór fyrir Voldemort. Og auðvitað hefðu

Þegar maður hefur aðeins fjóra daga til að lesa 750 blaðsíðna bók, skrifa svo 1100 orða ritdóm um hana, hversu mikinn tíma hefur maður þá til að njóta bókarinnar?



Metsölhöfundurinn J. K. Rowling hefur nú lokið sjö binda báiki sínum um Harry og mun tekin við að skrifa krimma fyrir alþjóðamarkað.

lagi; þegar hún lætur í ljósi sterkar tilfinningar hefur hún stjórnað á þeim án þess að afneita sannleiksgildi þeirra eða krafti. Besta dæmið um þetta í Dauðadjásnunum má sjá snemma í bókinni, þar sem Harry minnst bernskuára sinna í húsi Dursley-fjölskyldunnar. „Því fylgdi undarleg tólmleikatilfinning að minnast þessara stunda,“ skrifar Rowling. „Ekki ósvipað því að minnast látins þróður.“ Hér höfum við einlægni, nostalgíu; ekki væmni. Þetta er lítið dæmi um þann stíl sem gerði Jo Rowling mögulegt að brúa kynslóðabilið án þess að hafa allt of mikið fyrir því eða glata þeirri glaðværu reisu sem er meðal þess sem gerir bókaflokkinn svo heillandi.

Sögupersónur hennar eru líflegar og dregnar skýrum dráttum, framvandan er óaðfínanleg, og enda þótt þráðurinn slítni á stöku stað er samhengi sögunnar nánast að segja fullkomið frá upphafi til enda þessara rúmlega 4.000 blaðsíðna.

Og hún hefur hinn kaldhæðna breska hómur fyllilega á valdi sínu, eins og þegar Ron er að reyna að finna þáttinn Pottervaktina í útvarpinu sínu og rektar á brot úr popplagi sem heitir „Seiðpottur af sjóðheitri ást“. Það hlýtur að hafa verið einhver nornarleg Donna Summer sem söng það. Einnig birtist þarna ýkt afbökun á gulu pressunni í Bretlandi – sem ég er viss um að Rowling veit heilmargt um – í mynd Ritu Skeeter, sem er kannski besta nafn á skáldsagnapersónu allt frá dögum Jonathans Swift. Þegar Elphias Doge, hinn fullkomni göldrum slungni enski séntilmaður, kallar Ritu „afskiptasama herfu“, langaði mig til að standa upp og klappa. Kyngið þessu, slúðurpennar! Það er mikið kjöt á beinumum í þessum bókum – góður skáldskapur, einlæg tilfinning, falleg en ósveigjanleg sýn á mannlegt edli ... og beinhardan veruleikann: EKKI DÓTTIR MÍN, TÆFAN ÞÍN! Það að Harry skyldi höfða til fullorðinna jafnt sem barna kom mér aldrei á óvart.

Eru bækurnar fullkomnar? Reyndar ekki. Sumir hlutar eru oflangir. Í Dauðadjásnunum er til að mynda gert ferlega mikið af því að

monthanarnir aldrei viðurkennt áhrifamátt Harrys yfirhöfuð, ef ekki hefðu birst órák sönnunargögn í formi metsölulista. Skáldsagnahetja af sömu stærðargráðu og Bítlarnir? „Útilokað!“ hefðu monthanarnir hrópað. „Hín hefðbundna skáldsaga er jafn dauð og Jacob Marley! Spyrjið einhvern sem veit það! Með öðrum orðum, spyrjið okkur!“

En það var aldrei úti um lesturinn hjá krökkunum. Þvert á móti, og núna er ástandið á skáldverkum fyrir krakka sennilega ívið betra en á skáldsögum fyrir fullorðna, sem þurfa að glíma við að minnsta kosti 400 leiðinleg og tilgerðarleg „bókmenntaverk“ á hverju ári. Meðan monthanarnir hafa verið að spá fyrir um (og harma) samfélag þar sem enginn les neitt hafa krakkarnir í framhaldi af Potter-lestrinum bætt við sögum Lemonys Snicket, ævintýrunum um snillinginn Artemis Fowl, þrífleikum His Dark Materials eftir Philip Pullman, ævintýrunum um Alex Rider, hinum frábæru Ingrid Levin-Hill-ráðgátum Peters Abraham, sögunum um hin stórkostlegu ferðalög bláu gallabuxnanna. Og að sjálfsgöðu má ekki gleyma hinum ósökkvanlega (og kannski ekki of vel lyktandi) Kafteini Ofurbrók. Sömuleiðis verður að teljast við hæfi að nefna sérstaklega R.L. Stine, hinn léttlynda Jóhannes skírara Jo Rowling.

Ég byrjaði á að vitna í Shakespeare; ég ætla að enda á The Who: „The kids are alright.“ [„Það er allt í lagi með krakkana.“] En hversu lengi allt verður í lagi veltur að nokkru á rithöfundum á borð við J.K. Rowling, sem vita hvernig segja skal góða sögu (mikilvægt), gera það án þess að setja sig á háan hest (mikilvægara) og láta háfleygt þvaður í miklum mæli eiga sig (naúðsynlegt). Því ef þessi vettvangur verður eftirlátinn einhverjum menningarvitum í Muggaliðinu sem trú á því að hin hefðbundna skáldsaga sé dauð, þá drepa þeir hana.

Ég á hér við góða þykjustu. Í formlegri kreðsum er hún betur þekkt sem Galdramálaráðuneytið. J.K. Rowling hefur sett viðmiðið: Það gerir miklar kröfur, og Guð blessi hana fyrir það.

Ný saga af tröllum

TRYGGÐATRÖLL
Steinar Berg - Brian Pilkington
★ ★ ★




Steinar Berg, fyrrverandi útgefandi og nú ferðabóndi, snýr sér að bókaskrifum fyrir börn og fullorðna.

Borgarfjörðurinn er að margra mati fegursta sveit Íslands. Um það má sjálfsgagt deila og eins um það hvort þar skorti þjóðsögur. Tryggðatröll eftir Steinar Berg er splunkuný þjóðsaga. Það verður að teljast ákveðið hetjuverk að leggjast í það að skrifa nýja íslenska þjóðsögu. Það er því ekki að undra að Steinar Berg velur Brian Pilkington með sér sem myndskreyti. Þann myndskreyti sem nánast hefur fengið einkaleyfi á tröllateikningum, svo vinsæll hefur hann verið sem teiknari þessara merku vera.

Tryggðatröll er ástursaga þar sem blandast saman mannheimar og tröllalheimar með ýmsum hætti. Lesandinn fylgist með þrem ættliðum Borgfirðinga og samskiptum þeirra hvert við annað og við vættina í umhverfinu. Málfar sögunnar er allt í anda þjóðsagna, sagan sögð í þáttíð og af alvitrum höfundi og textinn greinilegt bókmal.

Höfundur er vel kunnur á slóðum sögunnar og leitast við að skapa þjóðsagnakennda sögu um staði og fyrirbæri í náttúr-

unni. Sögunni til stuðnings notar Steinar ekki aðeins teikningar Brians heldur einnig ljósmyndir Jóhanns Páls Valdimarssonar af stöðunum sem nefndir eru. Ljósmyndunum fylgir myndatexti, með fræðslukorni um viðkomandi kennileiti. Þáttur ljósmyndanna og myndatextans er ákaflega litill og hefði þurft að vera meiri til þess að njóta sín. Í raun er um neðanmálsgreinar að ræða sem ekki er ætlað að trufla gang sögunnar heldur aðeins auka vægi fræðslunnar. Ljósmyndirnar og teikningarnar eru mjög vel valdar saman og litur þeirra og ljós vinnur vel saman. Myndir Brians hafa hins vegar ekki ákveðna umgjörð eða ramma heldur flæða jafnvel milli blaðsíða, þess vegna verða skýrt afmarkaðar ljós-



myndir sérkennilegar í samhenginu. Það krefst ákveðinnar einbeitingar hugans að átta sig á því að Húsafell er ekki þínulítil þúfa tekin út úr teikningu heldur ljósmynd af raunverulegu og myndarlegu fjalli.

Sagan sjálf er náttúrurík ástarsaga og ekki alveg gott að segja hvaða lesendahópi hún er ætluð. Miðað við brot og útlit bókarinnar eru það heldur yngri börn sem hugsuð eru sem lesendahópur en þegar lítið er á söguþráðinn og lengd texta á hverri síðu þarf þolinmóðari lesendur eða áheyrjendur en þá allra yngstu. JPV útgáfa hefur greinilega tröllatrú á sögum sem þessari fyrir erlenda gesti, því bókin kemur út samhliða á ensku og íslensku. Hér er á ferðinni saga þar sem þjóðtrúin og kennileiti á svæðinu skipa stórt hlutverk.

Hildur Heimisdóttir

Sumar í Brighton

KOSSAR OG ÓLÍFUR
Jónína Leósdóttir
★ ★ ★



Jónína Leósdóttir rithöfundur tæpir í sögu sinni á máli sem er tabú meðal unglunga og margra fullorðinna.

Jónína Leósdóttir er höfundur bókarinnar Kossar og ólífur. Hún er ekki alls ókunnug heimur unglingsbókanna því þetta er í annað sinn sem hún sendir frá sér bók ætlaða unglungum. Bókin Sundur og saman kom út árið 1993 og því má með sanni segja að nýr hópur unglunga fái nú nýja bók í hendur.

Kossar og ólífur er ferða- og þroskasaga. Aðalsöguhetjan, Anna, fær tækifæri til þess að dvelja sumarlangt í Brighton og vinna þar á gististað sem frænka hennar rekur. Leiðinni til Brighton og umhverfi og aðstæðum þar er ákaflega



sem nefnd eru í sögunni og líta þar á fjölmargar ljósmyndir sem fólk úti í heimi hefur sett á netið af þeim stöðum sem nefndir eru í sögunni.

Um leið og lesandinn ferðast með Önnu til Brighton og svo aftur áleiðis heim til Íslands ferðast hann með henni gegnum tímabil breytinga og þroska. Það er alltaf vandaverk að fjalla um áhyggjur unglunga án þess að umfjöllunin verði hjákátleg eða predikandi. Það er auðséð að markmið Jónínu er að reyna að svara spurningunni: hvernig veit maður kynhneigð sína? Þetta reynir hún þó að gera án þess að það verði áberandi. Hún dregur ekki fram þá klípu og spurningar sem einstaklingur sem horfist í augu við samkynhneigð sína

stendur frammi fyrir heldur leggur áherslu á skrefin á undan, hvaðan vitneskjan kemur og meðvitundin um sjálfan sig.

Jónína leggur áherslu á að forðast staðalmyndir og klisjukenndar lýsingar á samkynhneigðu fólki, það er lofsvert. Anna kynnist í Brighton öðruvísi vandamálum en unglingar glíma almennt við á Íslandi og minnir lesandann á að lífið er líklega hvergi dans á rósum, heldur ekki í útlöndum. Í lok bókarinnar er svo mörgum spurningum ósvarað að það kæmi ekki á óvart að önnur bók um Önnu og þroskasögu hennar liti dagsins ljós.

Hildur Heimisdóttir

GOSI

SÚPERSTAR

LÍK Í ÓSKILUM

DAGUR VONAR

BELGÍSKA KONGÓ

VILTU FINNA MILLJÓN?

RÆÐISMANNSSKRIFSTOFAN

GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ **ER FRÁBÆR**
JÓLAGJÖF FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

PENINGAR, ELDHUGAR OG ÁSTRÍÐUR

Bókaútgáfa er undarleg grein þar sem bæði þarf pening og ástríðu. Stór forlög verða stærri, keðjurnar gleypa bókabúðir en bókaástríðan brýst út í litlum forlögum og bókabúðum. Sigrún Davíðsdóttir rekur aðstæður í breskri bókaútgáfu þar sem umbar eru yfir og allt um kring.

BÓKAÚTGÁFA SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR

Bókaútgafendur eru eins og sauðfé – þeir halda sig í hnapp og fara allir í sömu átt,“ sagði Christopher Maclehose bókaútgafi fyrir nokkrum árum. Maclehose rak um árabíl Harvill Press, hefur gefið út Laxness og Arnald Indriðason sem hann hefur dálæti á. Forlagið var stofnað 1946 til að kynna erlendar bókmenntir í Bretlandi en var svo komið undir Harper Collins sem fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch á. Þegar Maclehose þreyttist á peningjahyggju Harper Collins keypti hann forlagið 1995 en seldi það tæpum áratug síðar til risans Random House. Nú vinnur hann hjá litlu forlagi reknu af mönnum sem líkt og hann hafa yfirgefið stóru forlögin – ferillinn er þróun breskrar bókaútgáfu undanfarna áratugi í hnotskurn.

Í grófum dráttum eiga þrjú risa-fyrirtæki megnið af forlögum hér: Fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch og þýsku risaútgáfufyrirtækin Bertelsmann og Holtzbrinck. En lítil forlög spretta upp, rekin af ástríðufólki með bók í hjartastað.

Hverjir helstu áhrifavaldarnir eru í bókaútgáfu er erfitt að segja en höfundar þurfa umboðsmenn til að koma afurðum þeirra á framfæri við forlögin. Í þeim geira hafa líka myndast risaútgáfufyrirtæki en um leið spretta upp smærri skrifstofur. Þróunin í bóksölu er svipuð: stóru keðjurnar ráða lögum og lofum en eldhuga bókaunnendur halda áfram að opna litlar bókabúðir.

Orðsporið blífur þó enn – og þar skipta lesklúbbarinn máli: hér í Englandi skipta þeir þúsundum. Að vissu leyti má segja að aldrei hafi verið jafn miklir gróskutímar í bókaútgáfu – bækur fá athygli og umfjöllun og seljast grimmt – en það eru þó ekki endilega gæðabækurnar sem seljast mest.

Þeir stóru verða stærri

Drátt fyrir styrka stöðu enskunnar eru bandarísk fyrirtæki ekki að kaupa bókaheiminn heldur evrópsk fyrirtæki, ekki síst þýsk og frönsk. Næstum í hverri einustu sölu á bandarísku forlagi undanfarnir áratug hefur kaupandinn verið erlendur.

Ástæðan er í grófum dráttum sú að þótt forlögin séu kannski stór í sínum geira eru þau lítil sem fyrirtæki og skila ekki þeim hagnaði sem bandarískir hluthafar krefjast. En séð með þýskum og frönskum augum er bandarísk hagnaðarvon vænleg. Fyrirtæki eins og News Corp. í eigu Murdochs, Bertelsmann og Holtzbrinck sem eiga stóra sneið af bókaútgáfu heimsins eru ekki hlutafélög heldur í eigu fjölskyldna sem þurfa ekki að dansa eftir pípu hagnaðarkrefjandi hluthafa.



Anne Enright vann Man-Booker verðlaunin í ár en Man-keðjan er í eigu Baugs sem lesendur Fréttablaðsins kannast við.

Í fyrra seldi fjölmiðlarisinn Time Warner bókaútgáfu sína, þar á meðal forlög eins og Little, Brown og Warner Books, til franska Lagardère sem auk hátækni- og flugiðnaðarfyrirtækja á Hachette-bókaútgáfuna. Þó að Time Warner væri fimmti stærsti bókaútgafi í Bandaríkjunum námu verðmæti bókaútgáfunnar aðeins 0,6 prósentum af markaðsverðmæti fyrirtækisins. Uppkaupin í Bandaríkjunum hafa sín áhrif á breska markaðnum þar sem flest stóru forlögin hér eru í eigu sömu aðila.

Enska undantekningin er Penguin Group, í eigu fjölmiðlafyrirtækisins Pearson. Þegar hinum annálaða bókaútgafanda Allen Lane datt í hug árið 1935 að gefa út tíu bækur með ódýru og einföldu sniði og kallaði ritröðina Penguin varð það upphafið að einni mestu afrekasögu í bókaútgáfu. Árið eftir höfðu selst þrjár milljónir Penguin-bóka. Pearson keypti Penguin þegar Lane lést 1970 og það er nú alþjóðlegur útgáfurisi á snærum Pearson, sem á dagblaðið Financial Times og er einn stærsti útgafi kennslu-efnis í heimi.

Ástríðan flýr samþjöppunina

Tvö lítil forlög standa að baki tveimur mestu sölubókum undanfarna ára. Profile var stofnað 1996, fór hægt af stað, einbeitti sér að fagbókum og gaf 2003 út „Eats, Shoots & Leaves“. Bókin er um réttirun og málnotkun, varð óvænt metsölibók sem tvöfaldaði veltu Profile í tæpar sjö milljónir punda, um 900 milljónir króna, og hefur selst í þremur milljónum eintaka. Canongate var keypt út úr stóru forlagi 1994 og gaf út „Söguna af Pí“ 2002 sem jók veltu forlagsins um 70 prósent, í sjö milljónir punda. Bókin hlaut Booker-verðlaunin það ár, varð metsölibók á fjörutíu málum og hefur selst í fjórum milljónum eintaka.

Anvil Press og Bloodaxe, bæði rekin af stofnendum sínum, sérhæfa sig í ljóðaútgáfu sem fæst forlög líta við. Blóðaxarnafnið er í minningu Eiríks blóðaxar fyrir að stuðla að tilurð Höfuðlausnar Egils Skallagrímssonar. Fyrir utan að líta ekki við ljóðum frábiðja flest forlög sér leikrit, vísindaskáldsögur og barnabækur en láta það efni eftir forlögum sem sérhæfa sig á þessum sviðum.

Bloomsbury var stofnað 1986 til að gefa út úrvalsbækur. Þegar umboðsmaður J.K. Rowling leitaði útgefanda var Bloomsbury eini úgefandinn af fimmtán sem tók bókinni en útgefandinn ráðlagði Rowling að finna sér vinnu því það væri ekkert lífibrauð í barnabókum. Bókin kom út 1997, tveimur árum eftir að Rowling lauk bókinni. Nú er Bloomsbury farið að

kaupa upp forlög og stækka ört.

Árið 2005 stofnaði Philip Gwyn Jones Portobello Books ásamt Sigríð Rausing, sem er erfingi Tetra Pak og ein auðugasta kona Bretlands. Portobello á Granta Books sem gefur út sögufrægt tímarit. Gwyn Jones er fyrrverandi útgafi Flamingo sem Harper Collins lagði niður þó að Gwyn Jones hefði gefið út „The God of Small Things“ eftir Arundhati Roy og „No Logo“ eftir Naomi Klein. Afkoman veldur Rausing varla svefnleysi. Í fyrra gaf góðgerðarstofnun hennar fimmtán milljónir punda, tæpa tvo milljarða króna, og það hefur farið ögn í taugarnar á ýmsum bóka-mönnum að Rausing hefur stundum talað um bókaútgáfu næstum eins og góðgerðarstarf.

Hverjir ráða í bókaheiminum?

Þegar dagblaðið Guardian birti í fyrra lista yfir þá áhrifamestu í bókaheiminum var fólk úr öðru en bókaútgáfu í þremur efstu sætum. Í fyrsta sæti var framkvæmdastjóri bókaútgáfu á sjónvarpsstöðinni Channel 4 – umfjöllun þar tryggir metsölu. Í öðru sæti var bókaútgáfustjóri Tesco, stærstu kjörbúðakeðjunnar, og í þriðja sæti einn af yfirmönnum samkeppnisstofnunar vegna yfirvofandi samkeppnisúrskurðar í bók-

sölu. Bókaheimurinn er því háður öðrum en útgefendum og almanna-tenglar skipta æ meira máli þar sem víðar.

Hér í Bretlandi leika umboðsmenn lykilhlutverk í að fá höfunda útgafna því flest forlög líta ekki við höfundum heldur aðeins umboðsmönnum sem þau þekkja til. Og þar sem umbarnir lifa á þóknunum þegar bækurnar fást gefnar út, yfirleitt 15-20 prósentum af greiðslunni til höfundar, skiptir bókmenntagildið ekki öllu.

Margar sögur eru af höfundum sem hafa endað með að selja vel eftir að hafa fyrst fengið óteljandi neitanir frá umbunum. Einn metsöluhöfundur sagði mér að hann hefði sent fyrsta handritið sitt til 25 umbá, 24 höfnuðu en eitt „já“ kom bókinni á prent. Öflugustu umbarnir hafa sambönd við kvikmyndageiminn þótt það vekji ergelsi ýmissa heittrúaðra bókaheima þegar höfundar skrifa hikstalaust bækur til að þær endi á hvíta tjaldinu en ekki bara í bókabúðum.

Bókabúðir og lesklúbbar

Bókabúðirnar geta haft mikil áhrif á sölu. Forlögin veðja því á ákveðnar bækur og greiða bókaútgáfum háar upphæðir til að þær lenti á besta staði í búðinni. Bóksali sem lítið fer fyrir en selur þó grimmt er „Book People“.

Ted Smart stofnaði fyrirtækið fyrir tæpum tuttugu árum þegar honum datt í hug að fullt af fólki færi aldrei í bókabúðir. Hann náði sér í gamla lagera og bauð bókaþakka á vinnustöðum.

Þegar Smart seldi fimmtán prósent í fyrirtæki sínu 2002 bar hann tólf milljónir punda úr býtum. Í haust sló fyrirtækið meira að segja Amazon við og vann verðlaun breskra bóksala fyrir bestu beinu sölu.

Gagnrýni hefur enn sitt að segja en blogg og nettskrif, til dæmis á Amazon, geta haft gríðarleg áhrif. Og jafn gamldags miðill og orðspor hefur mikið að segja. Fólk sem les og segir öðrum frá bókum af áhuga er gríðargóð auglýsing.

Lesklúbbar, hópar áhugasamra lesenda, miðla orðsporið vel. Í Englandi eru mörg þúsund svona klúbbar og bæði forlögin og fjölmiðlarnir róa á þessi mið. Bókaforlögin bjóða upp á alls kyns ítarefni um bækurnar og fjölmiðlar beina efni til lesklúbba. BBC er til dæmis með útvarpsþátt þar sem bækur eru ræddar eins og í lesklúbbum en þó með þeirri undantekningu að höfundurinn mætir, sé hann á lífi.

Þegar „Svo fögur bein“ eftir Alice Sebold kom kom tók enginn eftir henni en orðsporið og lesklúbbar vöktu á endanum athygli bókaheiminnar Channel 4, sem hefur tryggt henni milljónasölu.



Bókaútgáfa í Bretlandi:

- **2006 seldust** 787 milljónir bóka. Söluverðmæti úr búð var 3,3 milljarðar punda, um 400 milljarðar króna, í Bretlandi, 3% meira en 2005.
 - **Nýir og** endurútgefnir titlar 2006 voru 115.522 en voru 125.390 2002.
 - **Stærstu bókaflokkarnir** eru skáldsögur, barnabækur og bækur um sagnfræði.
 - **Á snærum** meðlima Booksellers Association eru nú 4410 búðir, 34% fleiri en 1997.
 - **2006 voru** 2280 bókaútgafendur í Bretlandi. Í samtökum óháðra útgefanda, Independent Publishers Guild, eru 480 útgafendur sem spanna allt frá einmennings rekstri upp í meðalstór forlög.
- (Tölur frá The Publishers Association og Independent Publishers Guild)

PROSPECT- LESKLÚBBURINN

Lesklúbburinn minn er kenndur við tímaritið Prospect sem fjallar um þjóðfélagsmál, því þar var fyrst auglýst eftir meðlimum í lesklúbb fyrir ellefu árum síðan. Í hópnum eru um tuttugu manns en yfirleitt átta til tólf sem mæta og fæst okkar hittast nema í klúbbnum. Við hittumst einu sinni í mánuði, til skiptis heima hjá þeim sem búa miðsvæðis, borgum 4 pund til húsráðanda, um 500 krónur og það nægir fyrir matarbita og vinglasí sem húsráðandi býður upp á. Allir hafa lesið bókina sem er á dagskrá og í lokin ræðum við aðrar bækur sem kemur til greina að lesa. Við skiptumst á að lesa skáldsögur og aðrar bækur. Fólkið í hópnum kemur víða að en á það sammerkt að vera víðlesíð og einlægir bókaunnendur.

Verðlaun og fræg nöfn

Þegar írski rithöfundurinn Anne Enright vann Booker-verðlaunin nú nýlega fyrir „The Gathering“, írsku fjölskyldusögu, hafði bókina aðeins selst í um þrjú þúsund eintökum – hlutfallslega er það eins og sala upp á fimmtán eintök á Íslandi. Sú tala gæti nú hæglega hundraðfaldast á heimamarkaðnum og enn betur ef hún fer á flakk út í heim.

Booker-verðlaunin heita fullu nafni Man-Booker verðlaunin og eru fjármögnuð af fjárfestingar-fyrirtækinu Man. Booker dregur nafn sitt af breskri heildsölukeðju sem Baugur á, án þess þó að Booker-verðlaunin yrðu að „Baugsverðlaunum“.

Verðlaunin nema fimmtíu þúsund pundum, um 6,5 milljónum króna. Það munar um fleira en verðlaunaféð. John Banville, sem vann Bookerinn 2005 fyrir „The Sea“, sögu um æskuatburði í ljósi liðins tíma, var þegar orðinn þekktur rithöfundur en seldi aldrei mikið. Nú seljast allar fyrri bækur hans vel. Þó að mörg önnur bókmenntaverðlaun séu veitt hér vekur Bookerinn mesta athygli.

Helsta útgáfufréttin þessa mánuðina er fyrirhuguð útgáfa Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra, á ævisögu sinni hjá Random House. Gail Rebeck, framkvæmdastjóri Random House UK, er gift nánnum vini Blairs, sem hafði vísast sitt að segja. Sami lögfræðingur og samdi fyrir Bill Clinton um hans endurminningar sá um samning Blairs, sem fær að öllum líkindum um 650 milljónir króna fyrir útgáfuréttinn auk ágóða af sölunni þegar þar að kemur. Til samanburðar má nefna að Nóbelsverðlaunin nema „aðeins“ um 95 milljónum króna.

„Eymdarsögur“, „misery sagas“, bækur um dapurlega æsku, eru orðnar svo stór grein að bókabúðirnar eru margar komnar með sérstakar hillur fyrir sannar raunasögur. Spennusögur dafna og vaxa enn eftir metsölu „Da Vinci lykilsins“ sem alla útgefendur dreymir um. Þó að útgefendur segist leita nýjunga víðurkenna flestir að Maclehose hafi rétt fyrir sér, bókaútgefendur rói á reynd mið – þó að metsölubækur komi oft úr óvæntri átt.

Fylgdin til Omdurman

Hjálmar Sveinsson heimspekingur og Geir Svansson bókmenntafræðingur hafa stofnað útgáfu, Omdurman. Þeir hafa sent frá sér greinasafn eftir Pierre Bourdieu í Atviksröðinni í samstarfi við Reykjavíkúakademíuna og nú er að koma út Nýr penni í nýju lýðveldi – Elías Mar – viðtalsbók og drög að greiningu á ferli skáldsins. Fleiri rit eru í vinnslu, smásagnasafn Megasar, óþekkt sjálfsvæisaga Þórðar Sigtrygg-

sonar tónlistarmanns sem mun vekja mikla athygli, smásagnasafn Elíasar auk þýðdra rita. Bókin um Elías er fallega út gefin, hönnuð af Höskuldi Harra sem vann með þeim bækur um Dag, Megas og Rósku.

Hjálmar segir útgáfuna einkum huga að verkum sem eru í jaðrinum, hafa ekki komið út eða eru gleymd. Hann tók að hitta Elías fyrir fáum árum en skáldið féll frá í sumar. Verk hans frá

fimmta og sjötta áratugnum eru gleymd en Hjálmar segir þau mikilvægan hlekk í skáldskap liðinnar aldar og styður það ýmsum rökum.

Þeir félagar hafa báðir lagt merkt framlag til samtímarannsóknna og er spennandi að fylgjast með útgáfunni: bók Hjálmars lofar góðu um útgáfuna. **bb**



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Gefum góðar stundir

Gjafakort Þjóðleikhússins er kjörin jólagjöf fyrir fólkið sem skiptir þig máli.

Ævintýraheimur leikhússins er handan við hornið því korthafar þurfa aðeins að velja sér sýningu og geta síðan eignast ógleymanlega stund með fjölskyldu og vinum.

www.leikhusid.is

ÞAÐ Á AÐ GERA ÞETTA MEÐ STÆL

Hilmar Einarsson í Morkinskinnu er þekktur maður í miðbæ Reykjavíkur. Það er hægt að ganga að honum vísu á kaffihúsi í hádeginu og öðru á morgnana. Hann er líklegast þessi Reykvíkingur sem menn úti á landi bölsótast út í þegar þeir tala um kaffihúsapakkið í Reykjavík, þessa í 101. Hilmar hefur í nær aldarfjórðung rekið Morkinskinnu, fyrirtæki sem er sérhæft í viðgerðum á listaverkum. Hann er borinn og barnfæddur Reykvíkingur og vill hvergi vera nema í Þingholtunum, þótt hann hafi í mörg ár horfið burt úr borginni á sumrin og dvalið í Hringisdal við Arnarfjörð.

MENNING PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Þú ert eins og Frakkinn sem hingað kom 1968 og ílentist og sagðist víta að hann væri að koma í þorp. Hann tæki ekki í mál annað en að búa í þorpinu miðju, en ekki einhverstaðar í jaðri þess.

„Já, ég er fæddur á Lýsgötu 1 og hef alltaf búið þar. Ég get ekki þrífist nema hérna í miðborginni. Það voru 400 metrar í vinnuna en nú eru þeir bara 70. Við erum hér á Freyjgötu 1 þar sem maður þekkti vel til í gamla daga: hér versluðu Silli og Valdi og hér keypti maður skauta í Goðaborg og startskot til að hrekkja nágranna. Það er búið að breyta hér svo mörgum húsum þar sem áður var einhver smárekstur þannig að það er orðið erfitt fyrir fyrirtæki að komast í húsnæði á þessum slóðum. Það er búið að múra upp í gluggana. Litlu búðirnir eru horfnar. Þingholtin voru skemmtileg blanda af atvinnufyrirtækjum og íbúðarhúsnæði. Maður spekulérar oft hvað þetta voru litlar einingar ef maður skoðar húsnæðið í dag en af þessu gat kaupmaður lifað með fjölskyldu.“

Steinbær og menn

„Annað sem er að hverfa úr Þingholtunum er þessi sérstaka reykvíska uppfinning – eina framlag Reykjavíkur til byggingarlistarinnar: gamli steinbærinn. Þeir eru fáir eftir.

„Já þeir eru margir horfnir. Húsið á horni Bergstaðastrætis og Spítalastígs þar sem Guðmundur Árnason móðurbróðir minn rak sitt innrömmunarverkstæði var steinbær, þar á móti var Brenna sem líka var steinbær. Þar er Bernhöftsbakarí núna. Í Brennu var Tigrisklóin, hryðjuverkasamtökin í hverfinu. Sem polli var maður látinn pissa á flöskur og Ingi Hrafn myndlistarmaður var með dælu sem þeir notuðu til að sprauta þessu á stráka í næstu götum. Það voru götuóeirðir hérna: maður þurfti að passa sig. Bergþórugatan og Þórsgatan voru hættulegir staðir sem maður sneiddi hjá. En steinbæirnir eru margir horfnir.

Hér var einn þar sem Norræna félagið er

núna við Óðinstorg. Við hann var langur skúr og þegar snjór var mátti renna sér frá mæni og niður. Tobbubær við Skólavörðustíg þar sem Þorbjörg Sveinsdóttir bjó fyrst og húsið fyrir ofan þar sem Benedikt Sveinsson faðir Bjarna og þeirra bræðra bjó. Hann kom til þabba þegar hann var búinn að fá sér í löppina og þegar Guðrúnu Pétursdóttur, konu hans, var farið að lengja eftir honum, leit hann út um gluggann og sagði: Nú er óvinurinn á leiðinni.“

Pappír og lín

Hilmar fór ungur til Svíþjóðar og menntaóist í forvörslu á pappír, fornbókum og skjölum í Konunglegu bókhöðunni. Þegar heim kom réðist hann á viðgerðastofu Landsbókasafnsins sem var á jarðhæð gamla Landsbókasafnsins en þar var gert við gögn frá Landsbóka- og Þjóðskjalasafni: „Maður kynntist þar þessum heimi sem er breyttur í dag, sem nú er bara „kaffi latte“: þarna voru þessir fræðimenn og grúskarar, mjög sérstakt fólk, það var ekki praktískt að mörgu leyti. Einhvern tíma vantaði hespu á karlaklosettið og ég fór til Finnoga Guðmundssonar landsbókavardar og bauðst til að stökkva upp í Brynju og kaupa hespu: hann klappaði á öxlina á mér og sagði: Þið eruð alltaf jafn hvatvísir af Víkingslækjarættinni.“

Á þessum árum var lítið um skóla á Norðurlöndum þar sem forvarsla var kennd. Menn komu sér í vinnu á söfnum og lærðu þar. Þegar Ríkarður Hörðal sneri heim frá Höfn úr fyrsta skólanum sem settur var upp á Norðurlöndum til að kenna forvörslu var hann með fyrstu nemendunum sem útskrifuðust. Þeir Hilmar stofna þá Morkinskinnu. Það eru tuttugu og fimm ár síðan. Fyrir þann tíma sendu menn verk til Danmerkur til viðgerða: „Það hefur verið mikið fyrirtæki og áhætta að senda svona hluti erlendis,“ segir Hilmar.

Myndir og menn

„Það segir sig sjálf að það safnast skítur á málverk á löngum tíma, einkum á stöðum þar sem mikið var reykt. Ég og samstarfsmaður minn, Klara Steinsdóttir sem er menntaður forvörður, segjum það stundum ef óhreinindalagið er þykkt að nú sé verið að fjarlægja Bjarna frá Vogu. Svo verða slys og óhöpp,“ segir Hilmar. En afskipti hans af

myndlist urðu meiri en bara viðgerðir og innrömmun á eldri verkum vegna skemmda úr heitum og þurrum hífylum landsmanna. Eyjólfur bróðir hans er myndlistarmaður og hann hefur alltaf átt mikið samneyti við myndlistarmenn: „Ég byrjaði snemma að sækja Mokka kaffi og læt aldrei bregðast að fara þangað í hádeginu. En ég fór ungur til Kaupmannahafnar og var að vinna þar á skjalasafni í sambandi við forvörslu og þá varð ég heimagangur hjá Tryggva Ólafssyni og Gerði, bjó í næstu götu við þau. Þar var hálfgerð járnbrautastöð og þá kynntist maður þessum mönnum. SÚM-hópurinn var þá byrjaður og menn voru að fara með sýningar milli landa. Þeir eru frændur mínir Sigurður og Kristján Guðmundssynir. Gylfi Gíslason myndlistarmaður var héðan af þessum slóðum og við vorum samferðamenn. Við Gylfi hittumst næstum daglega. Ég fór oft til hans á kvöldin þar sem hann var búinn að koma sér ágætlega fyrir á Skólastrætinu. Ég sakna Gylfa mikið.“

Gylfi Gíslason lést í fyrra á heimili sínu á Skólastræti. Fyrir honum lá að taka við Íslensku bókmenntaverðlaununum fyrir hlut sinn í bókinni miklu um Kjarval en Kjarval var hans maður: „Það var fyrsta opinbera viðurkenningin sem hann fékk í lífinu. Fyrir mér var Gylfi alltaf teiknari, hann var ótrúlega góður teiknari og hann dáði Kjarval mikið.“

SÚM-árin og konseptið

„Hvað var það sem heillaði þig hjá SÚM, eins undarlega og sá hópur var saman settur?

„Það besta sem kom út úr SÚM getum við séð á sýningunni hans Hreins Friðfinnsonar í Listasafni Reykjavíkur. Kristján Guðmundsson finnst mér líka frábær listamaður.“

„En þeirra frægð kemur að utan? „Ég held það. Mér fannst það svolítið sérstakt þegar talað var um að Kristján Davíðsson væri vanmetinn listamaður. Ég skildi ekki alveg hvað það innbar. Fyrir þrjátíu árum fannst mér hann mikils metinn, ég veit ekki hvort hann er ofmetinn í dag. Ef það eru einhverjir sem eru vanmetnir á Íslandi í dag þá eru það þessir tveir menn, Kristján og Hreinn. Ekki það að þeir séu ekki mikils metnir af þeim sem eitthvað þekkja til hlutanna. Það er stór hluti af fólki sem veit ekki hver Hreinn Friðfinnsson er, eða Kristján. Þeir eru menn sem eru ekki með miklar auglýsingar.

Frami manna ræðst dálítið mikið af því hvort þeir eru nálægt hringiðunni, einhverju alþjóðlegu umhverfi. Ef Svavar Guðnason hefði bara verið áfram í Danmörku en ekki komið heim eftir stríðið, þá er hægt að ímynda sér hver staða hans væri. Asger Jorn væri bara við hliðina á honum. Svavar þar hverfur inn í þetta litla samfélag. Þetta er öðruvísi í dag þegar ungt fólk fer bara þangað sem það vill vera og því líður vel. Og þá opnast einhver allt annar heimur, annarskonar markaður.“

Markaðurinn

„Því er haldið fram að myndlistarmaðurinn hér á landi sé að styrkjast?“

„Ég er ekki fjarri því að upp-

boðsmarkaðurinn sé að sækja í sig veðrið, en um hvað erum við að tala: þetta eru 140 milljónir í veltu á ári. Hvaða djök er það? Ef maður skoðar erlenda katalóka um nútímalist þá er þetta örstærð. Öll veltan er eins og listaverk eftir mann á miðjum aldri í útlöndum.

Í öllum löndum er heimamarkaður. Ef það er rétt að verk eftir Kristján Davíðsson séu að seljast á fimm til tíu milljónir, þá er spurningin hvað gengur sú hækkun langt fyrir heimamarkað. Þegar menn eru að tala um tíu milljónir geta þeir farið að skoða verk á heimsmarkaði.

Söfnin hér á landi hafa alveg vanrækt að kaupa erlenda list. Það þýðir ekkert að tala um að fara að kaupa verk eftir einhverja sem þegar njóta áhlits. Það verður að byrja einhverstaðar og menn verða þá að byrja smátt og veðja á eitthvað. Það þýðir ekkert að hugsa um eitthvað sem er ófyrstíganlegt. Ætlar fólk aldrei að eignast erlenda myndlist?

Svo getur maður líka sagt að það sé nauðsynlegt að hafa brautryðjendurna. Það geta liðið áratugir án þess að það sjáist verk eftir menn sem eru komnir yfir miðja aldur. Listasafn Íslands líður fyrir margt, húsnæði til dæmis. Kristján Guðmundsson sagði um notagildi hússins þegar það var opnað að það væri eins og sundlaug með 30 sentimetra djúpu vatni.

Heimsfrægir menn til kaups

„Richard Long og Donald Judd sýndu hér í gamla SÚM-salnum með Kristjáni Guðmundssyni fyrir fjölda ára á Listahátíð og voru þá tilbúnir að selja verk sín hér fyrir brot af því sem fekkst þá fyrir verk þeirra í útlöndum en enginn hafði áhuga á því. Listasafnið var lengi að velta fyrir sér kaupum á verki eftir Long en hætti við. Í dag sér maður verkið í erlendum tímaritum og það er ómetanlegt.

Það er bara Pétur Arason sem bar skynbragð á þetta. Honum tókst það sem opinberu söfnunum tókst ekki: að koma upp samtímalistasafni sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar. Það er mesta katastrofa í menningarlífi okkar að SAFN skuli vera að loka. Maður er bara þunglyndur. Ég þekki þetta mjög vel. Ég starfaði við hliðina á honum með Morkinskinnu. Það var afskaplega gaman að stinga sér þarna inn. Þetta gamla hús sem þau gera upp á fagmannlegan hátt. Þetta er svo frábærlega hannað, og hugsunin í þessu að fólk trúir ekki sem kemur þarna inn að hægt sé að sýna nútímalist í þessum vistarverum. Það sýnir sig oft að minna rými kemur þér í meiri nálægð við verkið en finnst í stórum sölum. Þetta fannst mér brenna við á sýningunni hans Hreins Friðfinnsonar í Listasafni Reykjavíkur. Rýmið gleypiti verkin. Til dæmis verkið með skónum, A pair. Pétur hefur sýnt það og það gerði sig svo vel. Safnið þeirra Rögnu er stórmerkilegt framtak og væri algert slys að þessu yrði öllu pakkað niður. Hver einasta sýning sem þarna hefur verið sett upp hefur verið einstaklega vel hugsuð og Pétur leggur alveg gríðarlegan metnað og vinnu í þetta. Þannig að þetta snýst verulega mikið um hann.“

Mæða í miðbænum

„Þið Pétur hafið talað dálítið um



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Viltu vera í okkar liði?



Actavis á Íslandi framleiðir og selur lyf og lyfjahugvit bæði innanlands og utan. Fyrirtækið rekur verksmiðju í Hafnarfirði sem uppfyllir strangar kröfur um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Good Manufacturing Practice) og hefur hlotið verðlaun fyrir framúrskarandi hönnun.

Fyrirtækið er hluti af Actavis Group sem er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfa. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis á Íslandi leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

Starf við töfluslátt

Í starfinu felst:

- Framleiðsla á töflum og hylkjum
- Sýnataka og framleiðslueftirlit
- Samsetning og umsjón með vélbúnaði
- Skjalfesting

Starf við lyfjablöndun

Í starfinu felst:

- Uppvigtun hráefna
- Blöndun og frumvinnsla hráefna
- Samsetning á vélum
- Skjalfesting

Hæfniskröfur fyrir töfluslátt og lyfjablöndun:

- Við leitum að einstaklingum sem búa yfir hæfni til að tileinka sér starfsemi á flóknum vélbúnaði
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur
- Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er æskileg

Vinnutími:

- Í lyfjablöndun og töfluslátti er um að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á dag- og kvöldvöktum og 6. hverju viku á næturvakt

Starf við lyfjapökkun

Starfslýsing:

- Pökkun á töflum í glös og þynnur
- Þrif á pökkunarvélum og pökkunarsvæði
- Eftirlit með pökkunarlinum
- Stillingar og breytingar á tækjabúnaði
- Skjalfesting
- Sýnataka
- Merkingar á vörum til útflutnings

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er kostur
- Nákvæmni og vandvirkni
- Hæfni til að tileinka sér starfsemi flókens vélbúnaðar er kostur

Vinnutími:

- Í lyfjapökkun er um að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á hverri vakt 5 daga vikunnar og 4 daga þegar um er að ræða næturvaktir

Hjá Actavis bjóðum við uppá:

- Gott mötuneyti á sanngjörnu verði
- Fræðslu- og íþróttastyrki
- Kröftugt starfsmannafélag og fjölbreytt félagslíf

Starf í undirbúningsteymi

Starfslýsing:

- Undirbúningur á tækjum og búnaði fyrir framleiðslu
- Regluleg þrif á framleiðslusvæðum
- Skjalfesting

Hæfniskröfur:

- Almenn menntun
- Nákvæmni og vandvirkni
- Hæfni til að vinna vel í hóp

Vinnutími:

- Í undirbúningsteymi er um að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á tvískiptum vöktum. Unnið er tvær vikur á dagvakt og þriðju vikuna á kvöldvakt

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægjan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is undir **Störf í boði** fyrir 26. nóvember nk.

Nánari upplýsingar veita **Arna Garðarsdóttir** agardarsdottir@actavis.is og **Aðalheiður Rúnarsdóttir** adrunarsdottir@actavis.is

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is



Vinna.is
sími 511 1144 www.vinna.is

Vélaverkfræðingur í málmvinnsluferli

Við leitum að vélaverkfræðingi eða véltæknifræðingi til að hafa yfirumsjón með vélasamstæðum í málmvinnsluferli Fjarðaáls. Steypuskáli álversins við Reyðarfjörð verður meðal þeirra fullkomnustu í heiminum. Málmblöndun fer fram í fjórum 100 tonna ofnum og framleiðslan verður um 940 tonn á sólarhring af hleifum, T-börum, kubbum og vírum. Rúmlega 100 manns starfa í málmvinnsluferlinu.



Ábyrgðarsvið:

- Yfirumsjón með vélasamstæðum í steypuskála.
- Þekking á stýringum og stillingum steypuvéla.
- Samskipti við framleiðendur véla og tækja.
- Bestun afkasta, nýtingar og gæða í málmvinnslu.
- Þjálfun og stuðningur við þá sem stýra steypuvélum.
- Samþætting framleiðslu og fyrirbyggjandi viðhalds.
- Þróun og umbætur í framleiðslu.
- Vélaverkfræðingur er í stjórnendateymi málmvinnslu og tekur þátt í stefnumótun og áætlanagerð.

Hæfniskröfur:

- Menntun í vélaverkfræði eða véltæknifræði.
- Reynsla af iðnrekstri og iðnstýringum.
- Hæfni til að miðla og þjálfna.
- Lipurð í samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 2. desember 2007.

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu starfi hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál



Microsoft

ER VERIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Microsoft Íslandi er metnaðarfullur vinnustaður. Lögð er áhersla á að hver starfsmaður geti nýtt sína hæfileika og metnað til fullnustu.

Microsoft Íslandi starfar undir Microsoft Corporation. Skrifstofan er staðsett á Engjateigi 7 og þar starfa 20 manns. Microsoft Íslandi var valið Fyrirmyndar fyrirtæki ársins 2007 af VR.



Microsoft býður þér tækifæri til að hafa áhrif á næstu kynslóð upplýsingatækninnar.

Nýttu þér tækifærið, stefndu hátt og kynntu þér hvað Microsoft hefur að bjóða!

Viðskiptastjóri

Microsoft leitar að viðskiptastjóra. Lykilábyrgð starfsins er fólgin í því að sjá um og hafa frumkvæði að sölu til lítilla og meðal stórra fyrirtækja í gegnum síma. Sala og samskipti við viðskiptavini byggist fyrst og fremst á fyrirfram skilgreindum herferðum og öðrum sölutengdum verkefnum. Viðkomandi aðili mun einnig sjá um skráningu gagna, samskipti við samstarfsaðila og lykilstjórnendur, ráðgjöf, þjónustu og eftirfylgni til viðskiptavina.

Microsoft gerir kröfu um:

- Háskólamenntun
- Góða þekkingu á Microsoft hugbúnaðarlausnum sem og hagnýta reynslu af upplýsingatækni
- Reynslu af skipulagningu verkefna
- Glöggskyggni, framtakssemi og frumkvæði í samskiptum við viðskiptavini
- Góða færni í íslensku og ensku og hæfni til að koma frá sér upplýsingum í töluðu og skrifuðu máli
- Góða samskiptahæfileika, jákvæðni, eldmód og sjálfstæði í störfum

Fulltrúi á skrifstofu

Microsoft leitar að fulltrúa á skrifstofu. Um nýtt starf er að ræða. Starfið felst í að halda utan um allt skrifstofuhald Microsoft Íslandi auk þess að aðstoða við ýmis sérverkefni eins og söluherferðir, ráðstefnu- og námskeiðahald, fundaskipulagningu og fleira. Einnig mun viðkomandi sjá um samskipti við birgja og aðstoð við ferðaskipulagningu.

Microsoft gerir kröfu um:

- Framhaldsskólamenntun
- Jákvæðni, frumkvæði í starfi og góða samskiptahæfileika
- Reynslu af skipulagningu verkefna
- Góða íslensku og enskukunnátta og hæfni til að koma frá sér upplýsingum í töluðu og skrifuðu máli
- Góða skipulagshæfileika, samviskusemi og metnað í starfi

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SAMSKIP ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í VIÐSKIPTAÞJÓNUSTU

Samskip er fjölbreyttur og krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Samskip bjóða viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá Samskipum starfa nú um 1400 starfsmenn á 56 skrifstofum í 23 löndum.

Óskum eftir þjónustufulltrúa í þjónustudeild Samskipa.

Þjónustudeild sér um að þjónusta viðskiptavinum félagsins vegna millilandaflutninga. Þjónustufulltrúi starfar náið með forstöðumanni þjónustudeilda og viðskiptastjórum og þarf að þekkja og skilja samninga þá sem gerðir eru til þess að geta veitt viðskiptavinum nauðsynlegar upplýsingar og þjónustu.

Starfssvið

- Þjónusta við viðskiptavinum félagsins
- Flutningaráðgjöf
- Móttaka verðfyrirspurna og tilboðagerð
- Afhending flutningspappíra, úrlausn og svörun fyrirspurna viðskiptavina
- Samskipti við skrifstofur félagsins innanlands og erlendis

Menntunar- og hæfniskröfur

- Æskileg menntun, rekstrarfræði, viðskiptafræði eða sambærileg
- Þekking á flutningum mikill kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Skilyrði að viðkomandi tali og riti ensku
- Fáguð framkoma, rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Sveitarfélagið
ÁRBORG

NÝIR TÍMAR!

Vegna mikillar uppbyggingar og aukinna verkefna óskar Sveitarfélagið Árborg að ráða öfluga og metnaðarfulla einstaklinga til starfa.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa yfir 7500 íbúar. Þar starfa rúmlega 500 starfsmenn á vegum sveitarfélagsins og er það sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Sveitarfélagið Árborg leitar að starfsfólki sem er skipulagt, vandvirkt, hefur mikla hæfni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.

Framkvæmdastjóri Framkvæmda- og veitusviðs

Framkvæmda- og veitusvið er annað af aðal þjónustusviðum Sveitarfélagsins Árborgar. Sviðið annast verklegar framkvæmdir og rekur hita-, vatns- og fráveitu. Hlutverk sviðsins er að viðhalda og þróa innviði sveitarfélagsins.

Starfssvið:

- Ábyrgð á þjónustu og rekstri sviðsins
- Eftirlit með framkvæmd laga og reglna
- Ábyrgð á starfsmannamálum sviðsins
- Samskipti við opinbera aðila og stofnanir
- Samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun
- Þekking og/eða reynsla á sviði framkvæmda, hita- og vatnsveitu
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Skipulags- og leiðtogahæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði

Deildarstjóri eignaumsýslu

Deildarstjóri eignaumsýslu heyrir undir Framkvæmda- og veitusvið. Deildin hefur umsjón með viðhaldi og rekstri eigna sveitarfélagsins. Heldur utan um útleigu húsnæðis í eigu Leigubústaða Árborgar ehf. og tryggir öryggi fráveitukerfis sveitarfélagsins.

Starfssvið:

- Ábyrgð á þjónustu og rekstri deildarinnar
- Kostnaðareftirlit
- Ábyrgð á starfsmannamálum deildarinnar
- Eftirlit með framkvæmd laga og reglna
- Samræming og útdeiling verkefna
- Samskipti við opinbera aðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun
- Þekking á sviði framkvæmda er kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Skipulags- og leiðtogahæfni

Sérfræðingur umhverfismála

Starfið heyrir undir Skipulags- og umhverfismál sveitarfélagsins. Starfsmönnum er ætlað að sinna stefnumörkun og þjónustu við bæjaryfirvöld á sviði skipulags-, byggingar- og umhverfismála ásamt leyfisveitingum til byggingaraðila og eftirliti með framkvæmdum.

Starfssvið:

- Áætlanagerð og stefnumótun á sviði umhverfismála
- Gerð fjárhags- og starfsáætlana
- Ráðgjöf á sviði málaflóksins
- Eftirlit með framkvæmd laga og reglna er lúta að umhverfismálum
- Ábyrgð á að þjónusta á sviði umhverfismála sé veitt
- Upplýsingagjöf, innri og ytri samskipti

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking og/eða reynsla á sviði umhverfismála
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SAMSKIP VIÐSKIPTASTJÓRI

Samskip er fjölbreyttur og krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Samskip bjóða viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá Samskipum starfa nú um 1400 starfsmenn á 56 skrifstofum í 23 löndum.

Samskip óska eftir að ráða viðskiptastjóra í söludeild innanlandssviðs.

Starfssvið

- Sala og kynning á þjónustu söludeildar
- Tilboðs- og samningagerð
- Heimsóknir til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni
- Þátttaka í markaðs- og söluáætlunum
- Ýmis önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldgóð reynsla af sölumennsku er æskileg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Talnagleggni og góð tölvukunnátta
- Kappsemi, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Gott frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfánardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

KVOS FORRITARI

Kvos er leiðandi eignarhalds- og fjárfestingafélag í prentiðnaði og skyldum rekstri. Kvos á 10 dótturfélög á Íslandi, í Bandaríkjunum og Evrópu, með samtals um 1.300 starfsmenn. Markmið Kvosar er að auka arðsemi og samhæfni dótturfélaga og leita fleiri tækifæra á sérsviði félagsins, innanlands sem utan.

Ef þú ert góður forritari í Python og PHP og hefur þekkingu á Linux og Apache, gætir þú verið sá einstaklingur sem við erum að leita að. Um framtíðarstarf er að ræða fyrir réttan aðila sem mun þróa lausnir okkar áfram í samvinnu við metnaðarfullan hóp samstarfsfólks.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði er skilyrði
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður til að ná árangri
- Færni í mannlegum samskiptum ásamt getu til að vinna sjálfstætt og í hóp

Í boði er

- Starf hjá traustum vinnuveitanda
- Metnaðarfullt starfsumhverfi
- Góður starfsandi
- Samkeppnishæf launakjör
- Tækifæri til endurmenntunar

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



DEILDARFORSETI HUG- OG FÉLAGSVÍSINDAEILDAR

Við Háskólann á Akureyri er laus til umsóknar staða deildarforseta hug- og félagsvísindadeildar.

Hug- og félagsvísindadeild er ný og öflug háskóladeild sem verður stofnuð 1. ágúst 2008 með sameiningu félagsvísinda- og lagadeildar og kennaradeildar.

Háskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1987. Hann er alþjóðlegur rannsóknaháskóli sem býður upp á fjölmargar námsleiðir, bæði í stað- og fjarnámi. Meirihluti starfsmanna fer fram á einstöku háskólasvæði í hjarta Akureyrarbæjar. Fastráðnir starfsmenn eru um 180, þar af eru rúmlega 100 akademískir starfsmenn.

Starf deildarforseta felur í sér yfirumsjón með starfsemi deildarinnar s.s. stjórnun, kennslu og rannsóknnum.

Til greina kemur að deildarforseti gegni jafnframt störfum dósent/prófessors á einhverju fræðasviða deildarinnar.

Miðað er við að deildarforseti geti hafið störf eigi síðar en 1. maí 2008.

Umsókn skal fylgja ítarleg skýrsla um vísindastörf, ritsmiðar og rannsóknir umsækjanda, ásamt upplýsingum um námsferil og störf. Jafnframt skulu fylgja umsókn eintök af prófskírteinum og þær fræðilegu ritsmiðar sem umsækjendur telja vera sín bestu verk, allt að þremur ritum.

Rektor ræður deildarforseta til allt að þriggja ára að fenginni umsögn félagsvísinda- og lagadeildar og kennaradeildar og að höfðu samráði við háskólaráð. Dómnefnd skal meta hæfi umsækjenda með sama hætti og hæfi umsækjenda um stöðu háskólakennara er metið sbr. 3. gr. laga um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999. Umsækjendur fá tækifæri til að gera athugasemdir við dómnefndarálit.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og fjármálaráðherra. Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla að sækja um laus störf.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Krafa um meistaraþróf hið minnsta, á vettvangi fræða sem kennd eru í viðkomandi deild eða tengjast viðfangsefnum hennar
- Doktorsþróf æskilegt
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Hæfni í breytingastjórnun
- Framúrskarandi samstarfshæfileikar
- Hæfileiki til að móta og miðla framtíðarsýn

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember nk. Umsókn getur gilt í 6 mánuði. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SPENNANDI STÖRF Í ÁRBORG

Vegna mikillar uppbyggingar í Sveitarfélaginu Árborg auglýsir Fjölskyldumiðstöð Árborgar eftirtalin störf laus til umsóknar:

Íþrótt- og tómstundafulltrúi í Árborg

NÝTT STARF

Helstu verkefni:

- » Umsjón með íþrótt- og tómstundamálum í sveitarfélaginu
- » Yfirumsjón með starfsemi og rekstri íþróttamannvirkja, tómstundaheimila o.fl.

Nánari upplýsingar veitir
Andrés Sigurvinsson, verkefnisstjóri,
í síma 480 1900, andres@arborg.is.

Almennir starfsmenn við íþróttahús Sunnulækjarskóla

NÝTT STARF

Helstu verkefni:

- » Almenn þjónusta við notendur íþróttahússins
- » Möguleiki er á hlutastörfum

Nánari upplýsingar veitir
Andrés Sigurvinsson, verkefnisstjóri,
í síma 480 1900, andres@arborg.is.

Starfsmaður í félagslegri heimaþjónustu

Helstu verkefni:

- » Að efla einstaklinga til sjálfsbjargar og gera þeim kleift að búa sem lengst í heimahúsum
- » Um er að ræða fullt starf en einnig er möguleiki á hlutastarfi

Nánari upplýsingar veitir
Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri,
í síma 480 1900, gudlaugjona@arborg.is.

Leikskólakennari/leiðbeinandi við leikskólann Árbæ

Helstu verkefni:

- » Að vinna að uppeldi og menntun barna
- » Um er að ræða hlutastarf eftir hádegi

Nánari upplýsingar veitir
Rannveig Guðjónsdóttir, leikskólastjóri,
í síma 480 3250, arbaer@arborg.is.

Forstöðumaður íþróttamannvirkja við Sunnulækjarskóla

NÝTT STARF

Helstu verkefni:

- » Umsjón með starfsemi og rekstri íþróttahússins við Sunnulækjarskóla
- » Umsjón með starfsemi sundlaugar við skólann þegar hún rís

Nánari upplýsingar veitir
Andrés Sigurvinsson, verkefnisstjóri,
í síma 480 1900, andres@arborg.is.

Leikskólakennari/leiðbeinandi við leikskólann Ásheima á Selfossi

Helstu verkefni:

- » Að vinna að uppeldi og menntun barna
- » Um er að ræða hlutastarf eftir hádegi

Nánari upplýsingar veitir
Helga Geirmundsdóttir, leikskólastjóri,
í síma 482 1230, asheimar@arborg.is.

Leikskólakennari/leiðbeinandi við leikskólann Glaðheima á Selfossi

Helstu verkefni:

- » Að vinna að uppeldi og menntun barna
- » Um er að ræða hlutastarf eftir hádegi

Nánari upplýsingar veitir
Eygló Aðalsteinsdóttir, leikskólastjóri,
í síma 482 1138, gladheimar@arborg.is.

Forstöðumenn skólavistunar Sunnulækjarskóla og Vallaskóla á Selfossi

Helstu verkefni:

- » Umsjón með daglegri starfsemi og rekstri í samráði við skólastjóra
- » Umsjón með starfsmannahaldi
- » Samskipti við foreldra, auk kynningarmála í samráði við skólastjóra

Nánari upplýsingar veita skólastjórar,
Eyjólfur Sturlaugsson í síma 480 5800,
eyjolfur@vallaskoli.is vegna Vallaskóla
og Birgir Edwald í síma 480 5400,
birgir@sunnullaek.is vegna Sunnullaekjarskóla.

Bókasafns- og upplýsingafræðingur hjá Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi

NÝTT STARF

Helstu verkefni:

- » Skráning safngagna í bókasafnskerfið Gegni
- » Um er að ræða 50% starf og er vinnutími samkomulagsatriði

Nánari upplýsingar veitir
Margrét Ásgeirsdóttir, forstöðumaður,
í síma 480 1980, maras@arborg.is.

Umsjónarmaður lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna

Helstu verkefni:

- » Dagleg umsjón og skipulagning
- » Samskipti við foreldra, skóla og aðrar stofnanir

Nánari upplýsingar veitir
Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri,
í síma 480 1900, gudlaugjona@arborg.is.

Deildarstjóri á leikskólanum Æskukoti á Stokkseyri

Helstu verkefni:

- » Ábyrgð á stjórnun og skipulagningu deildarinnar
- » Dagleg verkstjórn

Nánari upplýsingar veitir
Ísrún Albertsdóttir, leikskólastjóri,
í síma 483 1472, isrun@arborg.is.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaganna og viðeigandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um störf og hæfniskröfur er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins: www.arborg.is.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Borgars Ævars Axelssonar, starfsmannastjóra, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi, borgar@arborg.is, merkt viðkomandi starfi.

Fjölskyldumiðstöð Árborgar er eitt þriggja sviða í stjórnsýslu Sveitarfélagsins Árborgar og veitir íbúum sveitarfélagsins þjónustu á sviði félags-, fræðslu-, íþrótt-, forvarna- og menningarmála með það að markmiði að efla velferðarþjónustu sveitarfélagsins og skapa fjölskylduvænt samfélag. Umsækjendum er bent á að kynna sér heimasíðu sveitarfélagsins þar sem m.a. er að finna stefnu sveitarfélagsins í málaflokkum sem tengjast fjölskyldunni, upplýsingar um fjölbreytta starfsemi Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Selfossi og upplýsingar um leiðarljós, markmið og hugmyndafræði leik- og grunnskóla Árborgar.

Við hvetjum íbúa Árborgar jafnt sem aðra til að kynna sér þau störf sem hér eru auglýst til umsóknar.

– Komdu í lið með okkur



Árborg er ungt sveitarfélag á gömlum grunni. Árið 1998 sameinuðust Eyrarbakkaheppur, Stokkseyrarheppur, Sandvíkurheppur og Selfoskaupstaður í Sveitarfélagið Árborg. Í sveitarfélaginu eru þrjú þéttbýliskjarnar, Selfoss, þar sem íbúar eru rúmlega 7.500, Stokkseyri með um 560 íbúa og Eyrarbakki með tæplega 600 íbúa. Í dreifbýli eru fjölbreyttir búsetumöguleikar í næsta nágrenni við öfluga þjónustu.



MAÐUR ER ALLTAF AÐ LEIKA SÉR Í VINNUNNI

Frístundaheimilin í Frostaskjöldi og Miðborg og Hlíðum óska eftir starfsfólki á öllum aldri í leik og starf með 6-9 ára börnum

Í boði eru hlutastörf eftir hádegi á eftirtöldum stöðum:

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublið eru á heimasíðu ITR, www.itr.is. Einnig er hægt að hafa samband við deildarstjóra barnastarfs í Frostaskjöldi, s. 411-5700 og deildarstjóra barnastarfs í Miðborg og Hlíðum, s. 411-5563

Undraland, Grandaskóla s. 695-5054
Selið, Melaskóla s. 695-5061
Skýjaborgir, Vesturbæjarskóla s. 695-5053
Draumaland, Austurbæjarskóla s. 695-5062
Frístund, Háteigsskóla s. 664-7614
Hlíðaskjól, Hlíðaskóla s. 664-7615

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is



Vélamenn

Glaumur óskar eftir vélamönnum í vega- og gatnagerð á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar gefur Halldór í síma 8211230



Starf í próteintækni

ORF Líftækni er íslenskt fyrirtæki á sviði hátækni og nýsköpunar og er í fararbroddi í framleiðslu verðmætra próteina í plöntum. Fyrirtækið leitast nú að öflugum, starfskrafti til að sinna verkefnum í próteinhreinsun og greiningu.

Hæfniskröfur:

- Meistarar- eða doktorsgráða í lífefnafræði, líftækni eða sambærilegum greinum.
- Reynsla af rannsóknum á próteinum er nauðsynleg.
- Góðir skipulagshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.

Starfsumsóknir með ferilskrá sendist fyrir 26. nóvember á rafrænu formi til starf@orf.is eða bréfléiðis til ORF Líftækni hf., Keldnaholti, 112 Reykjavík, merktar "Atvinnuumsókn".

Sérfræðingur á upplýsinga- tæknisviði



SPRON óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing á upplýsingatæknisvið SPRON.

Starfssvið:

- Netumsjón, rekstur og eftirlit
- Viðhald og umsjón IP-símkerfa
- Uppsetningar og viðhald á vélbúnaði
- Þjónusta við notendur
- Samskipti við ytri samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði kerfisfræða, rafeindavirkjunar eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla á upplýsingatæknisviði skilyrði
- Góð þekking á Microsoft Windows stýrikerfinu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Ægisson, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs, í síma 550 1200. Umsóknir óskast sendar á starfsmannþjónustu SPRON á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is fyrir 25. nóvember nk.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.

75 ára



Nathan & Olsen hf



INNKAUPAFULLTRÚI

Nathan & Olsen hf. leitast að öflugum innkaupafulltrúa

STARFSSVIÐ

- Umsjón og utanumhald erlendra pantana
- Gerð tollskýrsla og verðútreikninga
- Viðhald vörunúmera og birgðabreytingar
- Önnur tilfallandi verkefni á innkaupasviði
- Samskipti við erlenda birgja

HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af innkaupum
- Reynsla af tollskýrslugerð æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Miklir samskiptahæfileikar
- Góð tölvukunnátta

Umsjón með ráðningu:
Hanna Dóra Haraldsdóttir, starfsmannastjóri
hdh@nathan.is
Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2007

Nathan & Olsen hf. er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, markaðssetningu og dreifingu á mat- og snyrtivörum fyrir verslanir.

www.nathan.is

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Grunnskólar

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Kennsla á yngsta stigi
Kennsla á miðstigi

Engidalsskóli (555 4433/664 5867 audur@engidalsskoli.is)
Skólaliði í heilsdagsskóla (50%) eftir hádegi

Hraunvallaskóli (664 5874 agusta@hraunvallaskoli.is)
Almenn kennsla á unglingsstigi
Leikskólakennari/deildarstjóri
Leikskólakennarar/annað uppeldismenntað starfsfólk
(sigrunk@hraunvallaskoli.is)

Hvaleyrarskóli (helgi@hvaleyrarskoli.is)
Íþróttakennari
Stuðningsfulltrúi (50%)
Starfsmaður í frístundaheimili (50% e.hádegi)

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Skólaliði í mótuneyti nemenda

Setbergsskóli (664 5880 gudusk@setbergsskoli.is)
Kennari í sérdeild f. einhverf börn
Skólaliði í íþróttahús
Skólaliði í almenn skólum

Víðistaðaskóli (664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
Stuðningsfulltrúi
Starfsmaður í íþróttahús (80%)
Starfsmenn í íþróttahús, hlutastörf á dagvinnutíma
hentar vel eldri borgurum

Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
Almenn kennsla
Smíðakennsla - val í 10. bekk - stundak.
Bókasafns- og upplýsingafræðingur

Leikskólar

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóri með elstu börnin frá áramótum
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra
uppeldismenntun

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra
uppeldismenntun

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra
uppeldismenntun

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra
uppeldismenntun

Hraunvallaskóli (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Deildarstjóri
Leikskólakennara/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Norðurberg (555 3484/664 5851 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Stekkjars (517 5920/664 5862 stekkjars@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara, þroskaþjálfara og/eða starfsfólk með aðra
uppeldismenntun
Matreiðslumeistari/matráður frá áramótum
Aðstoð í eldhúsi fyrir hádegi
Skilastöður

Tjarnarás (565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra
uppeldismenntun vegna barnsbúðarleyfis

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóri
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra
uppeldismenntun

Allar upplýsingar um störfin gefa skólalastjórar viðkomandi
skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórnin í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og fáðu frekari
upplýsingar um Hafnarfjörð og
nærgvislega starfsemi á vegum
svitarfélagsins hjá þjónustuveri
þegar í síma 585 5500 og á
heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



Fyrir alla

Húsasmiðjan hvetur
alla, á hvaða aldri sem
er sem vilja starfa hjá
traustu og góðu fyrir-
tæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf.
er stærsti söluaðili
byggingarvæðis á Íslandi
og eitt af 25 stærstu
fyrirtækjum landsins.
Húsasmiðjuverkslanir eru
21 á landsvísu.
Í verkslanum okkar höfum
við á boðstólum yfir
100.000 vörutegundir.
Hjá Húsasmiðjunni starfa
að jafnaði um 1000
manns á öllum aldri.
Við leggjum mikla
áherslu á að starfsmenn
eigi þess kost að eflast
og þróast í starfi.

www.husa.is

Áhugavert framtíðarstarf á Akranesi

Deildarstjóri timburafgreiðslu

Leitum að áhugasömum og ábyrgum
einstaklingi í starfið.

Ábyrgðarsvið:

- Sala - afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Tilboðsgerð og vinna úr teikningum
- Stjórnun og ábyrgð á timbursvæði

Hæfniskröfur:

- Smiður kostur
- Góð þekking á byggingarvörum skilyrði
- Einhver tölvukunnátta æskileg en ekki skilyrði
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Vinnutími:

- 8 - 18:15 virka daga

Í boði er:

- Skemmtilegur vinnustaður með samhentum hópi starfsmanna

Annað:

- Umsóknarfrestur til 30.nóvember. Öllum umsóknum svarað.

Umsóknir berist til Elínar Hlífur Helgadóttur, atvinna@husa.is. Einnig er hægt að sækja um á
heimasíðu Húsasmiðjunnar www.husa.is.



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Skjalastjóri

SPRON óskar eftir að ráða öflugan skjalastjóra til starfa. Um er að ræða nýtt
starf hjá SPRON. Skjalastjóri tilheyrir þjónustusviði SPRON, með aðsetur í
Ármúla 13a og heyrir undir framkvæmdastjóra sviðsins.

Starfssvið:

- Mótun heildarstefnu og áætlun í skjalastjórnun fyrir SPRON
- Ráðgjöf til starfsmanna á sviði skjalavistunar og geymslu
- Umsjón og eftirlit með skönnun skjala
- Þátttaka í inleiðingu skjalastjórnunarkerfis
- Þátttaka í ýmsum vinnuhópum tengdum skjalastjórnun

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði bókasafns- og/eða upplýsingafræða
- Reynsla af skjalastjórnun skilyrði
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Harpa Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri
í síma 550 1200 eða harpa@spron.is. Umsóknir óskast sendar til starfsmannþjónustu
SPRON á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is fyrir 2. desember nk.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu
starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust
viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og
skjóta þjónustu.

75 ára



Framkvæmdastjóri

Danskt markaðsfyrirtæki í eigu íslenskra aðila óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Kaupmannahöfn og felur starfið í sér búsetu þar. Fyrirtækið er jafnframt með starfsemi í Svíþjóð.

Viðkomandi mun bera ábyrgð á stefnumótun félagsins og þarf að geta komið frá sér efni á skýran og skilmerkilegan hátt.

Viðkomandi þarf að hafa eiginleika til að fylgja eftir áætlunum og tryggja innleiðingu á stefnu félagsins.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða verkfræði eða sambærilegt háskólanám
- Sterk og öflug reynsla af rekstri
- Góður skilningur á fjármálum fyrirtækja, þ.m.t. bókhald, áætlanagerð og ársreikningar
- Gott vald á enskri tungu og skilningur á Norðurlandamáli er kostur

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 27. nóvember nk.

Upplýsingar veita Inga S. Arnardóttir og Þórir Þorvarðarson.
Netföng: inga@hagvangur.is og thorir@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

TOYS'R'US

TOYS'R'US VIÐ AUGLÝSUM EFTIR AFGREIÐSLUFÓLKI Í FULLT STARF

TOYS'R'US hefur fengið góðar viðtökur á Íslandi. Þess vegna auglýsum við nú eftir enn fleira starfsfólki. Hefurðu:

- Reynsla af verslunarstörfum?
- Nokkurra ára starfsreynsla eða menntun?
- Áhuga á að kynna alþjóðlegum viðskiptum?
- Hæfileika til að starfa með öðru fólki?

Við bjóðum upp á starf í nútímalegu fyrirtæki sem er stærsta leikfangaverslunarkerja heims. Það er alltaf nóg að gera og hver dagur býður upp á einhverjar nýjungar.

Starfið felst í að sinna öllum tilfallandi verkum í versluninni; ráða í hillur, afgreiða viðskiptavinum, taka á móti vörum og annast rýmsstjórnun.

Umsækjendur hefji störf sem fyrst. Nánari upplýsingar á vef okkar www.toysrus.is eða hjá Guðrúnu Kolbeinsdóttur verslunarstjóra í síma +354 661 57 56.

Sendið umsókn á loen-is@toysrus.is merkt „Afgreiðslufólk“ eða „Assistant store manager“ hið fyrsta og í síðasta lagi 30. nóvember. Umsækjendur verða ráðnir jafnóðum. Takið vinsamlegast fram hvar þið sóuð þessa auglýsingu.

Við viljum byrja á því að þakka öllum nýju viðskiptavinum okkar á Íslandi fyrir frábærar móttökur á opnun nýrrar verslunar okkar í Kópavogi. Við viljum einnig þakka fyrir tillitsemna sem þið hafið sýnt starfsfólki okkar.



SMÁRATORG 3, 200 KÓPAVOGUR. SÍMI 5500 800

Atvinna

Nettó Salavegi

Leitum að starfsmanni í fullt starf. Um er að ræða starf við almenn verslunarstörf. Vinnutími 08:00 - 18:00 virka daga. Upplýsingar veitir verslunarstjóri á staðnum eða í síma 698-7289

Wole miejsca pracy w sklepie na pełny etat. W godzinach 08-18 codziennie informacja u kierownika 6987289

allt í matinn á einum stað

Nettó - Salavegi - Kópavogi - sími: 520 9600

nettó



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Starfsmaður á næturvakt

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis óskar eftir að ráða starfsmann á næturvaktir í Þjónustuíbúðir að Furugerði 1.

Helstu verkefni:

- Aðhlygning og aðstoð við íbúa
- Öryggiseftirlit

Hæfniskröfur:

- Færni í samskiptum
- Rík þjónustulund

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst annars eftir samkomulagi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Benediktsdóttir forstöðumaður í síma 553 6040, netfang: margret.benediktsdottir@reykjavik.is

Umsókn skal skila í Þjónustuíbúðir að Furugerði 1 eða á ofangreint netfang fyrir 2. desember nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Lögfræðingur

Laus er til umsóknar staða lögfræðings á lögfræðisviði Fiskistofu

Helstu verkefni eru lögfræðileg mál er varða stjórn fiskveiða og lögfræðileg ráðgjöf við önnur svið Fiskistofu.

Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í lögfræði. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á sjávarútvegi og reynslu af stjórnáslustörfum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Upplýsingar veitir Gísli Rúnar Gíslason, forstöðumaður, í síma 5697900. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið gislig@fiskistofa.is

Umsóknir óskast sendar til Fiskistofu eða á netfang starfsmannastjóra: gerdurb@fiskistofa.is merktar "Staða lögfræðings" fyrir 26. nóvember n.k.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Fiskistofu við ráðningar. Umsóknir sem berast að umsóknarfresti loknum verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Upplýsingar um Fiskistofu má finna á heimasíðu: <http://www.fiskistofa.is>

Hafnarfirði, 8. nóvember 2007.

Fiskistofa
www.fiskistofa.is
Dalshraun 1 - 220 Hafnarfjörður.
Sími: 5697900 - Fax: 5697991



Starf verkefnastjóra í Malaví



Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSI) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lókust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

www.iceida.is

Próunarsamvinnustofnun óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að starfa að vatnsverkefni í Malaví.

Starf verkefnastjóra felst í að hafa umsjón og eftirlit með verkefni stofnunarinnar í Malaví í vatns- og fráveitumálum. Öll verkþekking er lýtur að tæknimálum er fyrir hendi þar sem framkvæmdir eru unnar af verktökum í landinu skv. útboði og verkeikningum.

Verkþættir

- Samskipti við verktaka og hagsmunaaðila og lausn vandamála
- Stjórna samskiptum milli verktaka og tryggja gott upplýsingaflæði
- Halda utan um upplýsingar um framvindu verkefnisins sjá um skýrslugerð, áætlanir, fjármál og bókhald

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun er skilyrði
- Mjög góð enskukunnátta
- Reynsla af sambærilegum verkefnum er kostur
- Reynsla af stjórnun fjármála er kostur
- Þekking á þróunarmálum/og eða reynsla af störfum í þróunarlöndum er kostur
- Góð aðlögunarhæfni og hæfni í mannlegum samskiptum er mjög mikilvæg

Vegna aðstæðna er nauðsynlegt að viðkomandi búi við Malavívatn en sú búseta hentar ekki þeim sem hafa á framfæri sínu börn á skólaskylduáldri

Ráðið verður til tveggja ára.

Laun eru greidd skv. texta UNDP um verkefnastjóra.



Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 17. desember. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ráðið hefur verið í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson hjá Hagvangi. Netfang: albert@hagvangur.is

Umsækjendur geta séð svör við öllum fyrirspurnum á heimasíðu Hagvangs.



Skógarhlíó 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Viltu hafa áhrif á fjármálamarkaði?

VBS fjárfestingarbanki leitar að framúrskarandi fólki



VBS fjárfestingarbanki er vaxandi fjármálafyrirtæki sem sinnir verðbréfamíðun, eignastýringu, framkvæmda-fjármögnun og fyrirtækjaráðgjöf, auk lánveitinga til margvíslegra verkefna. VBS er hlutafélag með yfir 100 hluthafa og eiga flestir starfsmenn hlut í bankanum. Lögð er áhersla á hollustu og heilbrigði starfsmanna og er aðstaða í nýjum húsakynnum okkar í samræmi við ýrtruðu kröfur um vinnuvernd. Starfsmenn bankans eru nú nálægt 40. Við erum kraftmikill og samhentur hópur með mikið frumkvæði, þekkingu á fjölbreyttu sviði og keppum sífellt að góðum árangri bankans og viðskiptavina hans.

Markaðsstjóri

stýrir stefnumörkun bankans á sviði markaðsmála, annast áætlanagerð, sér um framleiðslu auglýsinga, skipulagningu viðburða á vegum bankans og innri markaðssetningu. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með ríka sköpunargáfu, háskólamenntun og reynslu af markaðsmálum. Viðkomandi þarf að hafa góða skipulagshæfileika, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.

Sérfræðingur í eignastýringu

sinnir utanumhaldi eignasafna, greiningu fjárfestingarkosta og öflun nýrra viðskiptavina. Eignastýring VBS fjárfestingarbanka sinnir ávöxtun fjármuna viðskiptamanna eftir fyrirfram skilgreindri fjárfestingarstefnu ásamt því að selja fjölbreyttar fjárfestingarvörur og sjóði. Við leitum að viðskipta- / hagfræðingi með áhuga á krefjandi starfi á verðbréfamarkaði. Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli samskiptafærni, þjónustulund og frumkvæði og geta til þess að vinna undir álagi er ótvíræður kostur. Góð enskukunnátta er áskilin ásamt færni í notkun helstu tölvuforrita, einkum Excel. Reynsla af störfum á verðbréfamarkaði er kostur en ekki skilyrði.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 26. nóvember nk. Nánari upplýsingar veita Kristín Guðmundsdóttir og Elísabet Sverrisdóttir hjá Hagvangi. Netföng: kristin@hagvangur.is og elisabet@hagvangur.is



VELKOMIN TIL OKKAR

SMFR sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu leitar eftir faglærðu og ófaglærðu starfsfólki á:

- heimili fatlaðs fólks
- hæfingarstöðvar
- skammtímvistanir
- meðferðarheimili

Í boði er:

- vaktavinna og dagvinna í mismunandi starfshlutföllum
- öflugur stuðningur í starfi
- fjölbreytt og lærdómsrík störf
- námskeið og þjálfun

Nánari upplýsingar um störf eru veittar á skrifstofutíma í síma 525 0900 eða á heimasíðu www.smfr.is Laun samkv. samningi SFR eða Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra og BHM, byggt á kjarasamningi fjármálaráðherra og BHM.



smfr

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi



Schindler

Héðinn Schindler lyftur ehf.
Óskar eftir rafvirkjum eða vélvirkjum í eftirlit, viðhald og uppsetningar á lyftum. Upplýsingar í síma: 893 1674



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Ingunnarskóli

Kennarar óskast í Ingunnarskóla

Stigtjóri á miðstigi
Kennari á miðstigi
Stuðningsfulltrúi



Áhugasamir hafi samband við:

Guðlaugu Sturlaugsdóttur, skólalastjóra gustur@ingunnarskoli.is 664-8265 eða Þuríði Sigurjónsdóttur aðstoðarskólalastjóra thuridur@ingunnarskoli.is 664-8266 eða í síma 411-7828.

Tökum vel á móti góðu fólki.

Ingunnarskóli er framsækinn skóli með áherslu á sveigjanlega starfshætti, einstaklingsmiðað nám, samkenndu árganga og teymisvinnu kennara. List- og verkgreinar skipa stóran sess og eru meðal annars samþættar samfélags- og raungreinum í gegnum þemavinnu. Markvisst er unnið að því að styrkja jákvæða hegðun nemenda. Skólinn er móðurskóli í einstaklingsmiðuðu námsmati en auk þess er unnið að mörgum þróunarverkefnum. Skólahúsið er hannað með hliðsjón af hugmyndafræði skólans og styður því vel við starfið sem þar fer fram. Í skólanum er mjög góður starfsandi og vel búið að kennurum.

22 árs kvk vantar herb. Er reykl. og reglusöm. Uppl. í s. 820 9231 Elín.

Trésmiður óskar eftir 3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst. Uppl. í síma 6917484

2 herbergja íbúð óskast miðsvæðis eða í Kópavogi, reglusemi, reykleysi og skilvísnum greiðslum heitið. S: 8665211

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innisiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphitðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Gisting

Langtíma leiga - Longterm rental Hótel miðsvæðis í Reykjavík. Hotel in central Reykjavík Óll herbergi með baði. All rooms with private facilities Vikan frá kr. 34.000 m/morgunmat. One week starting at ISK. 34.000 incl. breakfast. Mánuður frá kr. 120.000 m/morgunmat. One month starting at ISK. 120.000 incl. breakfast. Uppl./info hóteltjóri/hotel manager sími: 562 3350

ATVINNA

Atvinna í boði



Viltu vinna í sólinni? Reykjavík-Spánn. Íslenskur þjónustufulltrúi óskast, starfsþjálfun í Reykjavík og flutningur á nýju ári í nýtt alþjóðlegt þjónustuver á Spáni til að aðstoða Íslenska viðskiptavinum við kaup á nýjum og nýlegum bílum í síma og yfir netið. Spennandi starf, góðar tekjur og miklir framtíðarmöguleikar. Nánari Uppl: <http://www.islandus.com/atvinna>



Bakari

Mosfellsbakari óskar eftir að ráða bakara til starfa í nýju og glæsilegu bakari í Mosfellsbæ. Allar nánari upplýsingar veitir Hafliði í síma 660 2151.

Bakariíð hjá Jóa Fel
Poszukujemy osoby do przygotowania kanapek. Praca od 6 do 15. Codziennie i co drugi weekend. Wiecej informacji od 9 do 14 na miejsku BAKARI HJÁ JÓA FEL, HOLTAGARÐAR 104-REYKJAVÍK

Ræsting - Þrif

Góð vinna fyrir heimavinnandi 50-60% starf. Viljum bæta við starfsfólki í þrif sem fyrst. Unnið 5 morgna aðra vikuna og 2 morgna hina vikuna. Umsóknir á staðnum og á www.krínglukrain.is Uppl. um starfið í s. 893 2323.



Ítalía - veitingahús
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í fullt starf í sal. Unnið er á vöktum. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.
Veitingahúsið Ítalía
Laugavegi 11



Vaktstjóri
Shell Laugavegi
Vilt þú takast á við áhugavert starf og vinna með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun og vaktumsjón.
Unnið er á tvískiptum vöktum mánudag til sunnudags frá kl. 7.30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði.
Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 eða Óskar, stöðvarstjóri, í síma 561 9926. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.

NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS
HOLTAGARÐAR - Smáralind
„JÓI FEL“ opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagarðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í bakarí okkar í Smáralind strax.
Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS

Kringlukráin
Viljum bæta við þjónustufólki í fullt starf og auka vinnu. Lágmarksaldir 18 ára.
Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is & Uppl. í s. 893 2323.



Helgarstarfsfólk óskast
Bæjar Bakari í Hfj. óskar eftir starfskröftum í afgreiðslu um helgar. www.bakst-ur.is eða í s. 555 0480, Sigurður.



Rafvirkjar!
Er ekki kominn tími á að breyta til? Vantar menn í snyrtilega og þægilega innvinnu við uppsetningar á tæknibúnaði. Í boði eru góð laun, 13. mánuðurinn greiddur, sími og vinnubíll. Aðeins íslenskumælandi menn koma til greina.
Allar nánari upplýsingar í s. 660 4090, Birgir.

Söluturninn
Kópavogsnesti
Vantar fólk í dagvinnu og helgarvinnu. Góð laun í boði.
Upplýsingar í síma 893 0326.



Súfistinn bóka- og kaffihús
Reykjavík í húsnæði Máls & Menningar og Hafnarfirði.
Laus er til umsóknar 100% störf við afgreiðslu og þjónustu. Einnig hlutastörf.
Umsóknareyðublöð á staðnum og á sufistinn.is Uppl. um starfið gefa Ólöf í s. 659 1139 & 552 3740 og Hjördís í s. 694 9148 eða s. 565 3740.

Meiraprófsbílstjórar!
Meiraprófsbílstjórar óskast á suðvestur horninu. Um er að ræða flutningabíla með tengivagn. Einnig vantar bílstjóra út á land. Góð laun í boði fyrir góða menn.
Áhugasamir sendi póst á jbo6@mac.com

ATVINNA-DEILDARSTJÓRI
Deildarstjóri í smávöru óskast til starfa í Rúmfatagerum Góð laun í boði, upplýsingar gefur Eyþór í síma 820-8004 Rúmfatagerinn Smáratorgi
Upplýsingar gefur Eyþór í síma: 820-8004 Eða á staðnum Rúmfatagerinn Smáratorgi.

Vantar vant fólk í fiskvinnslu, snyrting og þökkun. Upplýsingar í síma 660-5454

Úlfsráð ehf getur bætt við sig verkefnum í aðgerðagreiningu. Uppl. Úlfar 6996791

Need 3-4 workers at a big Car wash. Good salary, lots of work. S. 697 8720.

Óskum eftir bílstjóra, meirapróf kostur en ekki skilyrði. Næg verkefni framundan. Áhugasamir hafi samband í síma 899 2536.

FASTEIGNIR

Opið hús í dag á milli kl. 16:00 og 17:00
Starengi 108 einbýli- 4,15% vextir!



Til sýnis í dag sérlega vandað 177 fm einbýli á einni hæð með bílskúr. Stórar stofur og 3 svefnherbergi. Badherbergi með badkari og sturtu. Eldhús með fallegri innréttingu og góðum borðkrók. Sólstofa með hita og verönd með heitum potti. Húsið var málað að utan síðastliðið sumar. Möguleiki að yfirtaka hagstætt lán að upphæð ca. 16,7 millj. á 4,15% vöxtum. Verð 54,9 millj.
Haukur sími 822-4850 tekur vel á móti gestum í dag á milli kl 16 og 17.

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

RIZZO PIZZERIA Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og í síma. Upplýs gefur Diddi í s 840-6670

Hress og duglegur starfsmaður óskast í lítinn íbúðakjama í Vesturbænum þar sem búa fatlaðir einstaklingar. Vinnutími nokkur kvöld í viku og önnur hver helgi, getur hentað vel með námi. Nánari upplýsingar gefa Rannveig sími 5613041 fyrir hádegi og Droplaug sími 411-2700.

Hárgreiðsla

Höfum áhveðið að bæta við okkur 1-2 starfsmönnum, góð laun í boði fyrir rétta fólk. Allar umsóknir trúnaðarmál. Klipparinn í Laugum. Uppl. Björgvin 899 5130 & Linda 899 5962.

Veitingahúsið Galito auglýsir eftir matreiðslumanni og framleiðslumanni eða starfsmanni í sal með mikla reynslu. Uppl. í s. 698 6761.

Óskum eftir starfsmanni á verkstæði sem sér um aukahlutasetningar og klæðningar í bíla Uppl í síma 698 7270 Kalli.

Lagerstarfsmaður óskast. Stálsöluvirktekið Ferro Zink hf í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann á lager. Við leitum að röskum og þjónustulíprum starfsmanni í framtíðarstarf. Upplýsingar veitir Helgi í s. 896 9708.

hendur.is
Vantar starfsmann í bókhald, ca. 10 klst á viku. Stúdentspróf skilyrði. Uppl. á www.hendur.is

Atvinna óskast

Snyrtifræðinemi óskar eftir að komast á samning, sem fyrst
25 ára Snyrtifræðinemi óskar eftir að komast á samning. Flest kemur til greina, Uppl. í s. 862 7873 & karen-peta@hotmail.com. Karen.

Hendur.is
Vantar þig hjálparhönd? Ef þú þarft aðstoð við þríf, veisluþjónustu, hönnun, bókhald o.s.frv. þá gætirðu fundið rétta einstaklinginn hjá okkur. Uppl. á www.hendur.is

SMÁAUGLÝSINGAR

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Styrktarsjóður. Finns Ingólfssonar. Stofnfundur sjóðsins verður haldinn eftir nánari auglýsingu. Vinsamlegast tilkynnið þáttöku á email: blanki_finnur@visir.is

Einkamál



Til sölu VW passat 2l fis higline, árgerð '05. Ekin 47670. Fæst á yfirtöku. Afborgun 42 á mán. Upplis. í síma 8676704

18plús.is
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

FASTEIGNIR



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓDINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Haukanes 11- Einbýli á Arnarnesi

Opið hús í dag frá kl. 15-17



Haukanes-Garðabæ.
Einbýlishús með sjávarútsýni
Fallegt og vel skipulagt 483 fm einbýlishús með 56 fm innb. bílskúr á þessum eftirsóttu stað með sjávarútsýni á Arnarnesi. Eignin skiptist m.a. í eldhús, setustofu, arinstofu, rúmgóða borðstofu, sjónvarpshol með útgangi á svalir, stórt hobbýherbergi, 3 rúmgóð svefnherb. auk fataherb. og 2 badherbergi. Sér 2ja herb. aukaíbúð er á jarðhæð hússins með gufubaði innaf. Verulega aukin lofthæð á aðalhæð hússins. 1.333 fm skjólgóð og ræktað lóð. Gróðurhús á baklód.
Eignin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 15-17.
Verið velkomin

Skólagerði 61 - Kópavogur



Góð endurnýjuð 78,9 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt ca 7 fm geymslu og því alls um 86 fm á rólegum stað í vesturbæ Kópavogs. Nýlegt eldhús með hvítri og mahony innréttingu, stáltækjum, helluborði og borðkrók. Sér ca 7 fm geymsla er í kjallara og er hún ekki inni í fm tölu íbúðar. Sérmerkt bílastæði fylgir íbúðinni.

AS
FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9-18

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali



LUNÐUR

FASTEIGNASALA

SÍMI 533 1616

FAX 533 1617

SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRÍÐFINNS, 108 REYKJAVÍK

Karl Gunnarsson löggiltur fasteignasali

www.lundur.is • lundur@lundur.is

Karl Gunnarsson
lögg. fasteignas.Nína Karen
Jónsdóttir
skrifstofustjórnErlendur Tryggvason
lögg. fasteignas.Kristján P. Arnarsson
lögg. fasteignas.Kristbjörn
Sigurðsson
lögg. fasteignas.Steinunn Ásgerður
Frimannsdóttir
lögg. fasteignas.

OPIÐ HÚS Í DAG KL.14 – 15 ANDRÉSBRUNNUR 16 – 1. HÆÐ MED GARDI

OPIÐ HÚS



Vel skipulögð og fallega innréttað 4ra herbergja íbúð í góðri lyftublokk. 30 fm sérverönd.

Forstofa, hol, góð stofa, borðstofa með útgengi í garð, opið eldhús, 3 herbergi og baðherbergi. Parket og flísar á gólfum. Húsið er steinað að utan og viðhaldslítið. Eigninni fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. **Verð 28,9 millj.**

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 13 – 14 PORLÁKSGEISLI 31 – LYFTUBLOKK

OPIÐ HÚS



Falleg og vel um gengin 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í 8 íbúða stigahúsi með lyftu. Hol, eldhús, stofa, 3 herbergi, baðherbergi, geymsla og þvottahús. Parket og flísar á gólfum. Suð-vestursvalir. Stæði í upphituðum og björtum bílageymslukjallara, en úr honum er aðgengi að lyftu. **LAUS VIÐ KAUP-SAMNING. Verð 31,5 millj.**

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 15.30-16.30 DUGGUVOGUR 15 – EFRI HÆÐ

OPIÐ HÚS



Glæsileg, nýuppgerð 121 fm 3ja - 4ra herb. samþykkt efri sérhæð í íbúðar/iðnaðarhverfi. Sérinnangangur á jarðhæð, forstofa, stigi til efri hæðar, hol, stofa og borðst., 2 stór herb., flísal. baðh. með sturtu og nudd-baðkari, upph. wc, eldhús með vandaðri innréttað. og tækjum. Eignin er öll endurnýjuð og vel til alls vandað. Nýjar raf- og tölvulagnir, þjóf- og brunavarnakerfi. Húsið er nýlega málað að utan. Gerfihnattadiskur. Samþykktar teikningar fyrir 12 fm svölum (2x6m) og búið að teikna drög að stækkun á efri hæð. Skemmtilega hönnuð íbúð. **Verð 33,9 millj.**

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14-16 – ENNISHVARF 3, KÓPAVOGI



Eitt glæsilegasta einbýlishús á höfuðborgarsvæðinu.

- 320 fm einbýli á stórra lóð.
- Stutt í ósnortna náttúru.
- Frábært útsýni.
- 50 fm. svalir.

Mjög hagstæð lán frá Kaupþing banka geta fylgt – 4,15% vextir.

Húsið er fullbúið að utan og rúmlega fokhelt að innan.

Upplýsingar gefur Helgi í síma 898 6174

GULLSMÁRI 7, Kópavogi



3ja herb. 75,6 ferm. íbúð á 2. hæð f. 60 ára og eldri. Á gólfum er parket og flísar. Vandaðar innréttingar.

Til afhendingar strax.
Verð 26.500.000

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.
LIT ehf., Borgarnesi
Ingi Tryggvason hdl. lögg. fast.s.
s. 437 1700, gsm 860 2181
netfang: lit@simnet.is

ÁSAKÓR 13 – 15

OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI 14:00 – 16:00
SÖLUMENN KLETTS TAKA Á MÓTI GESTUM, ALLIR VELKOMNIR!



Ásakór 13-15 er sex hæða fjölbýlishús með tveimur stigahúsum og bílageymslu með 23 bílastæðum. Að innan skilast íbúðir fullbúnar án gólfefna. Gólf í baðherbergjum og þvottahúsum verða flísalögð en önnur gólf ekki. Innréttingar verða af vandaðri gerð frá DK-Kökken, innflytjandi er DK Innréttingar. Tæki verða frá Heimilistækjum, Whirlpool ofn, helluborð og háfur frá Tecnowind eða sambærilegt. Innréttingar eru mismunandi í hverri íbúð fyrir sig, teikningar af innréttingum afhendast sér.

Parket fylgir hverri íbúð nánari upplýsingar hjá sölumönnum Kletts fasteignasölu

Ásett verð:

3ja herbergja frá 25,9 millj. (103,6 fm)

4ra herbergja frá 34,6 millj. (138,4 fm)

5 herbergja frá 35,1 millj. (157,4 fm)



Klettur fasteignasala
Skeifunni II

Sími 534 5400

Fasteignasala GÓ 421-8111

Hafnargötu 79 • Reykjanesbæ • Sími 421-8111 • www.fasteign.com

HEIÐARHOLT 6, KEFLAVÍK



Góð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í fjölbýli. Hol, stofa og herbergi með parketi. Útgangur úr stofu á verönd með skjólgirðingu. Eldhús, lökkuð innrétting, flísar milli skápa, límré í boröplötum og flísar á gólfi. Baðherbergi flísar á gólfi. Sérgeymsla í sameign. **Allt parket er nýtt, innihurðar nýjar og íbúðin er nýmáluð innan.** Lóð frágengin og næg malbikuð bílastæði. Góð staðsetning í nánd við Heiðaskóla. Eignin er laus strax. Verð 14,8 m.

Gunnar Ólafsson löggiltur fasteigna- og skípasali

RE/MAX

Senter

90% lán

Stimpilgjald greitt af seljanda

29.900.000. - 39.200.000. kr.

Aðeins fimm íbúðir í boði

4ra herbergja íbúðir



Til sölu glæsilegar fimm íbúðir á frábærum stað í Kópavogi. Íbúðirnar er 4 herbergja, með vonduðum innréttingum og heimilistækjum.

Verðbil frá 29,9 milljónum til 39,2 milljóna.
Stimpilgjald greitt af seljanda.

HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUADILA

SVAVA
898 3023
svava@remax.is



NANNA
899 9493
nanna@remax.is



PÓRUNN GÍSLAD.
Lögg. fasteignasali



Sólvallagata 82101 Reykjavík
Glæsileg eign við sjávarkambinnStærð: 113,3 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 20.990.000
Bílskúr: Nei**RE/MAX**
Lind**Opið Hús**

Sunnudaginn 18 nów kl 15:00 til 16:00

Verð: 32.900.000

Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
693 4085
gylfi@remax.isAnna Karen
Sölufulltrúi
862 1109
annaks@remax.isÞórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.

thorarin@remax.is

RE/MAX LIND KYNNIR: Íbúð með lokuðu bílskúli í nýlegu húsi í gamla Vesturbænum. Útsýni yfir sjóinn og göngufærni í miðbæinn. Skólar, leikskólar, verslanir og þjónusta í næsta nágrenni. Lyfta úr bílskúli. Húseignin er vönduð, vel frágengin og mýruð með marmarasalla. SKIPTING ÍBÚÐAR: Komið er inn í forstofu með góðum skáp. Þaðan er komið inn á gang en frá honum er gengið í önnur rými íbúðarinnar. Flúmgóð stofa og borðstofa, með fallegum gluggum og útgengi út á rúmgóðar svalir. Eldhúsið er með mjög fallegri L-laga innréttingu úr eik eins og allt annað tréverk í íbúðinni, borðkrók og glugga. Þrjú rúmgóð herbergi eru í íbúðinni, öll með góðum skápum. Fallegt baðherbergi með sturtu og baðkari. Hiti í gólfum á baði og í eldhúsi. Stórt þvottahús er í íbúðinni. Sérgeymsla og góð sameign í kjallara. Eign í háum gæðaflokk. GÓLFEFNI ÍBÚÐAR: Flisar eru á baði, þvottahúsi, eldhúsi og forstofu en fallegur rustik hlýnur er á öllum öðrum gólfum. Mjög gott aðgengi til dæmis fyrir hreyfihamlaða. Eignin getur verið laus 10 desember. Verið velkomin í opið hús.

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

**STRANDGATA - HAFNARFIRÐI
SJÁLFSTÆÐISHÚSIÐ**

Einkar virðulegt og vel við haldið 313 fm hús á frábærum stað í miðbæ Hfj. Húsið hentar vel undir veitinga- eða skemmtistað eða jafvel sem virðulegt einbýli. Húsið er á þremur hæðum og er jarðhæðin í útleigu í dag.

Tilboð óskast.**AS**
FASTEIGNASALAHafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9-18

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

**10.665 m² byggingarlóð
Móhella 1 - Hafnarfirði**

Til sölu er lóðinni númer 1 við Móhelli í Hafnarfirði sem 10.665 m² að stærð. Lóðin er tilbúin til uppbyggingar og hefur aðkomu bæði frá Móhelli og Íshelli auk þess að vera vel sýnileg frá Reykjanesbrautinni. Inneign í gatnagerðargjöldum eru 4.000 m² en nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,7 því má byggja 7.465 m² hús á lóðinni. Hér er á ferðinni framtíðs-

Jón Gretar Jónsson
Sölumaður
GSM: 617 1800

arbyggingarstaður fyrir hverskonar atvinnurekstur. Þetta er eign sem getur hentað vel sem höfuðstöðvar fyrir stórt fyrirtæki og eða hjúst mörg smærri fyrirtæki. Óskað er eftir tilboði í lóðina.

Allar nánari upplýsingar veitir Jón Gretar Jónsson,
framkvæmdastjóri Húsakaupa í síma 617 1800.**HÚSAKAUP**

Guðrún Árnadóttir lögg. fasteignasali

- sími 530 1500 - heimasíða www.husakaup.is -**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040****FAX 533 4041****OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17**

Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

Fasteignasala • Ármúli 21 • www.kjoreign.is

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG KL. 16 - 17.
KJARRMÓAR 12, GARÐABÆR.**

Raðhús og sérstæður bílskúr á frábærum stað í Garðabæ. Húsið er aðalhlæð og rishæð. Bílskúrin er mög rúmgóður með mikilli lofthæð. Jeppaskúr. Eignin er algerlega endurinnréttuð. Ný gólfefni og innréttingar. Öll tæki á baði eru ný. Um er að ræða sérlega fallegt 3ja herbergja raðhús í góðu ástandi. Verð 39,5 millj. Laust strax. **TEKIÐ ER Á MÓTI ÁHUGASÖMUM Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL. 16-17.**

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður, sími: 896 6913Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

Síðumúla 13 - sími 569 7000 - miklaborg@miklaborg.is

STRANDVEGUR 18 - 1. HÆÐ

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 14 OG 15



Sérlega glæsileg 130 fm. 4ra herbergja íbúð með sólríkum garði með timburverönd og svölum í fallegu fjölbýlishúsi í þessu eftirsóttá hverfi. Húsið er byggt af Byggingarfélagi Gunnars og Gylfa. Eignin sem er á 1. hæð frá götu og jarðhæð frá garði skiptist m.a. í sjónvarpshol, tvö herbergi, stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Sérgeymsla í kjallara. Lyfta er í húsinu. Fallegt sjávarútsýni. Yfirtakanlegt hagstætt ákvílandi lán frá Glitni með 5,2% vöxtum. Verð 38,5 m.

Einar Þór tekur á mótí gestum.



ATVINNUHÚSNÆÐI

KLETTAGARÐAR - STÓRGLÆSILEGT 2820 FM STÁLGRINDARHÚS



Húsnæðið er einstaklega vel staðsett rétt við Sundahöfn. Húsnæðið samanstendur af 1733,4fm vörlager, lofthæð við útveggi 10,7mtr en hæð við mæni 12,7mtr. Á húsinu eru þrjár stórar útkeyrsludyr og er hver þeirra 4,70mtr á breidd og 4,23mtr á hæð. Búið er að setja upp ca:647fm milliloft sem skiptist í 523fm á annari hæð en þar eru skrifstofur, kaffistofa, lager o.f.l. Yfir annari hæð er 124 fm skrifstofuhúsrými með góðu útsýni yfir vinnusal. Húsnæðið er einangrað. Í húsnæðinu er mjög öflugt loftræstikerfi. Stórt malbikað bílaplan er fyrir framan húsið. Lóðin er afgirt. **Stutt er í allar helstu flutningsmiðstöðvar svo sem: Flytjandía og Landflutninga.**

Allar frekari upplýsingar veitir Leifur Aðalsteinsson í síma : 820-8100.

Vagnhöfði Reykjavík



Mjög gott 1224 fm. atvinnuhúsnæði á góðum stað á Höfðanum. Eignin er á þremur hæðum hver hæð rúmlega 400 fm. Efsta hæðin er í útleigu, góðar leigutekjur. Á miðhæðinni eru fjögur bíl, góðar innkeyrsludyr. Kjallarin er með góðri lofthæð, rampur er niður í kjallarann frá Vagnhöfða. Mögulega má gera inngang í kjallarann frá Dvershöfða. Efsta hæðin er öll í útleigu, öryggir leigendur. Miðhæðin og kjallarin geta losnað mjög fljótlega. **Hér er húsnæði sem býður upp á mikla möguleika.** 1 hæð og kjallari er einnig til leigu. **V. 230 millj.** (5114)

Stangarhylur



Mjög vel staðsett 1712 fm atvinnuhúsnæði, nánar tilgreint skrifstofu, verslunar- og iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum auk kjallara. **Húsnæðið er allt í leigu og geta leigusamningar fylgt.** Húsið lítur vel út. Vel staðsett hús á vinsælum stað. **V. 340 millj.**

Hverfisgata - Til Leigu



Mjög gott 328,8 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð með góðum innkeyrsludyrum. Tvær skrifstofur eru í rýminu. Tveir sérinngangur ásamt inngangi frá sameign. **Húsnæði er laust til afhendingar strax. Mjög snyrtilegt húsnæði, hentugt undir t.d.lager.**

Allar frekari upplýsingar veitir Leifur Aðalsteinsson í síma : 820-8100.

Álfhólsvegur. Byggingareitur.



Vel staðsett hornlóð með útsýnisstað í grónum hverfi í Kópavogi. Fyrirliggjandi samþykktar teikningar af 13 íbúða húsi með bílageymslu fyrir 26 bíla. Samkvæmt nýju deiluskipulagi verður núverandi hús rífið. Núverandi hús á lóð gefur um 500 þúsund í leigutekjur á mánuði. 1 hæðin skiptist í: Sex íbúðir í stærðinni frá 89,2 til 128,6fm. Íbúðirnar eru 3 til 5 herbergja. 2 hæðin skiptist í : 5 íbúðir í stærðinni 89,2 til 154,3fm.Íbúðirnar eru þriggja til 5 herbergja. 3 hæðin skiptist í : 2 inndregnar penthouseíbúðir með stórum svölum. Íbúðirnar yrðu 5 herbergja.

STÓRBORG
fasteignasala

Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300

SÖLUSÝNING Í DAG KL. 16 - 16:30
Skólbraut 8 - 170 Seltjarnarnes



Falleg 158,3 m², 5 herbergja neðri sérhæð á Seltjarnarnesi, möguleiki er að kaupa allt húsið í einu, þ.e. báðar íbúðirnar í húsinu. Mjög stutt er í alla þjónustu hvort sem það er leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, sundlaug, íþróttahús, bókasafn eða verslanir. Verð: 45,8 millj.

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. Löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASTOFAN
Fjarðargötu 19 565 5522

OPIN HÚS Í DAG
MILLI KL. 15 - 17
EINIVELLIR 7 HF. - ÍBÚÐ Á
EFSTU HÆÐ MERKT 0505



Vorum að fá í einkasölu mjög fallega og bjarta íbúð á efstu hæð í nýju lyftufjölbýli á Völlum í Hafnarfirði. Íbúðin er 87 fm og með rúmgóðum suðursvölum. Glæsilegar kirsuberjainnréttingar og halogenlýsing. Parket og flísar á gólfum. Sérinnangangur af svölum.
Verð 23,4 millj.

Guðlaugur tekur vel á móti gestum

MÍÐSKÓGAR, ÁLFTANESI
PANTIÐ SKOÐUN



Nýkomið í einkasölu. gott einlyft einbýli með tvöföldum bílskúr, alls 200 fm. að stærð, auk þess er góð sólstofa ca. 15 fm. að stærð. Mjög góð staðsetning, einstaklega fallegt útsýni.
Verð kr. 52,5 millj.

Allar nánari upplýsingar gefur Helgi í síma 692 0009

domus
FASTEIGNASALA

Jan Erlíksson
Löggiltur fasteignasali, hdl.

VESTURBRÚN 14 - 104 REYKJAVÍK
Sölusýning í dag milli kl. 16.00 - 16.30 - Lækkað verð



Mjög góð 2ja - 3ja herberja 86,5fm íbúð á jarðhæð á frábærum stað. Útgengt úr stofu á sérafnota pall og snyrtilegan garð. Eign á frábærum stað, í göngufæri við Laugardalinn. - Laus fjótlega.
Verð 24,9 millj.

Ágúst R. Pétursson
Sölufulltrúi
agust@domus.is
s. 664 6025/440 6025

www.domus.is Laugavegi 97 | 101 Reykjavík | sími 440 6000

Draumahús 530 1800

Blöndubakki 6 - 109 Rvk

Opið hús í dag kl. 14:00-14:30



24.900.000
Falleg 102,0 fm. 4ra herb íbúð ásamt auka herbergi í kj og geymslu samt 118,6 fm. Þvottahús innan íbúðar. Eignin er vel staðsett uppá skóla og alla þjónustu.
Sölumaður Draumahúsa verður á staðnum.

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 50
(Bláa húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300

Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

Álfhólsvegur 24A - 200 Kóp.
Opið hús í dag sunnudag kl 16:00-16:30



Endurnýjað 185,7 fm. 5 herb. raðhús 3 svefnh., 2 stofur, 2 WC. Góð geymsla m. gluggum og vatnsinntaki. Bílsk. 30 fm. Garðhýsi og skjólsæll sólpallur. **Laust við samning.** Verð 39,8 millj.

Guðný Guðmundsdóttir tekur á móti gestum gsm 821 6610. - Verið Velkomin!

HÚSAVÍK
FASTEIGNASALA

BORGARTÚN 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
ELÍAS HARALDSSON
LÖGG. FASTEIGNASALAR

Opið hús í dag milli kl. 16 - 17
Beykihlíð 6 Reykjavík - Tvö sérstæð hús




Um er að ræða mjög skemmtilega og sérstaka eign sem samanstendur að tveimur sérstæðum íbúðarhúsum á sömu lóð. **Stærri húsið** er 200,1 fm á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Neðri hæðin skiptist í forstofu, geymslu (inn. í bílskúr), gesta wc, hol, stofu, borðstofu og eldhús. Efrí hæð. Fimm svefnherbergi og baðherbergi. Nýtt eikarparket á öllum gólfum fyrir utan baðherbergi, gesta wc og geymslum.

Minna húsið er 82,0 fm á tveimur hæðum og er í útleigu í dag (130 þús. per/mán). Neðri hæðin skiptist í anddyri, hol, baðherbergi, eldhús og stofu. Efrí hæðin skiptist í hol, tvö svefnherbergi og geymslu. Frábært útsýni. Sér bílastæði.

Elias Haraldsson lögg.fasteignasali tekur vel á móti gestum. Teikningar á staðnum.

Opið hús í dag milli kl. 14 og 15:30
Marargrund 7 Garðabæ - 66 fm bílskúr




Stórglæsilegt 296,3 fm einbýlishús á tveimur þöllum þar með talinn 66,5 fm bílskúr í lokaðri götu á vinsælum stað í Garðabæ. Eignin skiptist; forstofa, hol, 5-6 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og sólstofa. Vandaðar innréttingar. Glæsilegt nýtt eldhús ásamt nýrri viðbyggingu sem er borðkrókur og sólstofa. Einnig er nýbyggð tengbygging milli húss og bílskúrs þannig að innangengt er í bílskúrin. Bæði baðherbergin eru nýlega endurnýjuð á smekklegan máta. Parket og flísar á gólfum. Lóðin er ný endurnýjuð þmt. dren og jarðvegur. Nýir sólpallar, nýr rafmagnspottur og garður í rækt. Bílskúr er 66,5 fm stór með gryfju og stóru plani sem býður upp á ýmsa möguleika. Frábært tækifæri til að eignast sóra og fallega eign á vinsælum stað.
Verð 79,0 millj.

Elias Haraldsson lögg.fasteignasali tekur vel á móti gestum. Teikningar á staðnum. Allir velkomnir.

HÚSAVÍK - GOTT ORÐSPOR - TRAUST VIÐSKIPTI

LOGAFOLD 144 - OPIÐ HÚS



Mjög gott 217 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Stofu og borðstofu með arni, mikilli lofthæð og eldhús með eikarinnréttingu. Forstofuherb. og 3 svefnherb. einnig tvö herb. í risi. Baðherbergi með baðkari og sturtuklefa og uppert gestasalerni. Innan gengt úr þvottaherb. í bílskúr.
Verð 63,5 millj.

Tekið á móti áhugasömum í dag á milli kl. 14 og 15

LOGAFOLD 49 - OPIÐ HÚS



Fallegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Gert ráð fyrir auka íbúð á neðri hæð. Eignin er skráð 227 fm, íbúðarrými 195 fm og bílskúr 32 fm (auk ca. 90 fm eða alls ca. 317 fm). **Verð 69 millj.**

Tekið á móti áhugasömum í dag á milli kl. 15 og 16

564 6464
Síðumúla 24 • 108 Reykjavík
hof@hofid.is • www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson
lögg. fasteignasali
Jón Guðmundsson sölustjóri

Rauðamýri - 240 Mosfellsbæ
Opið hús í dag sunnudag kl. 14:00-14:30



Sérlega falleg 143 fm 4ra herbergja lúxus endaíbúð á útsýnisstað við Úlfarsfell. Fullkomið gólfhitakerfi með sérstakri hljóðeinangrun á milli hæða. Dyrasími. Íbúðin skiptist forstofu, eldhús, stofu, hol, hjónaherbergi, tvö svefnherbergi til viðbótar með sérstakri loftun í gluggum, baðherbergi og þvottaherbergi ásamt sér geymslu í sameign og staði í bílageymslu. **Verð 36,9 m.**

Guðný Guðmundsdóttir gsm 821 6610 tekur á móti gestum. - Verið velkomin!

Sólheimar 26 - 104 Rvk
Opið hús í dag sunnudag kl. 15:00-15:30



5 herb. mikið endurnýjuð 123,5 fm sérhæð á efstu hæð í 4ra íbúða húsi með útsýni til suðurs, vesturs og austurs, sér hita og rafmagni. Íbúðin skiptist í eldhús m. borðkrók, 3 herbergi, baðherbergi m. glugga, hol og tvær stofur. **Verð 33,9 m.**

Guðný Guðmundsdóttir tekur á móti gestum, gsm 821 6610 - Verið velkomin!



MYND: FRETTLAÐIÐ/VALLI

ástandið á Laugaveginum og götunum í kring?

„Já, við vorum í góðri stöðu til að sjá hvernig hverfið á þessu svæði fór. Það er mikið þarna af bakhúsum og ástandið var lengi þannig að maður hugsaði: hvenær ætlar þessi niðurlæging að taka enda? Þá er ég að tala um niðurlægingu húsanna sem eigendur hafa forsómað að halda við. Svo er þarna sest að ógæfu-fólk, hefur hreiðrað um sig og það er ekki nokkur staðar á byggðu bóli slík vanræksla á miðborg og við höfum mátt horfa upp á.“

Kringlan sló lífsmarkið úr þessum miðbæ á sínum tíma. Það átti að byggja einhvern nýjan miðbæ. Og miðbærinn lamaðist. Ef maður gekk niður Bankastræti þá var það eins og dauðs manns gróf. Það er þó eitthvað líf þar núna og byggðin eitthvað að þéttast. Forsenda þess að miðbærinn komist á réttan kjól

leiðin er varla fólksbílafær. Arnarfjörðurinn er perla.

Svo gerðist það í fyrirasumar að það var farið að grafa þarna, sumpart fyrir mína tilstuðlan. Það hefur lifað þarna munnmælasaga sem er skráð um 1885 sem segir frá vígaferlum Austmanns sem settist að í Austmannsdal og Hringssdal. Hringur kemur frá Noregi og Austmann eltir hann en þeir höfðu átt í deilum í Noregi. Síðan segir sagan að Hringur hafi sent menn sína til skógarhöggs inn á Steinnes gegnt Bíldudal og þeir fara að honum tíu eða tólf. Hann nær að drepa átta austmenn áður en þeir fella hann. Þarna eru öll ornefni: Víghellan þar sem hann hryggbraut þá, Ræningjalág þar sem þeir komu að honum upp frá bænum, þarna er Efri-Bardagagrund og Neðri-Bardagagrund og svo segir saga að þeir hafi verið heyðir niður á Bökk-

Hingað kom kvikmyndalið á vegum Discovery til að gera þátt um þennan fund, stór hópur, og var unnið handrit um fundinn frá fyrra sumrinu, fræðimenn komu vestur og mjög fagmannlega að þessu staði. Svo gerist hið óvænta við lokin á tókunum að það finnst annar fornmaður, að vísu búið að hrófla við gröfni, en það fannst mjög fín öxi undir beinunum. Það sér ekkert fyrir endann á þessu. Nú er búið að leggja fyrir beiðni um meira fjármagn. En þegar Hringur er kominn suður, þá sækja Austmenn að honum aftur: nú vilja menn reisa olíuhreinsunarstöð í Arnarfirði.“

Milljarða og ekki meir

Þú hefur orðað þá hugmynd að þú viljir fá Hring aftur í hérað?

„Þetta er ekki yfirgripsmikið svæði í sjálfu sér. Staðurinn er ótrúlega falleg-

ars. Arnarfjörður – olíuhreinsunarstöð – hvaða geðveiki er þetta eiginlega? Ólafur Egilsson, fyrrverandi sendiherra, sem ég þekki frá fornu fari og er mikill áhugamaður um listir og menningarmál. Ólafur hlýtur að hafa dottið á hausinn og það er mikið fall því maðurinn er á þriðja metra. Auðvitað verður aldrei af þessu.

Nú er búið að skipa afmælisnefnd vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, það fyrsta sem þeir eiga að gera er að friðlýsa Arnarfjörð – það er ekkert flóknara. Það er búið að eyrnamerkja tvöhundrað milljónir – þeir eiga láta það í smáverkefni: láta Bókmenntafélagið fá þá peninga en það styttest í 200 ára afmæli þess. Þeir gætu látið smáaura í safnið í Selárdal eða til að ljúka greftrinunum í Hringssdal. Það sem á að gera er að taka tvo milljarða og gera þetta með stæl. Á hundrað ára afmæli Jóns

Að störfum í Morinskinnu Hilmar Einarsson og Klara Steinsdóttir.



Nú er búið að skipa afmælisnefnd vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, það fyrsta sem þeir eiga að gera er að friðlýsa Arnarfjörð – það er ekkert flóknara

er að það verður að fjölga fbúnum. Þeir verða sækja sér þjónustu og það eykur verslun. Hver vill ekki búa í miðborg? Það er allt þangað að sækja. Það er praktískt að búa í miðborg. Ég segi oft: Ef það fæst ekki í 101 hef ég ekki not fyrir það.“

Leiðin vestur

„Hringssdalur var búinn að vera í eyði í þrjátíu ár þegar við keyptum jörðina. Við höfum eytt þarna lunganum úr sumrinu í tuttugu og fimm ár. Það er bara tímaspursmál hvenær þjóðin upp-götvar Vestfirðina. Það eru bara vegirnir sem standa í vegi fyrir því. Sunnan-

um sem kallaðir eru.

Ég hugsaði mikið um þetta en var ekkert að aðhafast en fór svo að garfa í þessu og það var til þess að það fannst þarna lærleggur fyrir tilviljun. Og þá var Adolf Friðrikssyni á Fornleifastofnun útdeilt þessu verkefni og hann fór í þetta og fann Hring, eða fornmann með öllum sínum vopnum. Hann finnst þarna með sverð, spjót, skjaldarbólu sem er heilleg og mjög fátíð, og hárkambur. Síðan var grafið aftur í sumar og þar fannst þá manngerð hleðsla inni í þessum kumlateg sem virðist algerlega óspilltur því þar hefur ekki orðið neitt jarðrask.

ur. Það er bakki við sjóinn og sér fram fjörð og inn fjörð. Ég hef verið að hugleiða hvort það sé hægt að gera eitthvað með þetta á þessum stað. Það er allt framkvæmanlegt ef það eru einhverjir peningar. Vitaskuld verður að standa vel að því, en ég hef hugsað að þetta yrði að vera sem aðgengilegast, hugsanlega sé hægt að skoða fornmanninn í sinni gróf. Ekki með einhverri byggingu þótt það verði kannski endirinn á að þess þurfi. Ég hef mikinn áhuga á þessu.“

„Víkjum þá að hinum nýju austmönnunum.“

„Þessu laust niður eins og eldingu þegar þessi umræða hófst í byrjun sum-

Sigurðssonar var stofnaður Háskóli á Íslandi 1911. Svo ætla menn að setja 200 milljónir í þetta hátíðahald nú? Hvað er það? Það á að gera þetta með stæl, ekkert svona hérumbil. Fyrir hundrað árum áttu menn ekki neitt, núna eigum við allt. Hrafnseyri er ótrúlega fallegur staður. Og Arnarfjörður er engu líkur. Brátt koma göng svo það opnast allt svæðið. Hátíðanefndin á að fá til samstarfs við sig listafólk og aðra og búa til hugmyndabanka. Það er ekkert þarna sem dregur til sín fólk og því þarf að breyta. Við erum að tala um sjálfstæðis-hetju Íslendinga. Við eigum að gera þetta stórt, ekki smátt.“

Í FÁTÆKRALANDI

Í vikunni kemur út ný bók eftir **Pétur Gunnarsson** – þroskasaga Þórbergs Þórðarsonar. Hér að neðan er birtur hluti af þriðja kafla verksins en Pétur hefur víða leitað fanga, bæði í útgefnum og óútgefnum verkum, sendibréfum, dagbókum og óútgefnum ævisöguhandriti, auk annarra heimilda, til að draga upp mynd af skáldinu og hugarheimi þess og veruleika. JPV útgáfa er útgefandi.

Um vorið, á vinnuhjúaskildaga 15. maí 1913, er Þórbergi sagt upp húsnæðinu á Skólavörðustíg

10. Þessi umgjörð frelsis og ástar, þessi Paradís í endurliti, nú var honum úthýst þaðan, ekki með látum, þvert á móti tekur það sómahjónin Berg og Hólmsfríði sárt, „en þetta getur ekki gengið svona lengur“.

Nei, og hann finnur fyrir létti, því um leið losnar hann undan augliti lánarrottanna, losnar við samviskubitið yfir að standa ekki í skilum.

Eftir nokkra leit býðst honum lítil þakherbergiskompa í Þingholtsstræti 33, nýlegu húsi Þorsteins Erlingssonar skálds. Þangað flytur hann með þjónkur sínar: rúm, stól, borð – allt fengið að láni – og svo forlata kopp sem frá Hólmsfríður hafði skenkt honum að skilnaði, gamlan ættargrip.

En hvar á hann að matast?

Ég byrjaði með því að kaupa mér bollapar, svolitla kastarolu og agnarlitla sprittvél hjá Zimsen og háflösku af brennsluspiritus. Vélin var á stærð við lítinn kaffibolla og kostaði 50 aura. Síðan byrjaði ég að draga matföngin í búid: rúgbrauð, sigtibrauð, margarín, ost, kókó og hvítasykur. Þetta var mitt daglega brauð í



Þórbergur Þórðarson þann 13. október 1919, rétt sex árum eftir lýsinguna í kaflanum sem hér fylgir.
MYND: ÓLAFUR MAGNÚSSON KONUNGLEGGUR HIRDLJOSMYNDAR/PJÓMINJASAFN

hálfan þriðja mánuð, sem ég neytti þrisvar á dag að þeirrar tíðar hætti: fyrir hádegis, um þrjúleytið og nálægt átta á kvöldin. Og búid var ofan á lífsspekibókunum í koffortinu.

Þessi kostur dugir að sjálf-sögðu engan veginn til að næra og endurnæra líkamann. Aftur á móti fer þokkalega um andann, þetta er í fyrsta skipti sem Þórbergur er einn í herbergi. Þessi sjaldgæfi munaður að geta legið á bakinu og horft upp í súðina og fundið hvernig veröldin fyrir utan breytist í fjarlægum ym. Það er undir manni sjálfum komið hvenær maður vaknar og hvenær maður sofnar eða hvort maður yfirleitt vaknar

eða hvort maður vakir alla nóttina.

Nú er gólfið að vísu ekki loftið á herbergi Elskunnar og hljóðin sem berast að neðan eru ekki hún að búa sig undir svefninn heldur umgangur frá skáldinu, eiginkonu og börnum þeirra ungum. Húsið er Þorsteini þungt í skauti og til að hafa upp í greiðslur verður hann að leigja út bæði risherbergin. Hinum megin við þilið leigir stúlka og sú á kærasta sem er í fimmta bekk Menntaskólans og þegar hann kemur í heimsókn taka að heyrast hljóð sem fara ekkert á milli mála.

Matarbirgðir eru á þrotum. Þrotnar. Þá þarf að kaupa í matinn – eins og þessi setning hljómar blátt áfram í nútíma-

eyrum, er hún nánast vísindaskáldskapur í vestara risherberginu á Þingholtsstræti 33. Ofvitinn á ekki túskilding með gati. Þá er að fá sér vinnu, gæti nútímalesandi hugsað. Í Atvinnukálfnum sem fylgir sunnudagsblaði Morgunblaðsins í þessum skrifuðum orðum eru auglýst störf talin í hundruðum: „Góð manneskja óskast í sæl-gætis- og miðasölu í kvikmyndahúsi í Reykjavík. Um er að ræða helgar- og kvöldvinnu, gæti hentað vel með skóla,“ kjörið fyrir Þórberg. „Hús og hýbýli“ óskar eftir blaðamanni: „Viðkomandi þarf að hafa góð tök á íslensku, hafa áhuga á efni blaðsins og helst einhverja reynslu af skrifum,“ gæti Þórbergur skítýtt þá? Stöðugt er verið

að senda út neyðarköll eftir mannskap til að bera út blöð, holl hreyfing í morgunsárið sem myndi færa honum fæðis- og vasapeninga. Loks væri honum meira en velkomið að gerast póstur, hlutastarf þar sem menn geta gengið sér til heilsuþótar í eigin þönkum...

Sköðum nú Morgunblaðið þetta ár, 1913 – sem var reyndar stofnár þess – þar er engin vinna í boði. Vinna er svo yfirmáta sjaldgæf að losni starfi er honum óðara ráðstafað frá manni til manns.

Á hann að klæðast aftur í larfana og sveitast undir kolapokum eða skrifa ofan í einhvern skurðinn? Það myndi ganga frá honum endanlega. Þar að auki hefur hann strengt þess heit að slíta sér aldrei framur út í líkamlegri erfiðisvinnu, frekar skuli hann liggja dauður.

Það er því ekki um annað að ræða en halda út á göturnar í von um að rekast á kunningja sem kynni að vera aflögufær um fjórðung úr krónu. En áður en sonur Þórðar á Hala er sálfræðilega búinn undir slíka yfirstöplun háttvísinnar þarf hann að trekkja sig upp og helst takast með andrúki og skemmtilegheitum að gleðja eða impónera fórnarlambið áður en höggid er látið ríða.

Þannig höltruðu þessir svölu og sólarlitlu námsdagar milli reikulla lestrarstunda og nagandi kvíða fyrir næstu innkaupum. Og unga stúlkan og vinur minn í fimmta bekk héldu áfram að skilja hvort annað hinum megin við þilið. (...) Þegar leið fram í júní, fór ég að finna til sífellðrar þreytu og magnleysis í öllum líkamunum. Námsgáfurnar sljógvudust. Minnið dapraðist. Áhuginn sofnaði. Ég hélt ég væri að fá tæringu. Og það var kalt í veröldinni, og ég var kaldur og þreyttur, og ég var vesalasti maður á öllu Íslandi. 2)

1) OFVITINN, BLS. 328.
2) OFVITINN, BLS. 331.



Pétur Gunnarsson rithöfundur hefur unnið að þroskasögu Þórbergs um langt árabil.

Sagan af Bíbí

SAGAN UM BÍBÍ ÓLAFSDÓTTUR

Vigdís Grímsdóttir

★ ★ ★ ★

Játningar Íslendinga eru óvenjulegar bókmenntir. Ég hef oft furðað mig á því af hverju við skrifum og lesum þessi býsn af ævisögum. En sumar þessara sagna fjalla um fólk sem finnst mikilvægt að staldra við og setja spurningamerki við lífið – greina það og skýra, koma því í orð og finna því stað og samhengi. Oftast eru þetta sögur af fólki sem vill skilja eitthvað eftir sig þótt bækurnar komi því misvel til skila.



Saga Bíbíar Ólafsdóttur er ekki venjuleg játningarsaga íslenskrar hversdagshetju eða stórmennis og hún er ekki sögð með fjarlægri hógværd heldur skáldlegri nálægð og hlýju. Það er líkt og einhver taki í höndina á lesandanum og leiði hann aftur í tímann.

Sagan hefst við fæðingu dótturinnar Jónínu Bjarkar sem síðar meir gefur sjálfri sér nafnið Bíbí. Stór hluti bókarinnar er helgaður

æskuminningum Bíbíar í braggahverfinu í Reykjavík, leikjum barnanna og lífsbaráttu fólksins – foreldra hennar og nágrennanna. Það kemur snemma í ljós að Bíbí hefur óvanalega hæfileika en sagan fjallar öðrum þræði um hvernig hún tekur hæfileika sína í sátt og lærir að nýta þá öðrum til góðs. Síðan fylgjast lesendur með Bíbí flytja frá einum stað til annars, leitandi að lífshamingjunni á misjöfnum stöðum og hjá misjöfnum samferðamönnum, koma sér upp fjölskyldu, byggja upp og bregðast á víxl eins og vant er með mannfólki.

Bernskubrek ungdómsáranna eru skemmtilegt viðfangsefni en skrásetjarinn, rithöfundurinn Vigdís



Vigdís Grímsdóttir leitar inn á nýjar slóðir í skrásetningu lífsbaráttusögu Jónínu Bjarkar Ólafsdóttur.

MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grímsdóttir, gefur þeim líf og persónunum vængi. Þetta er virkilega fallega skrifuð þroskasaga og rödd Bíbíar afar persónuleg þótt bókinn verði seint sögð væmin. Bíbí er bæði meyja og kvendi, breysk hetja sem fyrir sinn hatt hefði sómt sér ágætlega í skáldsagnaheimi skrásetjarans.

Tíðarandinn og stemningin í kringum ólíka þætti í lífi Bíbíar vöktu forvitni – sér í lagi samskipti hennar við móðurina Þóru hvers nálægð er ávallt mikil og á köflum þrúgandi. Hún greinir frá dýrðar- og vandráðatímum en frásögnin er víða brotin upp á stöku stað þar sem birt eru viðtalsbrot, greinakorn og tilvitnanir. Myndir eru ekki margar sem skýrist víst af því að þó

nokkur alþing glötuðust í eldi á sínum tíma en hvoru tveggja auðgar frásögnina talsvert.

Saga Bíbíar er réttnefnd örlagasaga og hádrámatísk á köflum en ljóst að manneskjunnar sjálfri er það ekki tamt að spila upp dramatíkuna. Lífsviðhorf hennar er fremur að taka því sem að höndum ber af einstöku æðruleysi og húmor – hvort sem glíma hennar er við Bakkus, karlmenn eða sjálfa sig. Þetta er forvitnileg bók fyrir margra hluta sakir, helst hefði ég viljað lesa meira því frásögnin er ögn endasleppt undir lokin og eins saknaði ég meiri umfjöllunar um andleg störf Bíbíar en þau væru kannski efni í allt aðra bók.

Kristrún Heiða Hauksdóttir



Birgir Snæbjörn Birgisson

Kjarvalsstaðir

17. nóvember–13. janúar 2008

Í dag 18. nóvember kl. 15.00 ræðir listamaðurinn við sýningarstjórnann Mika Hannula. Verið velkomin.



Ljóshærð ungfurú heimur 1951–



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM



KAUPÞING

- er styrktaraðili sýningarinnar

Opið daglega 10–17. Ókeypis aðgangur alla fimmtudaga.
Aðgöngumiðinn gildir í þrjá daga á Kjarvalsstaði, í Hafnarhúsið og Ásmundarsafn.

www.listasafnreykjavikur.is

listasafn@reykjavik.is

sími 590 1200

Hjartansmál og getuleysi

EITTHVAÐ ANNAD. HUGRENNINGABÓK.

Einar Guðmundsson

★ ★

Hugrenningabók Einars er samkrull; (a) þroskasaga höfundar, „skáldatími“ – rekur tilurð þess að hann ánetjast skáldskap (og áfengi) með sérstakri áherslu á „tvítugsárið“ 1966, og glefsur úr skáldsögu frá því ári sem aldrei komst á þrykk, (b) frásagnir í drygindalegum minningastíl af látnum drykkjubræðrum, dæmigerðum glötuðum snillingum – Pétri, Steinari og Jóni og öðru samferðafólki, (c) vangaveitur um skáldskapargáfuna, eigin skáldskap, kynhneigð (kynvillu), áfengi, sjálfsvíg og dauða. Öllu er steypt saman; gömlum og nýjum heilabrotum, útlekkingum á eigin texta, skúffukroti, dægurlagatextum á ensku og íslensku, bréfum frá vinum og kunningjum, minningagreinum, dagbókarbrotum – skáldskapur og veruleiki fléttast hvor inni hinn og leikur höfundur sér

að því að stíga yfir mörkin, bæði í lífi og skáldskap. Niðurstaðan er (meðvitaður) glundroði.

Gott svo langt sem það nær. Bókin er hins vegar hvorki nægilega rík af vekjandi hugmyndum né nægilega beittur skáldskapur til að hrífa lesandann með sér og kaffæra í sollinum svo gagn sé að. Byggingin er einfaldlega sundurlaus, stillinn tilþrifa- og agalaus, röddin fálmandi og allir bestu sprettir (og frumlegustu hugmyndir) bókarinnar eru tilvitnanir í aðra, einkum Steinar. Þá eru einstaka efnistöð mjög þreytandi; kvenmynd bókarinnar er til dæmis óþolandi einhæf og forðomafull, karlungleg neðanþindarklisja – birtist lesandanum sem dulvituð lofgjörð um getuleysi, andlegt sem líkamlegt. Ef til vill er það inntak bókarinnar; getuleysi.

Þá er digurbarki höfundar um eigin skáldskap broslægur; „hafði ég óafvitandi orðið mér úti um eigið ritform sem ég átti eftir að próa í síðari bókum, sem líka áttu eftir að fara í taugarnar á mörgum þeim sem kunnu ekki að lesa,“ (102) og litlu síðar útskýrir hann hvernig frásagnarmáti Fellinis „tók sér bólfestu í penna mínum,“ (145) o.s.frv. Sjálfshól af þessu tagi er hjákátlegt ef meintum ágætum ritformsins og frásagnarmátans sér hvorki stað í því sem höfundur skrifaði 66 né í textanum frá 06 sem lesandinn hefur fyrir augum. Sagan af málaranum segir bara tvennt; höfundur hennar er lítið skáld og áfengi drepur. Heyrt það áður.

Merkasta hugrenning bókarinnar er hins vegar sagan af unglingnum sem horfði uppá fyrirmynd sína í lífi og list svípta sig lífi – og þeim áhrifum sem sjálfsvígð hafði á hann (þótt hann gæti ekki komið því í skáldsagnaform), fallið goð – einnig myndin af Pétri (þótt myndin af málaranum sé einskisverð) og því ægilega sálarstríði



Einar Guðmundsson rithöfundur

sem samkynhneigðinni fylgdi og hratt honum úti sjálfstortímingu áfengis og eiturs. Trúverðug lýsing og víða áhrifarík þótt mörkin á milli homma og perra virðist höfundu ekki fyllilega skýr.

Þá er slagkraftur í Jóni og Steinari þegar höfundur kafar með þeim ögn undir fyllerfið, delerfið og dópið og reynir að sjá

listamanninn í öllu þessu botnlausu getuleysi og aumingjaskap: Listamaður er sá sem aldrei selur sig, sá sem alltaf fylgir innri sannfæringu, sá sem „kemst inni kviku verundar sinnar og ræður í þær ógnfullu gátur sem lita tilveru hans og líf“ (Jón, 204). Listamaðurinn er guðsgervingur – „þar sem guð er ekki til, verð ég að skapa hann sjálfur, án guðs getur enginn lifað“ (144). „Skáldskapur er ekki hugsun heldur hljómkviða“ (Steinar, 164-171).

List er „þegar hjarta mitt þarf að kúka“ (132); spurning um þörf fremur en getu. Það eru örlög að vera listamaður, dýrkeypt og ljót örlög ef maður kemur engu á koppinn.

Og mörkin veruleikans og skáldskaparins eru meira en leikur einn (eða, hvers á haddi g að gjalda?); „níðskáld yrkja um nafngreinda einstaklinga“ – Aristóteles: Um skáldskaparlistina, bls 60.

Tætungsleg bók, óstílhreinn texti, máttlill skáldskapur.

Sigurður Hróarsson

Sigrún Eldjárn myndlistarkona og rithöfundur. Um næstu helgi er ritþing í Gerðubergi henni helgað.



Glerfiskagaman

EYJA GLERFISKSINS

Sigrún Eldjárn

★ ★ ★ ★

Eyja glerfisksins eftir Sigrúnu Eldjárn er önnur bók höfundar um ævintýri sem gerast á einkennilegum eyjum í ævintýrlegri nánd við Reykjavíkurtjörn. Eins og oft áður skipar Sigrún á óvenjulegan hátt í samstarfshóp sögupersóna. Líkt og í Eyju gullormsins eru það unglingarnir Ymir og Gunna ásamt krökkunum sem þau gæta sem eru söguhetjurnar. Sigrún hefur löngum lagt áherslu á að allir séu jafngildir í ævintýrunum, stórir og smáir. Allir hafa sinn styrk og geta haft áhrif á atburðarásina. Það gildir líka í þessari bók. Jafnvel allra minnsta söguhetjan sem er ekki enn farin að ganga hefur veruleg áhrif á framgang sögunnar. Það sem í daglegu tali telst til fötlunar eða vankanta verður líka styrkur í ævintýrinu; það er beinlínis refsivert að vera gleraugalaus í landi glerfisksins.

Bókin er í aðeins minna broti en algengast er með sögubækur og fer þannig vel í litlum höndum sem halda á bók til þess að lesa fyrir svefninn. Það eru góðar spássur beggja vegna við letur og þannig verður lítil texti á hverri síðu svo nýir lestrarhestar fá sjálfstraust og komast hratt yfir efnið. Sagan er sögð með tvennum hætti. Annars vegar er alvitur höfundur sem segir söguna í þriðju persónu og hins vegar eru skýrslur Gunnu. Þá er það Gunna sem skráir í fyrstu persónu hugrenningar sínar um stöðuna í ævintýrinu. Skýrslurnar

eru með skáletruðu bláu lettri til aðgreiningar frá sögunni sjálfri. Með skýrslunum gerir Sigrún ævintýrið í senn raunverulegt og hættulaust. Það er greinilega alvörustelpa sem lendir í ævintýrinu og segir frá því í þáttíð, ævintýrinu er lokið og allir komust gegnum það. Bókin er prýdd fjölmörgum teikningum eftir höfundinn sjálfan og bakgrunnur þeirra allra bendir til þess að þær hafi verið rifnar úr teikniblokk. Enda er það hluti sögunnar að Ymir teiknar myndirnar; það er eðlilegt að myndirnar komi frá einhverjum sem upplifði ævintýrið.

Söguviðið á sér enga stoð í raunveruleikanum. Krakkarnir þeysast á hraðbát gegnum mörk raunveruleikans og lenda á eyju undir Reykjavíkurtjörn. Með því að fara út fyrir landamæri raunveruleikans getur höfundur leyft sér að hafa söguviðið og allar persónur eins fáránlegar og hann vill. Þetta nýtir Sigrún sér til fulls og býr til litla bullveröld sem er í senn ærslafull og ógurleg. Eins og vera ber í ævintýrum er barátta góðs og ills í öndvegi og leiðin að sigri hins góða það eina sem skiptir máli.

Eyja glerfisksins er spennandi frá fyrstu síðu og það heldur lesandanum ágætlega við efnið að skipta um stíl á textanum annað slagið. Þannig fær lesandinn tækifæri með Gunnu til þess að rifja upp hvað gerst hefur og spá fyrir um hvað framundan er. Sigrún Eldjárn hefur fyrir löngu skipað sér í röð þekktustu og afkastamestu barnabóka höfunda á Íslandi. Eyja glerfisksins er skemmtilegt ævintýri fyrir krakka sem eru að byrja að lesa sögubækur og vilja hafa þær spennandi. **Hildur Heimisdóttir**



Faðir minn mannætan

LEYNDARMÁLIÐ HANS PABBA

Þórarinn Leifsson

★ ★ ★ ★

Börn með foreldravandamál eru sjálf-sagt stór hópur á Íslandi, en sá hópur er að mestu leyti ósýnilegur, enda fátt sem börnum eins fjarri eins og að segja frá löstum foreldra sinna. Í bók Þórarins Leifssonar ervandamálið stærra en nokkurt barn getur nokkru sinni lent í.

Systkinin Rjúpuhlíð 29 í Hlíðahverfinu búa við þær einkennilegu aðstæður að faðir þeirra borðar fólk. Það er ekki nóg með að hann hakki í sig manneskjurnar með tilheyrandi fylgihlutum, fatnaði, skóm og síma, heldur gleypir hann líka í sig karakter fólksins með slíkum krafti, að á meðan á meltingu stendur líkist hann fórnarlambi sínu í hátt og lund. Sagan er ærslafull og prýdd fjölmörgum myndum eftir Þórarin sjálfan, það má jafnvel velta fyrir sér hvort það eru myndirnar sem skreyta textann eða hvort það er á hinn veginn að textinn skreyti myndirnar. Hvernig sem því er snúið vinna texti og myndir vel saman.

Sagan er á köflum í ærslafullum stíl en verður inni á milli svo alvarleg að það er á mörkunum að grínið haldi. Bókinni virðist ætlað að hvetja börn með foreldravandamál til þess að segja frá vandanum og leita sér hjálpar. Allar persónur bókarinnar eru ýktar nema aðalpersónan, Hákon, sem segir söguna og Sidda systir hans. Lesendur geta því vel sett sig í þeirra spor og fylgst með æsilegri atburðarás sem fer langt út yfir takmörk raunveruleikans. Svo skal bül bæta að benda á annað verra, það tekst Þórarini ágætlega.


Leyndarmálið hans pabba er upplögð bók til þess að lesa með krökkum og ræða þau vandamál sem þeir glíma við. Þetta er fyrsta skáldsaga Þórarins, þar sem hann fetar spennandi brautir, nóg er komið af ofurraunsæi og líklegt

að börn sem búa við foreldravandamál hafi nóg á sinni könnu og enga þörf fyrir það. Léttur súrrealismi er miklu líklegri til þess að gera gagn. Eins og nútíma-höfundum sæmir er Þórarinn búinn að útbúa heimasíðu fyrir bókina. Þar er bókinn markaðssett fyrir erlendum markað en auk þess geta lesendur fengið nánari upplýsingar um persónur bókarinnar. Leyndarmálið hans pabba er bók fyrir miklu fleiri en börn með foreldravandamál, hún er fyrir alla sem hafa gaman af hryllings- og ærslasögum.

Hildur Heimisdóttir

Þórarinn Leifsson teiknari brýst inn á ritvöllinn með ögrandi sögu fyrir unga lesendur. Hér er hann með sögur Andersens í fanginu sem hann myndskreytti fyrir fáum misserum.

FRETTABLAÐIÐ/VALLI



GOÐSÖGN Í LIFANDA LÍFI

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi var brautryðjandi í íslenskri ljóðagerð og ljóð hans seldust í gríðarstórum upplögum. Hann bjó yfir miklum persónutöfrum, vakti athygli hvert sem hann fór og þjóðin fylgdist með ástarævintýrum hans af áhuga.

Það eru engar ýkjur að segja að hann hafi verið goðsögn í lifanda lífi.

Svert höfpu mína

ÆVISAGA
DAVÍÐS STEFÁNSSONAR
FRÁ FAGRASKÓGI

JPV

JPV ÚTGÁFA

SÍMI 575 5600
www.forlagid.is

Hughrif liðinna tíma

TÍMAVILLT

Berglind Gunnarsdóttir

★ ★ ★

Berglind Gunnarsdóttir er fædd 1953 og hefur gefið út fimm ljóðabækur, eina frumsamda og eina þýdda skáldsögu og ritað ævisögu Sveinsbjörns Beinteinssonar allsherjargöða.

Að horfa á og lýsa fyrirsætu sinni og jafnframt láta eftir sér að njóta hennar meira en sem myndar, er frásögn sem við þekkjum frá ótal listamönnum. Það er engin tímavilla í því. Kona sem gausfast á bókasafni alla daga alla sína starfsævi og lendir svo í þeim lukkupotti um nokkurt skeið að krækja sér í ungan ástmann er svo sem heldur ekkert tímavillt. Berglind Gunnarsdóttir sendir frá sér stutta skáldsögu nú fyrir þessi jól sem hún nefnir Tímavillt

Segur þar frá ungru stúlku sem elst upp í miðbæ Reykjavíkur hjá skapfúlum heyrnarskertum föður og bældri móður. Þessi þrenning og samskipti hennar hefðu átt að fá meira vægi í bókinni því það var athyglisverðara heldur en þegar henni 37 ára gamalli tekst að næla sér í elskhuga sem hefði getað verið sonur hennar. Berglind er

hér svolítið að leika sér með það hvaða tíma maður tilheyrir og úr hvaða tíma maður sé sprottinn.


Aðalpersónan Áróra er dóttir hjóna sem voru rígfyllorðin þegar hún fæddist, eða eins fullorðin og eðlileg líffræði gerir ráð fyrir. Hún hjálpar til í fyrirtæki föður síns. Faðirinn er vel stæður en minningin um fátækt æskuáranna lifir sterkt í honum og hann er kaldur og hryssingslegur við þær mæðgur, drykkfelldur og ástlaus. Þetta ástleysi gerir það að verkum að hin bókhneigða Áróra lætur sér nægja bækur framan af ævinni. Lætur sér meira að segja nægja að lesa annað en ástarsögur og því kemur það svo flutt upp á hana þegar hún eignast sinn unga ástmann, þ.e.a.s. hvað stefnumót við ástina sjálfa er öflugt. Þetta er kannski stórhættuleg bók sem getur ruglað allar miðaldra „spikk og span“ konur í rímínu þannig að þær fara að leita sér að unum ástmönnum?

Gæti virkað eins og dulítill uppskriftarbók fyrir konur á gráum dröktum.

„Henni þykir líka gaman að finna að hann lítur upp til hennar. Henni finnst hann vilja gefa henni allt sem hann á til að gefa. ... Hann fyllir hið mikla tóm innra með henni, er í senn faðir hennar, bróðir, sonur og elskhugi ... sefur hún eða er hana að dreyma ástina?“

Þetta er ljúflega skrifuð Reykjavíkursaga sem óneitanlega vekur hughrif liðinna tíma.

Berglind setur hér fram ljóðrænan og rómantíska texta án þess að vera nokkurn tíma væmin. Hún kryddar textann með því að vitna í frönsk skáld og listamenn sem virkar eins og myndskreyting eða tónar sem falla vel að bæði formi og innihaldi. Morð og máttur auðsins, klám og lágkúra er víðsfjarri þannig að það er bara svolítið notalegt að renna sér í gegnum þennan vel skrifaða texta. Ágætis lesning á jóladagsmorgun meðan hitt liðið hrýtur. **Elisabet Brekkan**



Tónninn flýgur, inni logar mannslíf

ÓSKUDAGAR

Ari Jóhannesson

★ ★ ★ ★

Skáldið hefur ást á landi sínu og ann einstaklingnum engu síður en mannkyninu, skynjar ægifeður náttúrunnar, galdur hennar, áhrifamátt og tvöfeldni, skilur að samferðamaðurinn er dýrölegur gallagripur, dauðlegur og engum líkur. Skáldið skynjar hið ljóðræna í sköpunarverkinu – tónlistina, myndlistina, ritlistina, skáldaða sögu sem gerðist í raun – málur í trúnaði ljóð

með orði og tóni sem sjálf eru til vitnis um þá innri áskoran bókarinnar að listin geti orkað á náttúruna og umhverfi sitt engu síður en öfugt með þeim hætti að „enginn verði samur á eftir“ (9), hvorki maður né móðir jörð. Mögnuð sýn, mergjað skáldamál, fullþroskaður kveðskapur að ofanverðum tuttugustaldarsíð, yfirborðið

lýtalaust, orðfæri og myndmál úr eldsmiðju arfs og kunnáttu, yndi fagurkerans. Mín eftirlætisljóð eru Óli 43 og Þögn 74 (og Þingvallasveit 16, Sumar við fjörð 17, Vetrarmynd 18 og Aðaldalsljóðin 20-24).


Skilningarvit ljóðanna eira sjón og heyrn, tungumál þeirra er mynd og tónn, augað er uppá gátt; skilur að, mótar útlínur, málur og skapar – eyrað leggur við hlustir og nemur. Sýn skáldsins á víxlverkun manns, náttúru og listar er háleit. Snerting ljóðmælandans við jökulinn í næstfremsta ljóði bókarinnar (9) er dulkynjuð, einskonar sveindómssmissir eða manndómsblót, göldrótt andleg samför, fæðing og skír. Dagarnir eru í blóðinu (77), stund og staður

ummyndast í lesmál (76), sagan liggur í legi jarðar (25), skáldið rýfur veðrakyrrö, „þögn vetrarins er þanin af trumbuslætti hjartans“ (30) og öfugt. Og listin þakkar fyrir sig; séra Jón kveður niður myrkríð í dalnum (13), söngur á Fjöllum leysir festar kirkjuskips og feykir því til himna (15), „braghentir frændur knýja kvæðavél sem lýsir sveitina“ (21). Skáldskapur kveikir eld sem ævarandi brennur (29).

Dauðinn er botnlaust ljóð (40), holdið er aska úr jörðu í jörð, jörðin er hljóðfæri tónskáld og ljóð (79). Frjósöm víxlverkun; blóð úr blautri mýri (25) streymir inn í ljóð sem nærir uppsprettuna. Og uppbygging kvæðanna fylgir erindinu; frá því almenna til hins einstaka, stillimynd-hreyfing, kyrröin rofin, kyrralíf náttúrunnar bregst við lífskrafti hennar (sem kemur róti á kyrröina), í efni og formi.

Í miðhluta bókarinnar er feigðin í brennidepli, endimörk lífsins, endurtekningin, hringrásin, „böldvun erfðanna“, viðsýrni þess dauðlega – „hjálfparhöndin á rofanum“ (51) sem reynir árangurslaust að þagga niður í „urrandi“ (52) lögmáli en var höggvin af fyrir sömu sök fyrir tæpum eitt þúsund árum (og tæpum þrjátíu síðum, 27) með Brjáni og má sín því einskis. Lögmál dauðans er ævarandi sigurvek sem skáldskapurinn einn megnar að etja kappi við.

Athyglisverð er hér sú hugmynd að tímabundin frelsun frá



Ari Jóhannesson

dauðadómi kalli á „endurskoðun allra gilda“ (36) og nokkru síðar svarar skáldið í hverju slíkt sé fólgið; „draga lífið saman“, „flegja án eftirsjár“, leysa hlekkir örslætisins (55), hafa þor til að leita „ævintýris“ í raunverunni (69), kæfa jarmið í ranghugmyndum erfðanna (43), klifra yfir „öryggisgirðingar vanans“, burt úr „skotfæri tímans“ (63), betra seint en aldrei. „Sælir eru dánir“ segir alvaldið í Opinberunarbókinni, skáldið er því ósamála, ekki hérnamegin.

Í lokakaflanum yrkir skáldið um tilvistina, tíðina, vegsemdina, mörk veruleika og draums, samfélagið, heimsósómann, holdið, ris þess og fall – og organdi þögn (74) um úrkynjun, glæp, óskapn; „kveinstafi“ náttúrunnar. Skáldið fangar tón sem „tæpast rýfur þögnina“ en „flýgur þó til himins“ (79). Heimsmyndin? Úti kveikir jökull ljóð, uppi tendrar ljóðið eld, inni logar mannsins líf (51), undir er askan næsta vís (svarar dómarninn). „Lynginu blæðir, hélan smýgur“ segir skáldið (16).

Fengur í þessari bók, fagur skáldskapur. **Sigurður Hróarsson**

Sjón og samvíska hugans

SÖNGUR STEINASFARANS

Sjón

★ ★ ★ ★ ★

Söngur skáldsins er aðkallandi: Maðurinn vanvirðir náttúruna, hefur glutrað niður ábyrgðartilfinningu sinni gagnvart jörðinni, töfrum hennar og lífsmarki. Tengsl manns og höfuðskepnu hafa verið rofin og þar með lögmál lífsandans, hugsjón kynslóðanna augnstungin; ofurseldur reginöflum grýtir maður mann og annan. Maðurinn (tilfinningalega vafasöm fretblaðra) er listaverk og galdur náttúrunnar en blindur á hlutverk erfingjans; fangar náttúruna í stað þess að yrkja, rýfur innsgli hennar, snýr útúr boðorðum hennar, nærir hana eitri, hægir sér í uppsprettuna. Jörðin myrkvast feigum vísindum á meðan hjörðin sefur.

Þá brýnir skáldið röddina: Ljóðið megnar að vekja, ljóðið er jafngildi lífs, „orð fyrir orð“ (24) – „ljóð í skiptum fyrir líf“ (45), líf handan orða. „Eg býð ljóð“ er upphafsorðið og hinsta kveðja skáldsins (45) sem lesandinn þiggur eins og líf liggja við, enda er boð skáldsins mannbættandi samdrykkja;

eðalskáldskapur, ósvikin skemmtun og fagurfræðileg nautn.

Aftur að erindinu: Hnefinn er erindisleysa karlsins, vélviskan dramb hans og fall. Uppsteytur mannsins gagnvart lögum náttúrunnar, skammsýni hans og lásmíði (12, 28) er rökleysa og skynvilla sem hittir hann sjálfan fyrir; banvænn steinn í höfði (13, 25) – hefnd reginafla. „Hnullungurinn“ (einnig banvænn) er blind hönd (44), en skáldið er sjón og samvíska hugans sem slegið getur höndina út af laginu, spámaður og kennari; „allt sem við lærum“ er friður á jörð (19).

Háleitur ásetningur; orð í þágu alheimsfriðar, tungumál gegn tortímingu jarðar, ljóð fyrir líf. Tekst ætlunarverkið? Já. Af hverju? Af því skáldið yrkir svo vel (eða af sömu ástæðu og mús í teiknimynd tekst að telja köttinn ofan af því að eta sig – með lævisri tungu mannsins). Hvernig þá?

Áttum okkur á örfáum atriðum: (a) Efniviðurinn ákveður „formið“ sem svo er frjálst og fljóttandi að

það mótast jafnóðum og hverfur inni sjálfvirka hrynjandi sem síðan bergmálar erindið – dæmi strengleikur (24) þar sem ljóðið beinlínis tekur völdin af höfundu sínum og smíðar orðagaldur þar sem búningurinn er alltaðþví svar við beiðni ljóðsins. (b) Skáldið botnar ávallt boðorð og mynd hvers ljóðs þannig að allir þræðir tvinnast og mótstæð öfl upplýsa hvert annað – en gefur lesandanum engu að síður kost á viðsýnu frjálsræði; tákn og vísanir opna ljóðin t.d. allt af og lyfta þeim til flugs samhliða því að leysa gátur þeirra (c). Dæmi heimilislíf (33) þar sem hreindýrið er (getur verið) tákn um framgang tímans og endurfæðingu, hjörturinn í aski Yggdrasils (makró), en líka tákn um kokkál og framhjáhalð, brenniskap Androníkúsar (míkró) – annað dæmi er 23. apríl 2006 (15) þar sem héri meðal ylvolgra stórskálda og fermingarstúlku er (getur verið) allt í senn tákn um kvenlegt tungl, langlíf, aðgát,



andvöku, heigulshátt, frjósemi, villtar ástriður, losta, sigur andans yfir holdinu, páskahelgi, varnarleysi mannsins, sjálfsförn og afróðizka tímgun; öllu má finna því stað í ljóðinu. (d) Togstreita og dramatísk átök ljóðanna byggjast á hnitmiðaðri beitingu andstæðna og samverkandi keðjuárekstrum mótstæðra hugsýna – dæmi steinþrykk (32). (e) Skáldið felur hið ónefnda (ljútgítarinn?) þannig í myndmáli ljóðanna að lesandanum er boðin bein þátttaka og tekur þá bókstaflega ábyrgð á tóninum – dæmi dægurlag (38). (f) Ljóðmælandinn er oftast víðsfjarri og hampar aldrei einstaklingsbundinni reynslu bótt hann sé mjög meðvitaður um nærveru

skáldsins innan ljóðsins og þær skorður sem tungumálið setur honum – dæmi allt sem við lærum í sextíuogátta ára bekk (19-21) þar sem harmagrátur heillar kynslóðar og lúmskar vísanir (Lennon og fl.) mana skáldið til að etja kappi við ljóðmælandann í einskonar keðjusöng eða alþjóðlegri kvæðabrat sem að endingu kæfir rembing og eykur jörðinni fjör. (g) Agað



Sjón: nýtt ljóðasafn hans segir gagnrýnandi forskrift að skáldskaparfræðum nýrrar aldar. **Sigurður Hróarsson**

myndmál, heilsteypt gagnrýnt tungutak, sjálfstæður smekkur, ritstýrt ímyndunarafli, mikill metnaður, mikill vinna, aldrei málamiðlun, enginn lopi; röddin ræður för og meitlar steininn – dæmi náttúruleg ljóðin.

Einsog forskrift að skáldskaparfræðum nýrrar aldar.

Sigurður Hróarsson



MC PLANET ⁺ Austurhrauni 3
210 Garðabær
533 3805

DAAGBLAÐIÐ VÍSIR! 1960–2000
AFTERNOON PRESS PHOTOGRAPHY IN ICELAND



15. september – 25. nóvember 2007

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavík Museum of Photography

Tryggvagata 15, 6th floor · 101 Reykjavík · Tel. 563 1790 · photomuseum@reykjavik.is · www.photomuseum.is
Opening hours 12–19 mon–fri, 13–17 weekends · ADMISSION FREE



Gallery
Turpentine

**Sigtryggur Bjarni
Baldvinsson**
09.11.07 - 24.11.07

**Vetrarvötn
sunnanheiða**

GERÐUBERG



ALLT Í PLATI!

Sigrún Eldjárn mun sitja fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs laugardaginn 24. nóvember kl. 13:30 - 16:00.
Stjórnandi: Sigbrúður Gunnarsdóttir
Spyrjar: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Margrét Tryggvadóttir.

Að ritþinginu loknu kl. 16 verður opnuð sýning úr söguheimi Sigrúnar og gestum boðið í heimsókn á heimili Málfríðar, sem líklega má teljast með frægari sögupersónum Sigrúnar.

Sýningarstjórn er í höndum myndlistarmannanna Anik Todd og Unu Stígsdóttur.
Ókeypis aðgangur er á ritþingið og sýningarnar!

Gerðuberg · www.gerduberg.is · sími 575 7700

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið



Boðhlaup snillinganna

Tónlistarsagan er boðhlaup þar sem nýtt og nýtt afreksfólk heldur keflinu endalaust á lofti. Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar 29. nóvember réttir eitt mesta tónskáld 20. aldarinnar, Ígor Stravinskíj, keflið yfir til Thomas Adès, vonarstjörnu samtímatónlistarinnar.

Tónleikarnir eru stórviðburður, þar sem yfir hundrað manns flytja verk þessara tveggja snillinga undir stjórn Adès sjálfs!

GUL TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI

FIMMTUDAGINN 29. NÓVEMBER KL. 19.30

Hljómsveitarstjóri ::: Thomas Adès Ígor Stravinskíj ::: Sálmasinfónían
Einleikari ::: Carolin Widmann Ígor Stravinskíj ::: Scherzo fantastique
Kór ::: Hamrahlíðarkórarnir Thomas Adès ::: Asyla
Kórstjóri ::: Þorgerður Ingólfssdóttir Thomas Adès ::: Concentric Paths, fiðlukonsert

FIMMUNARSTJÓRN

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS



Gunnella
Haraldur Bilson
Kristín Jónsdóttir

Íslensk list er góð gjöf

Opið í Gallerí Fold á Rauðarárstíg
laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

**Næsta listmunauppböð
2. desember**

Erum að taka á móti verkum núna

LISTMUNASALA fold

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

Alkinn, dílerinn og stelpa hans

RIMLAR HUGANS

Einar Már Guðmundsson

★ ★ ★ ★


Ef Einar Már Guðmundsson hefði kosið að hafa þann háttinn á að segja engum frá því að hann hefði farið í meðferð og væri óvirkur, hvernig læsum við þá nýju skáldsöguna hans? Líkast til eins og hreinan skáldskap. En Einar hefur kosið annað. Á þeim fáu dögum sem liðnir eru frá útkomu Rimla hugans – ástarsögu, hefur skáldið gengið fram fyrir skjöldu og lagt þá játningu á borðið að hann sé óvirkur alki.

Rimlar hugans er öðrum þræði um áfengisfíkn skáldsins, þar er „ég“, sögumaður undir fullu nafni; sagan greinir að hluta frá Einari Má Guðmundssyni og vaxandi hremmingum hans í baráttu við flöskuna, þar er dóttir hans og eiginkona. Þar er bréf frá Einari Þór Jónssyni fíkniefnasala og fanga til skáldsins 2002 og langar færslu úr dagbók og bréfum ástkonu fangans, Evu. Þetta teldum við allt snjallan skáldskap ef höfundurinn hefði á síðustu dögum ekki skekkt rammann, breytt miðunum. Hrekkur eða óbilandi vilji til hreinskilni? Varðaði okkur annars nokkuð um hans sambúð með flöskunni? Ekki mig sem lesanda.

En viðmiðinu er breytt: nú er sagan að hluta persónuleg játning, einn þessara alkatexta sem nóg er af, eins konar angi úr játningabókmenntum okkar tíma: ég fíkillinn, ég alkinn, ég að deyja úr hinu og þessu, ég er með kynlífsfíkn eða flösu.

Gaman væri að geta snúið hjóli tímans og sagt Einari að þegja yfir þessu dæmi: sagan er jú umfram annað rannsókn á fíkn, djúpri ófullnægju og tilfinningu um utangátta tilveru, reyndar án þess hún sé greind, aðeins lýst einkennum, sameiginlegum flökki þeirra nafna og Evu í gin nautnar og síðan fíknar, loks sárustu eymdir, veikinda og hjálparleysis.

Þetta er egósentrískur skáldskapur, enda gjarnan sagt um alkóhólística að eiginir sé þeirra styrkur, fyrst í drykkjunni og seinna í þurrabúðinni. Og víst eru sannar eða uppdiktaðar lýsingar á Einari Má og hans ástandi og Einari Þór og hans veltingi sannverðugar, myndar og tragískar í senn. Einar er afburðasnjall sögumaður, flinkur í smáatriðum og innsæi, hann skissar átakalaust upp flóknar senur úr lífi sínu, nafna síns og Evu litlu. Mórallinn er samlíðun, bræðralag í blekkingu búsarans og samhjálpin í klifrinu upp úr flöskunni, burt úr reykmettuðum herbergjum hassistanna, upp úr amfetamíngjanni og pilluglösunum. Hann skrifar af krafti og innblæstri eins og oft áður, dregur hvergi af sér í þéttum vef með mörgum þráðum sem slær oft saman og greinast svo í sundur.



Einar Már Guðmundsson treður nýja slóð í síðustu skáld sögu asinni um fyllibyttu, fanga og ástina hans.

Er sagan þá af ást á vímunni? Sumpart. Þeir gera fátt annað en rifja upp gömul fylleri, sagði gömul kona um syni sína sem allir voru hættir að drekka nema í endurminningunni. Skáldið rekur lítið af ástinni sem umlykur hann sjálfan, né ástinni sem umlykur nafna hans, sem nafnarnir og sögumenn skoða úr langri fjarlægð. Ástin á manneskjum, önnur en sjálfselskan sem hrjáir þá nafnana, er brím-inn milli fangans og stúlkunnar. Höfundurinn gerir því skóna að snöggkveiktur ástarloginn lifi. Örlög þeirra eru ekki ljós á síðari stigum sögunnar.

Einar hefur alla tíð tint sögu-efninu upp úr nágrenni sínu, uppvexti, unglingsárum, föðurfólki sínu og nánasta frændliði. Hans styrkur liggur í öðru en fundvísi á fjarlæg söguefni og umsköpun þeirra í glimrandi skáldskap, Honum verður aftur margt lítið að miklu í þessum berjamó heimahaga og huga. Þessi saga markar um margt nýja slóð á ferli hans. Með öllum sínum kostum og göllum og því árans viðmiði við persónu skáldsins sem á lesanda er þrýst, reynist sagan frjó lesning, andagiftin í mínum manni sóm við sig og úrvinnsla hugmyndarinnar brilliant. Bara hann hefði sagt mér að hann væri þurr.

Páll Baldvin Baldvinsson



Klof vega menn, haus fyrir dans

BLÓTGÆLUR

Kristín Svava Tómasdóttir

★ ★ ★ ★

„Ég hirði ekki um hefðir þínar land“ segir ljóðmælandinn (kornung kona) og sparkar drukkin en dreissug í gamlan liggjandi mann „á lopabrókum með hrútsprung“ í háðsádeilunni Mallorca (29-30). Og skáldkonan unga tekur undir með kynsystur sinni og flettir óspart ofan af lífseigum klisjum og mýtum af landi og landa, pilti og stúliku, manni og konu, æsku og aldri, nútíð og fortíð, sól og skugga, synd og sælu – skoðar undir skottið og baðar í nýju ljósi og malar um leið nýstárlega, háðska en einkar trúverðuga mynd af samtíma sínum og löndum, afhjúpar tíðina og opinberar óvænta sýn; óskapnaður og dásemd, unaðslegt ógeð, „stundar-brjálæði áður en stundin lokar“ (32), ofsafenginn brunadans þar sem mörkin á milli nauðgunar og yndis eru horfin í ljúfsárri sjálfs-eyðingarvímum og hátimbruðu algleymsi, þar sem kynlíf er „kvöl af sjálfsdáðum“ (34).

En spennandi veröld og frjálsræðið algjört – einskis að sakna frá liðinni tíð, sauðabúfukarlinn fallinn af stali, stelpurnar komnar til manns; „tittlingar námu völd ... klof vega menn“ (24), farið hefur fé betra. Karlar ríða í kaupstaðaferð, konurnar tæta þá í sig með hvítuðum tönnum, æla yfir jeppann þeirra að morgni og láta eyða í næstu viku – „kæruleaus hamingjan ofsafengin stór og iðandi eftir því“ (13).

Enginn tepruskapur, engin skinhelgi, engar meygjargælur, ekkert vaðmál; arfurinn er ull og vitleysa, vaselín er rauðsokkur nýrrar tíðar.



Kristín Svava: „kæruleaus hamingjan ofsafengin stór og iðandi eftir því.“



Karlinn er kominn á blótstall. Áfram telpur!

Ástæðulaust að draga dóminn á langinn: Blótgælur Kristínar Svövu sæta tíðindum, eitursetar rósir í hnappagat ljóðsins, markviss og markverð frumraun. Þroskuð og heilsteipt ljóð sem einkennast af ríkulegri skáldgáfu, frumlegri og írónskri sýn á samtímann, og óbilandi trú á eigið ágæti (hlutverk og gildi skáldskapar). Kjarnyrtexti, sannfærandi og ferskt tungutak, óvæntar og krefjandi líkingar, látlaus en markviss myndhvörf, eggjandi hugsýn, ögrandi vísanir og útúrsmúningar (t.d. Eia og Klof vega menn, 16, 24), fullmótað ljóðform, sjálfstæð rödd.

Bölv og klám, gæti einhver sagt og víst eru ljóðin víða orðljót og óþæg en aldrei án forsendu (einsog ungur reiður seggur)heldur af því að stund og staður vaða þar uppi með látum og heimta að rétt sé eftir þeim haft. Röðdin hlýðir kallinu og væri fölsk að öðrum kosti; „skjálfta-öskur“ (32) nýrrar aldar neitar skáldkonunni um að nema þögn sögunnar og beinlínis orgar sig inn í bókina – og alveg án þess að skammast sín: „Drekkjið stelpur, hörst og fáríst og farið á bömmer, hysjið upp um ykkur slúðrið, hrækið framan í hneyksliraddir eldhúsglugganna, hristið ykkur stelpur í herðunum og látið ekki eins og þið séuð móðgaðar“ (26).

Óldungis tæpitungulaust. Tölfhundrað ára skrökvísuð karli í íslensku máli, holdi og ljóði, verður hvorki steipt af stali með þeim digra karlmansrómi sem skrökinu tilheyrir né með niðurbældu skinhelgu ungmeyjarflissi – til slíkra stórverka orka skrækirnir betur, „stelpurófur“ sem heimta haus fyrir dans. Þá fyrst gerist eitthvað.

Sjálfsgöð lesning í sunnudags-skóla lífsins. Sigurður Hróarsson

Falleg bók en gölluð

TELJUM DÝR 1, 2 OG 3

Halldór Á. Elvarsson

★ ★

Teljum dýr 1, 2 og 3 er ákaflega falleg bók. Halldór Á. Elvarsson hefur þegar skapað sér nafn fyrir fallegar myndir af dýrum með bók sinni frá síðasta ári, Stafróf dýranna. Titill bókarinnar Teljum dýr 1, 2 og 3, gefur von um að hér fari bók með texta um dýr og tölur í bundnu máli eða stuðst sé við rímleik í vinnu með tölur og dýr. Það er þó ljóst strax á fyrstu síðu að svo er ekki. Myndirnar sem eru af dýrum sem sjá má í íslenskrá náttúru eru sérlega fallegar og stílhreinar. Þær eru í litabókastíl, skýrar

útlínur og hreinar fletir. Á hverri mynd er einn litur frekar ríkjandi en annar. Sá litur flýtur yfir á textasíðuna sem litur tölustafarins.

Halldór kynnir til leiks tölurnar hverja á fætur annari skrifaða með stóru lettri, efst í hægri horninu er tölustafnum fylgt eftir ritun hans með bókstöfum og með spegilmynd af hendi og síðar höndum sem virðast tákna stafinn á táknmáli. Myndirnar af höndunum eru í sama lit og tölustafurinn bæði í tölustöfum og bókstöfum og því eðlilegast að líta svo á að hendurnar tákni enn



einn máttann til þess að tákna tölur, þ.e. táknmál. Það er því slæmt að táknin falla ekki að íslensku táknmáli. Í íslensku táknmáli tákna þumallinn töluna einn og þumall og vísifingur töluna tvo. Á myndunum í bókinni er það vísifingur sem tákna einn og vísifingur og langatöng sem tákna tvo. Þó að táknin séu lítil þáttur í bók Halldórs er slæmt að þau falla ekki að íslensku táknmáli.

Texti bókarinnar er knappur, stuttur fræðslubáttur um dýrin á myndunum. Það er stórt verkefni að skrifa

fræðslutexta sem aðeins er ein til tvær málgreinar. Þá þarf að velja vel bæði orð og innihald. Textinn er í ágætu samræmi við myndirnar án þess að vísa til þeirra sérstaklega. Það er lítið samræmi í textunum, í umfjöllun um selinn koma fram heitin urta, brimill og kópur en í texta um hreindýrin er talað um mömmuna og pabbann en hvorki minnst á kýr né tarf. Myndirnar eru styrkleiki bókarinnar allrar. Þær eru stílhreinar og vel gegnumfærðar. Á myndasíðu um fjóra eru fjórir svanir, fjögur ský og fjögur blóm, allt í samhengi við tölustafinn og það gildir líka um aðrar myndasíður. Á síðustu síðunum geta lesendur æft sig í að telja upp í hundrað og þúsund, það er skemmtilega útfærð og góð viðbót við bókina alla.

Hildur Heimisdóttir

GÖMUL OG NÝ DÖNSK

Sagan segir að nokkrir strákar í Menntaskólanum í Hamrahlíð hafi tekið sig saman og stofnað hljómsveit. Þeir beittu lögmálum auglýsingafræðanna fyrir sig við nafngiftina; Bókabúðir auglýstu gjarnan að „ný dönsk blöð“ væru komin og meira þurfti ekki, Nýdönsk var fædd. Þjóðin spærta fyrst eyrun við sumarsmellinn Hólmfríður Júlíusdóttir og geisladiskinn Ekki er á allt kosið... sem geirnegldi Nýdönsk sem funheita popphljómsveit á íslenskan mælikvarða. Á þeim tíma, undir lok níunda áratugarins, var geisladiskur reyndar skilgreindur í orðabók sem „sælindýr af diskaætt“ en lunknir hlustendur föttuðu strax að þessi hljómsveit væri töluvert lengra komin á þróunarbrautinni. Um nokkurra ára skeið naut Nýdönsk geigvænlegra vinsælda; stappfyllti sveitaböll og tróð vinsældalista með útvarpsvænum smellum og þéttum diskum.



Plötur:
Ekki er á allt kosið... (1989)
Regnbogaland (1990)
Deluxe (1991)
Himnasending (1992)
Hunang (1993)
Húsmæðragarðurinn (1998)
Pólfarir (2001)

Baldur og Loki

Söngdúóíð Daniel Ágúst og Björn Jörundur var lengi veigamesti hluti ímyndar Nýdönsk. Þar voru klassískar andstæður á ferð: aðalsöngvarinn Daniel strokinn og hreinradda, fingerður og appollónskur meðan stílbrotismaðurinn Björn var groddalegur, úfinn og díónýsískur með kæruleysislega og sérstæða raddbeitingu. Straumhvörf urðu við brotthvarf Daníels árið 1997, en hann var þá farinn að rækta Gus Gus-garðinn með allgóðum árangri. Síðan þá hefur prófíll sveitarinnar verið hógvær, þar til nú að hún springur út á ný, meira að segja með sinn eigin þjóðfána.

Fimmfaldur geisli

Nýdönsk er rokkhljómsveit með framsækna tilhneigingar en þegar best lætur sameinar hún popp og framúrsteffnu. Slagarar eins og Nostra-

damus og Kirsuber eru hræðslulaust brotnir upp með samhengislitlum kórsöng, blásaramillikafli með lítt heyrilegu tali undir eða atónal gítarvæli. Til þess að slíkt gangi upp þarf smekkvísi og hóf. Stílbrogðin eru fjölbreytt, frá sítarum í Eru ekki allir í stuði? til svartra bakradda sem döbbaðar voru í Surrey á Horfðu til himins. Hammondinn er heldur aldrei langt undan. Þeir eru póstmóðern, strákarnir.

Nýdönsk er samt líka popphljómsveit sem kann að gefa fólki það sem það vill: smelli. Jafnvel er svo langt gengið í gleðipoppinu á köflum að gítarinn í hittaranum Skými virðist hafa lagt grundvöllinn að Selfossvæiflunni víðkunnu. Fyrir Nýdönsk var heldur ekkert mál að gefa út tvær plötur í röð með mismunandi lögum sem hétu Sól. Vonandi megum við eiga von á fleirum.

Ekki má heldur gleyma framlagi sveitarinnar til þjóðlagahéðarinnar. Hvort gítargripabók Stefáns Hjörleifssonar hjálpaði til skal ósagt látið en fljótlega var svo komið að helstu skyldulög Íslendinga á kassagítar í partíum, fyrir utan Stál og hnífur auðvitað, voru Fram á nótt og Hjálpaðu mér upp.

Þó upp úr þrónni skriði kvefpestir

Munúðin hefur löngum verið skyld náttúrunni í textum Nýdönsk. Ástin og holdið eru tengd við eplatré, hunang og kirsuber; frjókornum rignir og blómarósirnar mynda haf. Útópían birtist í formi Regnbogalands og Himalaya og sveitin tekst svo gjarnan á loft að flugvélar eru hvarvetna svo kanna megi landslag skýjanna. Bhlöin á lífsvímunni er svo tálguð gagnrýni á neyslubjóðfélagið sem birtist til að mynda í darwinísku háði á tiskufrík (Apaspil), greiningu á nútíma fjölskyldumynstrum (Húsmæðragarðurinn) og beinskeyttri árás á kynþáttahatur (Hverjir eru bestir).



Allt 1987-2007

Safnpakkarnir sem liggja fyrir væntanlegum neytendum í jólaorgíunni eru að flestu leyti til fyrirmyndar. 1987-2007 er tveggja diska safn valinna laga ásamt diski með öllum myndböndum sveitarinnar. Við förum úr hljóðverinu í gallabuxnabúð, fylgjumst með flugtilraunum nálægt Umeá í Svíþjóð árið 1917, höngum í góðum flíng með bandinu í Öskjuhlíð og eyðum örfáum mínútum í himnaríki, þar sem menn blása sápukúlur, spila á hörpu og lesa Tinnabækur í makindum. Kaupendum til gleði er einnig heildarsafnið Allt; einkar handhægur átta diska kassi með svo að segja öllu sem Nýdönsk hefur gefið út. Báðum fylgja afbragðsgóðir bæklingar með ítarlegum upplýsingum og textum.

Ávallt smekkvísir
Þannig var sveitin lengst af skipuð á tíunda áratugnum: Ólafur Hólm, Björn Jörundur Friðbjörnsson, Stefán Hjörleifsson, Daniel Ágúst Haraldsson, Jón Ólafsson.

Magnús Teitsson



BRÁÐUM KOMA ÞAU

... og alla fer að hlakka til

HÁDEGI, KVÖLD, VEISLUR OG FUNDIR



Ragnar Ómarsson

yfirmatreiðslumaður DOMO

... hefur verið valinn næsti keppandi fyrir Íslands hönd í hinni virtu Bocuse d'Or keppni sem haldin verður í Lyon í Frakklandi árið 2009.

JÓLAHLAÐBORÐ

Jólahlaðborð DOMO verður að þessu sinni á neðri hæð DOMO í glæsilegum, nýuppgerðum salarkynnum þar sem matreiðslumenn okkar nálgast jólamatinn á nýjan hátt ásamt því að halda góðum og gildum hefðum. Hafið samband við okkur og kynnið ykkur þá möguleika sem veislusalur DOMO hefur upp á að bjóða.



ÞINGHOLTSTRÆTI 5 / 101 REYKJAVÍK / TEL. 552 5588 / DOMO@DOMO.IS / WWW.DOMO.IS



Gömul kærasta lítur við

ÞJÓÐLEIKHÚS SÝNIR Á SMÍÐAVERKSTÆDI

Konan áður (Die Frau von fruher) eftir Roland Schimmelpfennig
Leikendur: Baldur Trausti Hreinsson, Edda Arnljótsdóttir,
Edda Björg Eyjólfsdóttir, Vignir Rafn Valþórsson og Þórunn Erna Clausen.
Leikmynd og búningar: Stígur Steinþórsson.
Lýsing: Hörður Ágústsson.
Leikstjórn og þýðing: Hafliði Arngrímsson.
Frumssýnt á Smíðaverkstæði 16. nóvember.
★ ★ ★

Lífsleitt fólk á fimmtugsaldri er að flytja úr landi, öllu pakkað, næstum ekkert eftir af leifum heimilis, sonurinn ungi að kveðja sína kærustu, það er í þröngri fjölskyldunni meinsemi, tegundin tekin að snúast gegn sínum næstu. Sagan gerist yfir dagpart, nótt og morgun. Þráðurinn er klipptur niður í spotta. Við sjáum þá ekki í tímaröð, heldur er þeim ruglað, við flutt fram og tilbaka í tíma til að skapa eftirvæntingu, spennu, troða í okkur efasemdum. Verkið snarast frá hversdagslegri komedíu yfir í þriller og loks harmleik. Það er ekki vítt í umfjöllun um mannlegar aðstæður, persónur steypar í þröng mót af hálfu leikskáldsins, hnúturinn í fléttunni einfaldur en byggir á skemmtilegu og óvæntu bragði.

Leikstjórnin hefur valið sýningunni sakleysilegan stíl: hér eru leikarar sem geta svo sannarlega undirbyggt dýpra en leyft er, raunar spurning hvort þær Eddur hefðu ekki átt að víxla hlutverkum. Það vantar í þessa grúppu grimmdina, siðleysisafstöðuna sem er bara látin liggja milli hluta og nójuna

í frúna, geðveikina í gestinn – svo er ekki hægt að segja meir. Um leið er þyngdinni í hreyfingunni ábótavant – þetta er svo kurt-eist og – hvaða orð myndi þýðandinn nota: háttprútt. Sem er annað: þýðing.

Á íslensku kastar maður grjóti, hendir ekki steinum, unglungur talar um pabba um ekki föður minn. Fleiri hnökra hnaut áheyrandi um af hátiðlegu bókmáli, sem er reyndar gott fyrir sinn hatt á degi íslenskrar tungu, en rímaði bara alls ekki við þetta fólk.

Aðeins um rýmið og leikara: í viðtali við höfund í leikskrá er talað um opinn gang, rýmið þar sem við erum á ferðinni og opið í mörg herbergi í senn. Slíkir gangar eru vitaskuld evrópskt fyrirbæri sem átti sér bara stuttan tíma hér í byggingum. Fram hjá þessu skautar stígur og býr til geil, ekki óþéanlega mynd, hreina og dálítið náttúru-lausa. Búningar falla vel að persónum og lýsing vekur ekki sérstaka athygli sem er gott.

Íslenskar leikkonur eru miklu sterkari en



Gamla kærastan, Edda Björg Eyjólfsdóttir, er refsinn fyrir svikin heit, gamla svardaga og tilfinningar.

MYND: ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ.

karlarnir gegnumsnæitt: þarna gefur að líta þrjár: Þórunn reyndar í smáparti en fór mjög snyrtilega með sitt, Eddurnar tvær eru báðar fantaleikkonur, báðum reyndar hætt við að halda sig innan markanna, en ekki brjótast úr og hamast, sprengja brýr og brjóta vegg, sem skapleikkonur eiga að fá að gera. Verða að gera. Hér höfðu þær báðar tækifæri til þess, sem ekki var nýtt til fulls, þótt vinna þeirra með hlutverkin vísaði eindregið réttan veg. Feðgarnir, Baldur og Vignir, reyndust ekki vera þeir skíthælur sem aðstæðurnar

buðu uppá, sakleysingjar frekar en fólk, en þar ræður líkast til lífssýn leikstjórans og þýðandans: menn henda steinum, en kasta ekki grjóti, grýta ekki fólk á förunum vegi. Er það ekki greinarmunurinn? Er það ekki á endanum valið á orðunum sem skiptir öllu máli og segir mestallt sem þarf? En þá er ekki sama hvernig það er sagt. Í þessari sýningu vikur grimmdin fyrir geðstillingu, galskapurinn fyrir settlegheitum, illskan fyrir hinu þægilega.

Páll Baldvin Baldvinsson

Hver er hræddur við Heddu Gabler?

FJALAKÖTTURINN SÝNIR Í TJARNABÆ

Hedda Gabler eftir Henrik Ibsen

Leikarar: Eline McKay, Jón Ingi Hákonarson, Valdimar Flygenring, Alexía Björg Jóhannesdóttir, Soffía Jakobsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir og Sigurður Skúlason.

Tónlist: Ragnheiður Gröndal. Leikmynd og búningar: Helga Rún Pálsdóttir. Föðun: Kolbrún Birna Halldórsdóttir. Þýðing: Eline McKay. Leikstjóri: Björn Gunnlaugsson.

Frumssýning 16. nóvember.

★ ★

Þá er hin lymskulega Hedda Gabler leit fyrst dagsins ljós rugluðust margir aðdáendur Ibsens í ríminu. Nú var hann lagstur í privatpælingar, hann sem hafði áður viljað æpa á torgum um spillingu samfélagsins og vekja athygli á meinsemdum þeim sem grasseruðu í hinum borgaralega feluleik. Nú var skáldið komið út á aðrar brautir, beinandi sjónum sínum innávið undir skinnið, inn í sálarlíf hvírrar persónu sem birtist í leiknum. Ibsen leggur hér grunninn að því líku framhaldi í leikritun að hann hlýtur að vera steinhissa, þarna fyrir handan, þegar hann fylgist með því að verið er að kópíera hann enn þann dag í dag.

Hvort heldur við lesum O'Neil, Norén eða einhverja nútímahöfunda alls staðar er áhrifin og aðferðir Ibsens að finna. Hann hefur skapað nokkur góð kvenhlutverk, nokkur óskahlutverk allra leikkvenna. Hedda Gabler er eitt þeirra.

Árið 1898 var haldin kvenréttindahátíð í gömlu Kristjáníu og við það tækifæri var Henrik Ibsen heiðraður og varð að þakka fyrir sig með ræðu þar sem hann meðal annars sagði:

„Ég er ekki meðlimur í kvenréttindafélaginu... ég veit ekki einu sinni hvað kvenréttindi eru. Fyrir mér hafa málin ávallt snúist um mannréttindi. Og ef verk mín eru lesin af gaumgæfni skilja menn það... hlutverk mitt hefur verið að mála og segja frá fólki en það er nú

oft þannig að þegar höfundum tekst vel til nýttist efnið sem tjáning fyrir þá tilfinningu og stemningu sem í lesandanum sjálfum býr. Það er glögglega hægt að sjá að hér eru orð höfundar en í hvert sinn sem einhver fer um þau höndum eru þau endursamin.“

Þetta sagði meistari Ibsen 26. maí 1898. Nú í nóvembermánuði uppi á Íslandi, meira en hundrað árum síðar, er enn og aftur verið að endurskapa orð hans um leið og löngun listamanna í þessu tilfelli er að hrökkva inn í gamla tímann og segja eitthvað sem sagt var í gamla daga. Það er svo skrytið að það er ekki hægt að segja eitthvað sem sagt var í gamla daga, nema að standa við hliðina á tímanum og segja hreinlega: svona var sagt í gamla daga.

Hedda Gabler er í raun og veru algert nútímaverk þó svo að margt hafi breyst í ytri umgjörð vitaskuld. Hedda er alger dekurskjóða, við þekkjum hana, hún er til úti um allt bæði í karl- og kvenlíki. Hún er kaldlynd, getur ekki elskað og veit í raun og veru ekki hvað hún vill.

Shakespeare tók upp á því að flengja hana Katarínu og svelta hana til þess að hún, hið mikla skass, yrði til friðs, en í nútíma Noregi Ibsens var ekki spurning um að hemja eða temja, heldur kannski fremst að sýna fram á að ákveðnar aðstæður sköpuðu svona mann-skju og reyndar hinar persónur verksins einnig.

Hér í þessari sýningu var valin umgjörð gamla tímans. Glettilega smart leikmynd



Hatturinn ljóti sem Hedda notar til að lífillækka Tesman og fóstrur hans. Ragnheiður Steindórsdóttir og Jón Ingi Hákonarson í hlutverki töntu og Tesman.

FRETTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

þar sem rýmið var opið og góður möguleiki á að leika fyrir innan og utan hina raunverulegu stofu. Leikhópurinn samanstendur af leikurum með mjög misjafna reynslu. Það var áberandi í allri áferðinni. Hedda í meðförum Eline McKay var hvorki lúmsk né undirförl, hún var bara frekar reið og ruslaraleg til fara. Thea litla sem af Ibsens-hefð hefur alltaf verið svo áamtleg var hér glæsileg með þó nokkurt sjálfstraust á meðan leikkonan Alexía Björg Jóhannesdóttir, sem fór með hlutverk hennar og er með einkar fallega rödd, hefði þurft aðstoð við að leita að eðlilegum talmálsáherslum.

Soffía Jakobsdóttir fer með hlutverk Bertu gömlu og blæs ágætu lífi í þá vinnukonumynd en Ragnheiður Steindórsdóttir sem fer með hlutverk frænkunnar nær ekki að beisla þá rafmögnumu orku sem ætti að myndast þegar Hedda sýnir henni fyrirlitningu í byrjun verksins. Raunar var ótrúlega lítið unnið með atriðið þá er Hedda skensar frænkuna í upphafi með því að þykjast halda að spánýr hattur sé eitthvert gamalt höfuðfat Bertu vinnukonu.

Jörgen Tesman sem er einhver mesti lúði heimsbókmenntanna var hér óneitanlega lúðalegur og fyndinn í meðförum Jóns Inga Hákonarssonar en tilfinnanlega skorti vinnu með undirtexta og eðlilega framsögn. Sigurður Skúlason sem lék flagarann og

dómarann Brack hvíldi ekki aðeins í persónu sinni, heldur skilaði hann hlutverki sínu vel og sama má segja um Valdimar Flygenring sem lék Ejlert Lövborg, manninn sem Hedda í raun elskaði, andstæðu þess manns sem hún gekk að eiga, og tekst honum vel að varpa angistinni yfir til áhorfenda þrátt fyrir að samtal hans og Heddu hafi ekki náð þeirri undiröldu sem í textanum býr.

Það má segja að þetta hafi verið svolítið hölt sýning en engu að síður virðingarvert og nauðsynlegt að þurrka rykið af Henrik Ibsen með vissu millibili. Það væri ekki vitlaust að leyfa leikmyndinni að standa og gefa fleiri leikurum, leikhópum tækifæri á því að spreya sig á þessum hlutverkum sem eru svo snilldarlega vel úr garði gerð af hendi höfundar. Lýsing og tónlist var vel við hæfi, sömuleiðis gaman að sjá þessa búninga þó svo að Hedda sjálf hafi allan tímann að undanskildu upphafsatriðinu verið nær pútnahúsastýru heldur en þeirri yfirstéttarkonu sem hún þykist vera. Þó svo að hún hafi vakað heila nótt og líklega var það hugsun leikstjórans að láta hana vera svolítið tuskulega þess vegna, þá vantaði einmanaleikann, angistina og hina undirliggjandi ósvífn sem einkennir Heddu Gabler.

Hvað sem öðru líður þá er alltaf gaman að hitta þessa góðkunningja leikbókmenntanna í ýmsum útfærslum.

Elisabet Brekkan

Björn Ingólfsson

VASAST í öllu

Endurminningar Sveins í Kálfsskinni



ÆVISAGAN Í ÁR!

Hér segir Sveinn á Kálfsskinni frá því þegar hann:

- var fóðurmeistari á dönskum búgarði og vann með amerískum indíánum á Keflavíkurlflugvelli
- var tekinn í landhelgi í Jórdaníu á ólöglegri siglingu á seglbretti
- svaf í svítu á diplómatahótel í Berlín og lá úti í grenjandi stórhrið, einn og týndur uppi á öræfum Íslands
- ók í brynvörðum bíl um Bronx og Harleem og sat á spjalli við þriggja kvenna ættarhöfðingja í Afríku
- bjó til bæði flugvöll og stöðuvatn upp á eigin spýtur
- seldi ferðamönnum allt frá slori og fjósalykt upp í þyrluferðalög

Þetta og margt fleira í þessari bráðskemmtilegu ævisögu Sveins á Kálfsskinni; ævintýramannsins sem aldrei hefur séð eftir neinu og ætlar, hvað sem hver segir, að byggja kláfferju upp á Vindheimajökul áður en yfir lýkur.



BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR



Afrika sunnan Sahara - í brennidepli

Ritstjórar: Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir.

Þessari bók er ætlað er til að auka almennan fróðleik og skilning á álfunni, sögu hennar og samtíma. Útgefandi bókarinnar er félagið Afrika 20:20, félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara. Útgáfan er tímamóta- verk því aldrei áður hefur verið skrifað jafn umfangsmikið rit um álfuna á íslensku. 288 bls. 4.800,- kr.



Vísindin heilla

Afmælisrit til heiðurs Sigmundi Guðbjarnasyni 75 ára

Ritstjóri: Guðmundur G. Haraldsson, prófessor

Bókin hófðar til áhugamanna um rannsóknir og vísindi á sviði lífvísinda, leikra sem lærðra, og er þarft framlag til íslenskra rita á því sviði. 30 greinar eftir íslenska vísindamenn úr hópi fyrrum nemenda og samstarfsmanna 543 bls. 5.300,- kr



Lítill börn með skóla-töskur

Tengsl leikskóla og grunnskóla. Dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor

Menntun ungra barna á fyrsta áratug 21. aldar er viðfangsefni bókarinnar. Sjónum er beint að leikskólanum og yngstu bekkjum grunnskólans, tengslum þessara skólastiga og þeim breytingum sem eiga sér stað þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla. 187 bls. 3.350,- kr.



Afburðaárangur

Um stjórnunaraðferðir sem grundvallast á gæðastjórnun og rannsóknir á fyrirtækjum sem náð hafa afburðaárangri. Agnes Hólm Gunnarsdóttir og Helgi Þór Ingason


Hvaða aðgerðir og aðferðir eru líklegar til að stuðla að afburðaárangri í rekstri fyrirtækis eða stofnuna. Í þessari bók er leitast við að skapa yfirsýn yfir nokkrar vel þekktar rannsóknir á þessu sviði, sem og nokkrar vinsælar stjórnunaraðferðir. 139 bls. 3.990,- kr.



Við brún nýs dags

Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906 - 1930 Dr. Þorleifur Friðriksson, sagnfræðingur

Í bókinni er sagt frá kjarabaráttu, stjórnmaalaafskiptum og öðru félagsstarfi Dagsbrúnarmanna. 394 bls. 5.300,- kr.



Almanak HÍ 2008

Dr. Þorsteinn Sæmundsson stjórnfræðingur reiknaði og bjó til prentunar.

Auk dagatala eru margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla, yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjöldi allra sjálfstæðra ríkja og tímann í höfuðborgum þeirra. 96 bls. 1.285,- kr



Ritið 1/2007 - Tungumál

Tímarit Hugvísindastofnunar

Upphafsgrein Ritsins er beinskytt og ítarleg greining Guðna Elissonar á orðræðunni um hlýnun jarðar. Greinin tengist þannig þema heftisins sem er tungumál, en fjórar greinar fjalla um viðhorf til tungumálsins frá ólíkum sjónarhornum. 199 bls. 2.800,- kr.



Menntun, forysta og kynferðil

Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor

Hvaða máli skiptir menntun fyrir framgang kvenna og karla til forystustarfa? Er það ekki þeirra sjálfra að stýra menntun sinni? Hvers vegna beindist umræðan um jafnrétti kynjanna í skólum nýverið og óvænt að stöðu drengja?. 325 bls. 4.300,- kr



Lífsmark: Mann(erfða)fræði

Dr. Gísli Pálsson, prófessor.

Framfarir á sviði erfðafræði hafa stóraukið skilning á mannslíkamanum, heilbrigði og sjúkdómum. Höfundur Lífsmarks sýnir fram á að mannfræðin varpar nýju og forvitnilegu ljósi á mannerfðafræði og líftæknina sem á henni er reist. 295 bls. 4.600,- kr.



Eldur á ís

Saga hinna íslensku „Síðari daga heilögu“ heima og að heiman Höfundur: Fred E. Woods.

Þessi einstaka saga, að mestu hulin gleymsku, er afhjúpuð í þessu tímamóta- verki, nú þegar rúm hundrað og fimmtíu ár eru liðin frá því að fyrstu Íslendingarnir settust að í Utah og stofnuðu fyrstu Íslendingabyggðina í Bandaríkjunum. 221 bls. 3.600,- kr.

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N
www.haskolautgafan.hi.is - s. 525 4003

... AÐ TJALDABAKI

FRIÐRIK Þór Friðriksson er nú að leggja lokahönd á heimildarmynd sína um einhverfan dreng og er það fyrsta heimildarmynd hans í aldarfjórðung, síðan Rökk í Reykjavík. Mun næsta verk Friðriks vera leikin mynd, Mamma Gógó, og verður titilllutverkið leikið af Kristbjörgu Kjeld. Myndin lýsir aðstæðum heilabílaðrar konu og hefur þróast frá eldri hugmyndum leikstjórans um að gera mynd á elliheimili sem hann hafði á þróunum eftir kynni sín af þeim Rúrik Haraldssyni, Gísli Halldórssyni, Jóni Sigurbjörnssyni og Sigríði Hagalín en af þeim er einungis Jón enn á lífi.



Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona er að æfa einleik sem hún ætlar að leika í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Verkið samdi Brynhildur sjálf að beiðni Kjartans Ragnarssonar. Hún kallar það Brák en þar segir



af ferðum ambáttar þeirrar sem ól upp hinn erfiða son Skallagríms. Sýningar hefjast eftir áramótin.


Hallmar Sigurðsson hefur ákveðið að hætta sem leiklistarstjóri hljóðvarps Ríkisútvarpsins. Leiklistardeildin hefur í áratugi notið mikillar lýðhylli – á annan tug þúsunda hlustenda hlustar jafnan á verk þeirra og nú hefur vefurinn bæst við. Mektarmenn í íslensku leikhúslífi hafa starfað við deildina: Þorsteinn Ö. Stephensen, Klemens Jónsson, Jón Viðar Jónsson og María Kristjánsdóttir. Óttast menn nú að eftir OHF-væðingu RÚV verði leiklistin hornreka í rekstrinum enda mun Páli Magnússyni og Sigrúnu Stefánsdóttur ekki skylt að auglýsa starfið opinberlega.



HARKA, PARKA INN SKÁL ARKA

Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson loksins fáanleg á ný. Spennandi saga með gullfallegum myndum fyrir ævintýraleg börn.

Skilaboðaskjóðan er líka leikrit og er sýnd í Þjóðleikhúsinu! Uppselt til jóla, ath. aukasýning 23.11



eitthvað alveg
einstakt



Galleri List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is

allar götur frá því hann rak forseta hæstaréttar í vor, en neyddist til að bakka með það eftir hörð mótmæli lögfræðinganna.

Bhutto snýr aftur

Aðgerðir Musharrafs virðast þó fátt annað hafa tryggt en að Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra sem var nýkomin aftur til landsins úr tíu ára útlegð, hefur snúist gegn honum aðeins fáeinum vikum eftir að þau náðu samkomulagi um að vinna saman.

Bhutto sneri aftur til Pakistans 18. október síðastliðinn. Hún er leiðtogi eins stærsta stjórnmálaflokks landsins, Djóðarflokks Pakistans, sem er eins konar sósíaldemókrataflokkur, stofnaður árið 1967. Það var faðir hennar, Zulfikar Ali Bhutto, sem stofnaði flokkinn á sínum tíma og gaf honum jafnframt kjörorðin: „Íslam er trú okkar, lýðræði er stefna okkar, sósíalismi er hagfræði okkar, allt vald til fólksins.“

Bhutto hafði verið forsætisráðherra tvisvar sinnum, fyrst 1988 til 1990 og síðan aftur 1993 til 1996. Í bæði skiptin vann flokkur hennar glæstan sigur í kosningum, en í bæði skiptin hrökklaðist hún úr embættinu vegna ásakana um spillingu. Ákærurnar, sem hún á yfir höfði sér vegna spillingarmálanna, eru einnig helsta ástæða þess að hún taldi sér ekki fært að snúa heim úr útlegðinni.

Spillingarmálin

Hún er sökuð um að hafa notfært sér aðstöðu sína til að hagnast persónulega á viðskiptasamningum erlendra fyrirtækja við Pakistan. Sjálf segir hún ekkert hæft í þessum ásökunum, þær eigi sér eingöngu pólitískar rætur.

Liður í samkomulagi þeirra Musharrafs, þótt þau hafi svo sem aldrei staðfest það opinberlega, er sakaruppgjöf sem Musharraf veitti henni og samstarfsmönnum hennar í tengslum við þessi spillingarmál.

Hæstiréttur Pakistans hafði tekið til skoðunar þessa sakaruppgjöf og átti stutt eftir í að kveða upp úrskurð um hvort hún samrýmdist stjórnarskrá landsins þegar Musharraf lýsti yfir neyðarástandi og rak dómara.

Þótt Bhutto hafi harðlega gagnrýnt Musharraf fyrir að nema stjórnarskrá landsins úr gildi og krefjist þess að kosningar verði haldnar á fyrirfram áætluðum tíma, þá hefur hún ekki haft uppi mörg orð um aðgerðir hans gegn dómurinum – enda þykir líklegt að hún sjálf njóti góðs af því að ekkert varð úr úrskurði hæstaréttar um sakaruppgjöfina.

Grefur undan sjálfum sér

Þótt Musharraf leggi sjálfur áherslu á að hann hafi lýst yfir neyðarástandi til að bjarga Pakistan, þá segja andstæðingar hans ljóst að hann hafi fyrst og fremst viljað tryggja sjálfum sér áframhaldandi völd. Svo virðist þó sem andstæðingum hans hafi bæði fjölgað og staða þeirra styrkst þegar Musharraf greip til örþrifaráða sinna um síðustu helgi.

Þannig hefur Bhutto, eftir að hún sagði upp splunkunýju sambandi sínu við Musharraf, tekið höndum saman við aðra andstæðinga Musharrafs, þar á meðal annan fyrrverandi forsætisráðherra, Nawaz Sharif, sem ólíkt henni fékk ekki leyfi frá Musharraf til að koma heim úr útlegð í haust.

Bhutto hafði að nokkru misst álit margra stuðningsmanna sinna þegar hún samdi við Musharraf um skiptingu valda, en nú þegar hún hefur snúist gegn Musharraf og tvisvar verið hneppt í stofufangelsi hefur almenningsálitið sveiflast til hennar á ný.

Andstaða lögmannastéttarinnar hefur auk þess harðnað og margir þeirra segja ekki koma til greina að sætta sig við að forseti landsins komist upp með að skipta út dómurum í hæstarétti landsins.

Meira að segja Bandaríkja-stjórn, sem til þessa hefur litið á Musharraf sem ómissandi bandamann í hinu svokallaða stríði gegn hryðjuverkum, virðist nú þegar vera farin að búa sig undir brott-hvarf Musharrafs.

HARÐSNÚNIR ÍSLAMISTAR

Einn af stjórnmálaflokkum Pakistans er Jamiat-e-Ulema Islam, flokkur strangtrúaðra múslima í norðvesturhéraðum landsins þar sem talibanar njóta mikils fylgis. Flokkurinn studdi á sínum tíma talibanastjórnina til valda í Afganistan og er enn í nánnum tengslum við talibanahreyfinguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



15%
vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ**
og stofnaðu reikning á spron.is



75 ára | spron

Disella Solo Noi


1. O Mio Babbino Caro
2. Solo Noi
3. En Aranzjez Con Tu Amor
4. The Way We Were
5. Ast án or a
6. Ave Maria
7. Oh! Quante Volte!
8. Someday My Prince Will Come
9. Casta Diva
10. Ebben? ... Ne Andro Lontana
11. All I Ask Of You



Glæsileg plata frá stórglæsilegri söngkonu.

Inniheldur m.a. lagið Solo Noi sem vakið hefur mikla athygli undanfarið.

góða skemmtun! ►



sena

okkar heimur // þín skemmtun



Íslenska sauðkindin er fegurst allra

Á meðan **Gísli Einarsson** fær mörg tilboð á dag um að kaupa stinningarlyf getur **Magga Stína Blöndal** ekki á sér heilli tekið fyrir hún er búin að kaupa sér Silit Bang eða Vanish. Þau hafa hins vegar ekki enn látið undan neyslupressunni Toys „R“ Us. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** ræddi við sjónvarpsmanninn og söngkonuna um vörumerkjatattú, hreinlætisvörur og Kiljuna.

Hafið þið hist áður? Ef þið ættuð að ímynda ykkur einhverjar þrjár staðreyndir, um hvort annað, sem þið vitið núna ekki hvort eru sannar eður ei – hvað mynduð þið telja vera sennilegan sannleik?

Magga Stína: Jú, við hittumst um daginn.

Gísli: Já, í Stúdíó 9. Það var okkar móment.

Magga Stína: Áttum móment í Stúdíó 9.

Magga Stína: En ef ég ætti að reyna að ímynda mér eitthvað þrennt um Gísla þá finnst mér nú líklegra að hann borði svona frekar íslenskan en ítalskan mat. Ég þykist nú líka alveg vita að maðurinn er húmoristi. Og bíddu nú við... svo gæti ég ímyndað mér að hann reyni að keyra á löglegum hraða.

Gísli: Já, þetta er nokkuð rétt. Nema sko þetta með löglega hraðann er svolítið viðkvæmt. Ég er alveg að reyna það en það tekst ofboðslega illa. Ég held að enginn Íslendingur hafi verið tekinn eins oft fyrir of hraðan akstur eins og ég. En þetta með íslenska matinn er alveg rétt. Mér finnst ítalskur matur ágætur en íslenskt er að sjálfsögðu best. Ég er hins vegar nokkuð öruggur um það að Magga Stína fór í kennaranám en veit ekki hvort hún hafi klárað það. En þá er ég nokkuð viss um að hún

tekur lýsi og þykir vænt um íslensku sauðkindina.

Magga Stína: Ég tek lýsi og það er ekki nokkur spurning, hún er fegursta dýr sem um getur. En mér þykir mjög vænt um þetta með kennaranámið.

Gísli: En það var sem sagt ekki rétt?

Magga Stína: Onei.

Á RÖKSTÓLUM

Allt á uppleið

Þessa vikuna ber hvað hæst fréttir um að allt sé að fara til fjandans. Er allt að fara þá leið?

Líður ykkur illa þegar þið horfið á fréttirnar og hvað gerið þið til að létta lund ykkar?

Gísli: Ég held nefnilega að alveg þvert á móti sé allt á uppleið. Ég nefnilega byggi allt mitt á bjart-sýni og get ekkert farið að slaka á því.

Magga Stína: Við getum náð dálítið góðu flugi saman heyrir ég. Við aðhyllumst greinilega meira svona rómantísku stefnuna en raunsæis. **Gísli:** Enda mun skemmtilegri stefna.

Magga Stína: Jú, ég held við verðum bara að fara þá leiðina Gísli – „blackout“-leiðina.

Gísli: En þegar ég þarf að létta lund mína eftir slæmar fréttir fer

ég bara og geri fallega frétt.

Magga Stína: Af því að ég hef nú ekki tók á því ríf ég bara dálitinn kjaft. Og þá helst við sjónvarp og útvarp. Og svona yfirhöfuð þá tala ég vodafone mikið við viðtækin.

Gísli: Enda er þetta viðtæki – það á að taka við.

Magga: Já, og ég ætlast hreinlega til þess að það taki við mér. Ég reyni að spara það að brúka mjög

Magga: Toys and rusl.

Gísli: Nei, ég verð nú bara að við-urkenna það, þótt ég hefði gjarnan viljað biða þarna í biðröð í sautján klukkutíma.

Magga Stína: Hann bara komst ekki í það – svolítið mikið að gera.

Gísli: Nei, ég veit ekkert skemmtilegra en að vera í biðröðum í dótabúðum.

Magga Stína: Já, og bara að vera í

Magga Stína: Þegar þeir náðu mynd af biðröðinni fékk ég nú yfir mig einhverja svona heilagra manna tilfinningu og ákvað að sniðganga þessa búð í bili að minnsta kosti. Maður er jú þetta alveg tvo heila daga að ná sér eftir Bónusferð. Ég yrði örugglega rúmleggjandi í heilan mánuð ef ég þyrfti að fylla innkaupakörfu af leikföngum.

” Og það sem gerir mig hálfþunglyndan er að það er endalaust otað að manni einhverjum stinningarlyfjum og hvað heitir það? „Penis enlargement“. Þetta er sú neyslupressa sem er að gera út af við mig. Ég fæ svona 20 til 30 bréf á dag þar sem ég er meira að segja ávarpaður sérstaklega: „Dear mr. Gísli Einarsson.“

mikinn munn við annað fólk og steyti því skapi mínu á viðtækjunum.

Rúmleggjandi eftir Bónusferð

Dótabúðir virðast vera heitustu búðirnar þessi misserin. Hafið þið farið í Toys „R“ Us og ef ekki, ætlið þið að fara þangað fyrir jól? Finnið þið fyrir neyslupressu og ef svo er – hvaða vörum finnst ykkur helst otað að ykkur umfram aðrar?

biðröðum yfirhöfuð. Ég segi eins og Gísli, því við erum greinilega um svo margt keimlík, að ég á í töluverðum erfiðleikum með að biða eftir strætó, hvað þá að hanga í marga klukkutíma fyrir utan Toys „R“ Us.

Gísli: En hvort ég fari fyrir jólin, ég veit það ekki. Ég á nú tvo stráka á leikfangaldri en ég hugsa ég fari bara í Kaupfélagið, það er minni biðröð.

Gísli: Ég set líka spurningu við markaðsfræði sem byggir á því að búa til mógæsing. En neyslupressan er orðin finnst mér mest á netinu. Og það sem gerir mig hálfþunglyndan er að það er endalaust otað að manni einhverjum stinningarlyfjum og hvað heitir það? „Penis enlargement“. Þetta er sú neyslupressa sem er að gera út af við mig. Ég fæ svona 20 til 30 bréf á dag þar sem ég er meira að segja



RÓMANTÍKIN ER BETRI EN RAUNSEIÐ Magga Stína Blöndal og Gísli Einarsson segja að þau ætli að fara í gegnum þjóðfélagsástandið í „blackout“ og reyna að vera súperjávæð meðan lægðir og annað ganga yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ávarpaður sérstaklega: „Dear mr. Gísli Einarsson.“

Magga: Sjálf er ég hrifnust af hreinlætispressunni. „Silit Bang! Heldurðu að fötin þín séu hvít? Þau eru ekki hvít – þau eru grál!“ Ég klæðist sjálf oft hvítum fötum og það er kannski þess vegna sem þetta æsir mig svona upp.

Gísli: Döbbaðar blettahreinsiauglýsingar eru algjör snilld.

Magga Stína: Þær eru mjög skemmtilegar.

Gísli Lúsiuengill

Nú eru ekki nema örfáar vikur til jóla – ef þú ættir að klæða Gísla upp í jólafötin þannig að eftir yrði honum tekið á aðfangadagskvöld, hvað myndir þú setja hann í, Magga Stína? Og ef Björn Ingi og Gísli Marteinn eru enn í fylu út í hvorn annan á Þorláksmessu og Magga Stína ætti að miðla málum áður en hátíðin gengur í garð – hvað myndir þú láta Möggu Stínu gera?

Magga Stína: Mér finnst hann Gísli eitthvað svo englalegur að ég hugsa að englabúningur færi honum mjög vel. Jafnvel klæddi ég hann upp eins og sænska lúsiu – með fjögur kertir á höfði, í hvítan kyrtill og með vængi þótt þeir séu nú sennilega þarna nú þegar.

Gísli: Ég held það myndi fara mér vel. En til að koma á sáttum milli Björns Inga og Gísla Marteins myndi ég fara með þá í hljómskála-

gardinn og láta Möggu Stínu syngja fyrir þá lagið Fílahirðirinn frá Súrin. Þar kemur fyrir þessi setning: Og svo kveðjumst við hryggir og sáttir.

Magga Stína: Já! Ég er sem fyrr, ávallt reiðubúin!

Frægt er orðið að Jói Fel lét tattúvera sig með mynstri þekktis hönnuðar. Erud þið með tattú og ef þið yrðuð að tattúvera eitthvert vörumerki á ykkur, hvaða vörumerki yrði fyrir valinu? Hvert er ljótasta vörumerkið að ykkar mati og af hverju?

Magga Stína: Nei, ég hef ekki komist til þess en hef þó lengi þráð akkeri á minn upphandlegg.

Gísli: Ég er hins vegar með eitt hér á upphandleggnum – þetta er sverð og skjöldur. Var búið að langa til þess í mörg ár. Þetta er til heiðurs Íslendingasögunum. Ef ég yrði að láta tattúvera mig með einhverju vörumerki yrði það Land Rover. Ég fékk nefnilega '66 árgærd í fertugsafmælisgjöf í vetur.

Magga: Kannski maður fengi sér bara malt og appelsín. Svona rétt fyrir jólin? Annars er ég svo ómeðvituð um vörumerki að það er erfitt fyrir mig að velja það ljótasta.

Gísli: Það er mikið til af ljótum vörumerkjum en þessi stíliseruðu vörumerki, eins og KB banki – bara tvær kúlur og eitt strik, finnst mér verst. Mér finnst að vörumerki eigi að vera með mynd, mér fannst til dæmis Búnaðarbankinn



með sáðmanninn ágætt.

Magga Stína: Já, einmitt, það var fallett.

Gísli: Maður skildi alveg hvað þetta var og þurfti ekki að láta útskýra fyrir sér hvað þetta þýddi. Hlutirnir mega vera einfaldir en skýrir.

Krossbregður yfir Kiljunni

Stefið í Út og suður er fyrir löngu orðið fræg. Finnst þér stefið skemmtilegt, Magga Stína? Átt þú einhverja plötu með Möggu Stínu, Gísli? Hvert er eftirlætis auglýsinga- eða sjónvarpsþáttastefið ykkar? En það hvímléidasta?

Magga Stína: Já, mér finnst stefið mjög skemmtilegt, svona kántrí. Það höfðar til mín.

Gísli: Enda er það samið af prófessor í fódurfræði við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Magga Stína: Já, það bara hlaut að vera! Mér hafði næstum því dottið það í hug.

Gísli: Ég á plötuna Magga Stína syngur Megas. Og þar er Fílahirðirinn frá Súrin mitt upphald.

Magga Stína: En hvað sjónvarpsstef varðar þá slær ekkert Staupa-steinsstefið út.

Gísli: Mitt upphald var stefið við þættina Onedin skipafélagið, sem var á dagskrá fyrir einhverjum þrjátíu árum síðan.

Magga Stína: Já, Spartakus. Það var stórkostlegt! Við erum auðsjánlega tvíbúrasálir.

Gísli: Leiðinlegasta stefið finnst mér í Bachelor.

Magga Stína: Ég verð að fá að setja spurningarmerki við eitt stef sem ég hef heyrt að undanförunu og það er í bókmenntaþættinum Kiljunni. Ég segi fyrir mitt leyti að mér bregður svo við þegar því er dúnrad á milli atriða í þeim ágæta þætti að það hefur flögrað að mér að ég sé annað hvort arfaslópp á taugum eða að viltlaust stef hafi verið valið. Með allri virðingu.

Að lokum. Að fyndni og gleði, kostum og löstum. Ef við kjósum snöggvast, hver finnst ykkur þá vera: a) Fyndnasti Íslendingurinn? B) Hressasti Íslendingurinn? C) Viðmótsþýðasti Íslendingurinn?

Magga Stína: Er ekki Laddi fyndnastur?
Gísli: Fyndnasti Íslendingur sem ég þekki heitir Karl Sigtryggsson og er myndatökumaður á RÚV og fyndnasti Íslendingurinn sem ég þekki ekki myndi vera Þráinn Bertelsson. Barði hlýtur að vera hressasti Íslendingurinn.

Magga Stína: Hressasti segirðu. Það er nú varla Davíð Oddsson. Og ekki er það Geir Haarde. Ætli ég segi ekki bara líka Barði. Hann er á góðri leið með að verða fullhress.

Gísli: Viðmótsþýðasta kys ég Bergþór Pálsson. Hann var einmitt að gefa út bók um kurteisi.

Magga Stína: Og ég kys Magnús Þór Jónsson – Megas.

→ VISSI ÞÚ AÐ...

...Gísli geymir Eddustyttuna sína á litt áberandi stað í stofunni hjá sér.

...Magga Stína geymir fiðluna sína undir rúmi dóttur sinnar.

...Magga Stína og Gísli eru í sama stjórnumerki, Vatnsberanum, Magga Stína fædd 22. janúar og Gísli 21. janúar.

...þau hittust í fyrsta skipti fyrir stuttu síðan, í Stúdíó 9. Magga var að taka upp og Gísla vantaði tæknilega aðstoð.

...Ef Gísli mætti sprauta þjóðina með einhverjum einum eiginleika myndi hann velja kæruleysisprautuna.

...Magga Stína myndi sprauta þjóðina með tillitssemisprautunni.

Skrautlegir eigendur í enska boltanum

Umhverfið í enska boltanum hefur breyst mikið undanfarin ár. Auðkýfingar hafa verið að ná völdum í stærstu félögunum og eru þeir flestir af erlendu bergi brotnir. Sitt sýnist hverjum um þessa þróun en eigendurnir hafa klárlega litað lífið í ensku úrvalsdeildinni og almenningur virðist hafa gaman af því að fylgjast með ótrúlegum lífsstíl þessara milljarðamæringa. Fréttablaðið varpar ljósi á nokkra af skrautlegustu og umdeildustu eigendunum í ensku úrvalsdeildinni.

Mike Ashley, eigandi Newcastle:

Vinsæll hjá stuðningsmönnum

Eigandi Newcastle United og fimmti ríkasti eigandinn í ensku úrvalsdeildinni. Keypti félagið síðasta sumar á 134 milljónir punda.

Gríðarlega vinsæll hjá stuðningsmönnum félagsins en Ashley mætir á alla leiki í liðstreyju félagsins númer 17. Það er treyja Alans Smith en Ashley segir að Smith sé leikmaður að sínu skapi – sýni gríðarlegan vilja og baráttu allan tímann. Ashley ber virðingu fyrir slíku.

Hann er einnig óhræddur við að skemmta sér í treyjunni með stuðningsmönnum en hann skellti sér á djammíð með þeim á dögnum og bauð drykki á línuna. Sló svo endanlega í gegn í nágrannaslagnum gegn Sunderland á útivelli á dögnum. Til stóð að meina honum aðgang að heiðursstúkunni í Newcastle-treyjunni þar sem talið var að það myndi hleypa illu blóði í stuðningsmenn heimaliðsins. Ashley tók sig þá til og sat með áhorfendum Newcastle svo hann gæti verið í treyjunni.

Annars er lítið vitað um einkalíf eigandans, sem er ákaflega dulur og gefur nánast aldrei viðtöl. Byr einn og er skilinn við sænska eiginkonu sína til fjórtán ára.



Thaksin Shinawatra, eigandi Man. City:

Kallaður Frank Sinatra

Hugsanlega umdeildasti eigandinn í ensku úrvalsdeildinni en hann náði völdum í Manchester City síðasta sumar. Hafði lengi haft áhuga á að eignast enskt knattspyrnu-



lið og var til að mynda talið um tíma að hann myndi ná yfirráðum í Liverpool.

Er fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, þar sem valdatíð hans einkenndist af spillingu og einræðistilburðum. Er einnig talinn hafa framið gróf mannréttindabrot þegar hann stýrði málum þar í landi.

Valdarán var síðan framið í Taílandi þegar Shinawatra var erlendis á fundi hjá Sameinuðu þjóðunum. Lokað var fyrir allar vefsíður hans í landinu í kjölfarið, banka-reikningar frystir og hann síðan ákærður fyrir fjármálamisferli og almenna spillingu, enda efnaðist hann óeðlilega mikið á valdatíma sínum. Á því vart afturkvæmt til heimalandsins.

Hann er gifur Potjaman Shinawatra og saman eiga þau tvær dætur. Stuðningsmenn City kalla hann Frank og þá í höfuðið á Frank Sinatra þar sem eftirnöfnin eru lík.

Malcolm Glazer, eigandi Man. Utd:

Aldrei séð leik á Old Trafford

Keypti Manchester United í maí árið 2005. Kaup hans féllu ekki í kramið hjá stuðningsmönnum, sem vildu ekki sjá Glazer-fjölskylduna nálægt Old Trafford og mót-mæltu kaupunum harðlega.

Vinsældirnar hafa þó aukist enda hefur Glazer-fjölskyldan sett meira fé í leikmannakaup og annað en búist var við. Synir Malcolms sjá alfarið um rekstur félagsins en eigandinn hefur aldrei séð leik á Old Trafford.

Glazer hefur lengi haft mikinn áhuga á íþróttaliðum en hann er einnig eigandi bandaríska ruðningsliðsins Tampa Bay Buccaneers sem vann Super Bowl árið 2002. Sjálfur býr hann í Flórída með eiginkonu sinni Lindu, en þau eiga fimm syni. Glazer er ekki mjög heilsuhausstur þessa dagana eftir að hafa fengið tvö slög á síðasta ári sem urðu til þess að hann tapaði hreyfigetu í hægri fæti og hendi.



→ EIGENDURNIR

Meðfylgjandi er listi yfir þau lið í ensku úrvalsdeildinni sem eru í eigu einstaklinga. Útlendingar eru þar í miklum meirihluta:

Aston Villa	Randy Lerner, USA
Chelsea	Abramovich, Rússi
Fulham	M. Al-Fayed, Egyptí
Liverpool	Hicks og Gillett, USA
Man. City	Shinawatra, Taíland
Newcastle	Ashley, England
Portsmouth	A. Gaydamak, Rússi
Reading	John Madejski, England
Tottenham	Joe Lewis, England
West Ham	Björgólfur Guðm., Ísland
Wigan	David Whelan, England

→ RÍKUSTU EIGENDURNIR

Tölurnar eru í milljörðum punda:

Roman Abramovich, Chelsea	10,8
Joe Lewis, Tottenham	2,8
Alisher Usmanov, Arsenal	2,76
Mike Ashley, Newcastle	1,6
Malcolm Glazer, Man. Utd	1,25
Stanley Kroenke, Arsenal	1,2
Thaksin Shinawatra, Man. City	0,640
Björgólfur Guðmunds., W. Ham	0,593
Tom Hicks, Liverpool	0,5

Roman Abramovich, eigandi Chelsea:

Náinn vinur Rússlandsforseta

Keypti Chelsea sumarið 2003. Þurrkaði umsvifalaust upp skuldir félagsins og setti gríðarmikið fé í leikmannakaup. Talið er að hann hafi eytt 440 milljónum punda á fyrstu þrem árunum. Félagið hefur eðlilega tapað miklu fé á stjórnartíma Abramovich en stefnt er að því að það skili arði árið 2010.

Mætir á nánast alla leiki félagsins og er gríðarlega virkur í stúkunni. Tekur mikinn þátt í leiknum og fagnar mikið þegar Chelsea skorar.

Hefur einnig sett mikið fé í rússneska landsliðið og sá til þess að Guus Hiddink kom þangað en talið er að hann muni síðar taka við Chelsea.

Abramovich er einn ríkasti maður heims og er oft bendlaður við rússnesku mafíuna. Hann var náinn Boris Jeltsín, fyrrverandi Rússlandsforseta, og hans fjölskyldu. Er oft talað um að samband hans og Pútíns, núverandi Rússlandsforseta, sé eins og samband föður og sonar.



George Gillett og Tom Hicks, eigendur Liverpool:

Vilja vernda ríka hefð klúbbsins

George Gillett og Tom Hicks eru eigendur Liverpool og keyptu klúbbinn saman á upphæð sem talin er nema allt að 435 milljónum punda, með byggingu nýs leikvangs. Fyrir kaupin áttu þeir báðir stóran hlut í öðrum íþróttafélögum. Gillett á um áttatíu prósent hlut í kanadíska íshokkiliðinu Montreal Canadiens auk Nascar-kappakstursliðsins Evernham Motorsports og Hicks er eigandi íshokkiliðsins Dallas Stars auk hafnaboltaliðsins Texas Rangers, sem hann keypti í slagfelli með George W. Bush, þáverandi ríkisstjóra í Texas og núverandi forseta Bandaríkjanna.

Gillett byrjaði veldi sitt á því að sameina þrjár litlar sjónvarpsstöðvar í Wisconsin í Bandaríkjunum, en árið 1984 voru sjónvarpsstöðvarnar orðnar átta, auk tuttugu og tveggja blaðafyrirtækja. Gillett var hins vegar nálægt gjaldþroti snemma á tíunda áratugnum, en náði heldur betur að rífa sig upp úr því.

Hicks, sem er sonur útvarpsstöðvar-eiganda í Texas, hafði sjálfur alla tíð mikinn áhuga á viðskiptum og útskrifaðist með MBA-gráðu. Hann átti á sínum tíma hlut í gosdrykkjaverksmiðjum sem framleiddu



meðal annars drykkina Dr. Pepper og 7-up, áður en hann færði sig yfir í íþróttirnar. Fyrirtækið Hicks Holdings á meðal annars stóran hlut í nokkrum raftækjafyrirtækjum í Kína, dýramatsframleiðslufyrirtækjum í Argentínu og fasteignafyrirtækjum víða um heim.

Gillett og Hicks hafa sjálfir lýst því yfir að þeir séu mjög stoltir af því að fá að taka þátt í uppbyggingu Liverpool og ætli sér ekki að stýggja ríka hefð félagsins. Fyrir þetta eru þeir almennt vel liðnir hjá aðdáendum Liverpool.

Alisher Usmanov og Stan Kroenke, hluthafar í Arsenal:

Vilja stórauka hlut sinn í liðinu

Alisher Usmanov og Stan Kroenke: Eru báðir stórir hluthafar í Arsenal og hafa verið orðaðir við að vilja stækka hluti sína í félaginu. Usmanov keypti 14,58% hlut í Arsenal í ágúst á þessu ári og hlutur í eignarfélagi hans innan klúbbsins, sem er stjórnað af David Dein, fyrrverandi aðstoðarstjórnarformanni Arsenal, var búinn að hækka í 23% í september. Eignarfélag Kroenke á rúmlega 12% eignarhlut í Arsenal.

Usmanov er sonur lögfræðings og lagði sjálfur stund á lögfræði í skóla, en sú menntun hans kom ekki veg fyrir að hann sæti í fangelsi í sex ár snemma á áttunda áratugnum fyrir meint fjárvik og peningþvott, auk þess að reyna ólöglega yfirtöku á nokkrum af verðmætustu demantanámum heims. Usmanov er í 143. sæti á lista Forbes yfir ríkustu menn heims en áður en hann eignaðist hlut í Arsenal var hann búinn að einbeita sér fyrst og fremst að fyrirtækjum í járn-, stál- og olíuáðnaðinum í Rússlandi, auk þess að eiga fjöldann allan af fjölmiðlafyrirtækjum í



Rússlandi. Kroenke er þekktur sem einn ríkasti maður heims og mikill íþróttamógull í Bandaríkjunum. Hann er meðeigandi NFL-ruðningsliðsins St. Louis Rams og eigandi NBA-körfuboltaliðsins Denver Nuggets, NHL-íshokkiliðsins Colorado Avalanche og MLS-fótboltaliðsins Colorado Rapids. Kroenke er kvæntur Anne Walton, sem stendur heldur ekki höllum fæti fjárhagslega en hún er erfingi Wal-Mart verslanakeðjunnar.

Chevrolet Captiva

Meiri búnaður – bakskynjari, aksturstölva, loftkæling o.fl., o.fl.

Meiri kraftur – 16 ventla túrbó dísilvél með 320 Nm

Meira rými – 7 manna sportjeppi fyrir alla fjölskylduna



Chevrolet Captiva

7 manna sportjeppinn sem tekið er eftir

Hlaðinn staðalbúnaði

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (cruise control), stjórnað í stýri
- Nálgunarvörn
- 18" álfelgur
- Aksturstölva
- ARP veltivörn
- TOD sjálfvirk drifstýring
- DCS eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira

Captiva

Áberandi glæsileiki

Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél in sjálfskiptum glæsijeppanum eyðir aðeins 8,7 lítrum á hundrað km í blönduðum akstri og þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl. Að reynsluaka þessum bíl er verkefni sem öll fjölskyldan hefur gaman af. Láttu sjá þig - þín bíður einstök upplifun og heitt kaffi á könnunni.

Benna

Tangarhöfða 8-12

Sími 590 2000

www.benni.is


Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Bílasalan Ós, Akureyri, sími 462 1430
Bílahornid hjá Sissa, Keflavík, sími 420 3300

Bílasala Vesturlands, Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands, Egilsstöðum, sími 471 3005



CHEVROLET



SAGA UM FORBODNA ÁST MED TÓNLIST EFTIR LAY LOW

Afbragðs dómar!

„Þetta er falleg sýning...
ákaflega sterk... með því að

taka Ökutíma til sýningar hefur íslenskt leikhús stigið feti fram... LA – þar sem allt blómstrar og grær... rigna yfir sýninguna stjórnun.“

MK, Mbl

„Þetta er stórgóð sýning í einkar vel heppnaðri umgjörð“
EB, Fréttablaðið

„LA nýtur nú vinsælda og virðingar í samfélaginu sem önnur leikhús mega öfunda það af... mjög vel unnin“
JVJ, DV

„Ég er djúpt snortin... Stórkostlegur leiksigur...
mjög áhrifamikil sýning“
SLG, RÚV

„stórkostlegan samleik...beint í hjartastað...“
IS, Kístan

„djúpt og áhrifamikið... rússbanaferð... enn einn sigurinn!“
VAJ, landpostur.is

„magnaða sýningu... opnar augu og snertir, leikhús sem skiptir máli“
JJ, Dagur.net

„hittu mann beint í hjartastað... afar snjöll... Akureyringar eru öfundsverðir af þessari sýningu“
SA, TMM

„Þessi sýning nær manni svo sannarlega... lifir virkilega með manni og vekur mann til umhugsunar ...
LA sýnir mikinn metnað í verkefnavali“
PES, Víðsjá, RÚV



Næstu sýningar:

14., 16., 17., 22., 23., 24., 30. nóv og 2., 5.,
7., 14., 15., 29., 30. des.

Allt að seljast upp!

ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!

Miðasala: 4 600 200 | netsala: leikfelag.is

Í samstarfi við



STUÐ MILLI STRÍÐA Um jólasþap og jólastress

ÞÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR HEFUR GERT UPPGÖTVUN



Tíminn líður hratt, það getum við flest verið sammála um. Sumarið virðist bara hafa klárast í gær en samt eru allt í einu fimm vikur til jóla í dag. Sjálf hef ég aldrei verið neitt rosalega mikið jólabarn – nema kannski þegar ég var barn, og það á nú við um flesta. Þá fylgdu jólu- um heldur ekki stress og skipu- lagning, heldur snerist þetta að mestu leyti um hvað kæmi í skóinn og hvaða gjafir yrðu undir trénu. Í dag snýst tilhlökkunin aðallega um fríð sem fylgir jólu- um og það að fá fjölskyldumeðlimi og vini sem búa í útlöndum til landsins –

allavega hjá mér. Jólin sjálf snúast svo meira um góðan mat og góðan félagsþap en nokkuð annað.

Vegna þess hversu lítið jólabarn ég er hef ég aldrei skilið fólk sem er komið í jólasþap í byrjun október. Mér fannst fátíðlegt að ganga inn í Kringluna og þurfa að sjá jólasþap út um allt þegar tveir mánuðir eru til jóla. Pantanir fyrir jólahlaðborð, auglýsingar fyrir allt sem mögulega gæti tengst jólu- um, jólakort og jóla- lög, allt er þetta orðið áberandi fyrir löngu síðan. Ég virtist samt vera í minnihluta með þessa skoðun mína. Og í síðustu viku gaf ég loks undan.

Eftir að hafa séð fullan vörubíl af jólatrjám keyra fram hjá mér á

Miklubrautinni ákvað ég að gera tilraun. Ég fór heim og hlustaði á jólalög og það leið ekki á löngu þar til jólasþapíð helltist yfir mig.

Eftir að hafa hlustað á nokkur vel valin stemningslög fór ég að hugsa betur út í þetta. Það er ekkert svo gálið að komast í jóla- þapíð svolítið snemma. Það er nefnilega svo oft sem stressið fyrir þessa hátíð nær tökum á manni, og þá er ekkert pláss fyrir jólasþapíð. Þetta er sérstaklega gott fyrir fólk eins og mig, sem Háskóli Íslands heldur í prófagis- ligu nánast fram að Þorláksmessu. Með þessu móti er bara hægt að skapa sér jólastemninguna í nóv- ember og taka svo pásu frá henni á meðan mesta stressið gengur yfir.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Munnlegar heimildir varðveittar

Þau Guðný Dóra Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Gljúfrasteins, og Guðmundur Jónsson, stjórnarformaður Miðstöðvar munnlegrar sögu, undirrituðu á föstudag samning um söfnun munnlegra heimilda um Halldór Laxness og Gljúfrastein.

Frá því að safnið á Gljúfrasteini var opnað í september 2004 hafa margir þeirra gesta sem heimsótt hafa safnið gefið sig á tal við starfsfólk og miðlað skemmtilegum upplýsingum og fróðleik um skáldið og Gljúfrastein. Full ástæða er því til að safna saman þessum munnlegu heimildum á kerfisbundinn hátt. Ennfremur er vitað til þess að margir eiga athyglisverðar upptökur í fórum sínum sem ættu vel heima í slíku safni. Ekki er verið að leita eftir neinu ákveðnu heldur er markmiðið að safna saman frásögnum af daglegu lífi skáldsins og öðru sem tengist Gljúfrasteini, sögum sem samtíðarfólk Halldórs kann og getur rifjað upp.

Miðstöð munnlegrar sögu mun



HALLDÓR LAXNESS

sjá um að skrá og varðveita þau gögn er safnað verður og veita starfsfólki Gljúfrasteins ráðgjöf hvað mótun verkefnisins varðar og nauðsynlega þjálfun í viðtalstækni og við notkun tækjabúnaðar.

Miðstöð munnlegrar sögu er safn og rannsókn- og fræðslustofnun á sviði munnlegrar sögu. Hlutverk hennar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar og varðveita þær til frambúðar. Hún veitir fræðslu um söfnun og notkun munnlegra heimilda, skapar fræðimönnum aðstöðu til rannsókna og stendur fyrir fræðilegri umræðu um munnlega sögu. Að miðstöðinni standa þrjár rannsókn- og háskólastofnanir í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn. Þær eru Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og Kennaraháskóli Íslands.

Meginmarkmið með söfnun munnlegrar sögu á Gljúfrasteini eru að dýpka þekkingu á ævi og verkum Halldórs Laxness, að safna heimildum um Halldór Laxness frá samtíðarmönnum hans og að safna öllu er viðkemur sögu Gljúfrasteins.

- vþ



FÖGUR KLÆÐI Noh-búningar eru óneit- anlega tilkomumiklir.

Japanskir búningar

Sendiráð Japans, í samvinnu við Landsbókasafn Íslands og Menningarmiðstöðina í Listagili á Akureyri, býður til sýningar á búningum og textílhönnun úr Noh-leikhúsi Japans. Sýningin stendur yfir í Þjóðarbókhúðunni í Reykjavík dagana 20.-25. nóvember og í Ketilhúsinu á Akureyri dagana 27. nóvember til 1. desember.

Noh-leikhús er eitt af því mikilvægasta í menningararfleifi Japans, en saga þess spannar 600 ár. Noh-leikhúsið var í miklum mætum hjá samúræjum og hélt stétt þeirra þessu listformi á lofti frá 14. til 19. aldar. Búningar leikaranna skipuðu frá upphafi viðamikil hlutverk þar sem þeir upphöfu leikverkið og fegruðu svið Noh. Búningarnir eru fingerðir og sýna vel hina einstöku fagurfræði sem ríkir í japönsku Noh-leikhúsi.

Handbragð við gerð búninganna er einstakt og notast er við háþróaða tækni við vefnað og litun efnisins. Litirnir eru glæsilegir en litunarferlið er flókið og notaðar eru sérvaldar jurtir og náttúrleg hráefni til að ná áhrifunum fram. Búningar Noh-leikhússins skipa sérstakan sess í sögu japansks textíldnaðar sem og í menningararfleifi Japans.

Á sýningunni gefst gestum færi á að skoða í návígi undurfagra hönnun og vandað handbragð. Nokkrir búningar verða til sýnis ásamt ýmsum aukahlutum sem hafa verið endurgerðir eftir upprunalegum fyrirmyndum af Yamaguchi Noh Costume Reserch Centre í Kyoto í Japan. Allir búningarnir eru byggðir á margra alda gamallri hönnun og var við sköpun þeirra notast við vinnuáferðir þeirra tíma.

- vþ



MINNINGARTÓNLEIKAR UM SIGURÐ HAUK GUÐJÓNSSON
(25. 10. 1927 – 13. 08. 2007)

KÓR & KAMMERSVEIT LANGHOLTSKIRKJU
Stjórnandi Jón Stefánsson

Actus Tragicus & Magnificat

Langholtskirkja - 18. nóvember 2007 - kl. 20.00

Miðasala: Langholtskirkja, sími 520 1300, hjá kórfélögum og á netfanginu list@langholtskirkja.is

Miðaverð: 3.500 krónur



BJARNI THOR · DIDDÚ
ÁGÚST · SIGRÍÐUR · KURT

ÓPERUPERLUR

FÖSTUDAGINN 23. NÓVEMBER KL. 20
LOKASÝNING 24. NÓVEMBER KL. 20

WWW.OPERA.IS
MIÐASALA 511 4200



ÍSLENSKA ÓPERAN

FRUMSÝND 15. NÓVEMBER Í REGNBOGANUM

„STÓRKOSTLEGASTA UMBREYTING SEM FEST HEFUR VERIÐ Á FILMU; MARION COTILLARD UMBREYTTIST Á SAL OG LIKAMA OG EDITH PIAF BIRTIST OKKUR, LJÓSLIFANDI, ÓSKARSVERÐLAUNAHAFI NÆSTA ÁRS ER FUNDINN!“

STEPHEN HOLDEN, NEW YORK TIMES, 28. FEBRÚAR 2007

KVIKMYND EFTIR OLIVIER DAHAN
MARION COTILLARD

LA VIE EN ROSE

STÓRBROTIN SAGA EDITH PIAF

KLIPPIÐ HÉRI

1 Ekkert hið 2 Minna af auglýsingum 3 Engin trúflan

græna ljósið

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.

www.graenajosid.is - Skráning í Blöklúbb Græna ljóssins margborgar sig

„Mér er til efs að Íslendingar hafi nokkum tíma áður átt skemmtikraft sem jafnast á við Kristján.“
Þ.T. Mbl, 2006

„Bráðfyndinn og undraverður látbragðsleikari.“
V.W. Berlinske Tidene

Frelsarinn

eftir Kristján Ingimarsson

Sýning í Þjóðleikhúsinu 22. nóvember.
Sýningar í Samkomuhúsinu á Akureyri 24. og 25. nóvember.

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

51250

Auglýsingasími

50

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

> VISSIR ÞÚ?

Rapparinn Diddy eða P. Diddy eða Puff Daddy er mjög hrifinn af því að þvo sér. Hann sagði einhverju sinni frá því í viðtali að hann færi í bað á hverri einustu nóttu kl. 3 eða um það leyti sem hann kemur heim til að slappa af. Á morgnana fer hann svo alltaf í sturtu til þess að hressa sig við og að lokum sprangar hann um nakinn í tíu mínútur til þess að þorna.



fólk

folk@frettabladid.is

Hera fékk vænan tónlistarstyrk

„Það er búið að vera ofboðslega skemmtilegt að taka þátt í þessu.“ segir tónlistarkonan Hera Hjartardóttir sem hlaut á dögunum um sex hundruð þúsund króna styrk úr sjóði á vegum ríkisstjórnar Nýja-Sjálands. Var hún, ásamt fjórum öðrum umsækjendum, valin úr 250 manna hópi. Er sjóðnum ætlað að styðja við bakið á tónlistarmönnum sem starfa í heimalandinu og hvetja þá til að taka upp lög.

Hera nýtti styrkinn til að taka upp smáskífulagið Feel so Good og nýtt myndband við það. Upptökustjóri lagsins var David Long, sem vann hljóðið í kvikmyndunum um Hringadróttinsögu. Auk þess vann hann að laginu Gollum's Song sem Emiliana Torrini söng í The Lord of the Rings: The Two Towers. „Við kláruðum að taka upp lagið fyrir nokkrum vikum. Við tókum upp myndbandið um síðustu helgi og



HERA HJARTARDÓTTIR Tónlistarkonan Hera Hjartardóttir lauk nýverið við upptökur á laginu Feel so Good.

MYND/DUKE MULE

þetta er æðislega gott „team“ sem ég er að vinna með.“ segir Hera.

Nýja lagið kemur út í byrjun næsta árs í Nýja-Sjálandi en hugsanlega aðeins fyrr hér heima. „Það fjallar um það sem er svo æðislega gott að gera en er kannski ekki endilega normið.“ segir hún um Feel so Good. Ekki er víst hvenær næsta plata Heru kemur út en síðasta plata hennar, Don't Play This, kom út hérlendis fyrir tveimur árum við þrýðilegar undirtektir.

Hera hefur undanfarið kennt krökkum lagasmíðar víða um Nýja-Sjáland og hefur haft mjög gaman af því. „Það hefur verið ofboðslega skemmtilegt. Ég hef farið í skólana og haldið fimm námskeið.“ segir Hera, sem er ekki á leiðinni til Íslands alveg í brád. „Það er möguleiki á að það verði í kringum mars á næsta ári, við sjáum til.“

- fb

Vissi ekki af lýtaaðgerð móður sinnar

Vinur Dondu og Kanye West segir að rapparinn Kanye hafi ekki vitað af því að móðir hans, Donda, hygðist leggja undir hnífinn. Hún gekkst undir tvöfalda lýtaaðgerð á föstudaginn fyrir viku og lést daginn eftir. Talið var að dauðsfallið hefði komið til vegna eftirkasta aðgerðarinnar, en krufning sem framkvæmd var í vikunni gat ekki staðfest það og dánarsök er því enn óljós.

Kanye ku hafa verið staddur í London þegar hann fékk fregnirnar af andláti móður sinnar. „Ég held ekki að Kanye hafi vitað af því að Donda ætlaði í aðgerðina, og vissulega ekki hversu umfangsmikil aðgerðin var.“ segir vinur fjölskyldunnar við New York Daily News. „Hann elskaði hana og studdi hana eins og hún var. Honum fannst hún falleg en Donda var ósátt við líkama sinn eins og margar konur.“ segir vinurinn.

Jarðarför Dondu mun fara fram næstkomandi þriðjudag í Oklahoma City.



SYRGIR MÓÐUR SÍNA Jarðarför Dondu West fer fram í Oklahoma næstkomandi þriðjudag.

NORDICPHOTOS/GETTY

Útgáfu E-label fagnað

Fjöldi góðra gesta fagnaði tilkomu nýja fatamerkisins E-label á Apótekinu síðastliðinn fimmtudag. Línan, sem er afrakstur samstarfs Andreu Brabin, Ástu Kristjánsdóttur og fatahönnuðarins Ásgrims Mús Friðrikssonar, verður eingöngu seld á netinu á slóðinni www.e-label.is.

„Verslun á netinu er alltaf að aukast, og svo er þetta líka tilvalið fyrir fólk úti á landsbyggðinni.“ útskýrir Ásta. Línunni er ætlað að sameina flotta hönnun og þægileg föt, og spannar allt frá hálsklútum til yfirhafna. „Það er allt svart, svo þetta er mjög klassískt og hentar breiðum hópi. Svo lagar fólk þetta bara að sínum stíl með sínum aukahlutum.“ segir Ásta.



GUÐLAUG ÁGÚSTA HALLDÓRSDÓTTIR OG RICHARD SCOBIE



VALDIS KOLBEINSDÓTTIR, HENDRIKKA WAAGE OG ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÖR



ÁSGRÍMUR MÁR FRÍÐRIKSSON



SVALA LIND PORVALDSÓTTIR OG SYLVÍA LIND PORVALDSDÓTTIR



ALMA HRÖNN ÁGÚSDÓTTIR OG RAKEL UNNUR THORLACIUS



THELMA ÞÓRÐARDÓTTIR OG ROMAN OLNEY

TÍSKUGJÖRNINGAR OG GÓÐIR GESTIR

Það var mikið um að vera á Apótekinu á fimmtudagskvöld, þegar útkomu línunnar E-label var fagnað. Ásgrímur Már, sem hannaði línuna, lét sig ekki vanta, en fyrir aftan hann glittrir í eina útgáfu af tískugjörningunum sem gestir gátu virt fyrir sér. Skartgripahönnuðurinn Hendrikka Waage mætti á svæðið, og Gulla, kennd við Má mí mó, virtist skemmta sér vel eins og aðrir góðir gestir.

Samkeppni um merki Þekkingarsetursins á Egilsstöðum ehf.

Þekkingarsetrið á Egilsstöðum ehf. stendur nú fyrir samkeppni um merki Þekkingarsetursins. Öllum er heimil þátttaka. Útfærsla verkefnisins er frjálst en merkið verður að hafa vísun í starfsemi Þekkingarsetursins. Merkið mun verða einkennistákn Þekkingarsetursins og notað á öll kynningargögn sem því tengjast. Merkið verður eign Þekkingarsetursins. Hægt er að skila inn tillögum á ýmsu formi, til dæmis á pappír, unnið í tölvu, í þrívídd sem skúlptúr eða þrívíddartölvugrafík. Hönnuði merkisins er ætlað að fullhanna tillögu sína.

Verðlaun verða veitt fyrir þrjár bestu tillögurnar, þ.e. í fyrstu verðlaun verða veitt 350.000kr, 100.000kr í önnur verðlaun og 50.000kr í þriðju verðlaun.

Hvað er Þekkingarsetrið á Egilsstöðum ehf?

Þekkingarsetrið á Egilsstöðum var stofnað í apríl 2007, en tilgangur þess er að vera miðstöð þjónustu- og rannsóknastofnana á Egilsstöðum. Í þeim stofnunum sem standa að Þekkingarsetrinu eru stundaðar umfangsmiklar sjálfstæðar rannsóknir, en auk þess taka þær þátt í innlendum og erlendum rannsóknarverkefnum. Stofnanirnar hafa einnig á hendi fræðslustarfsemi, en Þekkingarnet Austurlands er meðal aðila Þekkingarsetursins.

Húsnæði Þekkingarsetursins er á Vonarlandi á Egilsstöðum. Á árinu 2008 verður byggt nýtt glæsilegt húsnæði undir starfseminna sem hýsa mun þær stofnanir sem á Vonarlandi eru auk þeirra sem þangað munu flytja.

Aðilar sem eru með starfssemi á Vonarlandi í dag eru:

Fornleifavernd ríkisins, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Austurlandi, Umhverfisstofnun og Þekkingarnet Austurlands

Aðilar sem munu verða með starfssemi í Þekkingarsetrinu frá og með 2009 eru:

Búnaðarsamband Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Héraðs- og Austurlandsskógar, Landgræðsla ríkisins, Markaðsstofa Austurlands, Náttúrustofa Austurlands, Skógrækt ríkisins, Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands og Próunarfélag Austurlands.

Velunnar Þekkingarsetursins eru: Alcoa - Fjarðaál, Fljótsdalshérað, Háskólinn á Akureyri, Hitaveita Egilsstaða og Fella og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tillögum skal skila á skrifstofu Þekkingarsetursins á Egilsstöðum ehf, Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstöðum eða á netfangið postur@theekkingarsetrid.com fyrir 3. janúar 2008.

Nánari upplýsingar veitir Ívar Jónsson, sími 4711700. Þann 25. janúar 2008 verða vinningstillögur kynntar.

Heima fyrir Hailey

Rapparinn Eminem vill ekki fara á tónleikaferð um Bandaríkin af ótta við að valda dóttur sinni vonbrigðum. Hin sex ára Hailey vill að pabbi sinn sé alltaf heima og hefur rapparinn ákveðið að dóttir sín verði framvegis númer eitt í lífi sínu.

„Ég hef farið oftar í tónleikaferðir en hann vegna þess að hann vill vera til staðar fyrir dóttur sína.“ segir vinur Eminem, rapparinn 50 Cent. „Margir skilja ekki hvers vegna hann haldi ekki fleiri tónleika en Hailey setti oft kassa fyrir útidyrarhurðina til að hann kæmist ekki út. Hann flaug alltaf heim með einkaþotu eftir hverja tónleika til að geta ekið henni í skólann morguninn eftir. Þess vegna var erfitt fyrir hann að fara í tónleikaferðir.“

EMINEM Rapparinn Eminem tekur fjölskylduna fram yfir tónleikaferðir.



**35%
afsláttur**



2.919 kr/stk. áður 4.490 kr/stk.
Ást í blíðu og stríðu

**35%
afsláttur**



2.912 kr/stk. áður 4.480 kr/stk.
Að kasta flugu í straumvatn

**30%
afsláttur**




1.883 kr/stk. áður 2.690 kr/stk.
Bert og kaldastríðið

**30%
afsláttur**



2.023 kr/stk. áður 2.890 kr/stk.
Einu sinni var dramadrottning í ríki sínu

**35%
afsláttur**



3.042 kr/stk. áður 4.680 kr/stk.
Dauði trúðsins

**32%
afsláttur**



4.980 kr/stk. áður 2.690 kr/stk.
Sagan um Bíbí Ólafsdóttur

**35%
afsláttur**



3.114 kr/stk. áður 4.790 kr/stk.
Harðskafi

**37%
afsláttur**



3.144 kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Heimsmetabókin 2008

**33%
afsláttur**



3.136 kr/stk. áður 4.680 kr/stk.
Englar dauðans

**35%
afsláttur**



2.912 kr/stk. áður 4.480 kr/stk.
Vinamót

**33%
afsláttur**



1.863 kr/stk. áður 2.780 kr/stk.
Tryggðatröll

**35%
afsláttur**



2.594 kr/stk. áður 3.990 kr/stk.
Kæri Gabriel

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Gildir sunnudag 18. nóvember.
www.netto.is

Brot af því besta í Nes Kirkju

Félagarnir Jón Ólafsson og Stefán Hilmarrsson ætla að halda saman tónleika í Nes Kirkju í dag klukkan 17. „Organistinn Steingrímur Þórhallsson hafði samband við mig og spurði hvort ég vildi halda tónleika í kirkjunni því ég byggi í hverfinu. Ég sagði að það væri ekkert mál og spurði hvort ég mætti hafa gest með mér. Þannig að ég hringdi í Stebba því höfum aldrei gert neitt svona saman og hann var bara til,“ segir Jón Ólafsson, sem hefur spilaði í mörgum kirkjum á ferli sínum. „Það er yfirleitt mjög góður hljómburður í kirkjum og þetta eru fallegir staðir. Fólk líkar mjög vel að sitja í kirkju og

hlusta á músík. Það er meiri ró og fólk setur sig í meiri stellingar heldur en þegar maður er að spila á böllum.“

Jón og Stefán spiluðu saman í Sálinni hans Jóns míns þegar hún hóf göngu sína og hafa unnið töluvert saman síðan þá. „Við erum mjög góðir vinir og ég hef oft spilað undir hjá honum í brúðkaupum en við höfum aldrei komið saman undir þessum hatti opinberlega. Ég mun spila öll mín þekktustu lög og hann örugglega öll sín þekktustu. Þetta verður örugglega brot af því besta á ferli okkar beggja.“ - fb



STEFÁN HILMARSSON Stefán hefur oft unnið með Jóni Ólafssyni í gegnum árin.



JÓN ÓLAFSSON Jón Ólafsson og Stefán Hilmarrsson halda tónleika í Nes Kirkju á sunnudag.

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Sími: 553 2075

AMERICAN GANGSTER
MR. WOODCOCK

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

AMERICAN GANGSTER	kl. 4, 7 og 10	16
MR. WOODCOCK	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L
ROGUE ASSASSIN	kl. 8 og 10.10	16
ÆVINTÝRAEYJA IBBA	kl. 2 og 4 - 600 kr.	L
HÁKARLABEITA	kl. 2	L
HAIRSPRAY	kl. 5.40 Síðustu sýningar	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midf.is

NÝTT Í BÍÓ!

Stórskemmtileg rómantísk gamanmynd með Jason Biggs úr American Pie og Isla Fisher úr Wedding Crashers!

WEDDING DAZE BRÚDKAUPSBIÐUN

LA VIE EN ROSE LÍF RÓSARINNAR

ATH: EKKERT HLÉ OG MIÐASÖLU LYKUR ÞEGAR SÝNING MYNDAR HEFST

SMÁRRÁSBÍÓ Sími 564 0000

WEDDING DAZE	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	10
WEDDING DAZE LÚXUS	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	10
LIONS FOR LAMBS	kl. 8-10.15	12
BALLS OF FURY	kl. 2-4-6-8-10	7
ÆVINTÝRAEYJA IBBA	kl. 2-4-6	12
DARK IS RISING	kl. 1.30-3.30	7
THE HEARTBREAK KID	kl. 5.30-8-10.30	12

REGNBÖGINN Sími 551 9000

LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR	kl. 5.20-8-10.40	12
LIONS FOR LAMBS	kl. 3-6-8-10	16
THIS IS ENGLAND	kl. 3-6-8-10	14
SUPERBAD	kl. 3-5.30-8	12
GOOD LUCK CHUCK	kl. 10.30	14

WEDDING DAZE kl. 4-6-8-10 | **WEDDING DAZE** kl. 6-8-10 | **10**

MR. WOODCOCK kl. 6-10.30 | **BALLS OF FURY** kl. 4-6 | **12**

ELIZABETH: THE GOLDEN AGE kl. 8 | **ROGUE ASSASSIN** kl. 8-10 | **7**

EASTERN PROMISES kl. 8-10.20 | **ÆVINTÝRAEYJA IBBA** kl. 4 | **16**

SYNDIR FEDRANNA kl. 4-6-10.20 | **VEÐRAMÓT** kl. 3.20-5.40-8 | **14**

AMERICAN GANGSTER kl. 50-80-11-100 | **AMERICAN GANGSTER** kl. 4-7-10 | **16**

JESSE JAMES kl. 5-8-11-10 | **BALLS OF FURY** kl. 6-8 | **7**

JESSE JAMES kl. 1-30 | **MICHAEL CLAYTON** kl. 10 | **16**

30 DAYS OF NIGHT kl. 8-10.30 | **ÆVINTÝRAEYJA IBBA** kl. 2-4 | **16**

MICHAEL CLAYTON kl. 5.30-8-10.30 | **ÍÞRÓTTAHEITJAN** kl. 7-4 | **7**

THE INVASION kl. 8 | **AMERICAN GANGSTER** kl. 8-11 | **16**

ÍÞRÓTTAHEITJAN kl. 1-3 | **ÍÞRÓTTAHEITJAN** kl. 3-4 | **16**

THE BRAVE ONE kl. 10.30 / Síðustu sýningar | **STARDUST** kl. 6 | **16**

STARDUST kl. 12.30-3-5.30 | **RATATOUILLE** kl. 7 | **16**

ASTRÓÞÍA kl. 1-3 / Síðustu sýningar | **FORELDRAR** kl. 8 | **16**

RATATOUILLE kl. 12.30-3 | **30 DAYS OF NIGHT** kl. 10 | **16**

THE TRANSFORMERS kl. 1-5 | **BRATZ** kl. 4 | **16**

AMERICAN GANGSTER kl. 60-90 | **NANCY DREW** kl. 6 | **16**

JESSE JAMES kl. 10-100 | **WEDDING DAZE** kl. 6-8-10 | **16**

30 DAYS OF NIGHT kl. 10-10 | **MR. WOODCOCK** kl. 8 | **16**

FORELDRAR kl. 4-6-8 | **MICHAEL CLAYTON** kl. 10 | **16**

ÍÞRÓTTAHEITJAN kl. 2-4 | **ÍÞRÓTTAHEITJAN** kl. 3-4-6 | **16**

DARK IS RISING kl. 7 | **ÆVINTÝRAEYJA IBBA** kl. 3-4 | **16**

BRATZ kl. 1-30 | **SPARBÍÓ 450 kr.**

IN THE LAND OF WOMEN kl. 5-50 | **NO RESERVATIONS** kl. 8 | **16**

Hjálmar orðnir alíslenskir

Hljómsveitin Hjálmar er orðin alíslensk því félagarnir þrír úr Flís, Helgi Svavar, Davíð Þór og Valdimar hafa gengið til liðs við sveitina í stað Svíanna Petter Winnberg, Nils Olof Törnqvist og Mikael Svensson.



HJÁLMAR Strákarnir úr Flís, þeir Helgi Svavar, Davíð Þór og Valdimar, hafa gengið til liðs við Hjálma.

„Fyrst kláruðum við plötuna með Svíunum en þeir höfðu ekki mikinn tíma til að fylgja henni eftir og spila á tónleikum og því var ákveðið að gefa þeim næði til að gera það sem þeir eru að gera,“ segir Kiddi í Hjálmmum, sem kemur til með að sakna gömlu félaganna. „Þeir eru frábærir músikantar en maður getur unnið með þeim í verkefnum áfram. Þeir eru svo sem ekkert horfnir, þeir bara vildu ekki spila eins mikið og við.“

Kiddi fagnar á sama tíma komu Flís-liðanna í herbúðir Hjálma. „Ég held að það hefði ekki verið hægt að fá mikið betri menn. Þeir búa yfir mikilli spilageði sem er mjög mikilvægt.“

ár kom út fyrsta plata sveitarinnar, Hljóðlega af stað, sem náði mikilli hylli ásamt því að vera verðlaunuð á Íslensku tónlistarverðlaunum. Önnur plata hennar, sem hét einfaldlega Hjálmar, kom út 2005 og fékk einnig mjög góðar viðtökur.

„Leiðin okkar allra“ sem þar er að finna notið mikilla vinsælda. „Ég myndi segja að þetta væri aðeins fullorðinslegri plata, en það er samt svolítið parti í henni,“ segir Kiddi um muninn á nýju plötunni og þeirri síðustu.

Íslensk reggítónlist
 Hjálmar voru stofnaðir í Keflavík árið 2004 og vöktu strax á sér athygli fyrir að spila reggítónlist með íslenskum sérkennum. Sama

Fullorðinslegri plata
 Þriðja platan, Ferðasót, kom síðan út fyrir skömmu og hefur lagið

Hjálmar ætla að efna til útgáfutónleika á Nasa 24. nóvember til að fagna plötunni og innlima nýju meðlimina í sveitina.

freyr@frettabladid.is

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus

MR. WOODCOCK ATH. SÝND KL. 2

ibba ATH. SÝND KL. 2

HÁKARLABEITA Shark Bait

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR sunnudag www.SAMbio.is

ÍÞRÓTTAHEITJAN - kl. 1 í Álfbakka, og kl. 2 á akureyri, keflavík og selfossi	DARK RISING - KL. 2 Í KRINGLUNNI	TRANSFORMERS - KL. 1 Í ÁLFABAKKA	STARDUST - KL. 12.30 Í ÁLFABAKKA	ÆVINTÝRAEYJA IBBA M. ÍSL. TALI - KL. 2 Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK	RATATOUILLE M. ÍSL. TALI - KL. 12.30 Í ÁLFABAKKA, OG 2 Á AKUREYRI
--	----------------------------------	----------------------------------	----------------------------------	---	---

450 kr. **REGNBÖGINN** **450 kr.**

WEDDING DAZE kl. 4.00 í Heðlasbíó

LIONS FOR LAMBS kl. 3.00 í Regnboginum

SUPERBAD kl. 3.00 í Regnboginum

THIS IS ENGLAND kl. 3.00 í Regnboginum

Þríeyki snýr bókum saman

Guðmundur Jónsson, Hara-systur og Einar Ágúst Viðisson ætla að snúa bókum saman og halda sameiginlega útgáfutónleika á Nasa 29. nóvember.

„Við ætluðum að halda sér útgáfutónleika en við þurfum hvort sem er að syngja með Guðmundi þannig að við ákváðum að slá þessu upp í sameiginlega tónleika,“ segir Hara-systirin Hildur, en þær sungu bakraddir á plötu Guðmundar, Fuður. Guðmundur launaði þeim greiðann og samdi fyrir þær lagið „Ég veit og skil“ sem er á fyrstu plötu systranna, Bara. „Hann samdi eitt lag á plötunni okkar, sem er danslag. Það er ekki alveg hans stíll en það bara kom virkilega vel út.“

Guðmundur segist hafa átt gott samstarf með Hara-systrum. „Ég fílaði alltaf hvernig þær hljómuðu. Þær voru óskólaðar og systur og líka mjög hressar stelpur. Ég ákvað fyrir síðustu plötu að hafa kvenmannsraddir á plötunni og þær þóssuðu mjög vel, enda vanar að radda saman. Það er ekki öllum gefið,“ segir Guðmundur.

Einar Ágúst kom inn í dæmið eftir að hafa unnið með Guðmundi við lag hans „Straumurinn“ sem Einar syngur með Sigurjóni Brink í Laugardagslögnum á RÚV. Einar gefur á næstunni út sína



HARA-SYSTUR
Hara-systurnar Rakel og Hildur verða væntanlega eldhressar á útgáfutónleikunum.



EINAR ÁGÚST Fyrsta sólóplata Einarar, það er ekkert víst að það klikki, er væntanleg.

GUÐMUNDUR JÓNSSON
Sálarmaðurinn Guðmundur Jónsson heldur útgáfutónleika ásamt Hara og Einari Ágústi.

fyrstu sólóplötu, það er ekkert víst að það klikki, og mun því kynna hana á Nasa.

„Þetta eru allt popptónlistarmenn að gefa út íslenska popptónlist, þannig að við ákváðum að slá

saman,“ segir Guðmundur. „Þetta er svo sem ekkert nýtt undir sólinni að listamenn hói sig saman og búi til flottan pakka. Þetta verður gaman og vonandi sér fólk sér fært að mæta.“

Björn í góðum hópi

Hljómsveit gítarleikarans Björns Thoroddsen, Cold Front, hefur gefið út sína aðra plötu sem nefnist Full House. „Ég er búinn að þvælast í útlöndum síðastliðin fimm ár og þetta er árangurinn af þeirri samvinnu,“ segir Björn, sem semur öll lögin á plötunni.

Cold Front var stofnuð í Kanada af Birni, trompetleikaranum Richard Gillis, stjórnanda stór-sveitar Winnipegborgar, og bandaríska kontrabassaleikaranum Steve Kirby. Í sumar bættust síðan í hópinn pianistinn Will Bonnes, sem er talinn einn sá efnilegasti í Kanada, trommarinn Rob Siwik og saxófónleikarinn Jonathan Stevens. „Þetta eru miklir þunga-

vigtamenn og það er frábært að fá að vera með í þessum hópi. Maður hafði aldrei spáð í að maður kæmist nokkurn tímann í þennan flokk,“ segir Björn.

Cold Front gaf út samnefnda verðlaunaplötu árið 2005 og hlaut Björn Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir besta frumsamda djassverkið það árið. Nýja platan er töluvert poppaðari en sú fyrri þó svo að djassinn sé ennþá í fyrirrúmi. Í tilefni af útgáfunni spilar Cold Front á Nasa 18. janúar. - fb



BJÖRN THORODDSEN Gítarleikarinn Björn Thoroddsen hefur gefið út aðra plötu með hljómsveitinni Cold Front.



EKKI SAMI MAÐUR Gervais segir Allen vera farið að förlast í kvikmyndagerðinni.

NORDICPHOTOS/GETTY

Neitaði Woody Allen

Breski grínistinn Ricky Gervais, hvað þekktastur fyrir grínþættina The Office og Extras, hafnaði tilboði um að vinna með goðsögninni Woody Allen. Hann segist telja að Allen hafi misst hæfileikann til að gera góðar myndir.

Gervais bauðst hlutverk í einni af nýrri myndum Allens, en hætti við þegar hann sá hverjir mótleikarar hans yrðu. „Þegar ég sá restina að leikhópnum – annað breskt fólk úr sjónvarpinu – hætti ég bara við. Ég hugsaði: það er ekkert skemmtilegt við þetta,“ segir Gervais. „Hann heldur að þetta fólk sé hæfileikaríkt af því hann er hrifinn af hreimnum. Woody Allen er ekki lengur Woody Allen,“ segir hádfuglinn.

Nýr kærasti Aniston

Vinalega leikkonan Jennifer Aniston hefur verið orðuð við annan hvern karlmann í Hollywood síðan hjónabandi hennar við Brad Pitt lauk. Kærasti augnabliksins er leikarinn Jason Lewis úr sjónvarpsþáttunum Beðmál í borginni. Þar lék hann Smith Jones, sjóðheitan kærasta Samönthu. Lewis var áður í sambúð með leikkonunni Rosario Dawson.

Kunnugir segja parið eiga furðulega margt sameiginlegt og smellpassi saman. Þau vilji þó halda sambandinu leyndu enn um sinn vegna þeirrar pressu sem frægð Aniston

setur á öll hennar ástarsambönd.

JENNIFER ANISTON
Á nýjan kærasta úr Sex and the City.



RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun



Renault Master

Verð frá kr. 3.080.000

Verð frá kr. 2.473.896 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 47.332

Fjármögnunarleiga kr. 38.018 án vsk.

Renault Traffic

Verð frá kr. 2.380.000

Verð frá kr. 1.911.646 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 37.345

Fjármögnunarleiga kr. 29.996 án vsk.

Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.670.000

Verð frá kr. 1.341.365 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 26.386

Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.



ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAFJÓSTA

www.renault.is

www.atvinnubilar.is

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

> Valsmenn hefja tilívilvönina í Keflavík

Í gær var dregið um töfluróð í Landsbankadeildum karla og kvenna fyrir Íslandsmeistarið í knattspyrnu sumarið 2008, en drátturinn fór fram í höfuðstöðvum Knattspyrnusambands Íslands í Laugardalnum. Íslandsmeistarar Vals í karlaflokki hefja tilívilvönina sína í Keflavík, en nýliðaslagur verður á Valbjarnarvelli þar sem Próttur fær Fjölni í heimsókn. Íslandsmeistarar Vals í kvennaflokki taka á móti Þór/KA á heimavelli og Keflavík og KR sem spiluðu til úrslita í VISA-bikarnum mætast í Keflavík.

sport
sport@frettabladid.is



ARNÓR ATLASON, FCK: VONAST TIL ÞESS AÐ VERA LEIKFÆR ÞEGAR FCK MÆTIR HK Í EHF-KEPPNINI

Þetta verður bara uppgjör á milli deildanna

Arnór Atlason, leikmaður FCK í Kaupmannahöfn og íslenska landsliðsins í handbolta, vonast til þess að vera leikfær þegar FCK-liðið tekur á móti HK í fyrri leik liðanna í EHF-keppninni í Digranesi kl. 16 í dag.

„Ég vonast auðvitað til þess að geta spilað leikinn og náði að æfa nokkuð vel í gær en ég er búinn að vera meiddur alveg síðan í æfingalandsleiknum á móti Ungverjalandi á Íslandi um daginn. Það væri frábært að geta spilað leikinn en ég mun samt ekki gera það nema ég verði alveg 100 prósent leikfær. Bæði mun ég ekkert nýttast ef ég er ekki búinn að ná mér almennilega af meiðslunum og svo vil ég ekki eiga á hættu að gera illt verra með meiðslin,“ sagði Arnór og fagnaði tækifærinu að geta komið heim til Íslands.

„Það er náttúrulega algjör snilld að geta sýnt strákunum í liðinu Klakann góða og þetta er líka mjög spennandi leikur í ljósi þess að

liðin tvö eru í efstu sætum deildanna á Íslandi og í Danmörku. Þetta verður bara uppgjör á milli deildanna, það er ekkert flóknara en það,“ sagði Arnór og kvaðst þekkja ágætlega til HK.

„Ég spilaði með fjórum af leikmönnum HK þegar ég var í KA á sínum tíma og síðan hef ég verið með nokkrum af þeim í yngri landsliðum Íslands, þannig að það yrði sérstaklega gaman að ná að spila leikinn í ljósi þessa og enn fremur að vinna hann auðvitað,“ sagði Arnór og kvaðst sáttur með spilamennsku sína með FCK-liðinu á tímabilinu.

„Meiðslin eru búin að setja strik í reikninginn hjá mér upp á síðkastið en fyrir þau var ég kominn á fint ról og það var mjög ánægjulegt að ná að fylgja eftir góðu gengi mínu frá því í fyrra. Ég ætla bara að halda áfram á sömu braut þegar ég er búinn að jafna mig af meiðslunum því það eru spennandi tímar fram undan, bæði hjá FCK og auðvitað landsliðinu og ég ætla mér að vera klár fyrir það.“



ÖFLUGUR Jakob Jóhann stóð sig vel á heimsbikarmóti í Berlín í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Heimsbikarmót í sundi:

Jakob Jóhann stóð fyrir sínu

SUND Jakob Jóhann Sveinsson, sundmaður úr Ægi, keppti á heimsbikarmóti í Berlín í gærmorgun og stóð sig vel.

Jakob Jóhann keppti í 25 metra laug í bæði 200 metra bringusundi og 50 metra bringusundi og stóð fyllilega fyrir sínu á mótinu. Jakob endaði í 11. sæti í 200 metra bringusundi á tímanum 2. mínútur og 14,20 sekúndur. Í 50 metra bringusundi endaði Jakob Jóhann svo í 18. sæti á tímanum 28,82 sekúndur.

Hugsa um eitt högg í einu

Birgir Leifur Hafþórsson átti ágætisan dag á lokaúrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina í golfi á Spáni í gær og er með sterka stöðu upp á framhaldið.

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson kylfingur lék sinn þriðja keppnisdag í lokaúrtökumóti Evrópumótaröðarinnar á Spáni í gær og kláraði á 73 höggum. Hann er í 19.-30. sæti á tveimur höggum undir pari fyrir síðasta keppnisdaginn fyrir niðurskurðinn, sem er í dag.

Birgir Leifur spilaði á nýja velli í San Roque, í gær og hann var nokkuð sáttur með spilamennsku sína þegar Fréttablaðið náði tali á honum þrátt fyrir að gærdagurinn hefði verið hans lakasti á úrtökumótinu til þessa.

„Auðvitað vill maður alltaf gera betur og ég hefði gjarnan viljað vera tveimur til þremur höggum betri. En ég byrjaði frekar illa og vindurinn var aðeins að trufla mig en ég náði sem betur fer að vinna mig ágætlega út úr því,“ sagði Birgir Leifur sem fékk skramba (+2) strax á annarri keppnisholu sinni í gær en náði að halda haus eftir það og sýndi mikið keppnisþak og náði í fugl á næstu holu á eftir og svo komu þrjú þör í röð. Birgir Leifur hefur því enga ástæðu til annars en að vera bjartsýnn fyrir daginn í dag.

„Eftir hringinn á morgun [í dag] munu 70 bestu kylfingarnir halda áfram og ég er í ágætis stöðu hvað það varðar eins og er. Ég er búinn að vera að spila hörku golf til þessa í úrtökumótinu, það er ekki spurning, en ég ætla samt ekkert að gleyma mér. Ég mun halda mínu leikplani áfram og mun bara hugsa um eitt högg í einu og síðan sjáum við til hversu langt það skilar manni,“ sagði Birgir Leifur sem spilar á gamla vellinum í dag og hefur leik kl. 8 að íslenskum tíma.

Komist Birgir Leifur áfram í gegnum 70 manna niðurskurðinn mun hann svo keppa tvo hringi eftir helgi, á mánudag og þriðju-



SJÓÐHEITUR Birgir Leifur Hafþórsson hefur verið að spila frábært golf á Spáni og stendur vel að vígi fyrir síðasta keppnisdaginn fyrir niðurskurð sem fram fer í dag.


NORDICPHOTOS/GETTY

dag, sem skera úr um laus sæti á Evrópumótaröðinni á komandi keppnistímabili.

Birgir Leifur lék eins og segir þriðja hringinn á 73 höggum í gær, en fyrsta hringinn fór hann á 71 höggi og annan hringinn á 70 höggum og er því samanlagt á tveimur

höggum undir pari í 19.-30. sæti í mótinu. Heimamennirnir Pablo Larrazabal og Luis Claverie eru sem stendur efstir og jafnir eftir þrjú keppnisdaga á átta höggum undir pari, en Claverie lék manna best í gær og fór hringinn á 68 höggum.

omar@frettabladid.is



Á ÆFINGU Eiður Smári æfir með Barcelona um helgina og spilar líklega góðgerðarleik á mánudag.

NORDICPHOTOS/GETTY

Góðgerðarleikur á mánudag: Eiður á meðal leikmanna

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen, landsliðsfyrirliði, mun hafa beðið Ólaf Jóhannesson þjálfara liðsins um frí frá landsleiknum við Dani næstkomandi miðvikudag til þess að geta einbeitt sér að æfingum með Barcelona ef marka má opinbera heimasíðu spænska liðsins.

Par segir að Eiður Smári hafi verið einn af sjö leikmönnum sem æfðu með liðinu yfir helgina, en aðrir leikmenn liðsins eru að sinna landsliðsskyldu. Eiður mun hafa æft eftir sérstöku vinnuþrogrammi hjá þolþjálfara liðsins yfir helgina.

Eiður mun ekki taka þátt í góðgerðaleik gegn fátækt af þessari sömu ástæðu. Honum var boðið að taka þátt í leiknum, sem hinn franski Zinedine Zidane og hinn brasilíska Ronaldo standa fyrir á vegum Sameinuðu þjóðanna. Meðal annarra leikmanna sem taka þátt eru David Beckham, Paolo Maldini, Roberto Carlos, Cafu og fleiri, en leikurinn fer fram á mánudag í Malaga.

- óþ / - sj

N1 DEILD KVENNA
Sunnudagur 18. nóv.
Haukar - Fram
Ásvellir kl. 18.00

www.expressferdir.is

BOLTINN ER HJÁ OKKUR

LIVERPOOL - PORTO 27.-29. nóvember	Tilboð 49.900 kr.
CHELSEA - WEST HAM 30. nóv.-2. des.	Verð á mann í tvíbyll 78.900 kr.
WEST HAM - EVERTON 14.-16. desember	Tilboð 48.800 kr.
ARSENAL - WEST HAM 30. des.-2. jan.	Tilboð 39.900 kr.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Ferðaskrifstofa
Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Íslandsmeistaramót í sundi:

Metaregn í Laugardalnum

ÍPRÓTTIR Mikið var um dýrðir á Íslandsmeistaramóti í 25 metra laug í sundi í dag en nú þegar er búið að setja sex Íslandsmet og þrettán unglíngamet á mótinu eftir sex hluta. Sett voru samtals tólf Íslandsmet og ný unglíngamet á sama móti fyrir ári síðan og verður því spennandi að sjá hvað gerist í dag. Á heimasíðu Sundsambands Íslands segir að það séu ekki endilega sömu sundmenn sem setja unglíngametin í ár og settu þau í fyrra og bendir það til þess að breiddin sé að aukast og að mikill uppgangur sé í sundhreyfingunni.

- hs



FLUGSUND Synt af kappi metin hafa fallið í innlaugunni í Laugardal um helgina.

BT

JÓLAGJAFIR ÁRSINS FÁST Í BT!!!

FRÁBÆR PAKKI
FYRIR BYRJENDUR

• 89.999

FYLGIR
5.999

BT
LÁN

Verð frá:
2.632

59 mánaða

VINSÆLASTA
VELIN

Canon



1. GREIÐSLA
1. mars 2008

FRÁBÆR PAKKI
FYRIR LENGRA KOMNA

• 129.999

FYLGIR

BT
LÁN

Verð frá:
3.691

59 mánaða

10.000 KR
LÆKKUN!!!

Missir aldrei sograftinn

Hvirfilvindaþekkin þeytir ögnunum úr loftstraumnum

Enginn filter sem þarf að skipta út

Enginn kostnaður né kraftmissir

Engir dýrir ryksugupokar

Ódýrari en aðrar ryksugur í rekstri

Gegnæfa fata hægt að sjá hvenær hún fyllist

Einnig hægt að sjá hluti sem fara óvart í hana

Smiðuð úr nær óbrjótanlegum efnum

Polir hnask og mikla notkun

Skilar mun hreinna lofti en aðrar ryksugur

Engin "ryksugulykt" eftir notkun

Ofnæmissamtök mæla með Dyson

Hreinna loft meira hreinlæti



dyson

29.999

39.999

BT
LÁN

Verð frá:
3.177

12 mánaða

Létt og meðfærilegt.

Tækið frá Garmin er með lithium-ion rafhlöðu. Þú getur tekið það með þér í göngutúr um stórborgina og tækið hjálpar þér að rata heim.

Snertiskjár 320 x 240 pixlar

Allar aðgerðir á skjá. Þú stimplar inn götuheiti, nafn á veitingastað eða lætur tækið finna fyrir þig næstu bensinstöð.

Raddleiðsögn

Tækið leiðbeinir þér með hljómpýðri röddu.

Kortalesari

Hægt er að bæta við kortum eftir því sem maður ferðast víðar eða skoða ljósmyndirnar beint úr myndavélinni

Evrópukort fylgir

Kort af Evrópu er uppsett á tækinu. Íslandskort er ekki innifalið

1. GREIÐSLA
1. mars 2008



10.000 KR
LÆKKUN!!!

• 29.999

39.999

BT
LÁN

Verð frá:
3.177

12 mánaða

Með fyrirvara um prentvillur, myndbrenngi og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.


Panucci var hetja Ítala á Hampden

Christiano Panucci skoraði sigurmark Ítala í uppbótartíma í 2-1 sigri gegn Skotum í undankeppni EM á Hampden Park í gærdag. Það verða því Frakkar og Ítalir sem fara áfram úr B-riðli undankeppninnar en Skotar sitja eftir með sárt ennið og geta verið ósáttir með að hafa ekki nýtt færi sín í leiknum í gær.

FÓTBOLTI Ítalir unnu Skota 2-1 í dramafiskum leik á Hampden Park í Skotlandi í gær í undankeppni EM og tryggðu sér þar með farseðilinn til Sviss og Austurríkis þar sem lokakeppni EM fer fram á næsta ári.

Leikurinn byrjaði heldur betur fjórlega og Ítalir voru komnir yfir eftir aðeins tveggja mínútna leik. Luca Toni skoraði markið, en hann er Skotum erfiður því hann skoraði bæði mörk Ítala í fyrri leik liðanna. Skotarnir virtust slegnir út af laginu með marki Ítala í byrjun leiksins og Toni var nálægt því að bæta öðru marki við þegar stundarfjórðungur var liðinn af leiknum en Craig Gordon, markvörður Skotlands, náði naumlega að verja skot hans. Skotarnir vöknudó þó til lífsins þegar líða tók á hálfleikinn og fengu ágætt færi í lok fyrri hálfleiks. Þá þrjónuðu Barry Ferguson og James McFadden sig í gegnum vörn Ítala með skemmtilegu þríhyrningsspili, en skot Ferguson var of laust til þess að valda Gianluigi Buffon, markverði Ítala, einhverjum sérstökum vandræðum. Skotar sluppu svo með skrekkin þegar mark Antonio Di Natale var dæmt af vegna rangstöðu, en sá dómur stóð ansi tæpt. Di Natale virtist réttstæður þegar hann potaði boltanum í markið. Í blálokin á hálfleiknum björguðu Ítalir svo á línu þegar David Weir átti hörkuskalla að markinu eftir hornspyrnu Ferguson.

Í seinni hálfleik jöfnuðu Skotar hins vegar leikinn á 64. mínútu þegar Ferguson, sem átti fínan



SIGURMARKIÐ Christiano Panucci, varnarmaður Ítalíu, horfir hér á eftir skalla sínum fara í markið án þess að Craig Gordon, markvörður Skotlands, komi nokkrum vörnum við. Markið tryggði Ítalíu farseðilinn á lokakeppni Evrópumótsins á næsta ári, en Skotar eru fallnir úr leik.

leik, náði að skora, eftir að Buffon hafði varið skot frá Lee McCulloch, og allt ætlaði um koll að keyra á Hampden Park. Þegar um tíu mínútur voru til leiksloka fengu Skotar svo kjörið tækifæri til að komast yfir í leiknum þegar McFadden komst einn inn fyrir vörn Ítala. McFadden hafði möguleika á því að leggja upp auðvelt mark fyrir að minnsta kosti þrjá meðspilara sína sem biðu eftir boltanum, en hann kaus hins vegar að skjóta sjálfur á markið en skaut fram hjá af stuttu færi. McFadden fékk þó möguleika á að fá uppreisn æru stuttu síðar þegar

Kenny Miller átti sendingu fyrir markið en McFadden rétt missti af boltanum. Eftir allt sem á undan var gengið má segja að endalok leiksins hafi verið grimmt fyrir Skota því í uppbótartíma skoraði Christiano Panucci sigurmark Ítala í leiknum með skalla og tryggði liðinu sæti í lokakeppninni á næsta ári. Það verða því Frakkar og Ítalir sem komast áfram úr B-riðli undankeppninnar, en aumingja Skotarnir sitja eftir með sárt ennið og geta verið óánægðir með sjálfa sig fyrir að hafa ekki nýtt góð færi sín í leiknum.

„Þetta var virkilega sárt og hefði McFadden skorað í lokin þá hefðu heimsmeistarar Ítala líklega fallið úr keppni. Ég get samt ekki ásað að neinn leikmann minn því þeir hafa staðið sig frábærliga,“ sagði Alex McLeish, þjálfari Skota, í viðtali í leikslök.

„Ég fékk frábært færi til þess að gera út um leikinn en það gekk ekki upp í þetta skipti og ég játa það að ég er gríðarlega vonsvikinn. Sérstaklega í ljósi þess að mér finnst Skotland eiga það skilið að komast á lokakeppni EM,“ sagði James McFadden í viðtali í leikslök.

omar@frettabladid.is



VONSVIKINN Barry Ferguson, fyrirlíði og markaskorari Skota, gat ekki leynt vonbrigðum sínum í leikslök.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ísrael vann Rússland, 2-1, í undankeppni EM í gær og gerði Englandi mikinn greiða í E-riðli með sigrinum:

Ísraelar settu Englendinga í góða stöðu

FÓTBOLTI Ísrael sigruðu Rússa fremur óvænt, 2-1, í gær og gerðu Englendingum mikinn greiða og E-riðill er því enn galopinn.

Allar samsæriskenningar og allt tal um að Ísrael myndi ekki leggja sig fram gegn Rússlandi fóru fyrir lítið strax í byrjun leiks þar sem Ísrael virkuðu sprækir. Ísrael komust svo yfir í leiknum eftir aðeins tíu mínútna leik þegar Elyaniv Barda kom þeim yfir eftir frábæran undirbúning Barak Itzhaki, en Ísraelar léku án Yossi Benayoun, fyrirlíða síns, sem var meiddur og flestir höfðu búist við fremur öruggum sigri Rússa. En Rússar áttu í erfíðleikum framan af í leiknum og náðu ekki að byggja upp neinn almennilegan sóknarþunga í fyrri hálfleik.

Í seinni hálfleik tóku Rússarnir hins vegar öll völd á vellinum og Ísraelar virkuðu þreyttir. Jöfnunarmarkið kom á 61. mínútu þegar Andrei Arshavin sendi góða sendingu inn fyrir vörn

Ísraela á Diniyar Bilaletdinov sem skoraði í gegnum klofið á Dudu Awat, markverði Ísrael. Það voru hins vegar Ísraelar sem voru líklegri á lokakaflanum og Gal Alberman var nálægt því að koma Ísrael yfir þegar tíu mínútur voru til leiksloka en skot hans fór rétt framhjá. Rússar áttu þó eitt gott færi á lokakaflanum þegar Dimitri Sychev lék á tvo varnarmenn Ísrael en hitti ekki markið úr upplögðu færi. Ísraelar áttu svo lokaorðið þegar varnarmanninn Omer Golan skoraði sigurmarkið í uppbótartíma.

Sigur Ísraela þýðir að Englendingum nægir að vinna Króata á heimavelli sínum á miðvikudag til þess að tryggja sér þátttökurétt á lokakeppni Evrópumótsins.

- óþ

FÖGNUMUR Ísraelar fagna hér öðru marki sínu gegn Rússum í gær en Ísraelar gerðu Englendingum mikinn greiða með sigri sínum.

NORDICPHOTOS/GETTY



ÚRSLITIN Í GÆR

Undankeppni EM:

A-riðill:
Finnland-Aserbajdsjan 2-1
0-1 Zaur Tagizade (63.), 1-1 Mikael Forssell (79.), 2-1 Shefki Kujqi (86.).

Pólland-Belgía 2-0
1-0 Euzebiusz Smolarek (45.), 2-0 Euzebiusz Smolarek (49.).

STADA A-RIÐILS:

Þjóð	13	8	3	2	22-10	27
Pólland	13	8	3	2	22-10	27
Portúgal	12	6	5	1	23-10	23
Finnland	13	6	5	2	13-7	23
Serbía	12	5	5	2	19-9	20
Belgía	13	4	3	6	13-16	15
Armenía	10	2	3	5	4-11	9
Kasakhstan	12	1	4	7	10-20	7
Aserbajdsjan	11	1	2	8	6-27	5

B-riðill:
Skotland-Ítalía 1-2
0-1 Luca Toni (2.), 1-1 Barry Ferguson (61.), 1-2 Christiano Panucci (90+1.).

Litháen-Úkraína 2-0
1-0 Mantas Savenas (41.), 2-0 Tomas Danilevicius (67.).

C-riðill:
Moldavía-Ungverjaland 3-0
1-0 Igor Bugaev (13.), 2-0 Nicolae Josan (23.), 3-0 Serghiei Alexseev (86.).

Noregur-Tyrkland 1-2
1-0 Erik Hagen (12.), 1-1 Emre (31.), 1-2 Nihat (60.).

Grikkland-Malta 5-0
1-0 Theofanis Gekas (32.), 2-0 Angelos Basinas (54.), 3-0 Ioannis Amaatidis (61.), 4-0 Theofanis Gekas (72.), 5-0 Theofanis Gekas (74.).

D-riðill:
Wales-Írland 2-2
1-0 Jason Koumas (23.), 1-1 Robbie Keane (31.), 1-2 Kevin Doyle (60.), 2-2 Jason Koumas (89.).

Þýskaland-Kýpur 4-0
1-0 Clemens Fritz (2.), 2-0 Miroslav Klose (20.), 3-0 Lukas Podolski (53.), 4-0 Thomas Hitzlsperber (82.).

E-riðill:
Andorra-Eistland 0-2
0-1 Andres Oper (31.), 0-2 Joel Lindpere (60.).

Ísrael-Rússland 2-1
1-0 Elyaniv Barda (10.), 1-1 Diniyar Bilyaletdinov (61.), 2-1 Omer Golan (90+2.).

Makedónía-Króatía 2-0
1-0 Goran Maznov (71.), 2-0 Ilco Naumoski (79.).

F-riðill:
Lettland-Liechtenstein 4-1
0-1 Sjálfsmark (13.), 1-1 Gert Karlsons (14.), 2-1 Maris Verpakovskis (30.), 3-1 Juris Laizans (63.), 4-0 Aleksejs Visnakovs (87.).

Norður-Írland-Danmörk 2-1
0-1 Nicklas Bendtner (51.), 1-1 Warren Feeney (62.), 2-1 David Healy (80.).

G-riðill:
Búlgaría-Rúmenía 1-0
1-0 Velizar Dimitrov (6.).

Albanía-Hvíta Rússland 2-4
0-1 Maxim Romashenko (28.), 1-1 Erjon Bogdani (39.), 2-1 Edmond Kapllani (43.), 2-2 Vitaly Kutuzov (45.), 2-3 Vitaly Kutuzov (54.), 2-4 Maxim Romashenko (63.).

Holland-Lúxemburg 1-0
1-0 Danny Koevermans (44.).

Byrjuðu með 15 refsistig:
Leeds stefna beint upp aftur

FÓTBOLTI Hið fornfræga knattspyrnulið Leeds United, sem leikur nú í þriðju efstu deild Englands, er komið í fjórða sæti deildarinnar. Liðið hóf leiktíðina með fimmtán refsistig vegna fjármáláhneykslis liðsins, en hefur einungis tapað einum leik og gert tvö jafntefli. Hina þrettán leikina hafa þeir unnið.

Dennis Wise knattspyrnustjóri leiddi liðið til 2-1 sigurs yfir Swindon í gær. Í þriðja sætinu fyrir ofan Leeds er annar fallinn risi, Nottingham Forest, sem er fyrsta lið allra tíma sem hefur unnið Evrópukeppnina, en seinna þurft að keppa í þriðju efstu deild.

- sgi

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Yfirburðasigur hjá Gróttu

Gróttu vann HK fremur auðveldlega, 21-36, í N1-deild kvenna í Digranesi í gær. Leikurinn var sá fyrsti í seinni umferð Íslandsmótsins.

HANDBOLTI Gróttu vann í gær auðveldan sigur, 21-36, á HK í N1-deild kvenna. Liðin mættust í átta liða úrslitum bikarkeppinnar þrem dögum fyrr og þá þurfti að framlengja til að knýja fram úrslit. Því var búist við spennandi leik í Digranesi en raunin varð önnur.

Jafnræði var með liðunum fyrsta stundarfjórðunginn. Bæði lið áttu auðvelt með að skora og leikinn var hraður og skemmtilegur handbolti. Þegar staðan var 8-8 lokaði Gróttu öllum leiðum að marki sínu og HK náði ekki að skora í níu mínútur. Gróttu skoraði fimm mörk í röð og náði alls sex markum forystu fyrir leikhlið, 10-16, og lagði grunninn að sigrinum.

Seinni hálfleikur var aldrei spennandi. Gróttu náði fljótt 12 markum forystu, 13-25 og Gróttu sýndi HK enga miskunn. Liðið keyrði hraðauppflaupin grimmt fram á síðustu mínútu en liðið skoraði úr alls 17 slíkum í leiknum. Forráðamenn HK og stuðningsmenn eyddu þúðrinu í að tuða í dómurum leiksins og virtist það slá leikmenn út af laginu á meðan Gróttu lét vafasama dóma sér sem vind um eyru þjóta.

Þrátt fyrir 15 markum sveiflu í tveimur leikjum liðanna á þrem dögum vildi Alfreð Finnsson, þjálfari Gróttu, ekki meina að mikill munur hafi verið á frammi-stöðu síns liðs. „Ég var mjög



MARK Karólína B. Gunnarsdóttir brýst hér í gegnum vörn HK og skorar eitt af sjö mörkum sínum í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ánægður með okkar leik á miðvikudaginn. Við lékum vel þá líkt og nú. Munurinn á leikjunum liggur fyrst og fremst þeirra megin. Þær voru mjög góðar á

miðvikudaginn en ekki í dag. Ég bjóst við erfiðari leik. Við keyrðum fin hraðauppflaup og sóknarleikurinn var mjög góður.

Það gerist ekki á hverjum degi

að Gróttuliðið skorar 17 hraðauppflaupsmörk. Okkar leikur var mjög afslappaður og góður,“ sagði Alfreð kátur í leikslok.

- gmi

KR vann Hauka 88-81 í stórleik í Iceland Express-deild kvenna í gær:

Nýliðarnir skelltu Haukum

KÖRFUBOLTI Nýliðar KR gerðu sér lítið fyrir og lögðu Íslandsmeistara Hauka, 88-81, í stórleik sjöundu umferðar Iceland Express-deildar kvenna. Frábær endaspættur sá til þess að heimamenn náðu Haukum að stigum í öðru sæti deildarinnar.

KR-stelpur mættu mjög ákveðnar til leiks og skorðu sex fyrstu stig leiksins. Án þess að spila vel náðu Haukar að jafna leikinn og loks komast yfir, 10-13. KR skoraði átta síðustu stig fyrsta leikhliða og náði fimm stigum forystu, 18-13. KR náði mest sjö stigum forskoti í öðrum leikhliða en með stórleik Kristrúnar Sigurjónsdóttur náðu Haukar að vinna sig inn í leikinn á ný og munaði aðeins einu stigi í hálfleik, 39-38.

Það voru ekki minni sveiflur í síðari hálfleik en þeim fyrri. Haukar komust fimm stigum yfir, 44-49. KR svaraði því með 12 stigum gegn 2 og komust fimm stigum yfir, 56-51. Haukar skorðu 18 af síðustu 23 stigum þriðja leikhliða og fóru með átta síga forystu inn í síðasta leikhliðunum, 69-61.

Haukar byrjuðu síðasta leikhliðunum með látum og komust 11 stigum yfir, 75-64. Í stað þess að gefast upp spýttu KR-ingar í lófana og minnkuðu muninn jafnt og þétt og þegar þrjár mínútur voru eftir var staðan orðin jöfn, 79-79. Hálfri mínútu síðar voru KR-stelpur komnar yfir og Íslandsmeisturinum greinilega brugðið. KR gerði í kjölfarið út um leikinn og fyllilega sanngjarn sigur staðreynd þar sem Monique Martin fór á kostum með 46 stig þar af 17 í fjórða leikhliða.

Jóhannes Árnason, þjálfari KR, er með fæturna á jörðina þrátt fyrir gott gengi.

„Markmið okkar hefur ekkert breyst þó að ágætlega gangi. Við ætlum að fara í úrslitakeppnina og vera alvöru lið. Við erum með fimm ára markmið og það breytist ekki. Við



ÖLL SUND LOKUÐ Haukastúlka kemst ekkert áfram gegn öflugri KR vörn í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

endurmetum ekki okkar stöðu strax. Það er langt eftir og margt sem getur gerst,“ sagði Jóhannes.

Jóhannes sagði að hann hefði ekki þurft að segja stelpunum hvað þær þyrftu að gera á lokaspættinum. Hann hefði aðeins þurft að róa þær og svo sáu þær um afganginn.

„Við vorum í vandræðum í sóknarleiknum.

Ég tók leikhlið þegar fimm mínútur voru eftir og róaði stelpurnar aðeins niður og sagði þeim að hafa gaman af þessu og vera ekki svona æstar.

Svo erum við með leikmann eins og Hildi Sigurðardóttur sem tók leikinn yfir í leikstjórnandanum. Þá þarf maður ekki mikið að þjálfar.“

- gmi

Þýski handboltinn:

Stórsigur hjá Flensburg í gær

HANDBOLTI Flensburg fór á kostum í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær þegar liðið skoraði 47 mörk og vann sjö marka sigur á Melsungen. Flensburg komst með sigrinum í annað sæti deildarinnar og er með 21 stig eftir 13 leiki, en Hamburg er á toppi deildarinnar með 21 stig eftir 12 leiki.

Torge Johannsen skoraði 10 mörk fyrir Flensburg í leiknum, en Alexander Petersson hafði óvenju hljótt um sig og skoraði 3 mörk.

- öp

Norður-Írur sigruðu Dani:

Healy kominn í þrettán mörk

FÓTBOLTI David Healy, leikmaður Fulham, skoraði sigurmarkið í leik Norður-Íra og Dana í F-riðli undankeppni EM. Þetta var þrettánda mark framherjans í undankeppninni og nýtt met. Króatinn Davor Suker átti fyrra metið, tólf mörk í undankeppninni. Alls hefur Healy skorað 33 mörk í 61 landsleik.



DAVID HEALY Norður-Írinn kná hefur átt ótrúlegu gengi að fagna með landsliði sínu.

Healy vippaði yfir markvörð Dana, Thomas Sörensen, þegar tíu mínútur voru til leiksloka í Belfast. Þar með voru vonir Dana um þátttöku í Evrópumótinu úti. Áður höfðu Daninn Nicklas Bendtner og Norður-Írinn Warren Feeney skorað sitt hvort markið.

Úrhelli var í Belfast og þurfti nánast að fresta leiknum.

- sgj

ÚRSLITIN Í GÆR

N1 deild í kvendáhandbolta:

HK-Gróttu	21-36
Mörk HK: Arna Sif Pálsdóttir 5/2 (6/3), Jóna Halldórsdóttir 4 (8), Elsa Óðinsdóttir 4 (10), Auður Jónsdóttir 4 (13), Natalia Cieplowska 2 (10/2), Elva Arnarsdóttir 1 (1), Rut Jónsdóttir 1 (5), Brynja Magnúsdóttir (1), Elin Baldursdóttir (1), Erna Davíðsdóttir (1)	
Varin skot: Ólöf Ragnarsdóttir 9 (38/3) 23,7%, Ekaterína Dzhukeva 3 (10/1) 30%	
Hraðauppflaup: 7 (Jóna 3, Auður 2, Cieplowska, Brynja)	
Fiskuð viti: 5 (Arna 2, Auður, Rut, Brynja)	
Utan vallar: 8 mínútur	
Mörk Gróttu: Karólína Gunnarsdóttir 7 (10), Arndís Erlingsdóttir 6 (7), Pavla Plaminkova 6/4 (10/4), Aukse Vysniauskaitė 5 (12), Ragna Karen Sigurðardóttir 4 (5), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (6), Hildur Andrésdóttir 1 (1), Þórgunnur Þórðardóttir 1 (1), Eva Kristinsdóttir 1 (3), Tanja Zukovska 1 (5)	
Varin skot: Guðrún Ósk Símonardóttir 13/2 (24/3) 54,2%, Íris Björk Símonardóttir 11/1 (21/2) 52,4%	
Hraðauppflaup: 17 (Karólína 5, Aukse 2, Ragna Karen 2, Anna 2, Arndís 2, Plaminkova, Eva, Þórgunnur, Zukovska)	
Fiskuð viti: 4 (Aukse 4)	
Utan vallar: 4 mínútur	
Akureyri-Valur	12-25
Stjarnan-FH	25-26

Kvinnadeild Iceland Express:

KR-Haukar	88-81
Stig KR: Monique Martin 46, Hildur Sigurðardóttir 17, Sigrún Ámundadóttir 12, Helga Einaradóttir 5, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 4, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir 2, Guðrún Ámundadóttir 2	
Stig Hauka: Kristrún Sigurjónsdóttir 29, Kera Hardy 21, Telma Björk Fjalarsdóttir 9, Hanna Hálfánardóttir 8, Unnur Tara Jónsdóttir 6, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 3, Bára Hálfánardóttir 2, Bryndís Hreinsdóttir 2, Kristín Fjólá Reynisdóttir 1.	

WEST HAM 11.-13. JANÚAR FULHAM

+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir

Verð á mann í tvíþýli frá
49.300 KR.

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Man Utd, Liverpool og Birmingham.



WWW.ICELANDAIR.IS



Boston vann Miami, 92-91, í fyrranótt og hefur unnið alla átta leiki sína í ár:

Bolton Celtics illviðráðanlegir

KÖRFUBOLTI Boston Celtics hélt sigurgöngu sinni áfram í NBA-deildinni í fyrranótt þegar liðið lagði Miami Heat 92-91 í æsispennandi leik.

Boston Celtics hefur verið óstöðvandi í NBA-deildinni í vetur og hefur unnið alla átta leiki sína á tímabilinu. Leikurinn í fyrranótt þar sem Miami Heat fékk að kenna á því var hnífjafn eftir fyrsta leikhlu, 24-24. Í öðrum og þriðja leikhlu náði Boston góðri forystu og í fjórða leikhlu var liðið komið með fimmtán stiga forystu, en Miami komst hins vegar aftur inn í leikinn með því að skora fimmtán stig í röð og jafnaði

leikinn þegar skammt var til leiklok. Shaquille O'Neal sem var jafnan annálaður fyrir lélega skotnýtingu úr vítum en hefur skánað talsvert klikkaði á lokaflaum og sama gerði liðsfélagi hans hjá Miami, Udonis Haslem, og því fór sem fór og Boston vann 92-91.

Kevin Garnett var atkvæðamestur hjá Boston með 26 stig og ellefu fráköst, en Ray Allen var með nítján stig og sjö stöðsendingar. Hjá Miami var Dwyane Wade stigahæstur með 23 stig eftir að hafa jafnað sig á meiðslum, en Shaquille O'Neal var með 17 stig og níu fráköst.



ÓSTÖÐVANDI Kevin Garnett og félagar í Boston eru búnir að vinna alla átta leiki sína í deildinni í ár. NORDICPHOTOS/GETTY

Meiðslamartröð

Michael Owen meiddist enn og aftur og verður ekki leikfær á miðvikudag þegar England mætir Króatíu.

FÓTBOLTI Englendingar unnu Austurríki, 1-0, í döprum æfingaleik í fyrrakvöld, en það var ekki síst fyrir þá staðreynd að Michael Owen, framherji Englands, meiddist í leiknum.

Michael Owen haltraði meiddur af leikvelli í fyrri hálfleik á móti Austurríki og meiðslin voru jafnvel ekki talin alvarleg. En síðar kom í ljós að hann getur ekki leikið gegn Króatíu á miðvikudaginn næstkomandi. Steve McClaren, hjálfari Englands, var eyðilagður yfir tíðindunum í viðtali eftir leik.

„Þetta er áfall fyrir okkur því við erum að fara að mæta mjög sterku liði Króata og verðum án tveggja okkar bestu sóknarmanna, en ég held að liðsandiinn í hópnun sé það sterkur að við náum réttu úrslitunum,“ sagði McClaren en ásamt Owen verður Wayne Rooney ekki heldur leikfær á miðvikudag. Nokkrar óánægjuraddir höfðu heyrst fyrir æfingaleikinn gegn Austurríki og sumir töldu hann óþarfan, en McClaren kvað leikinn hafa verið nauðsynlegan í undirbúningi liðsins fyrir miðvikudag.

„Það var mjög mikilvægt fyrir okkur að fá að spila þennan leik og ná góðum sigri og auðvitað vonaði ég líka að við kæmumst frá honum án þess að missa menn í meiðslum. En það er ekki á allt kosið,“ sagði McClaren.

BBC sport greindi svo frá því í gær að meiðslu Owen væru í raun



ÓHEPPINN Michael Owen gengur hér niðurlútur af leikvelli í fyrrakvöld eftir að hafa meiðst enn á ný. NORDICPHOTOS/GETTY

talsvert alvarlegri en menn höfðu talið því hann hefði rífið lærvöðva og yrði líklega frá keppni í meira en mánuð.

Michael Owen hefur verið einstaklega óheppinn með meiðsli undanfarin ár og skemmst er að minnst þess að lið hans, Newcastle, fékk borgaðar ríkulegar bætur frá enska knattspyrnusambandinu þegar Owen meiddist þegar hann var að sinna landsliðsskyldu.

Áfrýjun McLaren í kælda bensínmalinu var felld:

McLaren-liðið hissa

FORMÚLAN McLaren-liðið áfrýjaði á dögunum kæru á hendur BMW og Williams-liðunum sem sluppu við refsingu á sínum tíma fyrir notkun á kældu bensíni í lokakappakstrinum í Brasilíu. Dómstólar tóku áfrýjunina fyrir á fimmtudag og tilkynntu í fyrradag að henni hefði verið hafnað.

Í yfirlýsingu frá McLaren-liðinu kom fram að ekki væri verið að reyna með áfrýjuninni að fá heimsmeistaratitilinn dæmdan í hendur Lewis Hamilton, heldur væri þetta spurning um að virða og fylgja reglum íþróttarinnar.

„Við erum frekar hissa á úrskurðinum en vonum bara að yfirmenn hjá Formúlu 1 verði búnir að koma í veg fyrir frekari notkun á kældu bensíni á næsta tímabili og vonandi sjáum við okkur ekki knúna að fara aftur með slík mál fyrri dómstóla,“ sagði Martin Whitmarsh stjórnarformaður McLaren. Ljóst er að

ökumenn frá BMW og Williams höfðu nokkurt forskot á aðra keppendur með því að nota kælt bensín, en erfitt er að mæla forskotið nákvæmlega. Ökumenn liðanna lentu í fjórða, fimmta og sjötta sæti í lokakappakstrinum, en Hamilton hjá McLaren lenti í sjöunda sæti og rétt missti af heimsmeistaratitlinum í hendur Kimi Räikkönen hjá Ferrari í stigakeppni ökuþóra. Ef ökumenn BMW og Williams hefðu hins vegar verið dæmdir úr leik, hefði Hamilton sjálfkrafa færst upp í fjórða sæti og það hefði á endanum nægt honum til þess að verða heimsmeistari.

Hamilton var reyndar sjálfur búinn að segja í viðtölum að heimsmeistaratitillinn ætti að ráðast á kappakstrursbrautinni en ekki í dómsalnum og eftir úrskurð dómstólsins í fyrradag virðist málið nú loksins vera úr sögunni.

Federer og Ferrer mætast í úrslitum í Sjanghæ í dag:

Yfirburðir Federers

TENNIS Svisslendingurinn Roger Federer, stigahæsti tenniskappi heims um þessar mundir, hélt sigurgöngu sinni á ATP-meistarátölinu áfram í gær með því að leggja Spánverjann Rafael Nadal, sem er í öðru sæti á heimslistanum, nokkuð örugglega að velli í undanúrslitum.

Gríðarlega spennu var í loftinu þegar Roger Federer og Rafael Nadal áttust við í undanúrslitunum í gær og búist var við jafnri viðurreign á milli þessara miklu tenniskappa. Federer, sem er núverandi meistari, gerði mönnum það hins vegar snemma ljóst að hann ætlaði sér að verja titil sinn með því að vinna þægilegan sigur á Nadal í tveimur lotum, 6-4 og 6-1.

Federer mætir öðrum Spánverja, David Ferrer, í úrslitaleik mótsins í dag, en Ferrer er sjötti á heimslistanum og er yfirleitt talinn næstbesti Spánverjinn á eftir Rafael Nadal. Flestir búast því við



BESTUR Federer sannaði yfirburði sína með því að skella Rafael Nadal, sem er í öðru sæti á heimslistanum á eftir Federer. NORDICPHOTOS/GETTY

nokkuð öruggum sigri Federers eftir að hann rúllaði Nadal upp, en Ferrer vann landa sinn Nadal einnig fyrr á mótinu og er til alls líklegur gegn Federer í dag.

Jóla burðarpokar

-fyrir verslanir

Glansandi Jóla sælgtispokar



Sterkir Jóla burðarpokar

Pappírspokar



Rauðir, smekklegir



Jólasveinapokar, henta vel

Fallegir Gjafa bréfpokar



Brúnir, mjög hentugir

Glansandi gjafa-umslög fyrir CD og DVD



Viltu hressa upp á jólainnkaupin?

Jóla Plastpokar



Jóla kúla

Jólapoki silfur

Gleðileg jól!

Jólapoki grænn

Jólapoki með mynd

Pantið tímalega



Plastprent hf.


Sími 580 5600 - Fax: 580 5690 plastprent@plastprent.is www.plastprent.is

Allt sem þarf...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.05

Mannamál

Mannamál er nýr samtalsþáttur í stjórn Sigmundar Ernís, eins reyndasta sjónvarpsmanns landsmanna. Í þættinum eru samtöl Sigmundar Ernís við marga umtöluðustu menn þjóðarinnar, auk þess sem tveir kunnustu rithöfundar landsmanna munu stíga fram í hverjum þætti og meta heilsufar þjóðarinnar.



▶ VIÐ MÆLUM MED
American Music Awards 2007
Skjareinn kl. 01.00

Bein útsending frá American Music Awards. Allar skærustu stjórnur tónlistarbransans koma fram á þessari frábæru hátíð en kynnr hennar er grínistinn Jimmy Kimmel. Almennur velur hvaða tónlistarmenn eru heiðraðir í fjölmörgum flokkum tónlistar. Þetta er í 35. skipti sem þessi verðlaunahátíð er haldin og að þessu sinni fer hún fram í glænýju húsnæði, Nokia Theatre, sem var vígt í október í Los Angeles og er framtíðarheimili slíkra verðlaunahátíða í stjöruborginni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Upp og ofan
10.15 Vindur, vindur, ljá mér lið: Slóðir Grimmsbræðra
11.00 Guðspjónusta í Frikirkjunni í Reykjavík
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfreginir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyrast?
15.00 Sögur um ástina: Ást um aldamót
16.00 Síðdegisfréttir

16.08 Veðurfreginir
16.10 Úr tónlistarlifinu
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.26 Seiður og hégog
18.52 Dánarfreginir og auglýsingar
19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.15 Til allra átta
23.00 Andrármur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

14.30 Hollyoaks (56:26)
16.35 Hollywood Uncensored
17.15 Most Shocking
18.00 The George Lopez Show (16:22) (e)
18.30 Fréttir

19.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnr allt það heitasta í bíóheiminum. Hvaða myndir eru að koma út og hverjar eru aðalstjórnurnar í bíóhúsunum? Ómissandi þáttur fyrir alla bíóáhugamenn.

19.25 Arrested Development 3 Óborg-anlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. 2005.

19.50 Janice Dickinson Modelling Agency Janice Dickison vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikaþáttar hennar var synd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. 2006.

20.30 Windfall (9:13) (e)

21.15 Johnny Zero (2:13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.

22.00 Tekinn 2 (10:14) Stuðmaðurinn Jakob Frímann ekki í miklu stuði þegar hann mætir í myndatöku þar sem hann fær engu að ráða um útlit myndanna. Í seinni hrekknum lendir Björn Jörundur í uppþrengjandi rötara. 2007.

22.30 Stelpurnar

22.55 Smallville (18:22) (e)

23.40 Kenny vs. Spenny Kenny og Spenny eru í eilífri samkeppni en hér fáum við að fylgjast með þeim félögum keppa í alls kyns fánlegum þrautum.

00.00 The Starlet (3:6)

00.45 Ren & Stimpy

01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp T

BBC PRIME

11.00 Life in the Undergrowth 12.00 The Life of Mammals 13.00 What Not To Wear: Have You Remembered What Not To Wear? 13.30 What Not To Wear: Have You Remembered What Not To Wear? 14.00 Wedding Stories 15.00 Doctor Who 15.45 Doctor Who Confidential 16.00 Strictly Come Dancing - The Story So Far 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Child of Our Time 19.00 Egypt 20.00 Richard Burton: Taylor-made For Stardom 21.00 Trouble at the Top 22.00 Days that Shook the World 23.00 EastEnders 23.30 EastEnders 00.00 Child of Our Time 1.00 Egypt

DR 1

11.25 OBS 11.30 SKUM TV 11.45 Flemmings Helte 12.00 Boogie Update 12.30 Hjerterflimmer 13.00 Guðstjenesi i DR Kirken 13.45 Take That: det voksne drengeband 14.15 Doctor Who 15.00 Tennis: Legends Live finale 16.30 Sigurd og Big Bandet 17.00 Mr. Bean 17.25 OBS 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Venstre 18.30 Familien 19.00 Forbrydelsen 20.00 21. Søndag 20.40 SøndagsSporten 20.55 Dødens Detektiver 21.20 Filmperler: Napola 23.10 Clement i Amerika 5.30 Gurli Gris

NK1

11.05 V-cup skøyter: Fra nattens løp i Calgary 11.30 Skiskyting: 12,5 km fellesstart kvinner 12.25 V-cup skøyter: Fra nattens løp i Calgary 12.50 Skiskyting: 15 km fellesstart menn 14.00 Rally-VM: Rally Irland 14.40 V-cup skøyter 15.25 Sport i dag 15.40 Berlinerpoplene 16.30 Åpen himmel: Klang i katedralen 17.00 Lunas lure plan 17.25 Wummi 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Kvitt eller dobbelt 20.15 En ny dag truer 21.55 Kiting på Hardangervidda 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Rally-VM: Rally Irland 23.10 Uka med Jon Stewart 23.35 Larry Sanders-show 0.05 Alfred Hitchcock presenterer

SVT 1

11.25 Vrakletarna 11.55 Babben & co 12.55 Svensson, Svensson 13.25 Bomberna i Madrid 14.25 I love språk 15.25 Världen 16.25 Muslim i Europa 16.55 Anslagstavlan 17.00 BoliBompa 17.30 Videokväll hos Luuk 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspeglin 20.15 Agenda 21.10 Farlig fritid 21.40 Vetenskap - atom 22.10 Rapport 22.20 Fotbollskväll 23.05 Kobra

HIMNARÍKI OG HELVÍTI EFTIR JÓN KALMAN

ÞAÐ ER STUTT Á MILLI LIFS OG DAUÐA




JÓN KALMAN

Jón Kalman hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir síðustu skáldsögu sína, *Sumarljós, og svo kemur nóttin*. Þessi saga gerist fyrir meira en hundrað árum, fyrir vestan, inni í firði, á milli hárra fjalla, eiginlega á botni heimsins, þar sem sjórinn verður stundum svo gæfur að það er hægt að fara niður í fjöru til að strjúka honum.

★★★★★
JÓN KALMAN
ER KOMINN Í RÖÐ OKKAR
MESTU OG MIKIL-
VÆGUSTU HÖFUNDA
PÁLL BALDVIN, FRÉTTABLAÐIÐ

BJARTUR



★★★★★
„ÞETTA ER FRÁBÆR
SKÁLDSAGA ... ÞAÐ ERU
KAFLAR Í ÞESSARI BÓK SEM ERU
MEÐ MAGNABRI PRÓSA SEM SKRIF-
AÐUR HEFUR VERIÐ Á ÍSLENSKU
UNDANFARNA ÁRATUGI.“
JÓN YNGVI, ÍSLAND Í DAG

HVAD SEGIR MAMMA?



„Ég er ákaflega hreykin af Aroni og hef engar dýggjur af honum lengur, því núna gengur honum allt í haginn. Ég fékk algjört sjokk við að lesa bókina því öll sjó árin í fangelsinu sagði hann okkur ekki hvað gekk á.“

Hulda Thomas, móðir Arons Pálma Ágústssonar.

Fréttablaðið sagði frá því í vikunni að ný bók um ævi Arons Pálma væri komin út.

HINHLIÐIN SVERRIR ÞÓR SVERRISSON DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR

Dreymir um allsbera dverga

Hvað er að fréttu? Það er allt ljóm-andi gott að fréttu. Væri bara verra ef það væri betra.

Augnilitur: Blár.

Starf: Erfitt að segja... fína orðið er dagskrárgerðarmaður en annars er ég bara trúður.

Fjölskylduhagir: Tilheyri vísitölufjölskyldu, á konu og tvö börn.

Hvaðan ertu? Reykjavík.

Ertu hjátrúarfullur? Nei, ég hef litla trú á hjátrú.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Ég verð auðvitað að segja Næturvaktnin og Tekinn svo strákarnir verði ekki brjálaðir.

Uppáhaldsmatur: Rjúpur, en kannski bara vegna þess að ég fæ þær aðeins

einu sinni á ári.

Fallegasti staðurinn: Reykjavík.

iPod eða geislaspilari: iPod, var að fá mér einn.

Hvað er skemmtilegast? Að vera með fólki, helst vinum og fjölskyldu.

Hvað er leiðinlegast? Að skúra er leiðinlegast í heimi.

Helsti veikleiki: Hvað ég get orðið pirraður í umferðinni, á fólki sem er ekki að hugsa um aksturinn.

Helsti kostur: Hvað ég er hress og góður bílstjóri.

Helsta afrek: Að hafa komið í heimin.

Mestu vonbrigðin: Þegar naggrísinn hans Benna æskuvinar míns dó.

Hver er draumurinn? Einu sinni sá

ég í bíó gaur sem lá í hengirúmi og lét allsbera dverga færa sér bjór.

Mig hefur dreymt þetta síðan, var eitthvað svo krúttlegt.

Hver er fyndnastur/fyndnust?

Þétur Jóhann þegar hann er undir áhrifum áfengis.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Helgarstarfsmenn á skyndibitastöðum sem ekkert kunna og nenna ekki að vinna.

Hvað er mikilvægast? Að tóra.



Gefur öllum Íslendingum bók í jólagjöf

Kristlaug María Sigurðardóttir, höfundur leikritanna Ávaxtakörfunnar og Hafsins bláa, hyggst gefa út bók á netinu fyrir jólin. „Þetta er krakkabók fyrir alla fjölskylduna sem heitir Jón Ólafur jólasveinn. Hún fjallar um ungan strák sem verður óvart jólasveinn og þarf að glíma við allrahandu vandamál til að bjarga jólonum,“ útskýrir Kristlaug, sem lítur á útgáfuna sem ákveðna tilraun.

„Þessi hugmynd hefur verið að gerjast í svolitinn tíma og nú ákvað ég að kýla á þetta. Ég og Björgólfur erum bæði mjög gjafmild þessa dagana,“ segir Kristlaug og hlær, en Reykjanesbær styrkir verkefnið. Bókinni verður hægt að hala niður á síðunni www.jonolafur.is. „Það verður hægt að lesa hana þar, prenta hana út, og svo ætla ég að setja hana inn sem hljóðbók líka,“ útskýrir Kristlaug, sem upphaflega ætlaði að hafa bókina algerlega ókeypis. „Svo heyrði ég af því að hljómsveitin Radiohead hefði verið með frjáls framlög, svo ég er að hugsa um að hafa það líka þannig. Ég er spennt að sjá hvort fólk vill fá bók gefins, og líka hvort það vill borga,“ segir hún glettin.

Ef Jón Ólafur mælist vel fyrir hjá lesendum hyggst Kristlaug skrifa um hann fleiri sögur. „Þá



ÞJÓÐARGJÖF Kristlaug María Sigurðardóttir hyggst gefa þjóðinni bók í jólagjöf. Henni verður hægt að hlaða niður af netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

yrði heimasíðan vettvangur fyrir lesendur til að hjálpa mér að þróa hana áfram, eins konar hugmyndabanki,“ útskýrir hún. Síðan fer í loftið í næstu viku, og í desember mun enn bætast á hana, þegar jóladagatal með dansandi jólasveinum fer í loftið. Slóðin er, sem áður segir, www.jonolafur.is.

-sun

BIRGITTA HAUKDAL: SYNGUR TIL MÓÐUR SINNAR Á NÝJU PLÖTUNNI

Ástarbréf Birgittu til Benedikts efniviður í nýju lagi

„Þetta var afmælisgjöf til mömmu þegar hún varð fimmtug,“ segir söngkonan Birgitta Haukdal sem syngur til móður sinnar á fyrstu sólóskífu sinni, Ein. Í textabók sem fylgir disknum skrifar Birgitta til mömmu undir laginu Móðir: „Elsku mamma, til hamingju með 50 ára afmælið. Takk fyrir að vera alltaf til staðar fyrir mig. Ég elska þig. Þín Birgitta.“

Söngkonan segir að lagið hafi orðið til í fríu á Krít og að hún hafi sungið það inn á myndavél þegar hún var stödd á flugvellinum í Aþenu. „Mér finnst gott að fara til útlanda þegar ég er að semja og skrifa texta og þessi melódía hafði fylgt mér í höfðinu alla leiðina til Grikklands. Þegar ég var svo komin á flugvöllinn á leiðinni heim varð ég hreinlega að raula það inn á myndavél sem ég var með. Síðan varð smá seinkun á fluginu og þá kláraði ég það eiginlega bara þarna.“ Birgitta hlustaði síðan á lagið þegar heim var komið og þá flaut textinn út eins og ekkert væri. „Mamma átti sér þann draum að ég myndi semja fyrir hana lag þegar hún færi yfir móðuna miklu en hana hafði aldrei grunað að hún fengi lag þarna.“

Textarnir á plötunni eru ákaflega persónulegir margir hverjir og Birgitta finnst annað varla hægt, textarnir eigi að vera úr nánasta umhverfinu og hún finni til lítillar samkenndar með sögum sem eru upp-spuni. „Þarna er alls konar lífsreynsla sem maður hefur lent í og sem ratar alveg óvart inn í textana.“ Eitt lag sker sig þó úr á plötunni en það er lagið Að eilífu sem lýkur á orðunum „Ég trúir því að hingað höfum verið leidd, alltaf okkur ætlað var að verða eitt“. Birgitta er fyrst feimin við að upplýsa um uppruna lagsins enda dylst engum að það sé óður til ástarinnar. En loks opnar söngkonan sig: „Þetta er ástarbréf sem ég sendi kærastanum mínum, Benedikt



ÁSTARLIJÓÐ Birgitta er persónuleg á nýju plötunni og syngur bæði til mömmu sinnar og unnusta. Á myndinni má sjá trúlofunarhring sem söngkonan ber.

Einarssyni, þegar ég var í Danmörku fyrir nokkrum árum með Írafári,“ segir Birgitta en þau eru sem kunnugt er búin að trúlofa sig. Söngkonan kemst þó ekki hjá því að minnast á lagið Minningar en það er fyrsta lagið hennar, var samið á þverflautu þegar hún var aðeins níu ára. „Og ég sagði við Vigni Snæ þegar við vorum að velja lög in að þetta lag færi á plötuna, sama hversu gott eða slæmt það væri.“

freyrgigja@frettabladid.is

ÁSTFANGIN Benedikt Einarsson og Birgitta Haukdal saman á góðri stund.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vistvæn föt eru jólagjöfin í ár

Fataverslunin Borgarpakk opnaði fyrir gestum og gangandi á Frakkastígnum í síðustu viku. Hún hefur þá sérstöðu að einbeita sér að sölu á vistvænum klæðnaði. „Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð á þessum tíma sem er liðinn frá opnun,“ segir Ólafur Óskar Egilsson, sem á og rekur verslunina ásamt Arnbjörgu Jóhannsdóttir. Nafngiftina segir hann til komna í gríni. „Í sveitinni er talað um borgarpakk, og í borginni um landsbyggðarpakk. Þetta er bara í góðu gamni gert,“ segir hann.

Óli segir hvorugt þeirra hafa tekið sér neitt þessu líkt fyrir hendur áður. „Við fórum að tala um það fyrir ári að það væri gaman að hella sér út í að stofna fyrirtæki. Hugmyndin þróaðist svo út í að opna vistvæna fataverslun, enda er engin önnur þannig verslun hér. Við erum bæði náttúruverndarlega sinnuð,“ segir hann.

Í Borgarpakki er að finna klæðnað úr hampi, lífrænni bómull og bambusi, svo eitthvað sé nefnt, en Óli segir þó ekki ætlunina að einblína eingöngu á náttúruvæna þræði. „Þetta er mjög fjölbreytt. Flísefni er til dæmis jafn mikið gervi og hægt er, en það er hægt að endurvinna það aftur og aftur. Þó að við ætlum ekki að selja mikið af flísepsum er það líka dæmi um umhverfisvæn föt,“ útskýrir hann. Borgarpakk er nú með vörur frá einum íslenskum hönnuði, auk þess sem Arnbjörg saumar sjálf.

Jólagjafir ársins úr Borgarpakki segir Óli vera sokka úr bambusi, „sem aldrei er táfýla af,“ og úlpur úr hampi, auk kjóla úr lífrænni bómull. „Það er alltaf að bætast við í búðina og við verðum komin með stappfulla búð fyrir júl,“ segir Óli.

-sun



NÁTTÚRAN OG BORGARPAKKIÐ Ólafur Óskar segir viðtökur við Borgarpakki, sem selur vistvæna klæðnað, hafa verið mjög góðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Góður kisi á gott skilið

■ Kisu nammi (harðfisksköflur)

■ Kisu bitafiskur

■ Íslensk framleiðsla úr úrvals hráefni.

Fæst í Bónus



BÓNUS



PLEASE
PET NUTRITION







BAKÞANKAR
Jóns Arnar
Marinóssonar

Billjónsdagbók 18.11.

OMXI15 var 7.325,35, þegar ég fann hvernig stýrivaxtahækkunin helltist yfir mig, og Dow Jones var 13.042,74 þegar ég tók inn tvær klórdíasepoxíð, þrjár parkóðín og fimm evrur sem komu svona af sjálfu sér eins og Valgerður. Pillurnar slógu á einkennin. Ég held að okkur Mallí sé alveg óhætt að slá meiri lán í útlöndum. Hins vegar er óhjákvæmilegt að skera niður við pólsku húshjálpinna, hana Elzbietu. Seðlabankastjórnin verður að fá á tilfinninguna að þessi peningamálskeifa hans sé að virka.

ELZBIETA sprakk á limminu þegar við bárum fletið hennar úr kyndiklefanum yfir í hjólageymsluna. Ég sagði að þetta væri þó miklu huggulegri staður en ruslatunnuhólfið. Forsætisráðherrann hefði beðið þjóðina að spara. Það væri ekki þjóðhagslega hagkvæmt að líta á útlendinga eins og venjulegt fólk. Jafnvel Akureyringar hefðu tekið upp á því að líta sömu augum á Pólverja og þeir líta á alla aðra utanbæjarmenn. Ég varð að leggja hendur á Elzbietu til að koma henni í skilning um að hér væru lögmál markaðarins að verki. Mallí bað mig í guðs bænum að meiða ekki konuna. Það mætti ekki niðast á svona gámafólki eins og það væri neðri hluti Þjórsár.

ENGINN pólitikus á Íslandi þorir núna að láta sjá sig með fjárfesti fyrr en í fyrsta lagi eftir áramót þegar fólk er búið að gleyma Villa Þonn og hvað það var sem hann gleymdi. Íslenskir stjórnálamenn hafa ekki þessa sömu næmu tilfinningu fyrir íslenskri tungu og þeir Tóti og Palli hennar Tobbu í Efstaleitinu sem segja eins og rétt er að það er bigg diffrens í íslensku á því „að taka við peningum“, „að sjá peninga“, „að vita af peningum“ eða „að finna lykt af peningum“.

ANNARS er eins og sé að renna af mönnum öll karlmennska. Nú eru netþjónabú það allra nýjasta. Netþjónabú?! Einu sinni áttu minkabú og refabú að bjarga öllu – og með hverju endaði það? Með því að bjarta framtíðin stóð upp og sagði „alltbú“. Af hverju ekki að halda sig við stóriðju?! Það ætla þeir þó að gera í Grindavík, minnugir þess sem hún Halla í Þórkötlustaðahverfinu sagði þegar hún hrakti Keflavíkurdræsuna onaf flatsænginni hjá Gúnda: Orka í Grindavík er fyrir Grindvíkinga.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 18. nóvember, 322. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.04	13.13	16.20
Akureyri	10.05	12.57	15.49

Heimild: Almanak Háskólans

15 áfangastaðir í Evrópu

Sumarið 2008

» Verð frá: 7.995 kr.
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

» Börn: 50%
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá heimingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express með ánægju

www.icelandexpress.is